

**20**

**Íslenskar matarhefðir og svæðisbundin matvæli í hávegum höfð**



**32–33**

**Reykjagarður 50 ára og með um 40% af kjúklingaframleiðslu landsins**



**34–35**

**Orkuskipti við kornþurrkunina í Vallanesi næstkomandi haust**

# Bændablaðið

6. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 25. mars ● Blað nr. 583 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Núverandi og fyrrverandi ráðherrar landbúnaðarmála ásamt forseta Íslands, forsætisráðherra og formanni Bændasamtaka Íslands við lok setningar Búnaðarþings 2021 í Súlnasal Hótel Sögu. Að sjálfsögðu voru þau öll með grímur vegna COVID-19 faraldursins og voru leyst út með glænýju Tímariti Bændablaðsins, sem gefið var út í tengslum við Búnaðarþingið. Talið frá vinstri: Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.

### Mikil eining ríkti meðal bænda á tveggja daga Búnaðarþingi sem lauk á þriðjudag:

# Búnaðarþing samþykkti einróma innleiðingu á nýju félagskerfi Bændasamtaka Íslands

## – Búgreinafélögin verða deildir í Bændasamtökunum og búnaðarsamböndin verða aðildarfélög BÍ með skilgreind hlutverk

**Á Búnaðarþingi 2021 var einróma samþykkt að breyta félagskerfi landbúnaðarins með þeim hætti að Bændasamtök Íslands (BÍ) og búgreinafélögin sameinast undir merkjum BÍ í deildaskiptu félagi. Málið var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Verði þessi niðurstaða samþykkt úti í félögunum munu búnaðarsamböndin verða aðildarfélög BÍ með skilgreind hlutverk og BÍ byggð upp af deildum búgreina. Þrjú aðildarfélög; VOR, Beint frá býli og Samtök ungra bænda, munu starfa þvert á búgreinar.

Markmiðið með breytingunum er að ná aukinni skilvirkni í félagskerfinu og eflingu hagsmunagæslu í landbúnaði.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að breytingarnar og væntanleg sameining geri Bændasamtökunum kleift að ná fram breytingum á starfseminni og hagræðingu sem geri samtökin sterkari og um leið öflugri hagsmunasamtök.

„Ég tel fulla ástæðu til að óska bændum til hamingju með samþykktina og ég er samfærður um að breytingin eigi eftir að vera allri bændastéttinni til hagsbóta. Það var gerður góður rómur að tillögunni og hún var samþykkt til afgreiðslu til búgreinafélaganna einróma. Nú fer tillagan áfram til samþykktar hjá félögunum og í framhaldi af því verður haldið aukabúnaðarþing 10. júní þar sem nýjar samþykktir verða samþykktar á grundvelli staðfestingar allra búgreinafélaganna á breytingunum.“ Gunnar segir að sú samþykkt sé í raun formsatriði.

***Breytingarnar taka gildi 1. júlí***

„Tillagan sem afgreidd var á Búnaðarþingi fer í framhaldinu til afgreiðslu búgreinafélaganna óbreytt og það er ekki hægt að breyta henni í meðförum þeirra. Félögin verða því að breyta sínum lögum í samræmi við tillöguna og samþykkja hana á aukabúnaðarþingi. Breytingarnar taka svo gildi 1. júlí næstkomandi.“

***Nýtt skipurit BÍ***

Að sögn Gunnars er búið að leggja mikla vinnu í tillöguna og búið að halda marga fundi til að koma henni saman til samþykktar.

„Á sama tíma er það búið að vera skemmtilegt starf, þrátt fyrir að það hefði verið enn skemmtilegra að gera það maður á mann í stað þess að hitta fólk á skjánum þótt það hafi tekist vel. Ég tel einnig að það hafi tekist vel með streymið af þinginu til bænda úti um allt land og áhorfið var mikið. Næsta skref okkar á skrifstofu Bændasamtakanna er að teikna upp skipurit samtakanna eins og það kemur til með að líta út eftir að breytingarnar taka gildi. Þar á ég við starfsmannahald og hver kemur til með að gera hvað og hvert sé ábyrgðarsvið hvers og eins,“ segir Gunnar Þorgeirsson. */VH*

FRÉTTIR



Birgir H. Arason.

## Birgir nýr formaður BSE

**Birgir H. Arason, bóndi í Gullbrekku í Eyjafjarðarsveit, var kosinn formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar á aðalfundi sambandsins nýverið.**

Hann tekur við af Gunnhildi Gylfadóttur á Steindyrum í Svarfaðardal sem gegnt hefur stöðinni undanfarin ár.

Birgir tók á fundinum við verðlaunum fyrir stigahæsta lambhrút af svæði BSE í haust, sem var lamb nr. 66 sem hlotið hefur nafni Varmi. /MÞÞ

Aðalfundur BSE:

## Þrjú búnaðarsambönd verði sameinuð

**Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar, sem haldinn var í Hlíðarbæ fyrr í þessum mánuði, veitti stjórn heimild til að vinna að sameiningu Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Búnaðarsambands S-Þingeyinga og Búnaðarsambands N-Þingeyinga.**

Sameiningartillögur verða kynntar félagsmönnum bornar upp til samþykktar eða synjunar á löglega auglýstum aðalfundi.

Fram kemur í tillögu aðalfundar að hugmyndir félagsmálanefndar BÍ snúist um að stækka og efla félagslegar einingar og að þær verði 6 á landinu. Ein þeirra verði byggð upp í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

„Sameinuð búnaðarsambönd á svæðinu geti myndað sterka félagslega heild sem verði grunnur í félagskerfi bænda á svæðinu,“ segir í tillögunni. /MÞÞ

Bændablaðið
Kemur næst út
15. apríl



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, tóku á móti Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, við upphaf Búnaðarþings 2021 sem fram fram fór í Súlnasal Hótel Sögu. Myndir / HKr.

Stutt og hnitmiðað Búnaðarþing 2021:

# Þingfulltrúar voru samstiga í að leysa verkefni þingsins

**Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, flutti setningarræðu Búnaðarþings 2021 en auk hans tóku Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Kristján Þór Júlíusson atvinnu- og nýsköpunarráðherra og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, til máls við setningu. Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, stýrði athöfninni.**

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, lagði áherslu í máli sínu á mikilvægi íslensks landbúnaðar og þess að draga úr matarsóun og að það væru mörg tækifæri ónýtt í að auka lífræna framleiðslu á landinu. Hún sagði einnig að í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar væri lögð áhersla á að gera íslenskan landbúnað loftslagsvænni en hann er í dag.

*Umhverfisstefna landbúnaðarins*

Fram kom á Búnaðarþinginu að umhverfismál tengd íslenskum landbúnaði verða tekin til skoðunar og dregin saman í eina heildstæða stefnu.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sló á létta strengi í setningarathöfninni í Bændahöllinni samhliða því að tala um mikilvægi íslensks landbúnaðar í ávarpi sínu.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra bryndi bændur til góðra verka við setningu Búnaðarþings og hvatti til aukinnar lífrænnar framleiðslu landbúnaðarafurða.

„Hugmyndin er að hægt verði að gera áætlun um hvað þarf að gera á næstu árum til að bæta stöðuna og helst að kolefnisjafna allan landbúnað og alla bændur í landinu. Þetta verður unnið í samráði við stjórnvöld í samræmi við frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um skattalegar ívilnanir vegna grænna fjárfestinga. Enda segir í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar að loftslagsaðgerðum í landbúnaði verði hraðað og þær auknar í samstarfi við bændur, einkum þær sem stuðla að loftslagsvænni landbúnað og því að fjölga verulega bændum sem taka þátt í loftslagstengdum verkefnum.

Við verðum einnig að byrja vinnu við endurskoðun á búvörusamningnum 2023 og ákveða hverjar áherslur Bændasamtakanna eiga að vera við endurskoðunina. Síðan hvað verður um búvörusamninginn 2026 þegar hann rennur út og almennt hvaða sýn bændur og Bændasamtökin hafa á framtíðina,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

*Stærsta hagsmunamál íslensks landbúnaðar*

Í ávarpi Kristjáns Þórs Júlíussonar atvinnu- og nýsköpunarráðherra sagði hann að vinna við „mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sem nú stendur yfir er stærsta hagsmunamál íslensks landbúnaðar nú um stundir. Í þeirri vinnu verður teiknuð upp framtíðarsýn. Tækifæri til að stilla saman strengi, skapa sameiginlega framtíðarsýn til næstu áratuga sem byggir á óumdeildum kostum og styrkleikum íslensks landbúnaðar. Um leið er mikilvægt fyrir bændur að styrkja enn frekar tengslin við íslenska neytendur. Bændur verða til framtíðar að svara spurningum neytenda, hlusta eftir þeirra þörfum og auka skilning.“

Kristján Þór sagði einnig frá þeirri ákvörðun sinni að bjóða sig ekki fram til Alþingis í næstu kosningum og þakkaði um leið fyrir að hafa fengið að starfa með íslenskum bændum í tíð sinni sem landbúnaðarráðherra.

*Búskapur á Bessastöðum*

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, talaði um mikilvægi íslensks landbúnaðar í ávarpi sínu og minnti á að á Bessastöðum hafi til skamms tíma verið búskapur og þar hafi fyrri ábúendur, hirðstjórar konungs og amtmenn gert tilraunir með að rækta grænmeti. Auk þess sem forsetinn sagði að í samræmi við breyttan tíðaranda væri nú unnið að endurheimt votlendis á Bessastöðum og að árangur þess væri sjáanlegur í fjölgun votlendisfugla í landinu. /VH

– *Sjá nánar frá þinginu á bls. 4*



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands afhendir Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra blóm sem þakklætisvott Bændasamtakanna fyrir samstarfið í hans ráðherratíð og með þeim á myndinni er Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ.





"Þeir sem einu sinni fá Lely Juno í sína þjónustu skila honum ekki aftur. Svo miklu munar að hafa einn slíkan í fjósinu."
5
LELY
Leigðu Lely Juno fóðursóp á 66.000 + vsk
• Sópar fersku fóðri að kúnum allan sólarhringinn.
• Gríðarlegur vinnusparnaður, betri fóðurnýting.
• Aukin gróffóðurneysla og meiri mjólk.
• Rólegri hjörð, allar kýrnar komast jafnt að fóðri.
• Jafnari og virkari fóðrun, kúnum líður betur.
• Stjórnað með „appi" í snjallsímanum.
Vegna nýs samstarfs okkar við Alísa fjármögnun fæst Lely Juno leigður á einungis 66.000.- kr. + vsk á mánuði. Nánari upplýsingar gefa Jóhannes í síma 822-8636 eða Jón Stefán 822-8616
LELY
www.lely.com/is/centers/reykjavik/
Lely Center Ísland
Reykjavík
Krókháls 5F
Sími 414 0000
Akureyri
Óðinsnes 2
Sími 464 8600
lci.is



Afskornir túlípanar.

# Gul blóm gleðja á páskunum

**Gul blóm hafa lengi verið tengd páskum og flestum þykir gaman að skreyta heimilið með blómum á þeim árstíma og flýta þannig komu vorsins. Fyrir nokkrum árum voru afskornar páskaliljur vinsælastar en í dag er nóg að blómin séu gul til að teljast páskablóm.**



Blómstrandi ástareldur.

Garðyrkjubændur segja að Íslendingar séu fastheldnir á liti þegar kemur að blómum og tengja gul blóm við páskana og markaðurinn fyrir þau því mestur í kringum páskahátíðina

Afskornir gulir eða gulleitir túlípanar seljast vel og hefur sala þeirra farið vaxandi milli ára. Forsytíugreinar seljast einnig vel enda blómin á þeim gul og tete páskaliljur, gulur ástareldur, pottakrýsi og gular begóníur eru líka vinsælar. /VH

## Kúabændur í nýju félagskerfi

**Á nýliðnu Búnaðarþingi var samþykkt nýtt félagskerfi bænda þar sem búgreinafélög sameinast undir Bændasamtökum Íslands og verða deildir í stað sjálfstætt starfandi félaga. Munu búgreinafélög taka afstöðu til sameiningarinnar á aðalfundum sínum og verður málið lagt fyrir aðalfund Landssambands kúabænda sem verður haldinn 9.–10. apríl nk.**

Stjórn LK hefur starfað náið með stjórn BÍ við að móta nýtt félagskerfi, enda viðamikið verk að koma saman tillögu sem passar ólíkum búgreinum svo allir séu sáttir. Ekki var annað að sjá á Búnaðarþingi en að það hafi tekist. Vissulega eru einhverjir þættir sem verða að fá að þróast áfram en vegferðin liggur fyrir og við bændur ætlum okkur að fara í hana saman.

Aðalfundum aðildarfélaga LK er nú lokið og mætti ég á þá nokkra þar sem við ræddum breytingar á félagskerfinu. Ekki áttu allir heimangengt á fundina en mikilvægt er að sem flestir átti sig á hvernig nýtt félagskerfi lítur út. Ef Landssamband kúabænda ákveður að sameinast Bændasamtökunum er eitt og annað sem breytist.

**Helstu breytingar**

- Núverandi starfsemi Landssambands kúabænda færist yfir í búgreinadeild undir BÍ.
- Bændur verða beinir fulltrúar að BÍ og félagsgjald til LK fellur niður.
- Búgreinaþing kemur í stað aðalfundar LK. Þar eru málefni nautgriparæktarinnar tekin fyrir.
- Yfir búgreinadeildinni er 5 manna stjórn, líkt og er í LK í dag.
- Formaður búgreinadeildarinnar situr í búgreinaráði sem er stjórn BÍ til ráðgjafar.
- Við verðum ekki með sérstakan starfsmann sem sinnir kúabændum heldur verðum við með aðgengi að öllum starfsmönnum BÍ, hver og einn með sérþekkingu á sínu sviði. Þá verður einnig ákveðinn starfsmaður BÍ tengiliður búgreinarinnar og fylgir málum greinarinnar eftir.
- Núverandi aðildarfélög að LK verða ekki aðildarfélög að BÍ en verða áfram sjálfstæð félög um landið.
- Á búgreinaþingi munu sitja kúabændur alls staðar að af landinu og eru þeir fulltrúar ákveðinna svæða, en ekki aðildarfélaga líkt og er á aðalfundi LK í dag.
- Kosnir eru fulltrúar búgreinadeildar kúabænda beinni kosningu af félagsmönnum BÍ, sem jafnframt eru kúabændur, í hverju svæði fyrir sig.

Stjórn LK er hins vegar sammála um það að við viljum ekki slíta félaginu þó það verði óvirkt. Það þýðir að við kennitala LK verður enn lifandi og sjóðir LK verði á þeirri kennitölu, en samtökin eru ágætlega fjárhagslega stödd. Þann sjóð er hægt að nýta í hin ýmsu framfaraverkefni fyrir greinina og stjórn búgreinadeildarinnar hefði umsjón og ábyrgð með sjóðnum.

Mun aðalfundum LK taka ákvörðun um næstu skref kúabænda. Við munum kappkosta að koma frekari upplýsingum til okkar félaga fram að þeim tíma svo allir séu vel upplýstir. Það er von mín að við tökum heillaskref eftir réttum vegi, sameinuð í einum Bændasamtökum.

*Herdís Magna Gunnarsdóttir, Formaður Landssambands kúabænda*

Fuglaflensa:

# Mast eykur viðbúnaðarstig

## – Töluverðar líkur á að flensan berist til landsins með farfuglum

**Viðbúnaðarstig vegna varna gegn fuglaflensu hefur verið aukið. Það þýðir að allir fuglar í haldi þurfa tímabundið að vera hafðir í yfirbyggðum gerðum þar sem villtir fuglar komast ekki inn eða í fuglaheldum húsum. Sóttvarnir skulu viðhafðar til að hindra smit frá villtum fuglum í alifugla.**



Allir fuglar í haldi þurfa tímabundið að vera í yfirbyggðum gerðum þar sem villtir fuglar komast ekki inn eða í fuglaheldum húsum.

Matvælastofnun hvetur alla sem halda alifugla til að skrá fuglahald sitt í gegnum þjónustugáttina á vef stofnunarinnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt auglýsingu um tímabundnar varnaraðgerðir til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla í haldi. Var það gert á grundvelli tillögu Matvælastofnunar til ráðuneytisins vegna mikillar útbreiðslu fuglaflensu í Evrópu í vetur. Alvarleg afbrigði fuglaflensuveiru hafa m.a. greinst á þeim slóðum sem íslenskir farfuglar halda sig að vetri til.

*Töluverðar líkur á að flensan berist til landsins*

Starfshópur, sem skipaður er sérfræðingum Matvælastofnunar, Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar HÍ að Keldum, hefur metið ástandið og komist að þeirri niðurstöðu að töluverðar líkur eru á að alvarleg afbrigði fuglaflensuveirunnar berist með farfuglunum sem nú eru farnir að streyma til landsins. Í þeim faraldri sem geisar í Evrópu nú eru smit frá villtum fuglum talin vera megin smitleiðin í alifugla. Það er því hætta á að alifuglar hér á landi smitist af þeim farfuglum sem koma frá sýktum svæðum, sér í lagi þeir sem haldnir eru utandyra og þar sem smitvörnum er ábótavant.

*Óvíst er hvenær hægt verður að aflétta sóttvörnum*

Afleiðingar sjúkdómsins eru alvarlegar; stór hluti fuglanna getur drepist, fyrirskipa þarf aflífun á öllum fuglum á búi sem fuglaflensa greinist á og leggja þarf ýmiss konar takmarkanir á starfsemi á stóru svæði umhverfis viðkomandi bú. Óvíst er hvenær óhætt getur talist að aflétta þessum auknu sóttvarnaráðstöfunum en starfshópurinn endurmetur smithættuna reglulega.

*Ekki talin smithætta fyrir fólk*

Ekki er talin vera mikil smithætta fyrir fólk af þessum afbrigðum fuglaflensuveirunnar og ekki stafar smithætta af neyslu afurða alifugla.

/VH

*– Sjá einnig erlendar fréttir af fuglaflensunni á bls. 30*

# Einungis sjö mál til afgreiðslu frá Búnaðarþingi 2021

**Einungis sjö mál lágu fyrir Búnaðarþingi að þessu sinni. Öll voru þau samþykkt samhljóða í Súlnasal síðastliðinn þriðjudag. Veigamesta málið fjallaði um tillögu að nýju félagskerfi bænda, með sameiningu Bændasamtaka Íslands (BÍ) og búgreinafélaganna.**



- **Félagskerfi bænda**

Í greinargerð er því beint til þeirra búgreina, sem tryggja skulu landfræðilega dreifingu á búgreinaþingi, að við kosningu fulltrúa á búgreinaþing sé höfð til hliðsjónar svæðisskipting landsins eins og hún liggur fyrir í gögnum.

Markmiðið með breytingunum er að ná aukinni skilvirkni í félagskerfinu og eflingu hagsmunagæslu í landbúnaði.

*Lagt fram um mitt ár 2021*

Því er enn fremur beint til þeirra aðildarfélaga, sem hyggjast sameinast Bændasamtökum Íslands, að gera nauðsynlegar ráðstafanir og breytingar á sínum samþykktum svo sameiningin megi ganga í gegn um mitt ár 2021. Stefnt er að því að nýjar samþykktir BÍ, þingsköp Búnaðarþings og búgreinaþings verði lagt fyrir til samþykktar á aukabúnaðarþingi 10. júní 2021.

- **Rannsóknir á kolefnisspori í íslenskum landbúnaði**

Búnaðarþing 2021 telur brýnt að auka þekkingu og skilning á kolefnisferlum í íslenskri landbúnaðarframleiðslu. Þar þurfa innlendar vísindastofnanir að stíga fram með haldbærri þekkingu og hagnýtum lausnum. Búnaðarþing 2021 beinir því til Alþingis að auka fjármagn til rannsókna á kolefnisspori íslenskrar landbúnaðar. Búnaðarþing 2021 beinir því til Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) að taka forystu í rannsóknum á losun og bindingu kolefnis í landbúnaði á Íslandi. Búnaðarþing 2021 beinir því til LbhÍ að búrekstur skólans verði fyrirmynd í loftslagsvænum aðgerðum.

- **Þróun vísindastarfs í landbúnaði**

Styrkja þarf samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar með öflugra vísinda-, mennta- og rannsóknastarfi í greininni.

Stjórn BÍ er falið að kynna sér þessi mál og leggja fram greinargerð á Búnaðarþingi 2022.

- **Afleysingaþjónusta fyrir bændur**

Búnaðarþing 2021 samþykkir að koma á afleysingaþjónustu fyrir bændur vegna veikinda eða slysa. Lagt er til að gerður verði samningur milli Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, Vinnumálastofnunar og Bændasamtaka Íslands um fjárstuðning vegna afleysinga ef upp koma veikindi, slys eða önnur óvænt áföll í búrekstri, sem valda því að bændur geti af þeim sökum ekki sinnt búum sínum.

- **Nýliðun í landbúnaði**

Búnaðarþing 2021 ályktar að styðja þurfi betur við nýliðun í landbúnaði. Er stjórn BÍ falið að vinna að málinu meðal annars í tengslum við endurskoðun búvörusamninga. Lagt er til að unnin verði úttekt á því hvernig núverandi fyrirkomulag hefur reynst í ljósi fjölda umsókna og þeirra fjármuna sem hafa verið til úthlutunar. Niðurstöður úttektarinnar verði nýttar í endurskoðun Rammasamnings í samstarfi við Samband ungra bænda og Ráðgjafarmiðstöðvar í landbúnaðar.

- **Aukin tryggingavernd bænda**

Búnaðarþing 2021 kallar eftir heildstæðri endurskoðun á tryggingamálum bænda, þar með talið á lögum um Bjargráðasjóð. Markmiðið er að auka tryggingavernd bænda, fyrirsjáanleika og skilvirkni við uppgjör á tjónum í landbúnaði. Stjórn BÍ er falið að kalla eftir því að skipaður verði starfshópur með fulltrúum BÍ, tryggingafélaga, Náttúruhamfaratrygginga Íslands og ráðuneyta þar sem farið verði heildstætt yfir tryggingamál bænda.

- **Sýklalyfjaónæmi**

Búnaðarþing 2021 krefst þess að íslensk stjórnvöld láti heilbrigði landsmanna njóta vafans umfram viðskiptahagsmuni innflutningsaðila þegar kemur að sjúkdómavörnum á Íslandi.

Í greinargerð kemur fram að sýklalyfjaónæmi sé orðin ein stærsta heilbrigðisógn í heiminum í dag. Því hvetji Búnaðarþing stjórnvöld til þess að gæta hagsmuna bænda í þessu mikilvæga máli og standa fast á réttinum til þess að verjast sýklalyfjaónæmi eins og kostur er.

/ smh

# Svo allt rúlli hnökralaust áfram



Skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar

Vertu tímanlega fyrir vorið

## Michelin, Taurus og Kleber

Vertu með gæðadekk undir vinnuvélunum þínum.



MICHELIN

### Michelin XEOBIB

Engin breyting á loftþrýstingi hvort sem ekið er á jarðvegi eða vegum.

Fara betur með jarðveg, spóla minna og eyða minni olíu.

Aukin þægindi og mýkt.



TAURUS

### Taurus 65

Lægri loftþrýstingur.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukin þægindi.



Kleber

### Kleber Gripker

Betri ending.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukið grip.

---

## BKT landbúnaðar- og iðnaðardekk

N1 er umboðsaðili BKT á Íslandi. Einn stærsti framleiðandi landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Allt frá minnstu heytætlum og upp í stærstu vinnuvélar þá eru BKT lausnin fyrir þig.

Frábær dekk á flottu verði.

BKT
GROWING TOGETHER



**Hafðu samband við N1 verslanir eða N1 verkstæðin um allt land:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bílaþjónusta, dekkjadeild | 440 1120 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 |
| Bíldshöfða | 440-1318 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 |
| Fellsmúla | 440-1322 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Höfn, þjónustustöð | 478-1940 |
| Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 | Reyðarfirði, verslun | 474-1293 |
| | | Ólafsvík, verslun | 436-1581 |

**440 1000**
**n1.is**
**dekkjadeild@n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Öfl náttúrunnar

**Náttúruöflin minna okkur á það þessa dagana hversu fallvalt gengi okkar mannanna getur verið á Íslandi. Þó eldgos í Geldingadal á Reykjanesi, sem hófst að kvöldi 19. mars, þyki frekar meinlaust, alla vega sem stendur, þá getur hæglega komið upp skaðlegra gos annars staðar á og við Reykjanesskagann.**

Mikil skjálftavirkni við Reykjanestá fyrir skömmu minnti á að sprengigos kom þar upp í sjó á miðöldum sem olli því að búsmali féll í Borgarfirði og fjöldi fólks er einnig talinn hafa látið lífið. Sprengigos á þeim stað í dag gæti einnig stöðvað allt millilandaflug um Keflavíkurflugvöll og jafnvel um Reykjavíkurflugvöll líka. Stærsti hlutinn af innfluttu grænmeti og ávöxtum kemur með flugvélum. Í öllu tali um fæðuöryggi þjóðarinnar er mikilvægt að menn hafi þetta í huga. Það hlýtur því að vera afar mikilvægt að haldið sé áfram að byggja upp íslenskan landbúnað með fæðuöryggi þjóðarinnar í huga, það er sannarlega þjóðaröryggismál. Það er samt alls ekki sama hvernig það er gert. Því skilvirkara og sjálfbærara sem slíkt framleiðslukerfi er, því betra fyrir alla þjóðina. Bændur eru örugglega tilbúnir í þann slag og sást það mjög vel í mikilli samstöðu þeirra á nýafstöðnu Búnaðarþingi. Þeir hafa nú samþykkt að stokka upp sitt félagskerfi, einmitt til að ná fram meiri skilvirkni. Þetta mun örugglega smita út frá sér út í framleiðslugreinarnar sjálfar.

Hjá svona lítilli þjóð eins og okkar, þá er auðvitað ekki hægt að byggja upp skilvirkar og hagkvæmar framleiðslueiningar nema með mikilli samstöðu og þá líka þvert á greinar. Kannski það stangist í einhverjum tilfellum á við samkeppnissjónarmið sem byggð eru á skilgreiningum sem teknar eru upp frá milljónaþjóðfélögum, en þá verður bara að hafa það. Þar verðum við að láta skynsemina ráða og sníða þarf regluverkið að okkar þörfum. Leikreglur samfélagsins eru nefnilega mannanna verk og ætlaðar til að þjóna almenningi, en ekki öfugt. Fólk á aldrei að vera þrælar regluverksins eins og vaxandi tilhneiging virðist vera til að innleiða hér á landi.

Þó eldgos séu ekki daglegt brauð á Íslandi, þá þarf þjóðin alltaf að vera í stakk búin til að geta tekist á við náttúruöflin. Þar er við ýmislegt að glíma, skriður, snjóflóð og vatnsflóð af völdum veðurs auk jarðskjálfta og eldgosa.

Frá því um 920 hafa eldgos á Reykjanesi og í sjó skammt undan landi valdið margvíslegu tjóni. Á árunum 1160–1180 gaus tvisvar í sjó undan Reykjanesi. Á árunum 1210–1211 myndaðist Eldey. Árið 1223 var gos undan Reykjanesi og sömu leiðis að talið er á árunum 1231, 1238, 1240, 1422, 1733 og 1783. Síðan virðist lítil eldvirkni hafa verið á þessum slóðum ef undan er skilið mögulegt gos á Eldeyjarboða 1830 og við Geirfuglasker 1879. Jarðskjálftahrina við Reykanestá á síðustu vikum sýnir að ekki er hægt að útiloka þar eldgos í sjó.

Þó fólki finnist eldgosið krúttlegt sem nú er í gangi á Reykjanesi, þá mega menn aldrei gleyma því að gas sem streymir frá eldgosum er stórhættulegt. Koltvísýringur er eitt, en brennisteinsvetni, sem fólk þekkir sem bláa móðu, getur verið mun hættulegra. Það getur hæglega valdið alvarlegum lungnaskaða. Við skulum ekki gleyma afleiðingunum af Lakagígagosinu 1783–1784. Það breytti loftslagi um tíma á norðurhveli jarðar og þá fórst um fimmtungur íslensku þjóðarinnar, eða um 10.000 manns. Áætlað hefur verið að tugir eða hundruð þúsunda manna í Evrópu og allt suður til Afríku og austur til Asíu hafi látið lífið af völdum þess. – Berum virðingu fyrir náttúrunni og verum viðbúin til að takast á við óblíð náttúruöflin.

/HKr.

# Miklar og málefnalegar umræður á Búnaðarþingi


Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is






**Á nýafloknu Búnaðarþingi, þar sem nýtt félagskerfi Bændasamtakanna var meginstefið, voru lagðar fram tillögur um sameiningu búgreina undir Bændasamtök Íslands. Miklar og málefnalegar umræður urðu um tillögurnar og í stuttu máli sagt voru þær samþykktar af öllum fulltrúum á þinginu án mótatkvæða.**

Ég vil þakka þeim sem komu að þessari vinnu með einum eða öðrum hætti svo sem stjórnum búgreinafélaganna og stjórnum búnaðarsambanda sem voru með gagnrýnar athugasemdir á fyrri stigum og vegna þeirrar vinnu tókst svo vel til í afgreiðslu málsins á þinginu sjálfu. Ekki síst vil ég óska bændum til hamingju með að hafa náð þessum áfanga eftir margra ára umræður meðal bænda um að einfalda félagskerfið. Nú er verk að vinna að móta framtíðarstarfið á grunni samþykkta sem verða staðfestar á aukabúnaðarþingi þann 10. júní næstkomandi, þar sem áætlað er að nýtt fyrirkomulag taki gildi þann 1. júlí 2021.

Mjög mikil vinna hefur farið í þessar breytingar af hálfu stjórnar og starfsmanna, eins og ég hef komið inn á í skrifum mínum á þessum vettvangi. En þessu er ekki lokið, nú hefjumst við handa með að skilgreina skipuritið á skrifstofunni og starfslýsingar þar sem verkefnum verður deilt niður á einstaka starfsmenn, hver er tengiliður hverrar deildar og svo framvegis. Enn og aftur, þessi breyting verður vonandi landbúnaði til heilla og að bændur komi fram sem einn hópur.

### *Þakkir til starfsfólks og gesta*

Við setningu Búnaðarþings þurfti mikið skipulag og ekki síður á þinginu sjálfu. Á grundvelli sóttvarna urðum við að skipta salnum í tvö hólf og svo varð að takmarka gestafjölda á setninguna. Nefndarstörf urðu að fara fram á grundvelli hólfaskiptinga. Starfsmenn þingsins unnu frábært starf í skipulagi og utanumhaldi á framkvæmd þingsins og fyrir það ber að þakka. Ekki má gleyma starfsmönnum Hótels Sögu sem gerðu okkur kleift að halda þetta svo sómi varð af. Við buðum einungis formönnum stjórnmálaflokkanna og svo auðvitað ræðumönnum dagsins, þeim Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Guðna Th. Jóhannessyni forseta. Ég vil þakka þeim öllum fyrir góð orð á setningunni í garð íslensks landbúnaðar og ef allir hefðu þessa sýn sem fram kom í þeirra ræðum þá kvíði ég ekki framtíð íslensks landbúnaðar.

### *Rannsóknir, afleysingaþjónusta, nýliðun og sýklalyfjaónæmi*

Óvenjufá mál lágu fyrir Búnaðarþingi að þessu sinni og helgast það sjálfsagt af því stóra máli sem breytingar á félagskerfi bænda fela í sér. Þó voru sex mál til viðbótar sem borin voru upp og samþykkt samhljóða af þingfulltrúum, sem hafa hvert og eitt mikla þýðingu í starfi bænda. Eitt þeirra snýr að rannsóknum á kolefnisspori í íslenskum landbúnaði þar sem Búnaðarþing beinir því til Alþingis að auka fjármagn á þessu sviði ásamt því að LbhÍ taki forystu í rannsóknum á þessu sviði. Einnig var lögð áhersla á að samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar verði styrkt með öflugra vísinda-, mennta- og rannsóknarstarfi í greininni. Þá var samþykkt að gerður verði samningur við Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga til að koma á afleysingaþjónustu fyrir bændur vegna veikinda og slysa. Mál um betri stuðning við nýliðun í landbúnaði var einnig samþykkt á þinginu ásamt því að kallað er eftir endurskoðun á tryggingamálum bænda, þar með talið á lögum um Bjargráðasjóð. Fulltrúar á Búnaðarþingi hvetja einnig stjórnvöld til að gæta hagsmuna landsmanna til að verjast sýklalyfjaónæmi eins og kostur er. Það er ljóst að verkefnin í íslenskum landbúnaði eru brýn og hvergi má slá slöku við. Mín bjargfasta trú er sú að við sameiningu búgreinafélaga og Bændasamtakanna stöndum við sterkari saman og förum bjartsýn með baráttuþreki Áfram veginn til framtíðar.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Reykjanesskaginn hefur verið í sviðsljósinu að undanförnu vegna jarðskjálftavirkni og eldgoss í Geldingadal. Þessi mynd er tekin úr Eldvörpum í átt að Svartsengi með fjallið Þorbjörn til hægri. Eldvarpahraun runnu í Reykjaneseldum á tímabilinu 1211–1240.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF



Rúsínan í pylsuendanum var þegar fyrsta umferð í Íslandsmótinu í snjókrossi var haldin. Keppendur sýndu þar góða takta.
Myndir / Marcin Kozaczek

# Líf og fjör á Vetrarhátíð í Mývatnssveit

**Mikið líf og fjör hefur verið í Mývatnssveit en þar stóð yfir Vetrarhátíð tvær fyrstu helgar marsmánaðar og var heilmikið um að vera. Það má segja að ferðaþjónustan í sveitinni hafi farið af stað með látum eftir vetrardvala.**

Á hátíðinni eru stundaðar bæði hefðbundnar sem og óhefðbundnar vetraríþróttir í einstakri náttúrufegurð Mývatnssveitar. Hátíðin nú sló heldur betur í gegn og fjöldi fólks sótti Mývetninga heim og átti þar góða daga, naut alls þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Uppbókað var á gistiheimilum og allir viðburðir voru vel sóttir.

Hestamótið Mývatn Open – hestar á ís fór fram í brakandi blíðviðri. Veiðifélag Mývatns bauð gestum upp á að prófa dorgveiði og mættu um 150 manns á þann viðburð, en dorgveiði er órjúfanlegur hluti af sögu og tilveru Mývetninga. Vart mátti á milli sjá hvort skemmtu sér betur börn eða fullorðnir úti á ísnum í glampandi sól með kakó – eða kaffibolla.

Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands fór fram hjá Snow dogs í Vallholti í Þingeyjarsveit og var mikið fjör í tengslum við það, keppnin spennandi og alltaf vinsælt að fá að klappa hundunum aðeins.



Keppni í hundasleðaakstri.



### *Pappakassinn sló í gegn*

Nýr dagskrárliður, Pappakassinn, var haldinn í fyrsta sinn nú í ár og sló rækilega í gegn. Gengur sú keppni út á að hanna og byggja sleða úr bylgjupappa, límbandi og lími og renna sér niður brekku á skíðasvæðinu við Kröflu. Keppt var í ýmsum flokkum, m.a. um flottasta sleðann og þann hraðasta sem og skemmtilegustu liðsstemninguna. Lögðu keppendur mikinn metnað í sleðana og varð úr hin besta skemmtun þannig að þessi liður Vetrarhátíðar verður örugglega fastur liður Vetrarhátíðar.

Rúsínan í pylsuendanum var þegar fyrsta umferð í Íslandsmótinu í snjókrossi var haldin og sýndu keppendur virkilega góða takta á sleðum sínum. Gestir voru hvattir til að taka með sér gönguskó og skíði og njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða á sínum forsendum og sjá mátti fólk á ferðinni á skíðum sínum að njóta náttúrunnar og upplagt eftir vel heppnaða skíðaferð að skella sér í jóga og slaka síðan á í Jarðböðunum. /MÞÞ



Sigurvegarar í Pappakassanum. Gengur sú keppni út á að hanna og byggja sleða úr bylgjupappa, límbandi og lími og renna sér niður brekku á skíðasvæðinu við Kröflu.



Þeir eru fallegir hundarnir.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 270

Þó að freistandi sé að halda áfram með vísur úr safni **Braga Björnssonar** frá Surtsstöðum, þá getur líka verið skynsamlegt, að klára ekki jólamatinn allan í einu. Góð er sú tilfinning, að geta gripið til vísna hans þegar lífga þarf upp á brageyrun. Samt er sérstaklega viðeigandi að birta eina vísu úr gullkistu Braga á Surtsstöðum:

*Eyddir snjó að óskum vildar*
*okkur frá á veg.*
*Þakkir Góa þú átt skildar*
*-þú varst dásamleg.*

**Ormur Ólafsson** var ágætur hagyrðingur sinnar tíðar,( 1918-2012). Um sjálfan sig orti hann:

*Ekki normalt er að sjá*
*áhrif hormónanna,*
*því vill Ormur hafa hjá*
*háttinn Mormónanna.*

Um árabil starfaði **Ormur** hjá vöruflutningadeild Flugfélags Íslands. Meðal samstarfsmanna hans, og yfirmaður, var **Ulrich Richter**, ágætlega hagorður. Með þeim félögum voru stöðugar glettur og oftlega engu hlíft. Næstu tvær vísur orti Ulrich til Orms:

*Orms er vakin ástin heit,*
*aldrei slík var reisa gerð.*
*Hundarnir í hverri sveit*
*héldu 'ann væri í kennsluferð.*

*Hvað Ormur gerði, enginn veit,*
*úti í móum lá hann,*
*hundana í hverri sveit*
*hryllti við að sjá hann.*

**Ormur** orti svo um **Ulrich**:

*Ulrich Richter elliglöpin beygja,*
*orðinn nokkuð sljór og þreytugjarn.*
*Tápið dvínar, tilhneigingar deyja,*
*tvisvar verður gamall maður barn.*

**Ulrich** svaraði að bragði:

*Oft er til baga ef aldurinn lífsfjörið heftir*
*og áleitnar minningar draga menn stundum á tálar.*
*En hitt er þó verra að eiga nær fimmtugur eftir*
*að úttaka þroska sinn, bæði til líkama og sálar.*

**Ormur** var allt til enda síyrkjandi og ötull liðsmaður í Kvæðamannafélaginu Iðunni, sem og fastagestur á samkomum hagyrðinga. Í minningargrein eftir Orm látinn, tilfærir góðvinur hans, **Sigurður Sigurðarson** dýralæknir, nokkrar af úrvalsvísum Orms:

*Hagmælskan er hugarmáttur,*
*heillar þjóðar náðargjöf,*
*einkennandi eðlisþáttur*
*Íslendings frá vöggu að gröf.*

Veganesti til æðri heima:

*Er legg í mína lokaför,*
*lengur má ei þreyja,*
*brosandi með vísu á vör*
*vildi ég fá að deyja.*

*Losna ég þá við lífsins ok,*
*lýkur hinsta vetri.*
*Ferskeytlu við ferðalok*
*færi ég Sankti-Pétri.*

*Með listastöku lengra kemst*
*lýðir munu fregna.*
*Inn um hliðið fyrst og fremst*
*fer ég hennar vegna.*

*Sannast ykkur segi frá,*
*sálinni tekst að bjarga.*
*Í himnaríki hitti ég þá*
*hagyrðinga marga.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

BSE og starfsumhverfi íslensks landbúnaðar:

# Nauðsynlegt að hraða endurskoðun tollasamnings

**Fjallað var um starfsumhverfi íslensks landbúnaðar á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem haldinn var í Hlíðarbæ fyrr í þessum mánuði. Lagði fundurinn áherslu á ýmis atriði er varða starfsskilyrði íslensks landbúnaðar og taldi t.d. að nauðsynlegt væri að hraða endurskoðun tollasamnings við ESB.**

Fram kemur í tillögu sem samþykkt var um efnið að nauðsynlegt væri að landbúnaðarráðherra hefði heimildir til að bregðast sérstaklega við erfiðum aðstæðum á markaði með því að fresta eða takmarka útboð á tollkvótum fyrir innfluttar búfjárafurðir. „Tollvernd er hluti af starfsumhverfi íslensks landbúnaðar líkt og í nágrannalöndum. BSE leggur áherslu á að viðhalda henni og styrkja eftir því sem þörf er á," segir í tillögu sem samþykkt var á aðalfundinum.

Þá krefst fundurinn þess að stjórnvöld tryggi þegar í stað að röng skráning á innfluttum búvörum í tollflokka verði upprætt og heimildum til endurákvörðunar tolla eða öðrum álögum verði beitt eftir því sem við á. „Ólíðandi er að ekki hafi verið brugðist við með eðlilegum hætti af tollayfirvöldum/stjórnvöldum þegar rökstuddur grunur er um að alvarleg tollsvik hafi átt sér stað þegar flutt er inn vara á röngu tollnúmeri," segir enn fremur.

Eðlileg krafa sé að innfluttar vörur séu af sömu gæðum og innlend framleiðsla varðandi hreinleika og með tilliti til notkunar sýklalyfja við framleiðsluna og að sambærilegar kröfur séu gerðar til dýravelferðar í þeim löndum sem flutt er inn frá og reglur kveða á um hér á landi. /MÞÞ



Gunnhildur á Steindyrum, fráfarandi formaður BSE, með bændum á Ósi í Hörgársveit, frá vinstri, Sunna Hrafnsdóttir, Nanna Stefánsdóttir og Andri Sigurjónsson. Nanna og Sunna eru mæðgur og Andri er eiginmaður Sunnu.

Átaksverkefni hjá hestamönnum á Hellu:

# Hesthúsabyggðin færð úr þorpinu á Rangárbakka

**Lögð hefur verið fram tillaga í sveitarstjórn Rangárþings ytra um átaksverkefni tímabilið 2021–2022 til að flýta uppbyggingu í nýju hesthúsahverfi á Rangárbökkum en eldra hverfi er víkjandi samkvæmt skipulagi.**




Hesthúsahverfið, sem er staðsett í þorpinu við Hellu, verður flutt í nýtt hesthúsahverfi á Rangárbökkum.

Byggja á nýtt 30 stíu hesthús á vegum Rangárbakka ehf., sem er nú þegar með ein 28 stíu hesthús á staðnum.

Átaksverkefnið gengur út á að húseigendur í eldra hverfi geti gert sérstakan samning við sveitarfélagið um flutning í nýtt hverfi. Sveitarfélagið kaupir þá eldra hús og er miðað við 50.000 kr. á fm og seljandi skuldbindur sig til að leggja fjármunina í nýtt hús í hinu nýja hverfi. Helmingur upphæðarinnar er greiddur við undirritun samnings og afgangurinn þegar sökkull á nýju húsi hefur verið kláraður. Einnig er hægt að semja án þess að byggja á nýjum stað en þá eru eingöngu greiddar 25.000 kr. á fm. Átakið verður auglýst vel og kynnt á fundi með hesthúsaeigendum á næstunni ásamt nánari upplýsingum um umsóknarferlið. Byggðarráði hefur verið falið að undirbúa verkefnið fyrir fjárhagsáætlun og eftir atvikum viðauka við fjárhagsáætlun þegar betur liggur fyrir með þátttöku í verkefninu. /MHH

Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

# Lífræn grænmetisræktun á Ósi hlaut verðlaunin

**Lindigarðar ehf., Ósi, Hörgársveit, hlaut Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar en verðlaunin voru veitt á aðalfundi BSE á dögunum. Að Lindigörðum standa Nanna Stefánsdóttir ásamt dóttur sinni, Sunnu Hrafnsdóttur og tengdasyni, Andra Sigurjónssyni.**

Nanna er skrúðgarðyrkjumeistari frá Garðyrkjuskólanum og hefur starfað við garðyrkju frá árinu 1984. Árið 2007 stofnaði hún fyrirtækið Lindigarða ehf. sem í upphafi sá um lóðaumhirðu og fleiri slík verkefni á Akureyri.

Sunna er með BA-próf í þjóðfélagsfræði og hefur einnig lokið bókhalds- og skrifstofunámi og útskrifaðist sem garðyrkjufræðingur frá Lbhí af lífrænni braut skólans árið 2018. Hún keypti helminginn í Lindigörðum ehf. árið 2014, ásamt sambýlismanni sínum, Andra Sigurjónssyni, sem er húsasmiður að mennt og vinnur sem verktaki við smíðar. Óhætt er að segja að menntun mæðgnanna í garðyrkju og smiðsins Andra hafi nýst einkar vel við uppbygginguna í búskapnum á Ósi.

*Kjöraðstæður til ræktunar*

Eftir nokkra leit að hentugri jörð til að stunda lífræna ræktun keyptu þau Ós í Hörgársveit haustið 2016. Á jörðinni hafði ekki verið stundaður búskapur til fjölda ára en tún verið nytjuð. Þar eru kjöraðstæður til ræktunar, jörðin liggur vel við sól. En það var ekki nóg því verkefnin voru mikil og mörg sem þurfti til að byggja upp framleiðsluna og koma í það form sem stefnt var að.

Byrjuðu eigendur strax að undirbúa jörðina og húsakost fyrir lífræna grænmetisrækt. Byrjað var á að vinna upp frjósemi í jarðveginum, einnig var byggt gróðurhús. Stór braggi var fyrir á jörðinni og inni í honum hefur verið byggð upp vinnsla þar sem aðstaða er til þvottar og pökkunar á grænmeti.

*Lífrænt best fyrir jörðina og neytendur*

Fyrirtækið lauk aðlögun hjá Vottunarstofunni Túni og fékk vottun í lífrænni framleiðslu árið 2019. Ástæða þess að ábúendur á Ósi völdu lífræna ræktun var sú sannfæring að það væri best fyrir bæði jörðina og þá sem neyta vörunnar og því kom aldrei neitt annað til greina að fá lífræna vottun. Gulrætur frá Ósi þykja með eindæmum góðar, ferskar og safaríkar. Fyrir þá áræðni og elju sem eigendur Lindigarða hafa sýnt við að byggja upp ræktunina á Ósi fá þau Hvatningarverðlaun BSE fyrir árið 2020. /MÞÞ

Fjarskiptasjóður:

# Styrkur til að leggja ljósleiðara til Hríseyjar

**Styrkur að upphæð 6 milljónir króna fengust úr Fjarskiptasjóði sem hýstur er hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að leggja stofnstreng með ljósleiðara til Hríseyjar. Fjárhæðin nýtist til að greiða hluta kostnaðar við verkefnið, en strengurinn fer þriggja til fjögurra kílómetra leið frá fasta landinu og yfir sundið til Hríseyjar.**



Fjarskiptasjóður hefur veitt 6 milljóna króna styrk til að leggja ljósleiðara yfir sundið frá fastalandinu og yfir til Hríseyjar. Akureyrarbær borgar það sem á vantar til að klára verkið. Mynd / Almar Alfreðsson

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, hafði fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar, óskað eftir viðræðum við Fjarskiptasjóð um hvernig best væri að fjármagna ljósleiðaratengingu til Hríseyjar og hvað þyrfti að gera til að hægt væri að hefja verkið við fyrsta tækifæri.

*Ljósleiðaratenging styrkir ferðaþjónustuna*

Nettengingar við Hrísey eru nú í gegnum örbylgjusamband sem hindrar fulla afkastagetu við flutning á efni um netið og hamlar hraðvirkni í tölvuvinnslu. Þykir afar brýnt að bæta þar úr hið fyrsta. Með því að tengja Hrísey við ljósleiðara megi tryggja betur fasta búsetu í eyjunni og gera hana að álitlegum búsetukosti fyrir fólk í öllum starfsgreinum.

Ljósleiðaratenging yrði einnig til að efla ferðaþjónustu í Hrísey sem vaxið hefur fiskur um hrygg á undanförnum árum.

Nú liggur fyrir að finna hagkvæmasta kostinn við lagningu ljósleiðara yfir sundið frá fasta landinu til eyjarinnar í samráði og samvinnu við þar til bæra aðila og undirbúa tenginguna við hús í byggðakjarnanum líkt og gert er í öðru þéttbýli á Íslandi.

Ásthildur segir á vef Akureyrarbæjar að nú verði leitast við að finna það fjármagn sem upp á vanti til að hægt verði að tengja Hrísey við ljósleiðaranetið. /MÞÞ

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

# Skýrt verði hver er handhafi kolefnisbindingar skóga í samningum bænda við Skógræktina

**„Það þarf að skýra það í samningum bænda við skógrækt ríkisins að bændur séu handhafar þeirra kolefniseininga sem skógrækt þeirra bindur og stjórni alfarið nýtingu þeirra," segir í tillögu sem samþykkt var á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem haldinn var í Hlíðarbæ á dögunum.**



BSE vill vita hver sé handhafi kolefnisbindingar skóga. Mynd / HKr.

Skorar fundurinn á umhverfis- og auðlindaráðherra að skýra sem fyrst hver sé handhafi kolefnisbindingar skóga sem ræktaðir eru í gegnum samninga bænda við skógrækt ríkisins.

*Ríkið greiði hluta kostnaðar við fornleifaskráningu á skógræktarsvæðum*

Aðalfundurinn skorar einnig á sama ráðherra að beita sér fyrir því að íslenska ríkið taki á sig kostnað vegna skráninga fornminja við skipulagningu á skógræktarsvæðum að hluta til eða öllu leyti.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að aukin kolefnisbinding sé nauðsynleg til að íslenska ríkið geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum að slæmt sé að mikill kostnaður landeigenda við skráningu fornminja sé farinn að standa í vegi fyrir því að skógræktarsvæði séu skipulögð.

„Ef ríkið tæki á sig þennan kostnað að hluta eða öllu leyti er ljóst að það myndi flýta fyrir aukinni skógrækt og þar af leiðandi aukinni bindingu á kolefni," segir í greinargerðinni.

*Ólíðandi að sitja undir endalausum áróðri hagsmunaafla*

Þá var einnig samþykkt tillaga á aðalfundi BSE þar sem stjórn Bændasamtaka Íslands var hvött til að láta rannsaka og reikna út íslenska staðla fyrir kolefnisbindingu íslensks landbúnaðar, úr íslensku umhverfi þar sem gróið land og túnrækt fái rétta niðurstöðu um bindingu kolefnis í jarðvegi.

Einnig verði reiknuð út losun á allri íslenskri framleiðslu landbúnaðarvara miðað við íslenskan raunveruleika og að óheimilt verði að nota erlenda staðla. Þá vill BSE að Bændasamtökin annist frekari útfærslu á málinu og feli RML að vinna verkefnið.

Fram kemur í tillögu með þessari greinargerð að alltof oft hafi komið fram óvandaðar og rangar fullyrðingar um íslenskan landbúnað í umræðunni um loftslagsmál. Bændur verði að taka málið í sínar hendur og vera skrefinu á undan og stýra umræðunni.

„Það er með öllu ólíðandi fyrir landbúnaðinn að sitja undir endalausum áróðri hagsmunaafla, sem oft og tíðum nota erlenda staðla sem ekki eiga við hér á landi," segir í greinargerðinni. /MÞÞ

EYLÍF




# Hrein **íslensk fæðubót** frá **Eylíf**

***Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum og Nettó Ókeypis heimsending af www.eylif.is***



## ÞÓRDÍS S. HANNESDÓTTIR

**Ég mæli eindregið með Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með láta þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara "ég er bara svona og lítið við því að gera". Ég var svo heppin að kynnast Happier GUTS nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði fyrir meltinguna en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa Happier GUTS sem ég sé ekki eftir því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér allt annað líf en áður. Óþægindin frá meltingarvegi og þarmastarfsemin er komin í gott lag og svo fann ég að öll almenn líðan var mjög góð bæði andleg sem líkamleg, mér líður betur. Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra efni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á landi. Ég mæli eindregið með Happier GUTS fyrir þá sem eru með meltingar-óþægindi því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

***Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.***

### Íslensku hráefnin sem notuð eru í Eylíf vörurnar eru:

- ☑ Kalkþörungar frá Bíldudal
- ☑ Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- ☑ GeoSilica frá Hellisheiði
- ☑ Kollagen frá Sauðárkróki
- ☑ Kítósan frá Siglufirði
- ☑ Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

**Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS**
inniheldur fjögur íslensk hráefni, það eru:

- ☑ Kítósan er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og reynist vel fyrir meltinguna, það dregur í sig fituefni úr meltingaveginum.
- ☑ Kalkþörungar sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni.
- ☑ GeoSilica kísillinn sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni.
- ☑ Fjallagrös sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna.
- ☑ Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, joði og sink.




### Vörur frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR og nýjasta varan er Happier GUTS, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Íslandi. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra" segir Ólöf Rún.

„Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri líkama þá erum við færari til að takast á við verkefnin í dagsins önn.",„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á gæðavöru fyrir meltinguna" segir Ólöf Rún.



## GUÐLAUGUR SIGURÐSSON

**Ég mæli með Active JOINTS**
Ég lenti í vinnuslysi úti á sjó árið 2010 og slasaðist illa með þeim afleiðingum að ég varð óvinnufær. Ég hef verið mjög slæmur í líkamanum frá slysinu en var þó heppinn á sínum tíma að fá spelku frá Össurri þannig að ég gat sinnt daglegum athöfnum. Spelkan var einskonar lífsbjörg fyrir mig á þeim tíma. Síðustu árin eftir slysið hef ég átt erfitt heilsulega séð, alltaf verið með verki og átt erfitt með svefn því ég var stöðugt með verki. Það var svo að konan mín sá auglýsingu á íslensku fæðubótarefni Active JOINTS frá Eylíf að hún ákvað að kaupa það handa mér í haust. Eftir aðeins 1 viku var ég farinn að finna góðan mun á líkamanum sem mér fannst alveg ótrúlegt. Það er gaman að segja frá því að ég er orðinn svo miklu betri í skrokknum núna að stundum gleymi ég að setja á mig spelkuna þegar ég fer út í göngutúr. Eins get ég orðið gengið upp og niður stiga án þess að styðja mig við og þarf ekki lengur að styðja mig við þegar ég stend upp frá borði, ég bara stend upp umhugsunarlaust! Sem er eiginlega kraftaverk frá því sem áður var, en ég tek 3 hylki á dag, dreifi inntökunni yfir daginn með máltíðum. Þrátt fyrir að fötlunin mín eftir slysið hverfi ekki, þá er ég samt sem áður gangandi um glaður og mér líður svo miklu betur og mæli svo sannarlega með Active JOINTS frá Eylíf.

***Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.***

## HEILSAN ER DÝRMÆTUST

**HREYSTI** **LIÐLEIKI** **STYRKUR**

FRÉTTIR



Fjöreggið sem sett verður upp á Súgandisey er hugsað sem kennileiti fyrir Stykkishólm og sem glettinn, gamansamur og óvæntur áningarstaður til að njóta Súgandiseyjar og útsýnisins yfir Breiðafjörð og eyjarnar.

# Fjöregg, sett upp í Súgandisey, verður nýtt kennileiti í Stykkishólmi

**Fjöregg, nýtt kennileiti fyrir Stykkishólm, verður sett upp á Súgandisey, en Stykkishólmsbær fékk tæpar 25 milljónir króna úr Framkvæmdasjóði ferðamanna til að gera deiliskipulag og við gerð útsýnissvæðis á Súgandisey.**

Efnt var til samkeppni á liðnu ári og varð tillagan Fjöregg hlutskörpust í þeirri keppni. Útsýnissvæði á Súgandisey er sérstakt áherslu- og forgangsverkefni Áfangastaðaáætlunar Vesturlands.

Fyrst og fremst er Fjöregg hugsað sem kennileiti fyrir Stykkishólm og sem glettinn, gamansamur og óvæntur áningarstaður til að njóta Súgandiseyjar og útsýnisins yfir Breiðafjörð og eyjarnar.

Staðsetningin Fjöreggsins, sem er útsýnisskúlptúr, og í senn útsýnispallur, upplifunar- og áfangastaður, verður á klettasnösinni austan megin á eyjunni.

Fjöreggið sækir form sitt og tilurð í margbrotið fuglalíf Breiðafjarðar þar sem nytjar eggs og fugls voru fjöregg Breiðfirðinga þannig að aldrei skorti mat, segir í greinargerð með verkinu. Í þjóðsögum geymir fjöreggið lífið og gæfuna. Fjöreggið í Súgandisey mun vega salt á egginni til að árétta að ekki sé fýsilegt að leika sér að fjöreggi náttúrunnar.

*Vinsælasti viðkomustaðurinn á Stykkishólmi*

Undanfarin ár hefur staðið yfir uppbygging á Súgandisey þar sem unnið hefur verið að skipulagi og úrbótum ýmiss konar svo sem með lagningu stíga og tröppugerðar. Eyjan er einn vinsælasti viðkomustaðurinn á Stykkishólmi en brýn þörf hefur skapast á endurskoðun á skipulagi eyjarinnar, ekki síst út frá þeirri staðreynd að eyjan hefur orðið fyrir óæskilegum ágangi, sér í lagi villustígum sem víða liggja, segir í frétt á vefsíðu Stykkishólms. Áhersla í endurskipulagningu er lögð á að útivist í eyjunni fari saman við náttúruupplifun, ánægju ferðamanna og nauðsynlega vernd náttúrunnar. Því til viðbótar er lögð áhersla á að umgengni taki mið af sjálfbærni, þolmörkum svæðisins og að umferð um eyjuna verði í takt við náttúruna. /MÞÞ

# Mikil óánægja með lokun Arion banka á Blönduósi

**Mótmælum hefur rignt yfir Arion banka vegna lokunar útibús bankans á Blönduósi. Nú hefur sveitarstjórn Húnavatnshrepps bæst í hóp mótmælenda.**

Lokunin var rædd á sveitarstjórnarfundi og segir í bókun sem þar var samþykkt að ljóst sé að á meðan Arion banki loki afgreiðslu sinni á Blönduósi í nafni hagræðingar sé verið að skerða þjónustu og lífsgæði íbúanna á staðnum, sem margir hverjir eru háðir því að þjónustan sé fyrir hendi. Þá séu það í meira lagi undarleg rök að lokunin sé gerð í hagræðingarskyni á sama tíma og bankinn skili methagnaði ár eftir ár og greiðir milljarða í arð til eigenda sinna. „Bankinn hefur ekki fært nein rök fyrir því að kostnaður við rekstur útibús á Blönduósi sé umfram veltutekjur og þjónustugjöld viðskiptavina sinna á staðnum,“ segir í bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps. /MÞÞ




## Orkuskipti fram undan í Grímsey:

# Vindmyllur og sólarorkuver leysa olíu af hólmi

**Stór skref verða á næstu mánuðum stigin varðand orkuskipti í Grímsey en fyrirhugað er að setja þar upp vindmyllur og sólarorkuver. Fallorka annast verkefnið í samstarfi við Vistorku og Orkusetur með stuðningi úr Evrópuverkefninu SMARTrenew og Orkusjóði.**



Grímsey. Mynd / Auðunn Níelsssson

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Fallorku, segir Grímsey ekki tengda við raforkukerfi landsins og þar sé heldur ekki heitt vatn frá náttúrunnar hendi. Því hafi húshitun og raforkuframleiðsla í eynni að mestu byggst á því að brenna olíu. Nú sjái menn tækifæri til að breyta því, „og þá getur Grímsey vonandi í náinni framtíð orðið að fyrirmynd að vistrænu samfélagi við krefjandi aðstæður á norðurslóðum,“ segir hann og bætir við að mikill áhugi sé fyrir þeirri hugmyndafræði, m.a. í Bandaríkjunum.

Orkuframleiðsla og notkun í Grímsey byggist á ósjálfbæru jarðefnaeldsneyti og er heildarnotkun um 400 þúsund lítrar á ári, enda olían bæði notuð til raforkuframleiðslu og húshitunar. Ætla má að losun vegna orkunotkunar í Grímsey nemi um1.000 $CO_2$ á ári. Þar við bætist eldsneytisnotkun fyrirtækja og fiskibáta.

Bæði íslenska ríkið og Akureyrarbær hafa sett sér metnaðarfull áform um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og í nýrri orkustefnu landsins er stefnt að því að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050. Orkuskipti í Grímsey eru hluti af nauðsynlegum aðgerðum til að ná þessum markmiðum, segir í tilkynningu frá Akureyrarbæ.

*LED-væðing og nýorkuver*

Ýmislegt hefur nú þegar verið gert í Grímsey til að draga úr orkunotkun og þar með brennslu jarðefnaeldsneytis. Má nefna stuðning við heimili til að bæta einangrun í þaki og gluggum sem dregur úr upphitunarþörf. Auk þess hefur lýsingu í ljósastaurum verið skipt út fyrir LED sem skilar bæði betri lýsingu og miklum orkusparnaði. Einn liður í þeirri aðgerðaáætlun sem nú liggur fyrir er áframhaldandi LED-væðing og mun Orkusetur bjóða heimilum upp á slíkar perur til uppsetningar.

*Samið við skorska framleiðendur*

Stefnt er að uppsetningu á tveimur vindmyllum sem samtals framleiða um 30.000 kWst á ári. Samið hefur verið við skoska framleiðendur sem framleiða smáar en mjög sterkar vindmyllur, enda skiptir veðurþol miklu máli. Einnig eru áform um að setja upp sólarorkuver við Múla sem gæti framleitt allt að 10.000 kWst á ári. Stefnan er að nýta reynsluna til að þróa lausnir fyrir íbúa sem gæfist þá kostur á að setja upp sólarsellur á og við hús sín án kostnaðar.

Þessar fyrstu aðgerðir eiga að minnka olíunotkun um 20 þúsund lítra og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50 tonn á ári. Ef reynslan af þessum nýju kerfum verður góð er markmiðið að auka hlut grænna orkugjafa enn frekar í náinni framtíð. Unnið er að undirbúningi og ef allt gengur samkvæmt áætlun gætu framkvæmdir í Grímsey hafist í byrjun sumars.

*Stofnkostnaður um 20 milljónir*

Stofnkostnaður við verkefnið nemur um 20 milljónum króna að sögn Andra. Þegar tekið er tillit til þess að styrkir fáist upp í hluta verkefnisins verði það fjárhagslega sjálfbært. „Þær tekjur sem vindorkan og sólarorkan skapa eru nægilegar til að standa undir stofn- og rekstrarkostnaði búnaðarins,“ segir hann. „Þessi orka er þá jafnframt kostnaðarlega samkeppnishæf við það að brenna olíu í Grímsey til raforkuframleiðslu, sem er vissulega áhugavert.“

Andri kveðst vona að fyrsti áfangi verkefnisins komist í gagnið fyrir haustið og ef vel tekst til þá er hægt að bæta við framleiðslueiningum og minnka olíunotkun enn frekar, segir hann.

Félögin sem standa að verkefninu eru Fallorka, Vistorka og Orkusetur. Fallorka starfrækir fjórar vatnsaflsvirkjanir við Eyjafjörð og selur raforku um allt land. Félagið er í eigu Norðurorku sem aftur er í eigu Akureyrarbæjar og fimm nágrannasveitarfélaga. Vistorka er verkefnastofa á sviði umhverfis- og loftslagsmála og er í eigu Norðurorku. Orkusetur er stofnað af Orkustofnun í samstarfi við iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Orkusetur er sjálfstætt starfandi eining. /MÞÞ

## Sendiráð Indlands á Íslandi:

# Athugasemdir vegna umfjöllunar um uppreisn bænda á Indlandi

**Í framhaldi af grein í 5. tölublaði Bændablaðsins um uppreisn bænda á Indlandi hafði indverska sendiráðið á Íslandi samband við höfund greinarinnar og vildi koma að nokkrum athugasemdum við umfjöllun blaðsins.**



Bændur mótmæla á Indlandi.

Bændablaðinu er bæði ljúft og skylt að birta athugasemdirnar og tekur fram að ekki var á nokkurn hátt ætlunin að halla réttu máli í umfjölluninni. Í pósti frá sendiráðinu segir:

„Varðandi frétt þína um mótmæli bænda á Indlandi sem var birt í Bændablaðinu í gær, langaði okkur að benda þér á nokkrar staðreyndir til að upplýsa þig um málið, sem hefði líka mátt koma fram í greininni. Ég vitna í viðhengið FAQs on Farm Bills, sem við deildum meðal fjölmiðla í desember í fyrra, ég skal benda á ákveðnar greinar.“

Tekið skal fram að umrætt viðhengi barst ekki Bændablaðinu á sínum tíma.

*Athugasemdir*

Þegar þú skrifar: „Lögin voru samþykkt án samráðs við bændur eða forsvarsmenn þeirra í landinu og í framhaldinu hefur lögunum verið mótmælt kröftuglega.“ Rétt er að umbætur vegna laganna hafa verið í vinnslu í meira en 20 ára skeið og hefur verið verkefni meðal margra ríkisstjórna á Indlandi.

Þú nefnir að: „Rök stjórnarinnar fyrir því að afnema lágmarksverð er að kaupendum muni fjölga og samkeppni aukast og verð til bænda hækka í kjölfarið.“ – Rétt er að hvergi hefur verið sagt að lágmarksverð MSP verði afnumið og kemur það einnig fram í Q5 á blaðsíðu 5.

Í greininni segir: „Lögreglan brást við óeirðunum með valdi og beitti meðal annars táragasi og bareflum og svöruðu mótmælendur lögreglunni með grjótkasti og bareflum.” – Á netinu er hægt að sjá myndbönd sem sýna ógurlegt ofbeldi gegn lögreglumönnum af ofbeldissamtökum sem tengja sig við bændamótmælin. Myndböndin sýna menn vopnaða sverðum ráðast á lögregluna þar sem lögreglan þarf að hlaupa í burtu og stökkva niður veggi Rauða virkisins í Delí. /VH

JOHN DEERE

Eigum gott úrval af
nýjum vélum á lager

**Eitthvað við allra hæfi !**




VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI | SÍMI 514-1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

Íslyft ehf

FRÉTTIR



Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Ríkarð Ríkarðsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og nýsköpunar hjá Landsvirkjun. Mynd / ANR

## Grænn dregill og Grænir iðngarðar:

# Sækja á sjálfbær fjárfestingaverkefni til Íslands

**Í byrjun mars undirritaði Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra samstarfssamning um tvö verkefni, Græna dregilinn og Græna iðngarða, sem bæði hafa það að markmiði að efla „græna nýfjárfestingu“ í atvinnulífinu.**

Í tilkynningu úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að Græni dregillinn sé samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) og Íslandsstofu, sem sé mótað í samráði við atvinnuþróunarfélög allra landshluta. Markmiðið með honum er að bæta þjónustu og umhverfi nýfjárfestingaverkefna og gera ferla samfelldari, einfaldari og skilvirkari – frá hugmynd að rekstri. Með verkefninu er stefnumótun stjórnvalda fylgt eftir á sviði útflutnings, nýsköpunar og orkumála; til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa með sjálfbærum hætti.

### *Sjálfbær fjárfestingaverkefni til Íslands*

„Einn af hvötum verkefnisins er samkeppnisstaða Íslands gagnvart nágrannaríkjum sem lagt hafa mikla áherslu á að laða til sín eftirsóknarverð fjárfestingaverkefni með áherslu á sjálfbærni, oft með góðum árangri. Að verkefninu koma, auk ANR, Íslandsstofu og atvinnuþróunarfélaganna, Samband íslenskra sveitarfélaga og fulltrúar ráðuneyta og lykilstofnana sem koma að ferli fjárfestingaverkefna.

Stýrihópur verkefnisins hefur það hlutverk að skila stjórnvöldum tillögum að umbótum og halda sameiginlega utan um samræmda upplýsingagjöf og þjónustu við verkefni sem falla undir Græna dregillinn.

Græni dregillinn leggur áherslu á að undirbúa atvinnusvæði svo þar sé hægt að fullnýta auðlindastrauma og efla hringrásarhagkerfið. Þar er vísað til þess að ýmislegt fellur til í rekstri eins fyrirtækis, sem getur nýst sem hráefni annars fyrirtækis. Um leið er stefnt að því að einfalda fjárfestingarferla og markaðssetja tækifæri víða um land á markvissan hátt,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

### *Grænir iðngarðar á Bakka við Húsavík*

Í undirbúningi er að reisa græna iðngarða á Bakka við Húsavík, sem er samstarfsverkefni Norðurþings, ANR, Íslandsstofu og Landsvirkjunar og tengist hugmyndafræðilega verkefninu um Græna dregilinn.

Gert er ráð fyrir að greining á samkeppnisstöðu Íslands og almennum skilyrðum til uppbyggingar grænna iðngarða nýtist öllum áhugasömum aðilum. Samkvæmt verkáætlun fyrir grænu iðngarðana á almenn skýrsla um tækifæri á sviði grænna iðngarða, meðal annars með hliðsjón af þróuninni í öðrum löndum, að vera tilbúin fyrir lok júní. Einnig yfirlit yfir rekstrarumhverfi, fjármögnunarmöguleika, ferla og lagaramma um græna iðngarða og tillögur til stjórnvalda um umbótaverkefni – auk forkönnunar á aðstæðum og tækifærum á Bakka við Húsavík fyrir grænan iðngarð.

*/smh*

## Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki:

# Tvö endurhæfingarrými opnuð

**Tvö endurhæfingarrými á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki, HSN, voru opnuð í byrjun þessa mánaðar og er áætlað að fjölga þeim í fjögur næsta vetur.**

Um er að ræða rými fyrir eldri einstaklinga þar sem slitgigt er aðalvandamálið og ekki er þörf á sérhæfðri endurhæfingu. Þessi hópur hefur ekki komist á forgangslista hjá Kristsnesspítala og því áformað að nýta góða endurhæfingaraðstöðu á Sauðárkróki til að koma til móts við hann. Gert er ráð fyrir að taka við tilvísunum frá öllum starfsstöðvum HSN og að þær verði eins og áður sendar Kristsnesspítala þar sem þær verða metnar.

Áætlað er að tveir en síðan fjórir einstaklingar verði í endurhæfingu þrjár vikur í senn fimm daga vikunnar en fari að öllu jöfnu heim um helgar. Starfsemin verður átta mánuði á ári, september til desember og janúar til maí, að því er fram kemur á vefsíðu HSN.

*/MÞÞ*









Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslanska ferðaklasans. Mynd / smh

## Ný klasastefna stjórnvalda á að bæta samkeppnishæfni Íslands:

# Fyrirtækin og stjórnvöld taka saman höndum

## – Þegar eru allnokkrir klasar starfandi með virka skipulagsheild

**Klasastefna fyrir Ísland hefur verið mótuð og gefin út. Hún var unnin á grundvelli þingsályktunar þar sem ríkisstjórninni var falið að skipta starfshóp sem fengi það hlutverk að móta opinbera klasastefnu. Stefnan skyldi fela í sér fyrirkomulag um hvernig stjórnvöld efli stoðkerfi atvinnulífsins á landsvísu í samvinnu við atvinnulífið, rannsóknar- og menntastofnanir, sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila sem málið snertir.**

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir leiddi vinnuna við mótun stefnunnar, sem er unnin í víðtæku samstarfi og samráði við grasrót atvinnulífsins sem og fjölda aðila innan stjórnkerfisins.

„Klasasamstarf í sinni einföldustu mynd gengur út á að vera vettvangur ólíkra aðila sem saman vilja ná auknum árangri innan sinnar atvinnugreinar eða í kringum ákveðið málefni. Með ólíkum aðilum er átt við atvinnulífið, stjórnvöld, háskóla og rannsóknarsamfélagið, fjárfesta og frumkvöðla,“ segir Ásta Kristín spurð um hvað þetta fyrirbæri „klasasamstarf“ sé.

„Klasavettvangurinn stuðlar að því að efla aðildarfélagana og gera þá samkeppnishæfari með því að vinna að sameiginlegum verkefnum sem miða t.d að því að miðla upplýsingum og þekkingu, bjóða upp á viðburði og fundi, byggja upp og styrkja tengslanetið, auðvelda klasaaðilum aðgengi að fjármagni, veita ráðgjöf og efla nýsköpun, stuðla að aukinni sérstöðu og sérhæfingu aðildarfélaga, aðstoða og hvetja til stofnunar nýrra fyrirtækja ásamt því að ýta undir samstarf tengdra klasa í öðrum geirum. Þá eru alþjóðlegar tengingar mikilvægar í allri kortlagningu og samstarfi innan klasa,“ bætir Ásta Kristín við.

### *Fyrirtækjadrifinn starfsvettvangur*

„Fyrirtækin eru alltaf drifkraftur klasasamstarfs og mikilvægt að hafa í huga að ekki er hægt að búa til klasa í sjálfu sér en það er hægt að kortleggja það umhverfi sem klasinn er í, sem einnig er kallað vistkerfi nýsköpunar eða vistkerfi atvinnulífsins. Þannig er vísað til þess að klasi sé náttúrulegt fyrirbæri sem sé alltaf til hvort sem um markvissa samvinnu milli aðila sé að ræða eða ekki. Þetta er mjög auðvelt að máta á allar atvinnugreinar og hægt að taka dæmi um ferðaþjónustu, sjávarútveg, skapandi greinar, tölvuleikjaiðnað, landbúnað eða stafræna þróun. Það er ekki fyrr en með skipulögðum hætti að við kortleggjum tækifæri til samvinnu sem til verður hið eiginlega klasasamstarf. Í þeirri kortlagningu er ákveðið að búa til félag, leggja til verkefni, setja okkur markmið um árangur, safna fjármagni til reksturs og ráða stafsmenn sem halda utan um skipulagsheildina og reka starfsemina.




Hugmyndafræðin á bak við klasasamstarf hefur verið til í langan tíma og tók fyrst flug í kringum 1980 og þá mest í kringum iðnsækin fyrirtæki sem sóttu í að vinna nálægt hvert öðru, oftar en ekki með samstarfi í samkeppni.

Á Íslandi komu fyrstu skipulögðu klasarnir fram fyrir um tíu árum þegar Íslenski sjávarklasinn var stofnaður, þar á eftir Jarðvarmaklasi, Ferðaklasi, Álklasi og Landbúnaðarklasi, svo einhver dæmi séu tekin. Það hversu öflugir þeir eru eða hversu sýnilegt starf þeirra er fer að mestu eftir áhuga aðildarfélaganna, viðskiptamódeli klasanna, verkefnum hverju sinni og skipulagi starfseminnar, til dæmis hvor sé til staðar framkvæmdastjóri og starfsfólk,“ segir Ásta Kristín þegar hún er beðin um að útskýra hvers vegna áhrif og virkni klasa á Íslandi sé mismikil í samfélaginu.

„Flest allt það klasasamstarf sem við þekkjum í dag hefur verið drifið áfram af fyrirtækjunum sjálfum án verulegrar aðkomu stjórnvalda, það eitt hefur að vissu leyti tafið fyrir mikilvægri þróun og tækifærum sem markvisst klasasamstarf þessara ólíku aðila getur skilað og sér í lagi þegar við berum okkur saman við það sem önnur lönd í kringum okkur eru að gera,“ bætir hún við.

### *Stefnt að því að vera meðal fremstu þjóða*

Með mótun klasastefnu fyrir Ísland, segir Ásta Kristín að áform stjórnvalda séu skýr með að auka samkeppnishæfnina. „Með skýrri stefnu stjórnvalda um stuðning við klasasamstarf og aukna áherslu á að hraða breytingum og takast á við nýjar áskoranir hefur Ísland sett sér þá framtíðarsýn að vera meðal fremstu þjóða í öllum samanburði þegar kemur að því að mæla samkeppnishæfni þjóða. Stefnan er ákveðið leiðarljós að þessu marki, hún er hvorki aðgerðaráætlun né framkvæmdaplagg heldur rammi utan um þau verkfæri sem stjórnvöld geta nýtt til að stýra fjármunum til atvinnuþróunar og stuðnings til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi, á forsendum aðilanna sjálfra. Hlutverk stjórnvalda er þannig að styðja við það klasastarf sem nú þegar er fyrir hendi með óbeinum hætti í gegnum sjóða- og styrkjakerfi ásamt því að brúa ákveðinn markaðsbrest í greinum eða inni á svæðum þar sem stuðningur er mikilvægur á fyrstu stigum.

Samstarf á klasavettvangi er ein leið til að brjóta niður múra og hlaupa hraðar í átt að meiri árangri sem skilar samfélaginu öllu aukinni hagsæld og okkur íbúunum bættum lífskjörum til lengri tíma.“ */smh*

# Taktu vel á móti vorinu



**N1 Vefverslun**
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



### Samfestingur fyrir börn

Vinsæll samfestingur fyrir börnin. Gott fyrir bústörfin, garðvinnuna eða sumarbústaðinn.

Litur: Blár. Stærðir: 116-172.



### Samfestingur

Þunnur samfestingur með hnjápúðavösum, hentar vel fyrir iðnað, bústörf o.fl.

Litur: Navy blár með kóngabláu. Stærðir: 48-70.



### Dunlop stígvél

Dunlop Purofort professional stígvél eru hentug við margskonar aðstæður. Létt og með höggdeyfi í sóla, endast vel og auðvelt að þrífa þau.

Litur: Grænn.Stærðir: 37-48.



### Showa hanskar

Endingargóðir, léttir og þægilegir. Nítrildýfðir með microfiber efni á handarbaki sem hleypir vel út raka svo hendur haldast þurrar.

Einn litur. Stærðir: 7-10




### Mobilfluid 428 20L

Drif og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar. Olía sem kemur í staðinn fyrir Mobilfluid 426.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**440 1000** **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

www.volundarhus.is

# GLÆSILEGT ÚRVAL

## AF SUMARHÚSUM á frábærum verðum

Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Bjálkinn er 70 - 200 mm með tvöfaldri nót.

Sjá nánar á heimasíðunni okkar volundarhus.is http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Sumarhus/









völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

volundarhus.is · Sími 864-2400

VH/18-03

FRÉTTIR



Nýnemar í garðyrkju.

Landbúnaðarháskóli Íslands:

# Sérálit vegna starfsmenntanáms í garðyrkju

**Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp í nóvember 2019 til að fara yfir stöðu og framtíðarskipulag starfsmenntanáms við Landbúnaðarháskóla Íslands sem fram fer á Hvanneyri og að Reykjum í Ölfusi. Tilefnið var áhyggjur hagaðila í garðyrkjugreinum sem töldu að verið væri að breyta inntaki og sýnileika námsins.**

Niðurstöður sem fram koma í séráliti LbhÍ, sem birt er á vef Landbúnaðarháskólans, eru eftirfarandi:

Tækifæri innan garðyrkjunnar á Íslandi eru gríðarleg og brýnt að aðilar taki höndum saman ásamt stjórnvöldum um að koma innviðum á Reykjum í það horf að þeir séu fremstir í flokki á alþjóðlegan mælikvarða. Þannig mun námið verða sýnilegra og draga að unga fólkið sem þarf til nýliðunar.

Samstarf verði um að efla rannsóknir og nýsköpunarstarf enn frekar sem skili sér í bættum innviðum og til starfsmenntanámsins og atvinnulífsins með skilvirkum hætti.

Á undanförnum misserum hefur verið gert stórátak í átt að því að bæta innviði á Reykjum. Garðskálinn hefur verið endurbyggður og ýmsu öðru viðhaldi verið sinnt. Kynningarstarf hefur verið öflugt og nemendur skólans aldrei verið fleiri. Aðsókn í námið sló öll met sl. haust.

Í séráliti LbhÍ er lögð áhersla á styrkleika og samlegðaráhrif á milli skólastiga sem er ein af sérstöðum skólans. Í desember sl. ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að starfsmenntanám í garðyrkju yrði fært til FSu. Undirbúningur að því hefur verið í gangi á undanförnum mánuðum og hefur Landbúnaðarháskóli Íslands sent frá sér þarfagreiningu um rannsóknir sem fram fara á Reykjum. Fjölbrautaskóli Suðurlands vinnur enn að þarfagreiningunni sem snýr að starfsmenntanáminu í samvinnu við starfsfólk á Reykjum.

LbhÍ hefur lagt áherslu á að samlegðaráhrif sem eru á milli starfsmenntanámsins annars vegar og rannsóknastarfseminnar hins vegar verði áfram tryggð við breytinguna.

- Þarfagreining LbhÍ sem snýr að rannsóknastarfseminni sem eftir verður við LbhÍ
- Sérálit LbhÍ sem skilað var til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í júlí sl. /VH



Garðyrkjuskólin á Reykjum. Mynd / HKr.

Brautarstjórar og kennarar garðyrkjubrauta Garðyrkjuskólans á Reykjum:

# Mótmæla áframhaldandi yfirráðum LbhÍ yfir mannvirkjum og búnaði

**Mikill reiði er á meðal nemenda og kennara við Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi yfir að stjórnendur Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri fari áfram með yfirráð yfir búnaði, aðstöðu og mannvirkjum skólans á Reykjum. Hafa þeir sent frá sér eftirfarandi yfirlýsingu um málið:**

„Við brautarstjórar og kennarar garðyrkjubrauta Garðyrkjuskólans á Reykjum lýsum eftirfarandi yfir.

Ráðherra hefur tilkynnt að garðyrkjunám skuli færast frá LbhÍ yfir í FSu og teljum við það geta styrkt stöðu námsins. Samhliða því þarf að tryggja að garðyrkjunámið hafi áfram lögheimili á Reykjum, eins og síðustu 80 ár. Okkur líst illa á þá hugmynd að Landbúnaðarháskólinn (LbhÍ) haldi eftir staðarhaldi á Reykjum, enda hefur sú stofnun rúmgóða aðstöðu í sín verkefni á Keldnaholti í Reykjavík og á Hvanneyri, bæði innan- og utanhúss. Jafnframt erum við mjög hugsi yfir því að við yfirfærslu námsins frá einni stofnun til annarrar eigi fulltrúar garðyrkjunnar ekki aðild að því samtali, hvorki frá atvinnulífi né skóla.

Starfsemin á Reykjum er fyrst og fremst byggð upp og nýtt fyrir garðyrkjunám á framhaldsskólastigi og garðyrkjutilraunir í þágu atvinnugreinarinnar. Þetta er eina aðstaðan í landinu undir sérhæft starfsmenntanám í garðyrkjugreinum og mikilvægt að ekki sé þrengt að starfseminni. Kostnaðarsamt og erfitt væri að byggja slíka aðstöðu upp annars staðar, enda ætti það að vera óþarfi. Sú óvissa sem ríkir um aðstöðu og framtíð garðyrkjunámsins er óskiljanleg, sérstaklega þegar horft er til vaxandi samfélagslegs mikilvægis garðyrkjugreina.

Hið farsæla starf Garðyrkjuskólans hefur verið undirstaða öflugra atvinnugreina og ræktunarmenninga og hefur samvinna atvinnulífs og skóla verið hornsteinn þessa starfs. Á sama tíma og mikilvægt er að horfa til framtíðartækifæra garðyrkjugreinanna má ekki kippa undirstöðunni, þessu sérhæfða námi, undan faginu. Garðyrkjan þarf á fleiri höndum að halda, höndum sem kunna til verka og hafa faglegan metnað að leiðarljósi. Rétti staðurinn fyrir Garðyrkjuskólann er á Reykjum.“ /HKr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ályktar um garðyrkjunám:

# Vill að námið verði aðskilið frá LbhÍ og flutt á Selfoss

**Á síðasta fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar var samþykkt samhljóða eftirfarandi ályktun um stöðu garðyrkjunáms í landinu:**

„Sveitarstjórn Bláskógabyggðar skorar á stjórnvöld að tryggja framtíð starfsmenntanáms garðyrkjunnar á Íslandi. Á tímum þar sem áhersla er lögð á að hefja iðn- og starfsmenntanám til vegs og virðingar, áhersla lögð á fæðuöryggi þjóðarinnar, aðgerðir í loftslagsmálum og byggðaþróun verður ekki við það unað að staða starfsmenntanáms garðyrkjunnar sé í þeirri óvissu stöðu sem nú er raunin.

Sveitarstjórn telur rétt að aðskilja námið frá Landbúnaðarháskóla Íslands og tryggja framtíð þess á öðrum forsendum, svo sem með tengslum við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Mikilvægt er að starfsmenntanáminu sé tryggð örugg aðstaða í húseignum á Reykjum, enda verður ekki hægt að kenna garðyrkju nema hafa húsakost og svæði til ræktunar. Jafnframt þarf að tryggja að námið verði áfram aðgengilegt fyrir nemendur á ólíkum aldri, en algengt hefur verið að fólk sé komið af hefðbundnum framhaldsskólaaldri þegar það sækir sér menntun á þessu sviði.



„Gömul“ og góð ljósmynd frá opnu húsi í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi 24. apríl 2014, þegar Illugi Gunnarsson, fyrrverandi menntamálaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, núverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ásamt Ágústi Sigurðssyni, sem var þá rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, skáluðu í kaffi úr kaffibaunum, sem ræktaðar voru á Reykjum. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur jákvætt að jafnframt verði lögð stund á nýsköpun og rannsóknir í garðyrkju á Reykjum, eftir því sem húsrúm og aðstaða leyfir. Það, sem slíkt nýsköpunarstarf leiðir fram, þarf þó á því að halda að fólk með menntun og þekkingu á sviði garðyrkju verði til staðar til að vinna með niðurstöður. Grundvallaratriði er að kippa ekki fótunum undan starfsmenntanáminu og þarf það að hafa tryggan forgang að því húsnæði sem nauðsynlegt er skv. þarfagreiningu, en aðra hluta húsnæðisins væri hægt að nýta fyrir aðstöðu til rannsókna á Reykjum.

Um er að ræða menntun sex atvinnugreina sem allar eru mikilvægar. Í Bláskógabyggð hefur átt sér stað mikil uppbygging á sviði garðyrkju, m.a. 9.000 fermetrar gróðurhúsa reistir á síðasta ári. Þá eru margar eldri garðyrkjustöðvar að ganga í gegnum endurnýjun og unnið er að ýmiskonar nýsköpun. Rímar þetta vel við stefnu stjórnvalda um að auka framleiðslu á íslensku grænmeti um 25% árið 2023 til að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu í þessi starfsemi þarf á að halda starfsfólki sem kann til verka og er nauðsynlegt að viðhalda fagmennsku í þessum greinum. Því er brýnt að tryggja það að áfram verði boðið upp á metnaðarfullt garðyrkjunám, jafnframt því sem unnið er að nýsköpun í greininni.“ /MHH



Regnbogar við Skógafoss og engir ferðamenn. Mynd / HKr.

# Jazzhátíð í Skógum í sumar

**„Jazz undir fjöllum“ er heiti á Jazzhátíð, sem haldin verður í Skógum undir Eyjafjöllum í júlí í sumar. Þetta er sautjánda Jazzhátíðin í Skógum í röð.**

Fjölbreyttur hópur úr framvarðarsveit íslenskrar jazztónlistar mun koma fram á hátíðinni. Sigurður Flosason er einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar og heldur utan um skipulag hennar. /MHH




# LOFTTRAMPÓLÍN

Framleitt af Sidijk BV



## Sérstök lögun!

Úrval okkar inniheldur nú einnig lofttrampólín í sérstakri lögun. Þar má nefna maríubjöllu, kind og skjaldböku. Lumar þú á hugmynd? Við getum kannað möguleikana saman.



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 01. Hvítur | 03. Ljósgrár | 05. Dökkgrár | 30. Svartur | |
| 09. Gulur | 10. Appelsínugulur | 12. Rauður | 14. Bleikur | 28. Brúnn |
| 21. Grænn | 20. Ljósgrænn | 15. Ljósblár | 17. Dökkblár | 19. Fjólublár |

## Litir

Val er um hina ýmsu liti. Einnig er hægt að fá lógó eða prent í lit á lofttrampólínið.




## FIMLEIKADÝNUR




**VÉLAVAL**

Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17 - Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð - **velaval@velaval.is**

# STEKKUR



## Álalogia IV

**Álar þykja fínir til átu í Kína og hefur verðið á glerálum farið yfir fimm þúsund dollara fyrir kílóið í Hong Kong. Í Kóreu eru álar sagðir stinnandi fyrir karlmenn sem eru farnir að linast í slátrinu. Auk þess eru álar borðaðir með bestu lyst um alla Evrópu og í Bandaríkjunum.**

Állinn er einn af einkennisfiskum danskrar matarhefðar og var fyrr á öldum hversdagsfæða jafnt í sjávarþorpum sem til sveita sökum óhemju mikillar gengdar hans umhverfis landið. Honum hefur aftur á móti fækkað mikið og í dag er áll dýr fæða og helst neytt til hátíðarbrigða. Állinn er feitur fiskur og þykir mikið hnossgæti, einkum meðal eldri Dana, hvort sem hann er borinn fram soðinn, steiktur eða reyktur. Hann fyrirfinnst í ýmsum vel þekktum réttum svo sem álasúpu frá Suður-Jótlandi.

Heitreyktur áll þykir mikið góðgæti sé hann borinn fram með eggjahræru. Fyrst er állinn roðflettur, flakaður og snyrtur. Hann er síðan skorinn í bita og borinn fram með eggjahræru að hætti hússins, graslauk, tómötum og grófu, ljósu, rúgbrauði. Kaldur bjór þykir fara einstaklega vel með reyktum ál og frændum okkar Dönum dytti ekki í hug að bera álinn fram öðruvísi en með bjór og ákavíti.

Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar segir m.a. um álinn: „Enda þótt áll sé næstum því hvarvetna á Íslandi, sést hann samt sjaldan, því að hann er ekki veiddur, af því að menn telja hann fremur slöngu en fisk, á líkan hátt og bændur á Sunnmæri í Noregi gera, eftir því sem Ström hermir. Á Rauðasandi, í Tálknafirði og víðar þar vestra er mikil gengd af ál. Þar er hann einnig veiddur lítils háttar, með aðferð, sem menn hafa lært af forfeðrum sínum. Hún er þannig, að tekin er stöng með hnúð eða kringlóttu hjóli á öðrum endanum. Skyri er riðið á hjólið rétt við stöngina og henni stungið til botns. Álarnir, sem sækjast eftir þessari beitu, sjá hvíta litinn og skríða upp á hjólið og vefja sig um stöngina og byrja að eta í ró og næði, en þá er stönginni kippt upp.“

Sagt er að álar í draumum boði dreymandanum erfiðleika og strit. Að sjá ála skjótast um í vatni í draumi er fyrir falsi og fláræði. Að flá ál er aftur á móti fyrir skemmtilegu verkefni en að borða ál er fyrir harðæri og erfiðleikum í peningamálum. Að veiða ál boðar góð tíðindi.

Jónas Jónasson frá Hrafnagili segir í Íslenskum þjóðháttum að gott hafi þótt að leggja álsroð á bakið við bakverkjum. „... sumir segja roð af bjartál, snúa holdrosunni að og láta sitja í 9 eða 11 nætur.“

Sá misskilningur virðist hafa verið landlægur að álar gefi frá sér rafmagn og að fólk geti fengið raflost af þeim, samanber nafnið hrökkáll. Fiskurinn sem gengur undir nafninu hrökkáll á íslensku í dag er ekki áll og tilheyrir öðrum ættbálki fiska. Hugsanlegt er að nafnið hrökkáll eigi eitthvað skylt við að fólk hafi hrokkið í kút þegar hann vafði sig skyndilega um fætur þess í vatni. /VH

**NYTJAR HAFSINS**

# Sjávarafurðir skila rúmum 90% útflutningsverðmæta í Færeyjum



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Horft yfir höfnina í Þórshöfn. Myndir / HKr.

**Þrátt fyrir aflasamdrátt hjá færeyskum skipum á síðasta ári má segja að árið hafi verið gjöfult. Í heild gaf færeyskur sjávarútvegur og fiskeldi tæpa 150 milljarða íslenskra króna í útflutningstekjur. Mikilvægasta tegundin, eldislax, skilaði um 67 milljörðum íslenskum sem er um 46% af verðmæti útfluttra sjávarafurða.**

Fáar þjóðir ef nokkrar eru jafnháðar sjávarútvegi og fiskeldi og frændur okkar í Færeyjum. Þessi fámenna þjóð, sem telur um 53 þúsund íbúa, fær megnið af gjaldeyristekjum sínum með sölu á fiski og fiskafurðum. Hér á eftir verður fjallað um færeyskan sjávarútveg á árinu 2020; veiðar, fiskeldi og útfluttar sjávarafurðir með stöku samanburði við Ísland.

### *Heildaraflinn 624 þúsund tonn*

Á síðasta ári veiddu færeysk skip um 624 þúsund tonn af fiski, miðað við landaða vigt, og var aflaverðmæti tæpir 3,3 milljarðar danskra króna, að jafngildi 67 milljarða íslenskra króna. Þessar upplýsingar og fleiri sem tilgreindar eru hér á eftir má finna á vef færeysku hagstofunnar.

Aflinn skiptist þannig að veiði á bolfiski, flatfiski og skelfiski nam samtals um 104 þúsund tonnum, þar af voru um 70 þúsund tonn veidd á heimamiðum en rúm 30 þúsund tonn í lögsögum annarra ríkja eða svæða. Veiðar á uppsjávarfiski voru tæp 520 þúsund tonn.

Heildarafli íslenskra skipa í fyrra var um milljarður tonna, og aflaverðmætið rúmir 148 milljarðar króna, að því er fram kemur í frétt á vef Hagstofu Íslands.

Hafa ber í huga að Íslendingar miða skráningu sína við afla upp úr sjó en Færeyingar við landaðan afla. Erfitt er því að bera aflatölur þjóðanna saman. Munurinn fer eftir fisktegundum og meðhöndlun á fiski um borð.

### *Rúm 70 þúsund tonn af eldislaxi*

Laxeldi er snar þáttur í sjávarútvegi í Færeyjum eins og að framan greinir. Færeyingar framleiddu um 78 þúsund tonn af eldislaxi árið 2019 og um 73 þúsund tonn á síðasta ári. Athygli vekur að eldislaxinn er svipaður í tonnum talið og allur sá fiskur sem Færeyingar veiddu í eigin lögsögu, að uppsjávarfiski frátöldum, á árinu 2020.

Á síðasta ári nam framleiðsla Íslendinga á eldisfiski, bæði laxi, bleikju og fleiri tegundum, um 40,6 þúsund tonnum sem er framleiðslumet samkvæmt radarinn.is, sem er fréttavefur um sjávarútveg og fiskeldi á heimasíðu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

### *Tæpur þriðjungur þorsks í eigin lögsögu*

Drjúgan hluta bolfisksaflans fá Færeyingar í lögsögu annarra ríkja og svæða eins og fram er komið, svo sem í lögsögu Rússa, Norðmanna, Grænlendinga við Svalbarða og síðast en ekki síst á Íslandsmiðum.

Sérstaklega á þetta við um þorskinn. Í heild nam þorskveiðin um 31 þúsund tonni árið 2020, sem er 15% samdráttur frá fyrra ári. Aðeins tæpur þriðjungur þorsksins var veiddur í færeyskri lögsögu. Mest veiddist af þorski í rússneskri lögsögu, eða 8.554 tonn. Einnig fékkst verulegur afli í norskri lögsögu og við Svalbarða. Í íslenskri lögsögu veiddust 1.565 tonn (landað magn), samkvæmt upplýsingum á vef færeysku hagstofunnar. Fiskistofa hér umreiknar þennan afla í 2.270 tonn upp úr sjó. Þá er tekið tillit til þess til dæmis hvort fiskur sé slægður eða hausskorinn um borð.





Á síðasta ári veiddu færeysk skip um 624 þúsund tonn af fiski, miðað við landaða vigt, og var aflaverðmæti tæpir 3,3 milljarðar danskra króna, að jafngildi 67 milljarða íslenskra króna.

### *Mikill samdráttur í þorski í færeyskri lögsögu*

Á síðasta ári var umtalsverður samdráttur í þorskveiðum í færeysku lögsögunni. Aflinn fór úr rétt rúmum 20 þúsund tonnum 2019 niður í rúm 9 þúsund tonn árið 2020. Samdrátturinn nam 53,5% frá árinu áður. Hér er ekki öll sagan sögð því að þorskafli á heimamiðum var óvenjumikill 2019 miðað við nokkur ár þar á undan.

Veiðar á ýsu í færeyskri lögsögu minnkuðu um næstum fjórðung milli ára fóru úr 8.284 tonnum 2019 í 6.320 tonn árið eftir. Veiðar á öðrum botnfiskum jukust, til dæmis um 21% í löngu og 36% í keilu.

### *Lítils háttar aukning í uppsjávarfiski*

Færeyingar láta mikið að sér kveða í veiðum á uppsjávarfiski; makríl, norsk-íslenskri síld og kolmunna. Afli þeirra í uppsjávarfiski jókst lítilsháttar, fór úr 516 þúsund tonnum 2019 í tæp 520 þúsund tonn 2020. Verðmæti landaðs uppsjávarfisks var rúmir 1,7 milljarðar danskra króna, eða um 35 milljarðar íslenskir.

Til samanburðar þá fengu íslensk skip rúm 529 þúsund tonn af uppsjávarafla í fyrra sem er nánast jafn mikið og Færeyingar veiddu. Óvíst er þó að hve miklu leyti þessar tölur eru sambærilegar. Í fyrra var loðnubrestur en í góðum loðnuárum veiða Íslendingar mun meira af uppsjávarfiski en Færeyingar.

### *Fiskurinn gaf 147 milljarða íslenska*

Á síðasta ári fluttu Færeyingar út vörur fyrir rétt tæpa 8,4 milljarða danskra króna. Þar af nam útflutningur sjávarafurða rúmum 7,2 milljörðum, um 147 milljarðar íslenskir, eða um 92% af verðmæti vöruútflutnings í heild.

Samdráttur varð í sölu sjávarafurða milli ára um 1,2 milljarða danskra króna, eða 12%. Mest minnkuðu verðmæti í eldislaxi og þorskafurðum. Þessar tölur þarf að skoða með hliðsjón af því að árið 2019 var óvenju hagstætt.

Eins og að líkum lætur skilaði laxinn mestum verðmætum í fyrra. Útflutningsverðmæti á laxi var rúmir 3,3 milljarðar danskra króna, eða 67 milljarðar íslenskir, sem er um 46% af verðmæti útfluttra sjávarafurða.

Makríll er önnur verðmætasta tegundin. Makrílafurðir náðu tæpum 1 milljarði danskra króna, um 20 milljörðum íslenskum.

Hér á árum áður hafði sjávarútvegur svipaða þýðingu fyrir Íslendinga og Færeyinga, þ.e. skilaði um 90% af verðmæti vöruútflutnings. Sjávarútvegur er að sjálfsögðu enn mikilvægur hér. Hann skilaði rúmlega 48% af verðmæti vöruútflutnings á síðasta ári og þá er verðmæti eldisafurða talið með, að því er fram kemur á radarinn.is. Í heild var útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða og eldisfisks 2020 rétt um 300 milljarðar króna. Þorskurinn er í fyrsta sæti með 132 milljarða en laxinn skaust upp í annað sæti með 20,5 milljarða.

### *Tæpur fjórðungur til Rússlands*

Færeyingar njóta þeirrar sérstöðu að geta selt sjávarafurðir til Rússlands. Í kjölfar viðskiptaþvingana Vesturvelda í garð Rússa, sem Íslendingar studdu, svöruðu Rússar með banni á innflutningi matvæla frá viðkomandi þjóðum. Bannið tók gildi fyrir Ísland á árinu 2015. Þar með misstu Íslendingar af góðum og velborgandi markaði.

Færeyingar tóku ekki þátt í þessum viðskiptaþvingunum og Rússlandsmarkaður stendur þeim því opinn og er afar mikilvægur.

Á síðasta ári fluttu Færeyingar sjávarfurðir til Rússlands fyrir 1,7 milljarð danskra króna sem eru um 23,5% af heildarútflutningi sjávarafurða.

Um 52% af makrílafurðum Færeyinga í verðmætum talið fara til Rússlands og 62% af síld.

### *Samskipti Íslands og Færeyja*

Sjávarútvegur í Færeyjum og á Íslandi er um margt ólíkur, bæði hvað varðar stjórn fiskveiða, gjaldtöku vegna aflaheimilda o.fl. Of langt mál yrði að gera nánari grein fyrir því hér.

Samskipti Íslendinga og Færeyinga í sjávarútvegsmálum hafa verið vinsamleg þótt kastast hafi í kekki í makríldeilunni á sínum tíma. Samningur er á milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar sem óhætt er að segja að sé frekar hliðhollur Færeyingum. Í stuttu máli fjallar hann aðallega um heimild þeirra til að veiða botnfisk hér við land. Færeyingar mega veiða 5.600 tonn af botnfiski, þar af 2.400 tonn af þorski að hámarki.

Að auki láta Íslendingar Færeyingum í té álitlegar heimildir í loðnu á Íslandsmiðum, þ.e. ákveðið hlutfall af heildarkvóta en að hámarki 30 þúsund tonn.

Samkomulagið felur einnig í sér gagnkvæman aðgang til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld. Ávinningur Íslands af þessum samningi er aðallega heimild til að veiða kolmunnakvóta sinni í færeyskri lögsögu en lítið hefur verið af kolmunna í lögsögu Íslands á undanförnum árum. Fyrir utan veiðiheimildir í botnfiski og loðnu hafa Færeyingar aukið veiðar sínar á norsk-íslenskri síld af eigin kvóta í íslenskri lögsögu. Á síðasta ári veiddu þeir 77 þúsund tonn af síld hér sem er 70% af síldveiði þeirra.




Litaspilið í teppinu Vetrarljós
veitir yl og birtu í sálina

Fáanlegt á Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands

LOPI

Íslensk ull
Gæðamerki

FRÉTTIR



Nýja fjósið á Búrfelli. Mynd / GM

Nýtt fjós með mjaltaþjóni var byggt á Búrfelli 2018:

# Með afurðahæstu kýr landsins 2020

**Kúabúið að Búrfelli í Svarfaðardal var afurðahæsta kúabú landsins að meðaltali á árskýr á árinu 2020, samkvæmt skýrsluhaldi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Þar mjólkaði hver kýr að meðaltali 8.579 kg yfir árið.**

Greinilegt er að byggingin á nýja fjósinu í samvinnu við Byko og mjaltaþjóninn frá Lely Center á Íslandi eru að skila góðum árangri samhliða natni í fóðrun og umhirðu skepnanna hjá þeim Guðrúnu Marinósdóttur og Gunnari Þór Þórissyni.

Kýrnar voru að skila tæpum 8,6 tonnum af mjólk á einu ári, en á Búrfelli eru 42,6 árskýr.

Fjallað var um þessa fjósbyggingu í Bændablaðinu, en sú uppbygging varð kveikjan að því samstarfi sem nú er hafið á milli Byko og Lely Center á Íslandi. Í umfjölluninni kom fram að nýja fjósið að Búrfelli var flutt inn af Byko frá Póllandi og er Búrfellsfjósið hið fyrsta sinnar tegundar sem reist er hér á landi. Það er 688 fermetra að stærð, og þar er pláss fyrir 64 kýr auk smákálfa að 6 mánaða aldri.

„Við höfum haft að leiðarljósi við allar framkvæmdir hér að leita bestu og hagkvæmustu kosta, en lögðum mikinn metnað í það að ná að semja við verktaka í okkar heimabyggð, Dalvíkurbyggð, og það tókst nánast að öllu leyti,“ sagði Gunnar Þór Þórisson, bóndi á Búrfelli.

*Kúnum líður betur*

Guðrúnu Marinósdóttir sagði í samtali við Bændablaðið að það hefði vissulega áhrif á nyt kúnna að þeim liði greinilega betur þar sem mun rýmra væri um þær. Þá voru þau áður með rörmjaltakerfi, en tóku í notkun Lely mjaltaþjón í nýja fjósinu.

Í samtölum við bændur sem hafa verið að taka í notkun mjaltaþjóna á liðnum misserum er ljóst að þeir auka á margan hátt þægindin við umhirðu kúnna, en eru í sjálfu sér ekki endilega ávísun á betri árangur í framleiðslu. Sumir nefna líka ekki síðri árangur af mjaltagryfjum. Margt annað getur líka spilað þar inn í og þá skiptir hið fornkveðna ekki minna máli, eða „veldur hver á heldur“.

Fjósið er galvaníserað stálgrindarhús, en framleiðandi hússins er Rolstal í Póllandi. Það er klætt samlokueiningum.

Loftræstikerfi er í nýja fjósinu sem er viftukerfi, ábúendur á Búrfelli tóku slíkt kerfi fram yfir þakglugga sem gjarnan eru hafðir á nýjum fjósum nú til dags, einkum vegna þess að á stundum og í ákveðnum áttum gerir hávaðarok um dalinn auk þess að vera mun ódýrari kostur en þakgluggar. /HKr./MÞÞ




Fulltrúar samstarfsfélaganna Byko og Lely Center á Íslandi, talið frá vinstri: Jóhannes Kjartansson, sölumaður hjá Lely, Stefán Bragi Bjarnason, framkvæmdastjóri Lely, Halldór Þ.W. Kristinsson, söluráðgjafi bændavöru hjá BYKO og Þorsteinn Lárusson, sölustjóri tæknivöru hjá BYKO.

# BYKO og Lely Center Ísland í samstarf um fjósalausnir

**Nýlega ákváðu BYKO og Lely Center Ísland að hefja samstarf í því að bjóða kúabændum lausnir við byggingu nýrra fjósbygginga sem og breytinga á eldri byggingum og viðbyggingum.**

Samstarfið er byggt á þeim grunni að það sé kúabændum til hagsbóta á marga vegu.

Á undanförnum árum hafa margir kúabændur byggt ný fjós og/eða breytt gömlum meðal annars til þess að uppfylla nýjar reglur um aðbúnað gripa og dýravelferð. Sú þróun heldur áfram og á hverju ári bætast nýjar fjósbyggingar við.

*Samstarfið hófst í Búrfelli í Svarfaðardal*

Í tilkynningu frá félögunum segir að aðdraganda samstarfsins megi rekja aftur til ársins 2018 þegar BYKO og Lely Center Ísland sáu um nýbyggingu og mjaltabúnað fyrir bændur að Búrfelli í Svarfaðardal. Í upphafi árs 2021 var tilkynnt að kúabúið á Búrfelli í Svarfaðardal hefði verið nythæsta kúabú landsins (per kú að meðaltali). Fjósbyggingin á Búrfelli ásamt innréttingum er frá BYKO og öll sjálfvirka mjaltatæknin í fjósinu á Búrfelli er frá Lely Center Ísland.

„Það er því ljóst að félögin í sameiningu geta hjálpað bændum að ná eftirtektarverðum árangri í sínum búskap,“ segir Stefán Bragi Bjarnason, framkvæmdastjóri Lely Center Ísland.

*Hugsað er til langrar framtíðar*

Að sögn Stefáns Braga hyggjast BYKO og Lely Center Ísland bjóða kúabændum fjóslausnir þar sem hugsað er til langrar framtíðar. Tryggt verði að hönnun og frágangur fjósbygginga, endurbóta og viðbygginga sé á þann veg að gert sé ráð fyrir og hugsað fyrir nútíma tækni í kúabúskap og aukinni sjálfvirkni við búskapinn.

BYKO hefur um árabil boðið bændum fjölbreyttar lausnir fyrir nýbyggingar og endurbætur í sveitum landsins

*Bæði límtré og stál*

„Við hjá BYKO getum boðið hvort heldur sem er stálgrindar- eða límtrésbyggingar af öllum stærðum og gerðum. Jafnframt munum við hafa aðgang að fjölbreyttum byggingalausnum sem Lely Center Ísland hefur unnið með í sínum verkefnum þar sem fyrst og fremst er lögð áhersla á vinnuhagræði og sjálfvirkni og þar af leiðandi aukna arðsemi bændanna,“ segir Halldór Kristinsson, verkefnastjóri bændavara hjá BYKO.

BYKO varð nýlega í efsta sæti í ánægjuvoginni fjórða árið í röð á sviði byggingavöruverslana og Lely Center Ísland er leiðandi í innleiðingu sjálfvirkni í íslenskum kúabúskap.

„Við bindum því miklar vonir við samstarfið og trúum því að það muni skila viðskiptavinum okkar, kúabændum, verulegum ávinningi,“ segir Stefán Bragi.

*Byggt á kjörorðum beggja félaga*

Samstarfið mun byggja á kjörorðum Byko og Lely sem eru:
*Gerum þetta saman – Tryggjum sjálfbæra, arðbæra og ánægjulega framtíð í landbúnaði.*


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Matvælaframleiðsla – Hacking Norðurland:

# Virkjun sköpunarkraftana til sjálfbærrar nýtingar auðlinda

**Dagana 15.–18. apríl fer fram nýsköpunarviðburðurinn Hacking Norðurland, sem er ætlað að virkja skapandi og lausnamiðaða hugsun, styðja við nýsköpun og fjölgun atvinnutækifæra á Norðurlandi. Í verkefninu, sem er svokallað lausnamót þar sem frumkvöðlaverkefni keppa sín á milli, er lagt upp með að unnið sé að sjálfbærri nýtingu auðlinda eins og vatns og orku á svæðinu til matvælaframleiðslu.**

Markmiðið er einnig að draga fram í sviðsljósið öflugt frumkvöðlastarf á svæðinu og tengja saman frumkvöðla í dreifbýli og þéttbýli á Íslandi. Áður hefur sams konar lausnamót verið haldið á Suðurlandi, Hacking Suðurland, þar sem verkefni um frumuræktun ávaxta bar sigur úr býtum. Stefnan er svo sett á sambærilegt lausnamót í öðrum landshlutum.




### *Stafrænt lausnamót*

Hægt er að skrá sig til þátttöku alveg þangað til lausnamótið hefst þann 15. apríl, en það má gera í gegnum vefinn Hugmyndaþorp (eða slóðinni hackinghekla.is) en í gegnum þann vettvang fer lausnamótið líka að mestu fram – meðal annars til að tryggja að allir áhugasamir um allt Norðurland geti tekið þátt.

„Viðburðurinn hefst með opnunarviðburði og vefstofu þar sem rætt verður um þau tækifæri sem felast í auðlindum svæðisins. Föstudaginn 16. apríl hefst svo lausnamótið sjálft sem stendur í 48 klukkustundir í gegnum Hugmyndaþorp, sem er stafrænn vettvangur til samsköpunar, þróaður af sprotafyrirtækinu Austan mána í samstarfi við Hacking Hekla. Samstarfsteymi Hacking Norðurland mun ferðast á milli frumkvöðlasetra á svæðinu meðan á lausnamótinu stendur og geta þátttakendur nærri þeim setrum nýtt sér möguleikann á því að vinna að hugmyndum sínum þar. Útkoman úr lausnamótinu getur verið stafræn lausn, vara, þjónusta, verkefni, hugbúnaður, vélbúnaður eða markaðsherferð. Hacking Norðurland lýkur sunnudaginn 18. apríl með lokaviðburði þar sem dómnefnd velur þrjú bestu verkefnin sem hljóta peningaverðlaun auk aukavinninga,“ segir Svava Björk Ólafsdóttir, verkefnastjóri og stofnandi Hacking Hekla.

### *Hvað eigum við að gera við vöggugjöfina?*

Um samstarfsverkefni er að ræða eftirfarandi aðila: Hacking Hekla, Eims, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Nýsköpunar í Norðri og Nordic Food in Tourism. Verkefnið er styrkt af Íslandsbanka.

Sesselía Barðdal, framkvæmdastjóri Eims, hvetur áhugasama frumkvöðla til þátttöku. „Matur, orka og vatn eru lykillinn að sjálfbærni og við fengum þessar mögnuðu auðlindir í vöggugjöf hér á Norðurlandi. Hvað svo – hvað ætlum við að gera til að mæta framtíðinni? Við viljum kanna einmitt það á lausnamótinu Hacking Norðurland og hlökkum til að fá sem flesta með okkur í lið yfir helgina,“ segir hún. /smh



**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar*
*56-30-300*




# SÁÐVARA SS 2021

Sáðvörulista SS 2021 má finna inn á www.buvorur.is

- Grasfræ
- Grænfóður
- Bygg
- Hafrar

# RÚLLUPLAST 2021




**Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1500m**

| Litur | Listaverð án vsk. | Magn á bretti |
|---|---|---|
| *Hvítt / Grænt* | 11.290 kr | 15 |
| *Svart* | 11.060 kr | 15 |

**Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1700m**

| Litur | Listaverð án vsk. | Magn á bretti |
|---|---|---|
| *Hvítt - ÁN KASSA** | 12.590 kr | 15 |

**Rúlluplast Tenoplus | 750mm x 21µm x 1900m / 2400 m**

| Litur | Listaverð án vsk. | Magn á bretti |
|---|---|---|
| *Hvítt - 1900 m* | 12.990 kr | 15 |
| *Grænt - 2400 m - ÁN KASSA** | 16.300 kr | 15 |

| Undirplast, net og garn | Stærð | Listaverð án vsk. |
|---|---|---|
| *TrioBale Compressor undirplast* | *1400 x 0,020 x 1800 m* | 27.527 kr |
| *TrioBale Compressor undirplast** | *1400 x 0,017 x 2200 m* | 30.490 kr |
| *Westfalia net* | *123 x 3000 m* | 24.200 kr |
| *Westfalia net* | *130 x 3000 m* | 24.400 kr |
| *Cobra Miljö rúllugarn* | - | 3.000 kr |
| *Cobra Wire stórbaggagarn* | - | 4.100 kr |

Verð eru gefin upp án vsk og með fyrirvara um prentvillur

*Takmarkað magn

SS Síðan 1907

**Búvörur SS | www.buvorur.is**

**Fossháls 1, Reykjavík - 575-6071 | Ormsvelli 4, Hvolsvelli - 575-6099**

LÍF & STARF

Kári Þorsteinsson og Sólveig Edda Bjarnadóttir fluttu til Egilsstaða fyrir tveimur árum og opnuðu þar veitingastaðinn Nielsenshús:

# Íslenskar matarhefðir og svæðisbundin matvæli í hávegum höfð

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



**Sambúðarfólkið Kári Þorsteinsson matreiðslumeistari og Sólveig Edda Bjarnadóttir, master í markaðsfræðum- og alþjóðaviðskiptum, ákváðu fyrir tveimur árum að venda kvæði sínu í kross og fluttu austur á Egilsstaði þar sem þau opnuðu veitingastaðinn Nielsen í maíbyrjun árið 2019. Helsta áhersla þeirra á staðnum er að nota íslenskt hráefni og að halda í íslenskar matarhefðir ásamt því að nýta það sem til er í nærumhverfinu. Einnig eru þau með hliðarverkefni við veitingastaðinn, grænolíur, sem bragðbættar eru með kryddjurtum.**

Kári Þorsteinsson er útskrifaður matreiðslumeistari og hefur unnið í veitingabransanum hérlendis og erlendis í að verða 20 ár. Hann ólst upp á Hólmavík en flutti síðan til Reykjavíkur, 19 ára gamall, til þess að fara í matreiðslunám og hefur starfað m.a. á Grillinu, Kol, Texture (í London), Noma (Kaupmannahöfn) og nú síðast áður en hann flutti austur var hann á Dill restaurant. Sólveig Edda Bjarnadóttir er fædd og uppalin á Egilsstöðum. Hún hefur lokið meistaranámi í markaðfræði og alþjóðaviðskiptum frá HÍ, en starfaði síðast sem flugfreyja hjá Icelandair áður en þau fluttu austur. Hún er mikill ástríðukokkur og veit fátt skemmtilegra en að borða góðan mat.

„Ástæðan fyrir því að við fluttum austur var að okkur hafði alltaf langað að búa úti á landi þegar við færum að eignast börn. Frumburðurinn fæddist 9. janúar en á meðan Sólveig var ófrísk var Nielsenshús á Egilsstöðum sett á sölu og þá ákváðum við að slá til. Við fluttum austur 9. mars árið 2019 og opnuðum veitingastaðinn tveimur mánuðum síðar eftir góða yfirhalningu,“ útskýrir Sólveig.



Veturinn hefur verið þungur í rekstri vegna COVID-19 en þá ákváðu Kári og Sólveig að breyta til og koma til móts við hertar samkomutakmarkanir með því að halda þemakvöld og útirétti um helgar sem hefur undantekningarlaust selst upp. Einnig hafa þau nýtt tímann til að taka garðinn og húsið í gegn að utanverðu. Nielsenshús er elsta húsið í bænum og bæjarbúar afar stoltir af því.



Sambúðarfólkið Kári Þorsteinsson matreiðslumeistari og Sólveig Edda Bjarnadóttir, master í markaðsfræðum- og alþjóðaviðskiptum, fluttu af höfuðborgarsvæðinu til Egilsstaða fyrir tveimur árum og opnuðu þar veitingastaðinn Nielsen sem hefur verið vel tekið.



### *Þurrkuð gæsaegg og súrsaður rabarbari*

Viðbrögðin létu ekki á sér standa enda veitingastaðurinn góð viðbót við það úrval sem fyrir var á svæðinu.

„Veitingastaðnum hefur verið mjög vel tekið, við erum með góðan fastan kúnnahóp sem mætir til okkar í hádeginu á virkum dögum og svo hafa sumrin gengið mjög vel og í raun síðasta sumar vonum framar. Útlitið var ekki mjög bjart á vormánuðum 2020 en Íslendingar stóðu sig svo sannarlega í því að ferðast innanlands. Staðurinn var fullsetinn alla daga frá miðjum júní langt fram í ágúst og allir sem komu voru ánægðir,“ segir Kári og Sólveig bætir við:

„Skemmtilegast fannst okkur að heyra hvað gestum þótti gaman að breyta til og smakka rétti úr hráefni sem kannski fæstir eru vanir, svo sem mysu, þurrkuðum gæsaeggjum, súrsuðum rabarbara og hvönn. Jafnvel þeir sem voru með mestu efasemdirnar í byrjun voru hinir ánægðustu þegar þeir gengu út.“

### *Nýta hráefnið til hins ýtrasta*

Kári og Sólveig leggja mikla áherslu á íslenskt hráefni ásamt því að nýta gamlar íslenskar matarhefðir á veitingastaðnum.

„Hráefnið sækjum við að mestu hér úr næsta nágrenni og búum vel að góðum nágrönnum eins og Móður Jörð í Vallanesi þaðan sem við fáum lífrænt ræktað grænmeti, jurtir og bygg, ferskan fisk frá Borgarfirði eystra, mjólkurvörur frá Fjóshorninu og villibráð eins og hreindýr og gæs sem Kári sér um að veiða sjálfur. Margir hafa einnig komið til okkar að fyrra bragði sem eru ýmist að rækta eða með villibráð sem þeir þurfa að losa sig við og boðið okkur hráefni sem við vissum ekki einu sinni af í nágrenni okkar og kunnum við mjög vel að meta það og tökum vel á móti öllum sem vilja kynna okkur sínar afurðir,“ útskýrir Sólveig og Kári segir jafnframt:

„Við höfum einnig verið dugleg við að tína villtar jurtir til að nota í matargerðina, svo sem blóðberg, hvönn, kerfil og sveppi sem hefur verið gaman að bjóða upp á þar sem fólk er ekkert endilega vant því að sjá þessi hráefni á matseðli. Síðasta vor fórum við meira að segja og tíndum gæsaegg sem við buðum upp á í hádeginu sem vakti mikla lukku. Gömlu íslensku matarhefðirnar nýtum við svo til þess að gera sem mest úr hráefninu og láta það endast sem lengst. Við erum dugleg við að þurrka, reykja, súrsa/pikkla, salta og grafa og getum þannig nýtt hráefnið langt inn í veturinn.“



Á Nielsen er íslenskt hráefni í hávegum haft og helst úr nærumhverfinu þar sem jafnframt er haldið í gamlar íslenskar matarhefðir.



### *Fagurgrænar olíur til bragðbætingar*

Síðastliðið haust tóku þau þátt í viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita með grænolíur sem þau hafa þróað til notkunar á veitingastaðnum til að bragðbæta ýmsa rétti.

„Við lærðum alveg ótrúlega margt af því. Við fórum inn með lítið hliðarverkefni við veitingastaðinn sem við köllum grænolíur. Þetta eru sem sagt fagurgrænar olíur sem hafa verið bragðbættar með kryddjurtum og höfum við hvað mest notast við hvönn. En við höfum notað þessar olíur mikið í okkar matreiðslu og geta þær nýst til að bragðbæta ýmsa rétti og/eða sem salatolía. Eins og staðan er núna hjá okkur stefnum við að því að byrja sölu á olíunum í sumar út frá veitingastaðnum, en í framtíðinni munum við mögulega teygja okkur lengra og hefja sölu á fleiri stöðum,“ útskýrir Sólveig.

LÍF & STARF


Einar Magnússon frá Coca Cola og Jón Ólafsson þegar skrifað var undir nýja samninginn.

## Vatnsverksmiðja Jóns Ólafssonar í Ölfusi:

# Selur vatnið út um allan heim

**Icelandic Glacial, vatnið í vatnsverksmiðju Jóns Ólafssonar í Ölfusi, er einstakt náttúrulegt lindarvatn. Það er tekið úr uppsprettu lindarvatns í Ölfusi sem á uppruna sinn fyrir meira en 5.000 árum og er varið fyrir mengun með hraunbreiðum, sem er náttúrulegur varnarveggur náttúrunnar.**

Lindin framleiðir vatn sem er svo hreint að engu er bætt út í vatnið eða tekið úr því. Vatnið frá Icelandic Glacial er þess vegna einstakt því það inniheldur lítið af steinefnum og sýrustigið er 8,4pH af náttúrunnar hendi.

Í mestu mögulegu framleiðslu fyrirtækisins er tekið sem samsvarar 1% af heildarvatnsstraumi Ölfus bergvatnslindarinnar, sem annars rynni til sjávar. Icelandic Water Holdings, eigandi vörumerkisins Icelandic Glacial, og Coca-Cola European Partners á Íslandi (Coca-Cola á Íslandi) skrifuðu nýlega undir áframhaldandi samstarfssamning um dreifingu vara „Icelandic Glacial“ hér á landi og nær samningurinn nú einnig yfir nýjar vörur „Icelandic Glacial“, sem verður dreift samhliða vörutegundum Coca-Cola á Íslandi.

„Icelandic Glacial er í miklum vexti á alþjóðavettvangi en heimamarkaðurinn er okkur ekki síður mikilvægur og erum við ánægð með áframhaldandi samstarf okkar við Coca-Cola á Íslandi. Það eru spennandi tímar fram undan en von er á nýjum vörum frá okkur á næstu mánuðum sem við hlökkum til að kynna,“ sagði Jón Ólafsson, stofnandi og stjórnarformaður Icelandic Glacial. /MHH






### Tilraunaverkefni í Rangárvallasýslu um bokashi-jarðgerð fyrir lífrænan heimilisúrgang:

# Nýting á mikilvægu hráefni fyrir hringrásarhagkerfið

## – Talið að þetta sé með fyrstu verkefnum sinnar tegundar í heiminum

**Í Rangárvallasýslu, á Strönd í Rangárþingi ytra, stendur nú yfir tilraunaverkefni þar sem lífrænn heimilisúrgangur er jarðgerður með svokallaðri bokashi-aðferð. Um samstarfsverkefni er að ræða á milli Jarðgerðarfélagsins, Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og Landgræðslunnar.**

Frumkvæðið að þessari tilraun sem hófst sumarið 2020 á Björk Brynjarsdóttir, stofnandi Jarðgerðarfélagsins, sem er frumkvöðlafyrirtæki og vinnur með hringrásarlausnir í bokashi-jarðgerð fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

### *Nýting á auðlind heimilisúrgangsins*

Hugmyndafræðin gengur út á að fullvinna og nýta þá auðlind sem lífrænn heimilisúrgangur er. Helstu kostir aðferðarinnar eru að um staðbundna aðferð er að ræða, hún er orkunýtin, dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og lokaafurðina má nota til landgræðslu, skógræktar og endurheimt vistkerfa.

Bokashi-aðferðin er gerjunaraðferð sem er loftfirrð, hún er hraðvirkari en hefðbundin moltugerð; tekur einungis fáeinar vikur en að molta tekur gjarnan nokkra mánuði að lágmarki – og nánast engin lyktarmengun er af bokashi-aðferðinni. Dýr dragast ekki að lífræna úrganginum, auk þess sem hann er óaðgengilegur. Niðurbrotsferlinu er komið af stað með örverum sem blandað er saman við lífræna úrganginn.

Björk og samstarfskona hennar, Julia Miriam Brenner, standa að Jarðræktarfélaginu og tilraunarverkefninu. Björk segir að Rangárþing ytra hafi verið ákjósanlegur upphafsreitur fyrir verklega starfsemi Jarðræktarfélagsins og því hafi hún hafi ákveðið að athuga hljómgrunninn hjá sveitarfélaginu. „Það var þegar til staðar ákveðin grunnflokkun á lífræna úrganginum og svo eru höfuðstöðvar Landgræðslunnar auðvitað staðsettar innan sveitarfélagsins, í Gunnarsholti.

Við erum mikið að fókusera á þetta með lífkerfi í forgangi, það er að segja bæði mannleg eða samfélagsleg lífkerfi og lífkerfi í jarðvegi – en ég er menntuð í samfélagshönnun og teymisþjálfun og Julia er jarðvegsfræðingur. Gott viðhorf og rökrétt, umhverfisvæn og staðbundin meðhöndlun á lífrænum hráefnum er svo frábært verkfæri til að byggja upp hringrásarsamfélög og hringrásarhugsun hjá fólki – og það er svo ótrúlega skýr ávinningur af því,“ segir Björk og telur að líklega sé þetta með fyrstu verkefnum sinnar tegundar í heiminum.

### *Góður skóli*

„Við fórum svo inn í þetta verkefni þannig að við vildum læra sem mest, bæði hratt og ódýrt. Lykilspurningin var hvort þetta væri fýsileg leið fyrir sveitarfélög til að nýta þennan ónýtta lífræna úrgang – eða „hráefni“ sem ég kýs frekar að kalla þetta. Við unnum innan þess ramma sem þegar var til staðar í sorpflokkun og -söfnun í sýslunni; þar sem lífrænt er flokkað í maíspoka og sótt á tveggja vikna fresti. Íbúarnir hafa verið að flokka lífræna úrganginn frá 2019, í þeim tilgangi að hann fari síðan í iðnaðarjarðgerð hjá Terra í Hafnarfirði. Ein af niðurstöðunum núna var til dæmis að maíspokarnir virka ekki til niðurbrots í bokashi-jarðgerð – og það kemur fram í niðurstöðum skýrslu um fyrsta fasa verkefnisins sem við vorum að klára.



Frá gróðursetningu birkigræðlingana í tilraunarreit við sorpstöðina Strönd síðasta haust, þar sem jarðgerðin var nýtt. Myndir / Jarðgerðarfélagið



Björk og pabbi hennar Brynjar að sigta jarðgerðina í kjölfar gerjunar. Í fyrsta fasa tilraunarinnar var lagt upp úr því að læra bæði hratt og ódýrt og því minniháttar tækjabúnaður nýttur til að jarðgera fyrstu þrjú tonnin.



Björk Brynjarsdóttir og Julia Miriam Brenner, stofnendur Jarðgerðarfélagsins.

Við erum svo nýlega komnar aftur af stað að leita eftir áhugasömum íbúum í Rangárvallasýslu sem væru til í að taka þátt í öðrum fasa verkefnisins, til að prófa aðeins öðruvísi flokkunarferli sem er sérstaklega hugsað fyrir bokashi-jarðgerð, en ekki iðnaðarjarðgerð. Þegar þeim fasa lýkur, vonandi í sumar eða snemma í haust, verður komin heildarniðurstaða fyrir verkefnið og sýslan fær þar með tækifæri til að ákveða hvort þau vilji innleiða bokashi-meðhöndlun að fullu á Strönd og stuðla þannig að staðbundinni hringrás,“ segir Björk.

Hún vonast til að fleiri sveitarfélög fylgi í kjölfarið og Ísland geti orðið leiðandi í þessum málum í nánustu framtíð. „Sérstaklega held ég að þetta sé vænlegt fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni því það er bæði dýrt að reisa og reka iðnaðarjarðgerð. Flutningar á þessu hráefni eru líka kostnaðarsamar – fjárhagslega og loftslagslega – og auk þess missa þau þessi verðmæti út úr sveitarfélaginu. Svo getur lífræn áburðargjöf aukið hreysti jarðvegs, en hraustur jarðvegur hefur betri getu til að binda kolefni en eyddur jarðvegur.“

### *Tilraunin bar árangur*

Í skýrslunni um fyrsta fasa verkefnisins kemur fram að þrjú tonn af lífrænu hráefni hafi verið gerjuð í fimm 660 lítra fiskikörum til að kanna hvort aðferðin gæti virkað innan núverandi ramma sorpflokkunar og -söfnunar í sýslunni. Þar með var kannað hvort maíspokar væru efniviður til gerjunar og reyndust þeir ekki henta í slíkt. Pappírspokar reyndust hins vegar ákjósanlegri.

Gerðar voru tilraunareitir þar sem birkigræðlingar voru gróðursettir með jarðgerðinni til að meta áhrif hennar á áburðarnotkun, að gerjun lokinni. Í skýrslunni kemur fram að bokashi-aðferðin hafi heilt yfir borið árangur, þar sem háefnið í fjórum af fimm körum var full gerjað að átta vikum loknum. Mun skemmri tíma tekur gerjunin í heimajarðgerð. Næringargildi jarðgerðarinnar var hátt. Hlutfall kolefnis og niturs var 15,7 sem gefur til kynna hátt innihald niturs miðað við kolefni. Lágt sýrustig var í jarðgerðinni eða 5,46, sem hefur bælandi áhrif á virkni metanógena og mögulegra sýkla og sjúkdómsvaldandi örvera.

Er dregin sú ályktun að þessar niðurstöður gefi til kynna að um sé að ræða bæði örugga og hverfisvæna meðhöndlun á lífrænu hráefni. Er aðferðin talin efnileg og skilvirk en tækifæri séu til að breyta örlítið heimaflokkun og meðhöndluninni á sorpstöð til að gera ferlið í Rangárvallasýslu enn skilvirkari og stöðugra. Með því að nýta hakkara, bæta heimilisflokkun og nota ekki maíspoka megi auka endurvinnslugetu bokashi-jarðgerðar í sýslunni.

### *Hlutverk Landgræðslunnar að prófa áburðinn*

Fulltrúi Landgræðslunnar í verkefnisstjórn verkefnisins er Magnús H. Jóhannesson. „Landgræðslan leggur áherslu á að auka notkun lífrænna efna til uppgræðslu. Lífrænn áburður hentar langtímamarkmiðum uppgræðslu vel þar sem áburðarefnin brotna hægt niður og verða aðgengileg plöntum til lengri tíma. Það er líka í anda aukinnar sjálfbærnihugsunar að nýta allan lífrænan úrgang til góðra hluta í stað þess að urða hann eða farga með öðrum hætti. Næg eru tækifærin úti um allt land að nýta þetta efni til uppgræðslu eða ræktunar,“ segir hann.

„Hlutverk Landgræðslunnar í þessu verkefni er að prófa bokashi moltuna sem áburð til uppgræðslu. Gerðar verða samanburðartilraunir á bokashi moltunni og öðrum lífrænum áburði á rofnum melum í næsta nágrenni sorpstöðvarinnar. Tilraunirnar verða settar upp í vor og gróðurmældar í haust og svo árlega í a.m.k. tvö ár,“ segir Magnús. /*smh*

LÍF & STARF



Miklar vonir eru bundnar við samstarf Tækniskólans og Skógræktarfélags Reykjavíkur í verkefninu „Skógarnytjar", sem hefur verið hleypt af stokkunum. Mynd / MHH

# Skógræktarfélag Reykjavíkur og Tækniskólinn í samstarf um „Skógarnytjar"

## – Íslenskt timbur frá fellingu til smíðaviðar

**Skógræktarfélag Reykjavíkur og Tækniskólinn hafa gert með sér samstarfssamning um verkefnið „Skógarnytjar". Verkefnið felur í sér að nemendur í trésmíði fái að kynnast skógrækt og viðarvinnslu frá fyrstu hendi eða frá því að tré er fellt úti í skógi þar til búið er að framleiða úr því smíðavið.**

Fyrsti hópurinn kom í Heiðmörk í byrjun mars en það voru nemendur í húsgagnasmíði undir handleiðslu Sigríðar Óladóttur, húsgagnasmíðameistara og kennara við Byggingatækniskóla Tækniskólans. Sævar Hreiðarsson, skógarvörður Heiðmerkur, fræddi nemendurna um skógrækt, trjátegundir, viðargæði og -vinnslu. Þá felldi hann tré og sagaði niður í borð og planka. „Stefnt er að því að allir nemendur í húsgagna- og húsasmíði við Tækniskólann komi í heimsókn í Heiðmörk einhvern tíma á námstímanum. Boðið verður upp á fræðslu um skógrækt, ferlið frá því að tré er fellt og þar til búið er að vinna úr því þurran borðvið, umhverfismál, kolefnisspor viðarins og ávinninginn af því að vinna með innlent timbur," segir m.a. í tilkynningu um samstarfið. /MHH















# „Dýralækningar eru í grunninn erfitt starf“

## – segir Helga Gunnarsdóttir, dýralæknir hesta, sem er komin í doktorsnám við LbhÍ og sérhæfir sig í lækningum á „stóru dýrunum“

**Eins og kom fram í síðasta blaði þó hóf Helga Gunnarsdóttir, dýralæknir hesta, nýlega doktorsnám í hestavísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Helga útskrifaðist frá Dýralæknaskólanum í Hannover í Þýskalandi árið 2002 og lauk þriggja ára sérfræðinámi í skurðlækningum stórra dýra frá Háskólanum í Ghent í Belgíu árið 2012.**

Helga hefur alls um 20 ára starfsreynslu við hestalækningar, bæði hér heima og erlendis. Til að kynnast Helgu betur og fá betra innsýn inn í hennar líf og starf þá settist blaðamaður niður með henni og spurði hana nokkurra spurninga.



Falleg mynd af Helgu Gunnarsdóttur og hryssu sem hún var að lækna, en góður vinur hennar, sem er atvinnuljósmyndari og heitir Brynjar Gunnarsson, tók myndina. Hann fylgdi henni í einn dag og tók myndir af henni í vinnunni. Þessi hryssa hafði slasast á auga og þurfti Helga að fjarlægja það. Hryssan var hjá Helgu á meðan hún var að jafna sig og þarna eru þær að tala aðeins við hvor aðra. Myndir / Úr einkasafni

### *Fædd og uppalin í Breiðholtinu í Reykjavík*

*– Fyrsta spurningin er einföld, hver er Helga Gunnarsdóttir?*

„Ég er fædd í Reykjavík og uppalin í Breiðholtinu. Ég gekk í Breiðholtsskóla og útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Ég lauk almennu dýralæknanámi frá Dýralæknaháskólanum í Hannover í Þýskalandi og flutti heim til Íslands eftir nám.

Ég er gift Baldvini Esra Einarssyni og við eigum tvo syni, Styrkár, 14 ára og Flóka, 6 ára. Við búum á Akureyri og ég rek þar Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar, „Dýrey“, ásamt tveimur öðrum dýralæknum, Aðalbjörgu Jónsdóttur og Helgu Ragnarsdóttur. Við þjónustum allt Eyjafjarðarsvæðið, erum með þjónustusamning í Þingeyjarsýslu og erum með alla þjónustu sem bændur, hestamenn og gæludýraeigendur þurfa. Við bjóðum í tengslum við það upp á sólarhringsþjónustu alla daga, allt árið um kring. Ég fer einnig um allt land og þjónusta hestamenn og býð upp á sérhæfða þjónustu í tengslum við mína sérhæfingu sem hestadýralæknir.“

### *Með áhuga á hestum alla tíð*

*– Hefur þú alltaf haft áhuga á hestum og landbúnaði og ertu sjálf í hestum og með marga hesta?*

„Já, ég hef alltaf haft áhuga á hestum frá því ég man eftir mér. Fjölskylda mín stundaði reyndar ekki hestamennsku þannig að ég þurfti að bera mig eftir björginni.

Ég var farin að þvælast mjög ung niðri í Neðri-Fák svokallaðan, sem voru gömlu hesthúsin sem standa enn við Bústaðaveg í Reykjavík. Þar gat ég umgengist hesta og fengið að fara á bak. Ég var líka í sveit sem barn og unglingur.

Ég fór líka út sem hesta au-pair til Sviss í tvö sumur og svo var ég í vinnu hjá Benedikt Líndal og Sigríði Ævarsdóttur í tvö sumur að Staðarhúsum í Borgarfirði.

Ég eignaðist minn fyrsta hest um ferminguna, hann var keyptur þriggja vetra og átti ég hann þar til hann var felldur í hárri elli. Í dag á ég þrjú hross en ég vildi að ég hefði meiri tíma til að stunda hestamennskuna en oft víkur hún fyrir löngum vinnudegi.“

### *Ætlað mér að verða dýralæknir*

*– Hvað kom til á sínum tíma að þú ákvaðst að verða dýralæknir og dreifst þig í það nám?*

„Ég hef alltaf ætlað mér að verða dýralæknir, man ekki eftir að hafa velt öðru starfi fyrir mér. Í þá daga sem ég var að sækja um skólavist var erfitt að komast inn í skóla og ég hafði þá hugsað mér til vara að komast inn á Hóla í reiðmennskunám. Ég komst inn á Hóla og var að pakka niður í þann skóla þegar svar kemur frá Dýralæknaskólanum að ég hefði fengið inngöngu þar líka. Ég þurfti þarna að velja á milli,“ segir Helga og hlær.

*– Þú bættir við þig þriggja ára sérfræðinámi í skurðlækningum stórra dýra frá Háskólanum í Ghent í Belgíu árið 2012. Af hverju ákvaðstu að gera það og hvað fannst þér mest heillandi við skurðlækningar?*

„Fyrst vil ég segja að eftir almenna dýralæknanámið kom ég heim og stundaði dýralækningar á Norðausturlandi, nánar tiltekið á Eyjafjarðarsvæðinu. Það er fjölbreytt svæði fyrir dýralækna að vinna á, blómlegur landbúnaður, mikil hestamennska og svo líka fjöldi smádýraeigenda. Á þessum tíma stundaði ég blandaða vinnu en fann strax að hugur minn var í „stóru dýrunum“ og snemma fór mig að langa að mennta mig meira á því sviði, sérstaklega hestalækningum. Þessi hugsun festi sig enn meiri í sessi eftir að ég eignaðist eldri son minn og ég fór markvisst að leita að möguleikum til frekari menntunar.

Kollegi minn hafði verið í starfsnámi við Dýralæknaháskólann í Ghent í Belgíu og kom heim og sagði mér frá því hvað honum hafði fundist hestaspítalinn við háskólann áhugaverður. Ég kynnti mér spítalann og möguleikum á framhaldsnámi. Við þann spítala voru í boði þrjár stöður á ári fyrir svokallaða „intern“ lækna. Það eru útskrifaðir dýralæknar sem vinna innanhúss á háskólasjúkrahúsinu, hafa umsjón með inniliggjandi sjúklingum, skipuleggja þá dýralæknanema sem þurfa að taka vaktir á spítalanum og eru í rauninni milliliðir fyrir þá dýralækna sem eru fastráðnir við háskólann.

Ég fór út og kynnti mig og sótti um stöðu sem ég og fékk. Þetta var mjög lærdómsríkt ár, botnlaus vinna, lítið sofið. Hestaspítalinn við Dýralæknaháskólann í Ghent er með þeim stærri í Evrópu, þar eru um 120 stíur fyrir inniliggjandi sjúklinga og mikil umferð. Þegar ég lauk þessu „intern“ ári þá þyrsti mig í meira nám.“



Helga, sem er fyrsti doktorsneminn á sviði dýralækninga við íslenskan háskóla. Ef fólk hefur fyrirspurnir eða hugsanlega hest eða hesta sem það langar til að láta skoða, þá er hægt að hafa samband við Helgu í gegnum Facebook-síðuna hennar, Helga Gunnarsdóttir - Dýralæknir hesta.

### *Erfiðasti tími sem ég hef upplifað*

*– Þú varst ekki hætt að læra núna, eða hvað?*

„Nei, nei, því á tveggja ára fresti var í boði ein staða til að sækja um sem skurðlæknanemi. Ég hafði svo sem engar væntingar um að fá þessa stöðu enda margir um hituna. Ég sótti um og fékk þessa stöðu og við tók þriggja ára sérnám við spítalann. Þetta var erfiðasti tími sem ég hef upplifað, ég átti barn og mann sem ég sá varla og ég gekk mjög nærri mér í vinnu. En ég kynntist mörgu, kynntist mörgum af þeim bestu í þessu fagi og ég hefði aldrei viljað missa af þessu. Ég fékk mjög mikla klíníska reynslu, ég lærði vísindalega hugsun og nálgun á fagið og fékk að kenna dýralæknanemum á lokaári þeirra sem mér fannst mjög gaman.“

### *Vinna mín snýst jöfnum höndum um að eiga við neyðartilvik*

*– Hvað er það helsta sem er að hrjá íslenska hestinn og kallar á hjálp frá dýralækni?*

„Það er erfitt að nefna það í stuttu máli hvað það helsta er sem hrjáir íslenska hestinn. Íslenski hesturinn er hraustur og heilbrigður í grunninn og við hér á Íslandi erum það heppin að geta í flestum tilfellum haldið hesta á sem náttúrulegastan máta.

Vinna mín snýst jöfnum höndum um að eiga við neyðartilvik, þ.e. hluti sem geta ekki beðið, eins og sár sem þarf að sauma eða veikindi af völdum hrossasóttar og svo hinn hlutinn, sem eru kannski ekki bráðaeinkenni sem þarfnast tafarlausrar athygli, það getur verið allt frá því að vera einföld heilbrigðisskoðun sem er oft framkvæmd á hverju ári, ráðgjöf um atferli og fóðrun eða að vera flókin skoðun vegna óljósra einkenna sem erfitt er að henda reiður á.“

### *Dýralækningar eru í grunninn erfitt starf*

*– Hvað er erfiðast við starfið og hvað er skemmtilegast?*

„Dýralækningar eru í grunninn erfitt starf. Hugurinn er, allavega hjá mér, nánast alltaf við sjúklinga og tilfelli og það eru ófá kvöldin þar sem ég hef verið að velta vöngum yfir hinum ýmsu tilfellum sem ég mæti. Nálgun á tilfellin eru allt önnur en í mannalækningum, tilfelli sem er óljóst þarf að púsla saman og setja í samhengi. Það er ekki hægt að spyrja dýrin eða fá þeirra álit á bata eða afturför.

Öll smáatriði skipta máli í dýralækningum og upplýsingar sem virðast í fljótu bragði ómerkilegar geta skipt höfuðmáli. Kostnaður skiptir líka alltaf máli í þessu starfi, þar sem dýrin eru ekki partur af almannatryggingum og eigandi þarf að bera þann kostnað sjálfur sem þarf ef eitthvað hendir.

Það felst í því mikil ábyrgð að eiga dýr og þetta er þáttur sem fólk gerir sér oft ekki grein fyrir. Það er oft erfitt að þurfa að viðurkenna það að það er ekki alltaf fjárhagslegt bolmagn til að gera vissa hluti og hendur manns eru bundnar. Ég vil í þessu samhengi hvetja alla dýraeigendur til að kynna sér tryggingar fyrir dýrin sín og íhuga þann þátt dýraeignar vel.

Skemmtilegast við starfið er þessi gríðarlega fjölbreytni, enginn dagur eins og auðvitað samskiptin við dýr og menn,“ segir Helga og brosir út í annað.

### *Við getum verið afskaplega stolt af hestinum okkar*

*– Ef þú horfir yfir sviðið á hestana á Íslandi, eru þeir almennt ekki mjög hraustir og flottir, hestakyn, sem við getum verið stolt af?*

„Í sérnáminu mínu kynntist ég auðvitað alls kyns hestakynjum. Við hérna á Íslandi erum bara vön okkar hesti og höfum í rauninni engan samanburð. En hestamennskan er svo gríðarlega fjölbreytt og hestarnir mjög svo mismunandi. Sama daginn gat ég verið að vinna með 60 kg falabella smáhest yfir í að skoða belgískan dráttarhest sem vegur yfir 900 kg.

Það var alveg hreint frábært að fá að kynnast öllum þessum fjölbreytileika og ég bý gríðarlega að því í dag. Við getum verið afskaplega stolt af hestinum okkar. Hann er auðlind og í rauninni alveg ótrúlegt að eyþjóð norður í Atlantshafi geti státað sig af sínu eigin hestakyni.

Íslenski hesturinn er líka einstakur að því leyti að hann er svo fjölbreyttur og mikill félagi. Hann spannar svo mikið, hann er seigur ferðahestur, úthaldssamur gangnahestur, grimmur keppnishestur á hringvelli og svo bara besti vinurinn í sunnudagsreiðtúrnum. Einn og sami hesturinn getur jafnvel innihaldið allt þetta.“

### *Hugmyndin að doktorsverkefninu byrjaði að mótast árið 2018*

*– Þú ert fyrsti nemandinn til að hefja doktorsnám í hestavísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hvernig varð sú ákvörðun til og hvernig sérð þú námið fyrir þér og hvað viltu fá út úr því?*

„Hugmyndin að doktorsverkefninu byrjaði að mótast árið 2018 þegar ég fékk tækifæri til að aðstoða alþjóðlegan rannsóknarhóp sem

var að safna gögnum um hreyfingu íslenska hestsins að Hólum í Hjaltadal. Þar var hópurinn í boði Hólaskóla og Sigríðar Björnsdóttur, sérgreinalæknis íslenska hestsins. Mér finnst mikilvægt að íslenskir dýralæknar séu með í því að starfa að rannsóknum er varða heilbrigði íslenska hestsins. Þetta er jú okkar hestakyn og við erum upprunaland þess.

Íslenski hesturinn er fjöregg sem við eigum að varðveita og vera landið sem fólk leitar alltaf til varðandi hestinn. Við finnum þennan hest okkar mjög víða orðið og eðlilega hafa aðrar þjóðir skoðun á hestinum og vilja taka þátt í að efla hans framgang og varðveita heilsu og eiginleika.

Á þessum tímapunkti sá ég tækifæri til þess að fá að nýta mér hluta af þeim gögnum sem unnin voru á þessum tíma til að skrifa tvær fræðigreinar og fékk ég styrk til þess. Í framhaldinu settumst við Sigríður niður og sáum fljótt að þarna var mikill efniviður og ekki bara úr þessum gögnum heldur möguleiki á að vinna dýpra með hugmyndir okkar. Okkur langaði að vinna þetta sem mest út frá Íslandi og þar sem Sigríður var að taka við gestaprófessorsstöðu við Hvanneyri þá fannst okkur kjörið að kanna þann möguleika.

Það var unnin mikil undirbúningsvinna og á þar Sigríður mikinn hluta þar sem hún brennur fyrir þessu verkefni jafn mikið og ég. Einnig er mjög mikils virði að fá vísindahópinn frá Uppsala í lið með okkur. Þetta er líka í fyrsta skiptið sem íslenskur dýralæknir vinnur doktorsverkefni frá íslenskum háskóla þannig að þetta er verðmætt fyrir okkur og áhugavert.“

*-Verkefnið þitt felst í því að meta ávinning hlutlægra mælinga á helti samanborið við hefðbundna sjónræna heltigreiningu í þeim tilgangi að auka heilbrigði, einingu og velferð íslenska hestsins. Enn fremur að bæta þekkingu á áhrifum heltis á hreyfimynstur og ganglag íslenska hestsins og bæta þannig aðferðir við sjónrænt mat á helti. Á mannamáli, hvað þýðir þetta?*

„Íslenski hesturinn býr yfir fimm gangtegundum. Hann er smærri en mörg hestakyn og hann hefur styttri skreflengd. Hann er harður af sér og kvartar seint. Vandamál sem tengjast helti, eða stoðkerfinu hreinlega, sérstaklega ef einkenni eru væg, geta



**Helga vann í afleysingum á hestaspítala í Osló, Noregi sem heitir Bjerke. Á þessari mynd er hún að gera hrossasóttaruppskurð á Fjord-hesti sem kom inn til spítalans um miðja nótt. Hann var með snúning á víðgirni og stíflu í smáþörmum. Hesturinn náði sér að fullu.**

því verið lengi að malla og kannski ekki uppgötvuð fyrr en vandamálið er orðið stærra og alvarlegra. Væga tegund af helti er oft erfitt að meta sjónrænt, þ.e. að horfa á hestinn hreyfa sig og sjá hvort hann sé haltur eða ekki. Helti er jafnframt stundum ruglað saman við annað, s.s misstyrk eða hreinlega eðlilegt ósamræmi í hreyfingum. Afar fá hross eru með fullkomið samræmi í hreyfingu.

Síðustu árin hafa rannsóknir á sviði hlutlægrar greiningar á helti aukist mikið. Hlutlæg heltisgreining gengur út á það að mæla með þráðlausum nemum sem staðsettir eru á líkama hestsins, hreyfingu hestsins í hverju skrefi. Þessa þætti er ég að fara að skoða, bæði hreyfingar heilbrigðra hesta og svo hreyfingar þeirra sem eru haltir og koma til mín sem sjúklingar.

Von mín er sú að með þessari doktorsvinnu takist okkur að kortleggja vissa þætti í hreyfingu íslenska hestsins sem breytast þegar hesturinn er haltur. Þetta á því að nýtast okkur í framtíðinni þegar við erum að vinna með þætti eins og helti og hvernig hesturinn breytir hreyfingunni samfara því,“ segir Helga.

### *Að fá að eyða tíma með þeim sem mér þykir vænt um*

*– Svona að lokum, hver er helstu áhugamál þín og hvað gerir þú til að tæma hugann og gera eitthvað allt annað en þú gerir dags daglega?*

„Helstu áhugamál mín eru, fyrir utan starfið mitt, að fá að eyða tíma með þeim sem mér þykir vænt um. Ég kann alltaf að meta það betur og betur. Ég hef gaman af því að lesa, fara í leikhús og út að borða. Svo er ég alltaf að vinna í því að reyna að gera ekki neitt stundum og hvíla mig hreinlega.

*– Og allra síðasta spurningin. Vorið og sumarið, hvernig leggst það í þig? Er eitthvað sérstakt á dagskrá, eitthvað skemmtilegt, sem þú stefnir á að gera?*

„Já, vorið og sumarið leggjast vel í mig, ég vona að kófið fari aðeins að sleppa af okkur hendinni og leyfi aðeins frelsi þegar sólin hækkar. Ég er að fara að ferma eldri drenginn minn í vor og þá kemur fjölskyldan hingað norður og eyðir góðum tíma saman.“ /MHH



**Í Evrópu er töluverður fjöldi asna haldnir sem gæludýr. Þeir eru mjög krefjandi sjúklingar og hafa sannarlega sína skoðun á hlutunum. Þarna er Helga að skoða asna sem kom inn til þeirra á hestaspítalann í Ghent.**





**Helga segist stundum líka hafa tíma til að vera hestakona, samhliða starfi sínu. Þarna vann hún bikar á litlu kvennamóti hjá Létti á Akureyri. Hesturinn heitir Geisli frá Akureyri og er í eigu góðrar vinkonu hennar. Geisli er henni mjög kær því hryssan sem hann er undan slasaðist illa þegar hún var ung. Helga átti þátt í að koma henni til þeirrar heilsu að vera ræktunarhryssa og Geisli er fyrsta folaldið sem var undan henni.**





**Leitið upplýsinga á www.gardar.info**

Garðar byrjaði að mæla rafbylgjur sem kom úr tenglum, tölvum, farsímum og ljósum. Allar þessar bylgjur hafa áhrif á fólk og skepnur og geta valdið ýmsum kvillum, svo sem:

- Mígreni
- Höfuðverk
- Svefntruflunum
- Vöðvabólgu
- Exemi
- Þurrk í húð vegna tölvu
- Fótverkjum
- Júgurbólgu
- Myglusvepp
- Skepnudauða
- Fósturskaða í dýrum

**Lamba- og ærdauði gæti verið út af rafmagni**





Bústólpi
HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI
Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

## Námskeiðinu Matarsmiðjan Beint frá býli lokið á Austurlandi:

# Mikill áhugi og gróska í austfirskri matvælaframleiðslu

**Námskeiðinu Matarsmiðjan Beint frá býli, sem Austurbrú og Hallormsstaðaskóli stóðu fyrir í góðu samstarfi, lauk nýverið. „Fólk sér vaxandi tækifæri í matvælaframleiðslu af ýmsu tagi hér fyrir austan, það er mikil gróska í þessari grein og áhuginn greinilegur,“ segir Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnastjóri Matarauðs Austurlands hjá Austurbrú.**

Námsleiðin er unnin samkvæmt námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og aðlöguð að austfirsku umhverfi. Ellefu nemendur luku náminu og voru útskrifaðir fyrr í þessum mánuði. Verkefnin sem þeir unnu að voru fjölbreytt og endurspegluðu þá grósku sem fyrir hendi er í fjórðungnum.



Ellefu nemendur luku námskeiðinu Matarsmiðjan Beint frá býli sem Austurbrú og Hallormsstaðaskóli stóðu fyrir en útskrift var fyrr í þessum mánuði. Á myndinni eru frá vinstri: Halla Eiríksdóttir, Pála Svanhildur Geirsdóttir, Helga Rún Steinsdóttir, Þóra Björk Nikulásdóttir, Bergþóra Valgeirsdóttir, Angelika Ingrid Hofer, Jens Einarsson, Bryndís Fiona Fond, skólameistari í Hallormsstaðaskóla, Sigurður Eyberg Jóhannesson, kennari í Hallormsstaðaskóla, Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnastjóri Austurbrú. Myndir / Austurbrú

### *Bóklegt og verklegt nám*

Halldóra Dröfn segir að fyrirkomulag námsins hafi verið með þeim hætti að fyrir áramót var farið yfir bóklega hlutann, þar sem m.a. var komið inn á hugmyndavinnu, gerð markaðsáætlana, verk- og kostnaðaráætlanir og fleira. Nemendur fengu fræðslu um matvælamarkaðinn á Íslandi og kynningu frá MAST og Samtökum smáframleiðenda matvæla. Eins var farið yfir helstu fjármögnunarleiðir og unnið að gæðahandbók. Bóklegi hlutinn var rafrænn.

Á vorönn fór verklegt nám fram í Hallormsstaðaskóla, þar sem nemar fengu kynningu á hreinlæti og örveirufræði, vélum og tækjum til matvælaframleiðslu, næringargildi hráefna, uppskriftum, aukaefnum og merkingum. Halldóra segir að mikil áhersla hafi verið lögð á að miða seinni hluta námskeiðsins við þarfir hvers og eins nemanda og þau verkefni sem hann vann að. Nemendur höfðu aðgang að vottuðu tilraunaeldhúsi í skólanum. Bryndís Fiona Ford skólameistari og Sigurður Eyberg Jóhannesson fagstjóri höfðu umsjón með námskeiðinu.



William Óðinn Lefever gerði nemendum grein fyrir sínu fyrirtæki, Lefever Sause Co.



Halla Eiríksdóttir kynnir sína hugmynd fyrir námskeiðsfulltrúum.



Angelika Ingrid kynnir sína hugmynd.



Pála og tveir nemendur úr sjálfbærnibraut Hallormsstaðaskóla á kynningu.




Heimaplatti sem er í boði á veitingastaðnum Við Voginn á Djúpavogi, en hann samanstendur af matvælum úr heimahéraði.



Eggin í Gleðivík vekja alltaf gleði og kátínu.



Hópurinn kynnti sér starfsemi Búlandstinds í ferð sinni um Djúpavog og Berufjörð.

### *Dagsferð í Berufjörð*

Á önninni var farið í dagsferð í Berufjörð og komið við á Djúpavogi. Fyrst var staldrað við hjá hjónunum í Lindarbrekku, Bergþóru Valgeirsdóttur og Eið Gísla Guðmundssyni sem stunda þar hefðbundinn búskap en hafa undanfarin ár þróað vörur úr hreindýrakjöti, gæsabringum og ærkjöti. Þau hafa sjálf byggt aðstöðuna frá grunni. Þá var komið við hjá William Óðni Lefever og Gretu Mjöll Samúelsdóttur, sem stofnuðu Lefever Sause Co. fyrir nokkrum árum, fyrirtæki sem framleiðir sterkar sósur. Rán Freysdóttir hjá veitingastaðnum Við Voginn kynnti svonefnda „heimaplatta“ þar sem eingöngu má finna mat úr Djúpavogshreppi. Þá kom hópurinn við hjá Búlandstindi þar sem þeir kynntu sér vinnsluna, laxaslátrun og vinnslu uppsjávarfiska. Auk þess heimsótti hópurinn Steinasafn Auðuns.

### *Fjölbreytt og spennandi verkefni*

Halldóra segir að nemendur hafi verið á mismunandi stigi þegar þeir byrjuðu í haust, sumir voru þegar komnir af stað með svo gott sem fullunna vöru en aðrir mættu með áhugann að vopni, með eða án hugmyndar í farteskinu. „Sumir vildu auka við þekkingu sína á markaðnum og ýmsu sem viðkemur því að koma vörunni á framfæri en aðrir brunnu í skinninu að fara út í einhvers konar matvælaframleiðslu,“ segir hún en nemendur komu víða að, frá Djúpavogi, Stöðvarfirði, Héraði, Seyðisfirði og Borgarfirði eystra.

Meðal þess sem þeir unnu að má nefna að geitur komu við sögu, rauður rabarbari, þorskur, ull, ís, jerky, hljóðvist, fjallagrös, ferðamenn, koníak, pylsur, fiskisósa og margt annað sem Halldóra segir að verði gaman að fylgjast með áfram. Flestir nemanna ætla sér ótrauðir áfram með sína vöru þegar þar að kemur og sjá því fyrir sér að sækja um styrk úr Matvælasjóði fyrir sín verkefni.

Halldóra segir að boðið verði upp á námskeiðið að nýju en ekki ljóst sem stendur hvort það verði strax næsta haust eða beðið fram á haustið 2022. „Áhuginn er fyrir hendi og við sjáum til hvernig mál þróast,“ segir hún. /MÞÞ

Langanesbyggð og Svalbarðshreppur:

# Viðræðuhópur vegna mögulegrar sameiningar

**Samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Langanesbyggðar að skipa þrjá kjörna sveitarstjórnarfulltrúa í sameiginlega nefnd með fulltrúum sveitarstjórnar Svalbarðshrepps.**

Nefndinni er ætlað að hefja óformlegar viðræður um mögulega sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri í Langanesbyggð munu starfa með viðræðunefndinni. Fulltrúar Langanesbyggðar verða þau Þorsteinn Ægir Egilsson, Mirjam Blekkenhorst og Siggeir Stefánsson. Þá var samþykkt að minnihluta verði boðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndina.

Einnig var samþykkt á fundinum að efna til íbúafundar í Langanesbyggð áður en ákvörðun er tekin í sveitarstjórn um formlegar sameiningarviðræður sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar fjallað einnig um tillögu samráðshóps minni sveitarfélaga um eflingu og stækkun sveitarfélaga og var lagt fram á fundinum minnisblað sveitarstjóra vegna þess.

NORÐURLAND EYSTRA
Langanesbyggð



NORÐURLAND EYSTRA
Svalbarðshreppur



### *Vilji íbúa og nauðsyn ekki valdboð*

Fram kemur í umsögn sveitarstjórnar Langanesbyggðar um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum að hún leggist gegn því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði settur í lög og sveitarfélög þannig þvinguð til sameiningar óháð öðrum aðstæðum. Sameining sveitarfélaga eigi að mati sveitarstjórnar að gerast á grundvelli vilja íbúa og nauðsynjar, ekki með valdboði. Slík ákvæði í lögum skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og íbúa þeirra.

### *Mikilvægara að sameina samfélög en skrifstofur*

Enn fremur minnir sveitarstjórn Langanesbyggðar á mikilvægi þess að sátt sé meðal íbúa um sameiningar eigi þær að takast vel og mikilvægara sé að sameina samfélög en skrifstofur sveitarfélaga. Fagnar sveitarstjórn Langanesbyggðar hins vegar nauðsynlegri umræðu um hlutverk sveitarfélaga og eflingu styrkja til þeirra sveitarfélaga sem hyggja á sameiningu. /MÞÞ


**Bændablaðið**
Kemur næst út
**15. APRÍL**
Smáauglýsingar
56-30-300

**Lely Center Ísland**



**STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla**
**Reykjavík:** Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




**YLEININGAR**

ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: *bondi@byko.is*

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HÝSI

**EINFALDAR & HAGKVÆMAR BYGGINGAR**

**Z-STRÚKTÚR STÁLGRINDARHÚS**





**BOGAHÝSI FÆRANLEG**





**BOGAHÚS VARANLEG**





**Z-Strúktúr stálgrindarhúsin** eru í boði ýmist stöðluð eða sérhönnuð og eru klædd með yleiningum.
**Bogahúsin** eru framleidd eftir pöntunum í fimm mismunandi breiddum 8-16m í þeirri lengd sem kaupandi óskar.
Val er um glugga og hurðir ásamt því hvort húsin verði einangruð eða óeinangruð.
Þessar byggingar eru hagkvæmar, fljótar í reisingu og eru þaulreyndar við íslenskar veðuraðstæður.
Öll sérhönnuð hús frá **Hýsi-Verkheimum ehf.** eru seld með aðal- og burðarvirkisteikningum.

**Hýsi-Verkheimar ehf.** | Smiðjuvegi 44-46, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | **www.hysi.is**

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

# Pulled lamb frá Pure Arctic á markaðinn

**Hagkaup, Krónan og Fjarðarkaup hafa tekið í sölu nýja og spennandi vöru úr íslensku lambakjöti sem fyrirtækið Pure Arctic hefur þróað. Um er að ræða rifið lamb (e. pulled lamb) úr lambabógum sem eru hægeldaðir og kryddaðir. Varan er tilbúin til neyslu í handhægum 350 g pakkningum og þarf einungis að hita kjötið upp.**




Varan er tilvalin í fljóteldaða rétti svo sem hamborgara, samlokur, vefjur, tacos og á pitsur. Pure Arctic kynnti Pulled lamb til sögunnar í Danmörku í byrjun síðasta árs og hefur varan náð góðri festu á markaðnum og salan farið fram úr björtustu vonum.

Pure Arctic var stofnað af Sverri Sverrissyni og Jørgen Peter Poulsen fyrir um þremur árum. „Markmið félagsins er að framleiða og dreifa hágæða matvörum frá Norðurslóðum sem framleiddar eru á vistvænan hátt með endurnýjanlegum orkugjöfum og með lágmarks kolefnisspori. Fljótlega bættust Sölufélag garðyrkjumanna og Kaupfélag Skagfirðinga við í hluthafahópinn og hafa stutt dyggilega við uppbyggingu félagsins. Markmiðið til lengri tíma litið er að byggja upp vörumerkið Pure Arctic á þann hátt að neytandinn tengi merkið við hágæða vörur frá Norðurslóðum sem framleiddar eru undir góðum skilyrðum, á vistvænan hátt og með endurnýjanlegum orkugjöfum. Það er trú okkar að auka megi virði þessara afurða sem finnast í takmörkuðu magni með því að markaðssetja þær sem hágæða vöru og velja staðsetningar á markaði sem henta,“ segir Sverrir. Það sé best gert í tilfelli íslenska lambsins með því að segja söguna af sérstöðu okkar sauðfjárbúskapar og gæðum lambakjötsins.

„Pure Arctic hóf sölu á íslensku grænmeti og lambakjöti í Danmörku í upphafi árs 2019 og hefur að mestu selt vörur sínar í vefverslun Nemlig.com undir vörumerki Pure Arctic. Vörurnar eru markaðssettar sem hágæða vörur eins og lýst hefur verið hér að ofan og keppa við það besta sem fyrir er á markaðnum. Mun betra verð fæst t.d. fyrir íslenska lambakjötið en fæst fyrir sambærilegt kjöt frá Nýja-Sjálandi og teljum við að þakka megi þann árangur staðfærslu vörunnar og markaðssetningu.“

Að sögn Sverris hefur verið rífandi gangur í útflutningi félagsins á matvörum frá Íslandi en auk Danmerkur flytur félagið út vörur til Færeyja og Grænlands í nánu samstarfi við Sölufélag garðyrkjumanna og KS. Auk lambakjötsins flytur Pure Arctic m.a. út íslenskt grænmeti eins og t.d. agúrkur, tómata og salat. Mikil eftirspurn er eftir íslenska grænmetinu bæði vegna bragðgæða og einnig vegna hreinleikans sem er einstakur. Þá er félagið einnig að markaðssetja Pure Arctic Omega-3 síldarlýsið sem er íslensk framleiðsla og fæst í búðum hérlendis. Margildi framleiðir lýsið með einkavarinni vinnsluaðferð.

Markaðsstofan íslenskt lambakjöt (e. Icelandic Lamb) leggur markaðssetningu Pure Arctic lið með því að leggja til uppruna og gæðamerki sitt sem m.a. má sjá á íslenskum umbúðum „pulled lamb“ og veitir með því aðgang að markaðsefni sínu. Þá hefur markaðsstofan komið að viðburðum og kynningum í samstarfi við Pure Arctic. Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri íslensks lambakjöts, segir: „Áherslur Pure Arctic í nálgun sinni á markaðinn passa fullkomlega við stefnu okkar um að lyfta upp ímynd lambakjötsins með því að nota það sem blasir við okkur öllum. Sem eru gæðin og einstök saga okkar séríslenska sauðfjárkyns, búskaparhættir íslenskra bænda og velferð dýranna.“ /HH






PUREARCTIC

KURLARARNIR KOMNIR

Ansi öflug verkfæri með 15 hp bensínmótor, blæs kröftuglega frá sér.

Tekur allt að 100mm. Auka hnífasett fáanlegt. Verð á samsettu tæki **kr. 259.000.- með vsk.**

**Vír og lykkjur ehf.**
Sími 772 3200

FRÁBÆRT HESTHÚS Á BESTA STAÐ Á FÉLAGSVÆÐI FÁKS



272 fm. hesthús. 54 hesta pláss samkvæmt eldri reglugerð eða 30 pláss í lúxus stíum. Fimm gerði fylgja húsinu sitt hvoru megin við. Ýmsir mögurleikar eru t.d : Byggja reiðskemmu yfir hluta af gerði, útbúa íbúð o.fl.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Tyrfingsson s. **898-3708**, löggildur fasteignasali og húsasmíðameistari, **sigurdur@gardatorg.is**.

LÍF&STARF

## Norðurþing:
# Góð verkefnastaða hjá iðnaðarmönnum

**Bjart er yfir iðnaðarmönnum í Norðurþingi um þessar mundir enda mikið að gera og lítið sem ekkert atvinnuleysi meðal þeirra, ólíkt öðrum atvinnugreinum.**

Jónas Kristjánsson, formaður Þingiðnar, ræddi stöðu í atvinnumálum iðnaðarmanna ásamt framkvæmdastjóra félagsins við Byggðaráð Norðurþings á dögunum. Fram kom í máli Jónasar að staðan sé góð, einkum hjá trésmiðum. Töluvert hafi verið um nýbyggingar og viðhaldsverkefni á svæðinu og að sjálfsögðu munaði um stórar framkvæmdir á mælikvarða svæðisins, svo sem eins og framkvæmdir Búfesti á Húsavík, nýtt fjölbýlishús við Útgarð og framkvæmdir fiskeldisfyrirtækja í Kelduhverfi og Öxarfirði. Allt væru þetta mannfrek verkefni.

*Bygging hjúkrunarheimilis í farvatni og ef til vill þaraverksmiðja*

Þá kom fram að frekari verkefni væru í farvatninu sem myndu skipta verulegu máli á næstu árum hvað byggingariðnaðinn varðar, s.s. bygging á nýju hjúkrunarheimili á Húsavík.

Jafnframt væri til skoðunar að reisa húsnæði undir þaraverksmiðju og vonandi myndi sú hugmynd ná fram að ganga. Þá kæmi til með að lifna yfir öðrum iðnaði þegar starfsemi PCC á Bakka færi aftur á stað í vor. Sagt er frá fundinum á vefsíðu stéttarfélagsins Framsýnar. /MÞÞ

**Bændablaðið**
Kemur næst út 15. apríl
Gleðilega páska!






VÖNDUÐ GRÓÐURHÚS
- sérstyrkt fyrir íslenskt veðurfar

20 ára farsæl reynsla á Íslandi

Mikið úrval stærða, lita og aukahluta.
Verð og helstu upplýsingar má finna á heimasíðu okkar: **www.lagafellverslun.is**

Lágafell verslun og byggingar
**LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF**
DESJAMÝRI 8, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
895-4152 - 846-7014



MASSEY FERGUSON
heyvinnutækin eru komin!




MASSEY FERGUSON




buvelar.is
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0080 // buvelar@buvelar.is // buvelar.is
BÚVÉLAR
Búvélar er umboðsaðili MASSEY FERGUSON



# AFGREIÐSLUTÍMAR KJÖRBÚÐARINNAR UM PÁSKANA

SKÍRDAGUR: **12 - 17**
FÖSTUDAGURINN LANGI: **LOKAÐ**
3. APRÍL - LAUGARDAGUR: **10 - 17**
PÁSKADAGUR: **LOKAÐ**
ANNAR Í PÁSKUM: **12 - 17**

KJÖRBÚÐIN
*í næsta nágrenni*

UTAN ÚR HEIMI

# Fuglaflensusmit kom upp hjá stærsta kalkúnaframleiðanda Danmerkur

**Fuglaflensusmit er nú komið upp á kalkúnabúum í Danmörku. Hefur fuglaflensan fundist á tveimur af níu búum stórframleiðanda í landinu. Danska Matvælastofnunin fylgist því sérstaklega vel með búunum.**

Átta dönsk kalkúnabú hafa verið sett undir opinbert eftirlit af dönsku Matvælastofnuninni samkvæmt frétt Landsbrugs Avisen. Ástæðan er að fuglaflensusmit af stofni A(8H5N8) HPAI hefur komið upp á tveim af átta býlum sem áður voru í eigu Harboe brugghússins. Búin átta eru nú öll í eigu sama fyrirtækisins, APM Danmark A/S, sem stendur fyrir miklum meirihluta kalkúnframleiðslu í Danmörku.


Alls hefur APM í Danmörku níu býli í rekstri þar sem hægt er að ala 274.000 kalkúna árlega.


Fuglaflensuveiran sem alifuglabændur eru nú að berhjast við er nefnd A(8H5N8) HPAI.

Alls hefur APM Danmörk níu býli í rekstri þar sem hægt er að ala 274.000 kalkúna árlega. Laugardaginn 6. mars fannst smit á fyrsta kalkúnabúinu af níu sem fyrirtækið rekur.

Það var aukin dánartíðni meðal dýranna sem olli áhyggjum á bænum, sem er staðsettur við Lundby við Skælskør á Vestur-Sjálandi. Á bænum voru tæplega 50.000 kalkúnar. Upphaflega voru aðeins 4.000 kalkúnar drepnir úr einu af tíu kalkúnahúsum á bænum. Nokkrum dögum síðar hafði smitið breiðst út í önnur hús og var öllum dýrunum þá slátrað.

„Þegar fyrst uppgötvaðist um smitið á fyrsta búinu var einnig ákveðið að auka eftirlit með hinum fuglahjörðunum. Það er nokkuð algengt að við könnum hvort það eru náin tengsl við sýkt bú og setjum önnur bú undir opinbert eftirlit, eins og það er kallað,“ útskýrir Tim Petersen, aðstoðarframkvæmdastjóri dönsku Matvælastofnunarinnar, og heldur áfram:

„Í þessu tilfelli var um tilviljanakenndar ferðir starfsfólks að ræða á milli bæjanna og því gátum við ekki verið hundrað prósent viss um að smit bærist ekki til annarra hjarða.“

### *Miklar áhyggjur af frekari útbreiðslu*

Ótti um frekari smit var staðfestur miðvikudagskvöldið 10. mars á öðru býli fyrirtækisins, sem staðsett er rétt tæpa tvo kílómetra frá því búi sem fyrsta smitið uppgötvaðist. Reyndust prufur þar vera jákvæðar varðandi fuglaflensu, en á búinu voru 24.000 kalkúnar.

„Við höfum verulegar áhyggjur af þessu,“ sagði Tim Petersen.

„Þess vegna erum við að gera eins mikið og við getum til að takmarka útbreiðslu smits. Nú hefur sýkingin sýnt að hún getur farið frá húsi til húsa og þess vegna erum við líka vakandi fyrir öðrum smitleiðum.“

### *Átta bú sem áður voru í eigu Harboe*

Bæirnir átta sem nú eru undir eftirliti voru sem fyrr segir áður í eigu brugghússins Harboe. Brugghúsið hætti framleiðslu í kalkúnum árið 2004 og síðan var aðstaðan leigð af matvælafyrirtæki í eigu Þjóðverja. Þýska fyrirtækið keypti svo búin undir nafni APM Danmark A/S og er nú alls með níu býli undir kjúklingarækt sína.

Ekki er lengur eiginlegt kalkúnasláturhús í Danmörku og þess vegna verður í flestum tilfellum að flytja alifuglana til Þýskalands þar sem kalkúniðnaðurinn er mun viðameiri. Þessi níu kalkúnabú skiluðu APM Danmark A / S samtals 1,5 milljónir danskra króna í hagnað á fjárhagsárinu 2019/2020. /HKr.

# Fuglaflensa komin upp í að minnsta kosti 25 Evrópusambandslöndum

## – Vírusinn hefur greinst í fleiri Evrópulöndum, þar á meðal í Bretlandi og í Rússlandi

**Fuglaflensusmit af A(8H5N8) HPAI stofni var þann 23. febrúar síðastliðinn staðfest í 25 Evrópusambandslöndum. Voru þá staðfest 1.022 smit, en um bráðsmitandi tilfelli er að ræða. Að auki var þá staðfest 592 smit í alifuglum í Bretlandi og 421 smit í villtum fuglum þar í landi samkvæmt tölum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA).**

Vegna útbreiðslu veirunnar í Evrópu bönnuðu Sameinuðu arabísku furstadæmin í janúar allan innflutning á fuglum og alifuglaafurðum frá Bretlandi og Hollandi. Þetta átti reyndar við alla fugla og fuglaafurðir, líka úr villtum fuglum. Þá var þegar búið að slátra tugum þúsunda alifugla í Bretlandi vegna flensunnar.

### *Fuglaflensa orðin útbreidd í villtum fuglum*

Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), hefur fuglaflensa verið greind í villtum fuglum vítt og breitt um Evrópu. Þar á meðal í Búlgaríu, Tékklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Kasakstan, Hollandi, Póllandi, Rúmeníu. Bretlandi og í Rússlandi. Matvælastofnunin á Íslandi hefur einmitt varað við því að fuglaflensan kunni að berast með farfuglum til landsins nú með vorinu.


Fuglaflensuvírus hefur m.a. fundist í álftum í Evrópu. Mynd / HKr.

### *Smit kom upp á varphænum*

Fuglaflensusmitin sem um ræðir greindust á tímabilinu frá 8. desember 2020 til 23. febrúar 2021. Fyrir utan smitin í löndum ESB hefur verið tilkynnt um sjö tilfelli vegna A (H5N8) HPAI-vírus í Rússlandi (High Pathogenicity Avian Influenza). Samkvæmt fregnum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) vöknuðu grunsemdir um flensuna í Rússlandi þegar 101.000 af 900.000 varphænum drápust skyndilega á búgarði í Rússlandi í desember 2020. Það var síðan staðfest af rannsóknastofnun Alþjóða dýraheilsustofnunarinnar (OIE) og dýraheilbrigðisstofnun Rússlands í borginni Vladimir. /HKr.



LÍF & STARF



Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti, sem bar sig vel í gröfunni þegar hún tók fyrstu skóflustunguna í nýja íbúðahverfinu í Gröf á Flúðum. Mynd / MHH

# Nýtt íbúðahverfi rís á Flúðum

**Hrunamannahreppur hefur hafið framkvæmdir við nýtt íbúðahverfi í Gröf á Flúðum.**

Nú er verið að fara að byrja í gatnagerð í Reynihlíð og Birkihlíð sem liggur fyrir neðan gamla bæinn í Gröf. Hverfið verður sambland af fjölbreyttu íbúðaformi, allt frá einbýlishúsum til lítilla fjölbýla og íbúða á eftir hæð verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Hverfið er mjög miðsvæðis og því stutt í alla þjónustu. Ekki skemmir skemmtilegt umhverfi við ána og veðursæld.

„Við finnum fyrir miklum áhuga á svæðinu og nú erum við að fara að setja út auglýsingu um þær lóðir sem við ætlum að úthluta í þessum fyrri áfanga á svæðinu,“ segir Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti, sem tók nýlega fyrstu skóflustunguna af hverfinu. Allt að 30 til 50 íbúðir verða innan svæðisins. */MHH*

























Kjúklingasláturhús Reykjagarðs á Hellu. Þar er slátrað um 50.000 kjúklingum á viku. Myndir / HKr.

# Reykjagarður 50 ára og með um 40% af kjúklingaframleiðslu landsins

## – Mikið lagt upp úr sýkingavörnum í kjúklingaeldi, slátrun og vinnslu



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Þann 20. febrúar síðastliðinn fagnaði Reykjagarður 50 ára afmæli. Í dag er Reykjagarður stærsti framleiðandi kjúklingaafurða á Íslandi og skilgreinir sig sem markaðsdrifið fyrirtæki í alifuglabúskap og matvælaframleiðslu. Félagið er í 100% eigu Sláturfélags Suðurlands.**

Meginþættir starfseminnar felast í stofnfuglarækt, útungun, kjúklingaeldi, slátrun, vinnslu, fulleldun, sölu- og markaðsstarfi. Hjartað í starfseminni er í Rangárþingi, þar sem félagið rekur umfangsmikið eldi og stofnfuglarækt að Ámundarstöðum, í Meiri Tungu, Hellutúni og á Jarlsstöðum. Þá er útungunarstöð, sláturhús og vinnsla á Hellu. Auk þessarar starfsemi er fyrirtækið ýmist með á eigin vegum eða í samstarfi við aðra, kjúklingaeldi í Árnessýslu, Borgarfirði, Hrútafirði og í Grindavík. Þá er rekið framleiðslueldhús í Garðabæ og söludeild á Fosshálsi í Reykjavík.

*Stolt af öflugri starfsemi*

„Á þessum tímamótum erum við stolt af þeirri öflugu starfsemi sem Reykjagarður sinnir í dag. Verandi stærsti aðili í kjúklingaeldi, slátrun og vinnslu hérlendis. Við minnumst með hlýhug og þakklæti þeirra sem ruddu brautina, vörðuðu veginn og gerðu okkur að því sem við erum í dag. Við erum staðráðin í að feta veginn áfram upp á við,“ segir Guðmundur Svavarsson framkvæmdastjóri.

*Margir starfsmenn hafa unnið hjá fyrirtækinu í áratugi*

Guðmundur ber starfsfólki sínu og samstarfsaðilum afar vel söguna og að það sé harðduglegt og samviskusamt fólk. Þá hafi gengið vel að manna sláturhús og vinnslu og starfsmannavelta er lítil hjá Reykjagarði á Hellu. Þó stór hluti starfsmanna sé af erlendum uppruna, þá hafa þeir margir hverjir starfað hjá fyrirtækinu í áratugi og eru fyrir löngu orðnir íslenskir ríkisborgarar.

Heildar starfsmannafjöldi hjá Reykjagarði er í dag um 120-130 manns, þar af um 70–80 sem starfa á Hellu. Fagfólk er á öllum stigum framleiðsluferlisins, jafnt í eldi og vinnslu, sem hefur mikinn metnað og tryggir gæði og áreiðanleika vörunnar. Sérstaklega er gætt að velferð fuglanna, enda er góður aðbúnaður, ásamt hreinu vatni og hágæðafóðri lykillinn að góðum árangri í eldi og gæðum framleiðsluvaranna.

Fjöldi samstarfsaðila, verktaka og bænda eiga í nánu samstarfi við félagið. Má þar nefna verktaka við flutninga, þrif, viðhald húsa og búnaðar, umsjón með fugli, húsum og búnaði og fleiru.



Björgvin Bjarnason framleiðslustjóri og Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri í vinnslusal kjúklingasláturhússins á Hellu.



*Um 40.000 Íslendingar snæða máltíð sem tengist Reykjagarði á hverjum degi*

Til gamans má geta þess að árleg framleiðsla jafngildir u.þ.b. 14-15 milljónum máltíða og má því segja að á hverjum degi árið um kring snæði u.þ.b. 40 þúsund Íslendingar máltíð, sem byggir á starfsemi Reykjagarðs. Enda er slagorð Holta – „grunnur að góðri máltíð“.

*Með um 40% af kjúklingaframleiðslunni*

„Við erum að framleiða um 50 þúsund fugla á viku. Heildarframleiðslan á alifuglakjöti í landinu hefur verið á bilinu níu til tíu þúsund tonn. Hún var heldur minni á síðasta ári, eða 8.705 tonn, og af því vorum við með ríflega 40%. Síðan er Matfugl með annað eins og Ísfugl með nálægt 20%,“ segir Guðmundur.

*Sagan rakin til 1971*

Reykjagarður hf. var stofnaður 20. febrúar 1971 af Jóni Vigfúsi Bjarnasyni, garðyrkjubónda á Reykjum í Mosfellssveit og konu hans, Hansínu Margréti Bjarnadóttur.

Árið 1978 hóf félagið eggja- og kjúklingaframleiðslu og árið 1982 keypti félagið alifuglabúið Teig í Mosfellsbæ. Þann 1. janúar 1987 kaupir félagið kjúklingarækt Holtabúsins hf. í Ásahreppi ásamt útungunarstöð og sláturhúsi á Hellu. Árið 1990 festir félagið síðan kaup á þeim hluta Holtabúsins hf. sem eftir var. Árið 1991 seldi það eggjaframleiðslu sína og hætti þá sölu neyslueggja.

Árið 1996 festi félagið kaup á 1.400 fermetra húsnæði að Álafossvegi 40 í Mosfellsbæ, þar var til húsa skrifstofa, dreifingarstöð og birgðastöð þess. Dreifing var í höndum félagsins fram til september 2002 þegar samningur var gerður við Landflutninga um að sjá um dreifingu, en í mars 2004 tók Sláturfélag Suðurlands yfir dreifingu á vörum félagsins. Frá miðju ári 2007 hefur Eimskip/Flytjandi annast dreifingu allra vara fyrirtækisins. Skrifstofa félagsins flutti haustið 2003 að Fosshálsi 1 í Reykjavík.

Í ágúst 2002 keypti Sláturfélag Suðurlands (SS) 67% hlutabréfa í Reykjagarði af Búnaðarbanka Íslands, sem litlu fyrr hafði eignast félagið. Frá árinu 2007 er Reykjagarður alfarið í eigu SS og rekið sem sjálfstætt dótturfyrirtæki þess með sjálfstæðan fjárhag, stjórn og stjórnendur.



Starfsmenn Reykjagarðs vinna af mikilli samviskusemi við vinnslulínuna þó stutt væri í grín og glens. Enda ekki á hverjum degi sem ljósmyndara er hleypt inn á þeirra vinnustað. Þeir eiga uppruna að rekja víða um heim, m.a. til Taílands, Kólumbíu og Austur-Evrópu, en eru margir orðnir íslenskir ríkisborgarar.









**Tæknivæðing er stöðugt að aukast í kjúklingasláturhúsinu á Hellu. Þar fer ekkert til spillis og hráefnið nýtt nánast að fullu. Til að tryggja að engin bein séu í bringum og öðru úrskornu kjöti var keypt gegnumlýsingartæki sem skannar kjötið áður en það fer á pökkunarlínuna.**

### *Eldi, slátrun og vinnsla á kjúklingi*

Starfsemi Reykjagarðs hf. felst í eldi, slátrun og úrvinnslu á kjúklingi. Fyrirtækið skilgreinir sig sem markaðsdrifið framleiðslufyrirtæki í matvælageiranum með sérhæfingu í alifuglakjöti. Þekktasta vörumerki félagsins er HOLTA, en einnig markaðssetur félagið ferskar kjúklingaafurðir undir merkinu KJÖRFUGL og fulleldaðar kjúklingaafurðir undir merkinu HEIMSHORN HOLTA. Félagið vill vera þekkt fyrir gæði og áreiðanleika og starfar þar af leiðandi eftir öflugu og skilvirku HACCP gæðakerfi og skv. ýtrustu kröfum laga og reglugerða.

### *Mikil þróun á 50 ára ferli*

Guðmundur segir að mikil þróun hafi átt sér stað í matvælaframleiðslu á Íslandi frá því Reykjagarður hóf starfsemi sína. Fyrirtækið hafi kappkostað að fylgja þeirri þróun eftir.

„Þegar hefur orðið gríðarlega mikil vöruþróun á undanförnum árum. Sérstaklega eftir að heimilað var að selja ferskan kjúkling í verslunum sem áður mátti einungis selja frosinn. Þá gjörbreyttist umhverfið og farið var meira út í að selja meira unnar vörur. Í dag er stærsti hlutinn af fuglinum unninn í ýmsar afurðir, m.a. hlutaður niður í bringur, læri, leggi og fleira. Líka úrbeinaður og lagður í kryddlög sem hægt er að nota beint á pönnuna eða grillið. Þá er alltaf að stækka markaðurinn fyrir fullunnar og eldaðar vörur."

### *Fullvinnsla á kjúklingafurðum er stöðugt að aukast*

Við erum með framleiðslueldhús í Garðabæ sem útbýr allar okkar fulleldutu vörur. Þar er m.a. um að ræða það sem við köllum „Heimshornalínu". Þar er um að ræða bláa línu sem er elduð vara en algjörlega ókrydduð. Rauða línan er elduð krydduð vara. Græna línan er svo fulleldud vara sem er í einhvers konar hjúp, raspi, kryddhjúp eða öðru.

Þessi starfsemi hefur aukist mjög á undanförnum árum. Við leggjum mikið upp úr að vera með sérlausnir og góða þjónustu fyrir veitingahús og mötuneyti. Þannig getum við boðið þeim að fá til sín vöruna nánast fulleldaða sem gefur þeim kost á að vera með færra starfsfólk."

### *Mikill kostnaður við að útiloka bakteríusmit*

Guðmundur segir að sláturhúsið og vinnslan hjá Reykjagarði þurfi að standast mjög strangar, heilbrigðis-, öryggis- og gæðakröfur. Gagnvart stórum viðskiptavinum eins og KFC þurfi síðan oft að uppfylla sérkröfur umfram þær kröfur sem Matvælastofnun gerir.

Forsendan fyrir því að hægt sé að selja hráan kjúkling frá framleiðendum í verslunum er að hann sé ekki mengaður af salmonellu eða campylobakteríum. Neytendur á Íslandi eiga þannig að geta gengið að algjörlega ómenguðu alifuglakjöti. Íslenskir neytendur búa því við gæði sem er alls ekki til að dreifa víða um lönd. Það þýðir um leið að framleiðslukostnaður á Íslandi verður mun meiri. Erlendis gera neytendur yfirleitt ráð fyrir að kjötið sé mengað og hegða elduninni samkvæmt því.

### *Hér er smituðum fugli eytt, en erlendis fer hann í fullvinnslu*

„Þetta setur þá kröfu á okkur að húsin verða að vera algjörlega frí við salmonellu og campylobacter, bæði eldishús, sláturhús og vinnsla. Ef salmonella kemur upp í eldishúsum, þá verðum við að „gasa" þann hóp og brenna og síðan að dauðhreinsa húsin. Það getur líka þurft að skipta um innréttingar og jarðveg í kringum húsin.

Erlendis þá má fara með slíkan fugl til slátrunar og á sumum stöðum eru menn með sérstök sláturhús sem sinna slíku og þá fer kjötið eingöngu í fulleldaðar framleiðsluvörur.

Ef það kemur upp salmonella í sláturhúsi, þá þýðir það innköllun á allri framleiðslunni þann daginn af markaði."

Samkvæmt þessu má allt eins gera ráð fyrir því að tilbúnir innfluttir kjúklingaréttir frá ýmsum heimshornum sem fást í verslunum á Íslandi séu unnir úr bakteríusmituðu kjöti.

Guðmundur segir ekki nóg að frysta salmonellusmitað kjöt því bakterían lifi það af. Öðru máli gegni varðandi campylobacter sem getur að öðru leyti verið mjög erfiður viðfangs. Þó talsvert hafi verið um salmonellusmit í eldishúsum á síðasta ári, þá voru engin tilvik um campylobactersmit.



**Gracjan Dominik Cieslowski flokksstjóri og Arnfinnur Bragason verkstjóri.**

### *Strangar vinnureglur til að útiloka að smitað kjöt fari á markað*

Að sögn Guðmundar þá hefur Reykjagarður tekið upp mjög strangar vinnureglur til að reyna að útiloka að salmonellusmitað kjöt geti borist til neytenda. Segir hann að varið hafi verið tugum ef ekki hundruðum milljóna í ráðstafanir til að koma í veg fyrir salmonellusmit. Það er kostnaður sem erlendir keppinautar þurfa öllu jöfnu ekki að glíma við.

„Við tökum sýni um leið og slátrun hefst á morgnana á milli klukkan 5 og 7. Ekið er rakleitt með sýnin til rannsóknar hjá Sýni í Kópavogi. Þeir rannsaka sýnin með PCR greiningu sem tekur innan við sólarhring að framkvæma. Við fáum því niðurstöður til okkar áður en vörunum er dreift til viðskiptavina og getum því stöðvað þær ef þær reynast mengaðar. Síðan við tókum þetta kerfi upp hefur aldrei komið upp tilvik um salmonellu í okkar sláturhúsi og ekki komið til innköllunar."

Guðmundur nefnir að salmonella geti verið mjög lúmsk og erfið viðureignar. Þannig hafi komið upp smit á einu búinu fyrir nokkrum áratugum sem barst þangað með fiskimjöli frá Suður-Ameríku. Þar var um að ræða salmonellu Agona, sem á að heita tiltölulega meinlaus en hér á landi sé enginn greinarmunur gerður á því um hvaða afbrigði af þeim þúsundum sem þekkjast sé að ræða og tekið mjög strangt á öllum tilvikum. Reyndar hafa komið upp víðtæk smit með salmonellu Agona í Evrópu sem ollu miklum titringi í löndum eins og Finnlandi, Danmörku og Þýskalandi á árunum 2014, 2016, 2017, 2018 og 2019. Þótti matvælaöryggisyfirvöldum ESFSA ástæða til að gefa út sérstakar leiðbeiningar í júlí 2018 vegna þessa.

Oft tekst ekki að finna orsakir fyrir salmonellusmiti. Það getur borist inn í búin með fóðri eða mögulega með starfsfólki. Í einhverju tilviki grunaði menn t.d. að smit hafi borist með gruggi úr jarðvegi þegar verið var að gera við vatnsleiðslu. Þegar starfsmaður þvoði hendur sínar upp úr þessu vatni hafi hann mögulega borið smit áfram inn í húsið. Það þarf því stöðugt að vera á varðbergi.

### *Góður árangur á Íslandi vekur athygli í útlöndum*

Á alifuglabúum, svínabúum og nautgripaeldisstöðvum erlendis er víða farin sú leið að nota sýklalyf í óheyrilegu magni til að reyna að halda sýkingum niðri og um leið virka lyfin sem vaxtarhvati. Hér er þetta bannað.

Guðmundur segir að útlendingar furði sig á því að vaxtarhraði í íslenskum kjúklingum sé síst minni og jafnvel meiri en þekkist á erlendum búum. Fyrir utan að hér séu fuglarnir heilbrigðari þó ekki sé verið að nota lyf eins og gert er víðast erlendis. Telur hann nokkra þætti geta skýrt þetta eins og minni þéttleika fugla í húsunum, vandaðri byggingar, smitvarnir og heita vatnið sem geri mönnum kleift að hafa fuglana alltaf á þurrum gólfum.

„Heita vatnið er lykilþáttur í þessu að mínu mati. Húsin eru í flestum tilfellum vel einangruð og kynt með heitu vatni og í þeim eru gólfhitakerfi. Byggingarnar eru því þurrari og sagga ekki þannig að fuglinum líður betur. Hitaveitan er að mínu mati sá þáttur sem skiptir sköpum," segir Guðmundur.

### *Fuglaflensa veldur áhyggjum*

Sláturhúsið á Hellu getur ekki tekið við fugli til slátrunar sem ekki er alinn við ströngustu aðstæður til að forðast smit. Þannig má ekki slátra í húsinu fugli sem fær að ganga frjáls úti í umhverfinu því jarðvegur og gróður getur verið verulega smitaður af salmonellu. Þá segir Guðmundur að alifuglaræktendur hér á landi sem og í Evrópu séu nú mjög uggandi vegna útbreiðslu á fuglaflensu. Hún hafi fundist víða um Evrópu og m.a. í Skotlandi og geti hæglega borist hingað með farfuglum. Því sé mjög mikilvægt að allir séu á varðbergi. Þeir sem eru með eldi á hænsnfuglum sér til gamans verði þá líka að fara sérstaklega varlega.



**Guðmundur Svavarsson með eina af fjölmörgum vörutegundum sem Reykjagarður framleiðir tilbúna í neytendapakkningu.**

### Móðir Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði fagnar 25 ára afmæli lífrænnar vottunar:

# Orkuskipti við kornþurrkunina í Vallanesi næstkomandi haust

## – Nýr vefur hefur nýlega verið tekinn í gagnið til að geta þjónað heimamarkaði betur

**Einn atkvæðamesti framleiðandi á lífrænt vottaðri matvöru á Íslandi er Móðir Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði, sem fagnar um þessar mundir að 25 ár eru frá því að framleiðsla þeirra og land fékk lífræna vottun.**



Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir í fallegum kornakri í Vallanesi. Myndir / Móðir Jörð

Hjónin Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir standa saman að búrekstrinum í Vallanesi og starfsemi Móður Jarðar. Eymundur hóf búskap þar árið 1979, fyrst í kúabúskap en síðar grænmetis- og kornrækt. Móðir Jörð sem vörumerki verður til í kringum árið 1990 og fyrstu vörurnar verða til. Eygló kemur svo að Vallanesi árið 2009 en hún er viðskiptafræðingur að mennt. Með sinn áhuga á matargerð og reynslu af markaðsmálum hefur umfang vörulínunnar stækkað og ásýnd Móður Jarðar tekið töluverðum breytingum með tilkomu hennar, en þau hjónin hafa bæði brennandi áhuga á nýsköpun. Eygló hefur verið virk í starfi Slow Food-hreyfingarinnar á Íslandi og er formaður VOR, félags framleiðenda í lífrænum landbúnaði.

Móðir Jörð virðist í stöðugri sókn, stöðugt er unnið að vöruþróun og ferðaþjónusta er þar vaxandi. Þau ætla sér að nýta afurðir úr eigin skógrækt til knýja kornþurrkun sína í framtíðinni og hafa nýlega opnað nýjan vef, www.modirjord.is.

### *Fyrsta vottunin í nafni Soil Association*

Að sögn Eymundar knúðu nokkrir frumkvöðlar í lífrænni framleiðslu á sínum tíma á um að lagður var grunnur að vottunarkerfi á Íslandi .„Upphaflega var vottunin frá Soil Association í Bretlandi. Vottunarstofan Tún var stofnuð 1994, en fyrsta vottunarskírteinið fyrir Vallanes var gefið út árið 1995 í nafni Soil Association. Íslensk löggjöf tók síðan gildi árið 1997. Móðir Jörð verður hins vegar til sem vörumerki um 1990 og þótti mjög sérstakt á þeim tíma að bændur væru með sitt eigið vörumerki. Vörur frá Móður Jörð hafa nú verið í dreifingu í verslunum á Íslandi í rúm 30 ár og er vörumerkið sýnilegt í öllum helstu matvöruverslunum,“ segir Eymundur.

### *Fullunnar vörur frá 2004*

Í dag er Móðir Jörð líklega einkum þekkt af vörunum, en framan af var kornrækt og kartöfluræktun megin uppistaðan í starfsemi Móður Jarðar. Eymundur segir að sú þróun að búa til fullunnar vörur hafi orðið til árið 2004, til að koma grundvelli undir heilsársstarfsemi. Þá hafi hann þróað fyrst tilbúin grænmetisbuff sem njóta að hans sögn mikilla vinsælda. „Buffin innihalda allt að 98 prósent hráefni úr eigin ræktun. Hnetusteik er ný vara frá okkur í sömu línu og hefur fengið mjög góðar viðtökur,“ segir hann. Nýtt skeið í vöruþróun hófst þegar Eygló kom til liðs við Móður Jörð um 2009 í kjölfar hrunsins. Þá var lag að kynna íslenskar vörur til leiks og hafist var handa við að þróa fleiri vörur úr grænmeti, m.a. sultað grænmeti s.s. Rauðrófugló, auk þess sem stór lína af súrkáli byrjaði að fæðast. Móðir Jörð varð fyrst framleiðenda til að kynna Íslendingum ferskt súrkál og annað sýrt grænmeti og telur vörulínan nú 10 uppskriftir. Við höfum auk þess lagt áherslu á að þróa vörur og lausnir úr byggi, bæði sem almenna neysluvöru og einnig sem matarminjagripi.

„Markmiðið er að rækta grunnhráefnið sjálf og nýta sem mest það land sem við höfum til umráða og fullvinna hvað það hráefni sem okkur þykir vera skynsamlegt að rækta eða nýta. Þegar við búum ekki sjálf yfir því hráefni, sem vissulega kemur fyrir, þá leitumst við eftir að kaupa það frá öðrum íslenskum framleiðendum með lífræna vottun. Við sjáum vel fyrir okkur að geta keypt lífrænt vottað korn og grænmeti af öðrum ræktendum á Íslandi en við erum enn sem komið er þau einu á landinu með vottaða ræktun á korni til manneldis.“

### *Asparhúsið hýsir grænkeraveitingastað*

Eygló segir að viss tímamót hafi orðið í búrekstrinum í Vallanesi árrið 2017, þegar þau opnuðu verslun og veitingastað sem þau nefna Asparhúsið. „Það er byggt úr ösp, heimafengnu timbri, en þeim var plantað í Vallanesi 1986. Þar bjóðum við upp á grænmetisrétti úr íslensku hráefni, hollan mat úr því ferskasta hverju sinni og í takt við árstíðirnar. Við notum mikið bygg og þetta hús gegnir því miklu hlutverki að kenna fólki að nota bygg sem er frábært og hollt heilkorn en það má töfra girnilega rétti úr því með einföldum hætti. Hér getur fólk líka keypt ferskt grænmeti en við setjum líka upp markaði af og til yfir sumartímann,“ segir Eygló.




Móðir Jörð hóf framleiðslu á súrkáli árið 2012 og byggir línuna á grænmeti úr eigin ræktun.



Í Asparhúsinu er boðið upp á grænmetisfæði úr íslensku hráefni.



Asparhúsið er byggt úr ösp og stendur í hjarta býlisins.

### *Nýjar húðvörur í þróun*

Með vaxandi umfangi í Vallanesi og aukinni framleiðslu hefur þrengt að starfsaðstöðunni jafnt og þétt. Því hefur verið ráðist í að gera upp gamla fjósið á bænum, að sögn Eyglóar, til að auka vinnslurýmið og bæta geymsluskilyrði fyrir ferskt grænmeti. Þetta gerir að verkum að hráefnið nýtist betur og við getum átt hráefni í framleiðsluvörur okkar lengur fram á vetur. Auk þess fáum við betri aðstöðu fyrir vinnslu á olíu og jurtum sem bera munu með sér nýjungar á vormánuðum. Við höfum ræktað repju til olíugerðar í nokkur ár og nýtur hún vaxandi vinsælda og margir matreiðslumenn hafa tekið ástfóstri við hana. Við hyggjumst vinna meira úr repjunni og erum t.a.m. að kynna tvær húðolíur til leiks á næstu vikum en olían hefur mikla kosti, bæði í snyrtivörur auk þess að vera góð alhliða matarolía. Nuddolía var reyndar fyrsta framleiðsluvara Móður Jarðar á níunda áratugnum og Lífolía er þeirra þekktust,“ segir Eygló.

### *Vaxandi ferðaþjónusta*

„Aðsóknin í Asparhúsið hefur verið vaxandi á þeim fjórum árum sem nú eru liðin frá opnun þess en Íslendingar hafa verið okkar stærsti kúnnahópur, við erum að fá í kringum átta þúsund gesti á ári. Við höfum einnig verið vel kynnt í Frakklandi og Þýskalandi þar sem býlið hefur ratað inn í mikilvægar ferðahandbækur. Á framleiðslustað er eðlilegt að bjóða upp á ýmsar sérvörur og allt það ferskasta auk vara sem ekki eru komnar í almenna dreifingu. Nú færum við þetta framboð á vefinn en við sjáum að við getum þjónað heimamarkaði betur með aðgengi að sérvörum og jafnvel í fersku grænmeti þar sem hefð er komin fyrir því að bjóða kassa með ferskustu uppskerunni á hverjum tíma sumar og haust,“ segir Eygló og vísar þar til þess að nýlega var tekinn nýr vefur Móður Jarðar í gagnið.

„En vissulega er markmiðið að stækka markaðssvæðið og til að auðvelda útflutning verður vefurinn jafnframt á ensku. Margir erlendir ferðamenn sem hafa heimsótt Asparhúsið hafa pantað vörur þegar heim er komið. Eftirspurnin er því greinilega til staðar.“

### *Stefna árlega á 100 tonna kornrækt*

Kornræktin í Vallanesi er nokkuð umfangsmikil og er eingöngu til manneldis. Eymundur segir að þau rækti aðallega bygg og af og til hveiti. „Við höfum komið okkur upp línu af byggi í mörgum útgáfum; Bankabygg, byggmjöl, byggflögur og Perlubygg

Lely Center Ísland
ZETOR VARAHLUTIR


Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

– lína sem að einhverju eða öllu leyti er að finna í flestum matvöruverslunum. Móðir Jörð hefur haft stöðugt framboð í verslunum í rúma þrjá áratugi en Hagkaup tók Bankabygg inn fyrst verslana árið 1987 og síðan þá hefur eftirspurn vaxið jafnt og þétt. Við tökum stefnuna á að rækta 100 tonn á hverju ári, stundum fer það yfir en stundum næst það ekki, Ísland er harðbýlt land.

Framleiðendamarkaður hefur verið að myndast á undanförnum árum og til dæmis fer Bankabyggið okkar í Bulsur og Bopp hjá Havarí og í brauðin hjá ýmsum handverksbökurum og ýmsa tilbúna rétti. Byggið er auk þess að finna í mörgum vörum Móður Jarðar sem er til að mynda eina vörumerkið sem býður hrökkbrauð sem bakað er úr íslensku korni. Nú eru um 20 vörutegundir í vörulínu Móður Jarðar sem innihalda byggið okkar. COVID-19 hefur auðvitað haft áhrif hjá okkur eins og hjá öllum öðrum þar sem sala til stóreldhúsa hefur verið í uppnámi og neyslan að einhverju leyti færst inn á heimilin.“

### *Kolefnishlutlaus kornþurrkun*

Þau Eymundur og Eygló ætla að halda áfram á sömu braut, það sé mikilvægt að rækta lífrænt og halda uppi gæða vöruúrvali. „Lífræn ræktun gefur hollari afurðir auk þess að vera góð ráðstöfun á landi. Við notum einungis lífrænan áburð og almennt er talið að losun gróðurhúsalofttegunda sé 40 prósent minni í lífrænni ræktun miðað við hefðbundinn landbúnað auk þess að jarðvegurinn bindur meira kolefni,“ segir Eygló.

„Við erum einnig upptekin af því hvernig nýta megi skóginn hjá okkur en við höfum plantað 230 hektara skógi, meðal annars skjólbeltum úr ösp, sem umlykja akrana og breyta miklu um skilyrðin til ræktunar og er mikill kolefnisforði bundinn í honum. Við erum meðvituð um hin huglægu áhrif skógarins og vinnum stöðugt í að auka útivistargildið, t.d. með gerð göngustíga sem lagðir eru viðarkurli, og það býður upp á möguleika til að njóta hans betur. Í ár tökum við það skref að allt korn í Vallanesi verður þurrkað með viðarkurli og viðarperlum en við hlutum styrk frá Framleiðnisjóði í það verkefni. Þegar við erum farin að nýta skóginn til orkuöflunar lokast hringurinn enn betur – og gott að hugsa til þess að við getum orðið sjálfbærari með orku í framtíðinni,“ segir Eymundur. /smh











Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 15. apríl



LÍF & STARF

## Ljósmyndaklúbburinn Blik:

# Kötlu-íshellirinn í Mýrdalsjökli eitt af undrum veraldar

**Ljósmyndaklúbburinn Blik fór í helgarferð til Víkur í Mýrdal dagana 5.–7. mars síðastliðinn til að sjá og skoða Kötlu-íshellinn í Mýrdalsjökli. Ákveðið var að njóta liðsinnis Southcoast Adventure til fararinnar enda þeir með reglulegar ferðir inn að Kötlujökli.**

Fór hópurinn á tveimur vel útbúnum fjallabílum sem út af fyrir sig er hreint ævintýri. Þegar komið var inn eftir dreifðu fararstjórarnir, sem jafnframt voru ökumennirnir, mannbroddum og hjálmum til allra, enda hluti af öryggisbúnaði sem til þarf við heimsóknir í íshella og jökla.





Hópur Blikafélaga í Kötlu-íshellinum í byrjun mars.

Myndir / Kristín Snorradóttir Waagfjörð

### *Þægileg aðkoma*

Veðrið var einstaklega milt og smá þokusuddi til að byrja með en rofaði til fljótlega eftir að komið var í hellinn og varð eins og best var á kosið. Um 10 mínútna gangur er frá bílastæðinu að hellinum og frekar þægileg ganga fyrir alla sem yfir höfuð geta gengið.

Íshellirinn í Kötlujökli hefur myndast undanfarin ár mest af leysingarvatni og yfirborðsbráðnun í jöklinum, mismikið vatn rennur um hellinn og fer það eftir árstíma hvort sé fært inn í hellinn eða ekki. Þessa helgi var mjög lítið vatn á ferðinni og auðvelt að skoða sig um í hellinum og taka myndir, sem var tilgangur ferðarinnar fyrst og fremst.

Hellisopið er frekar stórt, um 25 til 30 metrar, og dvöldum við þarna á annan tíma við myndatökur eða þar til næsti hópur mætti á svæðið, þá var genginn smáspölur suður fyrir íshellinn að ísdal sem þar hefur myndast undanfarin ár. Þar var okkur bent á hvernig íshellar myndast. Þetta svæði er í jaðri gígs eins öflugasta eldfjalls landsins, Kötlu, og er svæðið hálfgerð paradís ljósmyndarans, endalausar ísmyndanir alls staðar í kring hvert sem litið var og myndefni óþrjótandi.

### *Eitt af undrum veraldar*

Íshellirinn í Kötlujökli er breytilegur frá degi til dags, en er alltaf mögnuð sýn, eiginlega eitt af undrum veraldar. Katla, sem gaus síðast árið 1918, og ummerki á svæðinu bera með sér hrikalegar hamfarir sem gosið olli. Leiðsögumennirnir útskýrðu fyrir okkur hvernig landið breyttist í þessum hamförum. Einstaklega skemmtileg og fróðleg ferð, sem vakti löngun hjá okkur öllum um fleiri ferðir til að fræðast enn meir um okkar yndislega og stórbrotna land. Svæðið í kringum Vík var svo skoðað og myndað, meðal annars Hjörleifshöfði, Reynisfjall, Reynisfjaran, Dyrhólaey og víðar.

Stefnan er að fara í fleiri ferðir út á land, bæði dagsferðir og helgarferðir.

Við hvetjum þá sem hafa áhuga á að vera með okkur í Ljósmyndaklúbbnum Blik að hafa samband við klúbbinn á blik.is eða Sólveigu Stolzenwald í síma 863 7273 og fá frekari upplýsingar. /KSW

# Átján verkefni fá styrki úr Samfélagssjóði Fljótsdals

**Samfélagssjóður Fljótsdals var formlega stofnaður í apríl árið 2020 með veglegu fjárframlagi frá Fljótsdalshreppi.**

Markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal.

Einstaklingar, félög og aðrir lögaðilar geta fengið styrki úr sjóðnum óháð búsetu enda uppfylli verkefni sem óskað er eftir að verði styrkt skilyrði sem fram koma í markmiðum sjóðsins og skilyrði úthlutunarreglna sem stjórn skal setja sjóðnum.

Stjórn sjóðsins ákveður styrki til einstakra verkefna og hvernig þeir greiðast til styrkþega.

Stjórn Samfélagssjóðsins auglýsti eftir umsóknum um styrki eftir miðjan janúar og bárust alls 30 umsóknir. Heildarkostnaður verkefna var 75 milljónir kr. og sótt um 35 milljónir kr.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að veita styrki til alls 18 verkefna að upphæð 12.800.000 kr.



Styrkþegar við úthlutunarathöfn fór fram í Óbyggðasetrinu 18. mars 2021.

Mynd / Friðrik Indriðason

### Samfélagssjóður Fljótsdals styrkþegar 2021

| | | |
|---|---|---|
| 1.700.000 | Framleiðslulína fyrir flettingu á trjábolum | Skógarafurðir ehf. |
| 1.700.000 | Tilraun varðandi útfærslu Coanda inntaks fyrir litlar virkjanir. | Sveinn Ingimarsson |
| 1.300.000 | Sauðagull – Vinnuaðstaða | Sauðagull Ann-Marie Schultz |
| 1.000.000 | Heimasíða Helga Hall | Heiðveig Agnes Helgadóttir |
| 850.000 | Vetraruppbygging ferðaþjónustu | Óbyggðasetrið ehf – Steingrímur Karls. |
| 850.000 | Lambi – Landbúnaðartengdur iðnaðarklasi í Fljótsdal | Óstofnað félag – Einar Sveinn Friðriksson |
| 800.000 | Fjallahjól | Sólrún Júlía Hjartardóttir |
| 700.000 | Náttúruskólinn – Útipúkar og píslir | Umf. Þristur |
| 600.000 | Sauðagull – Markaðssetning | Sauðagull Ann Marie Schultz |
| 600.000 | Könglar | Dagrún Drótt Valgarðsdóttir og Emma Charlotta Ärmänen |
| 500.000 | Viðarkynntur hitari fyrir baðtunnu | G. J. Smíði ehf – Guðni Jónsson |
| 500.000 | Vöruhönnun á buxnasniði fyrir börn með sérþarfir | Saumadraumur slf. Halla Auðunardóttir |
| 300.000 | Fjársjóðsleit fyrir fjölskyldur | Gunnarsstofnun f.h. Upphéraðsklasinn |
| 300.000 | Charma ull úr Fljótsdal | Emma Charlotta Ärmänen |
| 300.000 | Hlutir úr bræddu plasti | Jónas Bragi Hallgrímsson |
| 300.000 | Framleiðsluáhöld úr íslenskum skógarafurðum | Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir |
| 300.000 | Skinnaverkun | Jósef Valgarð Þorvaldsson |
| 200.000 | Stafræn ganga til Gautavíkur | Gunnarsstofnun – Skúli Björn Gunnars. |

# Fögur framtíð í Fljótsdal

**Fögur framtíð í Fljótsdal er samfélagsverkefni sem stofnað var til með samfélagsþingi árið 2019. Eitt af áhersluverkefnum eftir það þing var að stofna verkefnasjóð til stuðnings nýsköpunar, menningar og atvinnuskapandi verkefnum í Fljótsdal og ber nú nafnið Samfélagssjóður Fljótsdals.**

Fljótsdalur er einstakur. Landslag er fjölbreytt og stórbrotið með fögrum fossum á borð við Hengifoss, Strútsfoss, Slæðufoss auk fossaröðum í Jökulsá og Kelduá svo eitthvað sé nefnt, klettabeltum og Tröllkonuhlaupi, viðurkenndu Ramsar votlendi á borð við Eyjabakka og Snæfellsnes, austurgátt Vatnajökulsþjóðgarðs. Blómlegt ræktarland og skógi vaxnar hlíðar einkenna líka dalinn sem gefa af sér einstakar afurðir; fóður, matvæli og byggingarefnivið.

Helstu atvinnugreinar Fljótsdals eru ferðaþjónusta en tugþúsundir ferðamanna og útivistarfólks heimsækja dalinn á hverju ári. Ýmis fyrirtæki þjónusta ferðamanninn, s.s. Snæfellsstofa, Skriðuklaustur, Klausturkaffi, Hengifoss guesthouse, Óbyggðasetrið og Laugafell, svo einhver séu nefnd. Iðnaður skipar stóran sess en Fljótsdalsstöð Landsvirkjunar er einn fjölmennasti vinnustaðurinn í Fljótsdal. Sauðfjárrækt er megingrein landbúnaðar. Dilkakjötið er rómað fyrir einstakt skógarbragð en auk þess eru unnar afurðir úr sauðamjólk. Fljótsdalurinn er vel þekkt skógræktarsvæði og afurðir eftirsóknarverðar, s.s. jólatré, húspanill, pallaefni, parket, girðingastaurar og stikur.

LÍF&STARF



Sameining í A-Hún.:

# Þarf að byggja upp traust

**Íbúar í Austur-Húnavatnssýslu telja að ein helsta áskorunin við mögulega sameiningu sveitarfélaganna sé að byggja upp traust og auka trú íbúa á að hag þeirra verði betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi, að þjónusta nái til allra íbúa og að áhrif jaðarbyggða verði tryggð. Sameining sveitarfélaga geti ekki farið þannig fram að eitt sveitarfélag yfirtaki önnur.**

Þetta er meðal þess sem fram kom á rafrænum íbúafundi um sameiningarmál sem haldin var nýverið og fjallað er um á vef sameiningarverkefnisins; hunvetningur.is.

Þá var varað við því að lofa of miklu í tengslum við mögulega sameiningu, eða halda því fram að allt verði óbreytt. Íbúar leggja jafnframt áherslu á að einkenni, menning og mannlíf hvers samfélags verði varðveitt. Þannig verði íbúar áfram Blönduósingar, Skagstrendingar og Vatnsdælingar svo dæmi sé tekið.

*Möguleg sameining skóla til umræðu*

Mikil umræða var um fræðslumál og áhersla lögð á að skólar svæðisins haldi sínum sérkennum og geti veitt þjónustu í samræmi við þarfir á hverjum stað. Ein viðamesta breytingatillagan sem kynnt var á fundinum er möguleg sameining Blönduskóla og Húnavallaskóla og var mikil umræða um þá tillögu. Mikil áhersla var lögð á að sameining skóla, væri raunverulega sameining skóla en ekki yfirtaka stærri skóla á þeim minni. Afar mikilvægt væri að vinna að verkefninu í samstarfi við starfsfólk og foreldra.

*Tækifæri í auknum slagkrafti*

Tækifæri svæðisins eru talin liggja í auknum slagkrafti til atvinnuþróunar og hagsmunagæslu gagnvart ríki og Alþingi, sérstaklega í samgöngumálum. Væntingar eru um að sameiningarframlög hjálpi svæðinu að verða fjárhagslega sterkara og til að efla stjórnsýslu og þjónustu. Þá töldu þátttakendur í fundinum að mikil tækifæri felist í aukinni áherslu á umhverfis- og skipulagsmál og uppbyggingu á Húnavöllum.

*Sérstaða hvers byggðakjarna*

Á öðrum rafrænum fundi um sameiningarmálin kom fram að óvissa væri ríkjandi og eðlilegt að fólk hefði áhyggjur af því hver þróunin yrði. Íbúar óttast að missa áhrif og að dregið verði úr þjónustu, viðhaldi eða framkvæmdum í þeirra nærumhverfi og að fjármál sveitarfélagsins yrðu ekki nægilega sterk til að byggja upp þjónustu og sækja fram.

Fram kom að mikilvægt væri að varðveita núverandi þjónustu og bæta hana, halda sérstöðu hvers byggðakjarna og halda áfram með staðbundna menningarviðburði eins og þorrablót. Það var á fundinum áréttað að alla breytingar yrðu undirbúnar vel og íbúar upplýstir um málin hvort heldur væri varðandi sameiningu sveitarfélaga eða sameiningu skóla. /MÞÞ


FJÁRMÁLARÁÐGJÖF

Tökum að okkur ráðgjafaverkefni fyrir minni og meðalstór fyrirtæki gagnvart eftirfarandi þáttum:

- ✓ Fjármögnun og endurfjármögnun
- ✓ Fjárfestingaráðgjöf
- ✓ Almenn rekstrarráðgjöf og viðskiptaáætlanir
- ✓ Gegnisáhætta, gengisvarnir og áhættustýring
- ✓ Stjórnarseta

**Yfir 25 ára reynsla af fjármálamörkuðum**

Nánari upplýsingar gefur Sverrir í síma **665 8818** eða á **sverrir@econsulting.is**

EC CONSULTING EHF.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Lely Center Ísland

STÍUGRINDUR





1,23m og 1,84m

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

BETRI ÁRANGUR MEÐ JOSILAC íblöndunarefni






Öll verð eru án vsk.
Verð miðast við bréf (150g)

15% AFSLÁTTUR Í FORSÖLU

Gildir til 15. apríl

JOSILAC Ferm - 9.324 kr. - 15% afsl. 7.925 kr.

JOSILAC Classic - 8.542 kr. - 15% afsl. 7.260 kr.

Eykur fóðurgæði | Betri inntaka | Meiri meltanleiki | Heilbrigðari kýr | Betri afkoma

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi · 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum · 480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

YLEININGAR
Vandaðar samlokueiningar í miklu úrvali.
Fást bæði með PIR og steinullar einangrun.


GRÓÐURHÚS
Tryggðu þér vandað gróðurhús fyrir sumarið!

Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast
BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is

LÍF & STARF

# Leita að fæðingarsögum feðra úr sveitum landsins

**Parið Ísak Hilmarsson og Gréta María Birgisdóttir eru að vinna að verkefni þessi misserin sem heitir Fæðingarsögur feðra. Verkefnið gengur út á að koma hlutverki og upplifunum feðra af fæðingum í umræðuna. Ætlunin er að gefa sögurnar út í bók.**

Þau fóru af stað með verkefnið á feðradaginn 10. nóvember árið 2019. Tilgangurinn með verkefninu er tvenns konar. Annars vegar vilja þau fá feður til þess að ræða um upplifanir sínar og reynslu af fæðingum barna sinna. Hins vegar óska þau eftir því að feður skrifi niður sínar sögur og sendi þeim til birtingar í bók sem þau hyggjast gefa út. Þannig vilja þau varðveita sögurnar og gefa fleirum tækifæri á að lesa þær. Sögurnar í bókinni verða nafnlausar en við hverja sögu mun koma fram fæðingarár föður og barns sem og fæðingarstaður. Hugsunin með því er að gefa lesandanum smá innsýn í aðstæður.

Gréta María er ljósmóðir og vinnur á Landspítalanum og Ísak vinnur sem þjónustustjóri í hugbúnaðarfyrirtæki í Kópavogi. Saman eiga þau tvö börn, 3 ára stelpu og dreng fæddan í ágúst á síðasta ári. Hugmyndin að verkefninu kviknaði hjá þeim sumarið 2019.


Parið Ísak Hilmarsson og Gréta María Birgisdóttir leita nú til lesenda Bændablaðsins vegna verkefnis sem heitir Fæðingarsögur feðra. Verkefnið gengur út á að safna saman sögum og koma hlutverki og upplifunum feðra af fæðingum í umræðuna. Ætlunin er að gefa sögurnar út í bók.

### *Sögur strax á fyrsta sólarhringnum*

Gréta og Ísak voru búin að undirbúa verkefnið í nokkrar vikur áður en þau opnuðu verkefnið með Facebook-síðunni „Fæðingarsögur feðra“. Þau vildu vanda til verka frá fyrsta degi. „Það er ýmislegt sem þarf að huga að þegar farið er af stað með jafn persónulegt verkefni og þetta. Það er sennilega fátt sem er jafn persónulegt fyrir fólki og að ræða um fæðingar barna sinna,“ segir Ísak og bætir við: „Við vorum ákveðin í því frá upphafi að hafa sögurnar í verkefninu nafnlausar svo að áherslan yrði á sögurnar og innihald þeirra en ekki persónurnar.“ Ísak segir að þau hafi viljað hafa verkefnið opið og sýnilegt fyrir öllum hvaða fólk stæði á bakvið það.

Það kom því ekkert annað til greina en að Ísak myndi skrifa sína fæðingarsögu og birta á Facebook-síðunni undir nafni. „Ég vildi opna á umræðuna með sögunni minni og það verður eina sagan sem mun koma undir nafni í verkefninu, þó svo að hún verði nafnlaus í bókinni sjálfri. Ég hugsaði það út frá mér að ef ég ætti að senda einhverjum mína fæðingarsögu þá yrði ég að vita hver stæði að baki verkefninu.“ Þeim fannst mikilvægt að verkefnið væri á persónulegu nótunum og allt uppi á borðum varðandi tilgang verkefnisins.

Eins og áður sagði þá opnuðu Gréta og Ísak verkefnið á Facebook-síðu sinni. Ekki liðu nema nokkrir klukkutímar frá því að síðan var opnuð og þar til að fyrsta sagan kom inn í verkefnið.

„Viðbrögðin sem við höfum fengið frá fyrsta degi hafa verið algjörlega frábær. Við vissum ekki hvernig fólk myndi taka þessu verkefni þar sem samfélagið er ekki vant að ræða mikið um hlið feðra í fæðingarferlinu. Það segir ansi mikið um verkefnið finnst mér að fyrsta sagan kom inn eftir aðeins nokkra klukkutíma. Það var faðir sem átti söguna til og hafði skrifað hana niður fyrir nokkrum árum.“

Þau taka við öllum tegundum af sögum frá feðrum og er eina skilyrðið að sagan sé um hlið föðurins. „Við hvetjum alla til þess að ræða saman um hlið feðra í fæðingum. Gildir þá einu hvort það er par að ræða um sitt eigið barn eða hvort fólk ræðir við foreldra sína um eigin fæðingu.“ Sjálfur vissi Ísak ekki hvort faðir hans hafi verið viðstaddur sína fæðingu fyrr en að þau fóru af stað með verkefnið og hann spurði föður sinn út í það. Þau nefna einnig að það sé algengt í vinahópnum þeirra að báðir aðilar hafi verið viðstaddir fæðingar barnanna og að það sé óalgengt að pör ræði saman eftir fæðingar um upplifanir sínar.



„Það kom okkur í raun á óvart þegar við fórum að spyrjast fyrir um þetta hjá foreldrum í kringum okkur hversu fáir hafa rætt sín á milli um fæðingar barna sinna. Það að eignast barn er eitthvað það merkilegasta sem hægt er að upplifa í lífinu og okkur þykir mikilvægt að við ræðum meira saman um þennan atburð. Það á bæði við um góðu stundirnar þar sem allt gengur vel upp og einnig þær sem fara ekki eins og við vonuðumst eftir í upphafi.“

### *Allar tegundir af sögum*

Gréta og Ísak taka það skýrt fram að þau taki vel á móti öllum tegundum af sögum.

„Við viljum fá sem flestar sögur í verkefnið. Við leitum eftir stuttum, löngum, skemmtilegum, fyndnum, erfiðum og öllum hinum sögunum líka. Við viljum heyra af hefðbundnum fæðingum, heimafæðingum, keisaraskurðum, fæðingum í bílum, nýjum sögum, eldri sögum og sögum úr sveitum þessa lands, svona eins og þær voru hér áður fyrr. Það er svo sannarlega pláss fyrir allar sögur í verkefninu,“ segir Ísak.

Ísak kemur úr Stykkishólmi en amma hans og hafi bjuggu á Þingvöllum í Helgafellssveit.

„Við vitum að það eru til margar áhugaverðar sögur sem tengjast sveitum og fæðingum barna, bæði nýjar og eldri sögur, og okkur langar mikið til þess að heyra slíkar sögur frá feðrum og fá inn í verkefnið,“ segir Ísak.

### *Á Facebook og Instagram*

Ísak og Gréta halda úti Facebook síðunni Fæðingarsögur feðra ásamt Instagram-reikningi með sama heiti. Feður geta ýmist sent inn sínar sögur á samfélagsmiðlana eða í gegnum tölvupóst á ***faedingarsogurfedra@gmail.com***

Að lokum hvetja þau alla til að ræða fæðingar barna sinna og velta fyrir sér hlið feðranna og sjá þannig hversu mismunandi upplifunin getur verið frá sama atburði þar sem foreldrarnir gegna auðvitað mismunandi hlutverkum í fæðingum. Eins getur verið áhugavert og dýrmætt að skrifa niður eigin reynslu af fæðingum barna sinna til þess að eiga, þar sem sumir hlutir gleymast með tímanum. Það væri síðan algjör bónus ef viðkomandi myndi senda söguna inn í verkefnið.

***Hefur þú heyrt söguna af því þegar þú komst í heiminn, kæri lesandi?***

LÍF&STARF



Fjóla Stefánsdóttir og Jóhann Ingólfsson frá Sænesi mættu í skólann á dögunum og afhentu spjaldtölvurnar formlega, en það var Bella Guðjónsdóttir, nemandi í 1. bekk, sem veitti þeim móttöku.

Sænes og Grenivíkurskóli:

# Yngstu nemendurnir fengu spjaldtölvu

**Sænes ehf., útgerðarfyrirtæki á Grenivík, afhenti Grenivíkurskóla veglegan styrk sem gerði skólanum kleift að kaupa spjaldtölvur fyrir nemendur á yngsta stigi, í fyrsta til fjórða bekk.**

Spjaldtölvurnar eru nú komnar og hafa verið teknar í notkun og þykir nemum skemmtilegt og spennandi að bæta þeim við í námi sínu og kennslu.

/MÞÞ

















Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 15. apríl

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Hvers vegna erum við kaþólskari en páfinn?

## – Ekki allt ESB að kenna – svigrúmið er til staðar, eina sem skortir er vilji

**Þegar tilskipanir ESB eru samdar og birtar er þeim yfirleitt fylgt eftir með reglugerðum. Í inngangi reglugerðanna er tilganginum lýst og í sjálfum tilskipunum eru oftast leiðbeiningar í viðauka sem tilgreina betur skyldurnar sem tilskipunin inniheldur. Faggreinaleiðbeiningar skrifaðar af fagfélögum innan landa ESB og gefnar út með samþykki eftirlitsaðila gefa svo enn betri leiðbeiningar um hvað tilskipunin þýði „í praxís“. Áhættumat, í stað nákvæmra reglna, veitir að auki verulegt svigrúm í framkvæmdinni.**


Oddný Anna Björnsdóttir.


Hagsmunir ráðandi aðilanna eru að halda nýliðunum frá markaðinum.

Markmiðið með því að lýsa tilganginum í inngangi er að þeir sem vinni eftir reglugerðunum öðlist skilning á því hverju verið sé að reyna að ná fram í textanum, með öðrum orðum hver „andi laganna“ sé. Markmið leiðbeininganna er að skýra „á mannamáli“ hvað átt er við í tilskipuninni - sem getur opnað fyrir staðbundna aðlögun innan ákveðinna marka. Áhættumat -sem hefur verið grunnurinn í matvælalöggjöf ESB frá 2002 en innleidd hér á landi árið 2010 - veitir svo frekara svigrúm í framkvæmdinni, eins og til að setja sérreglur um smáar einingar, þar sem áhættan þar er jafnan minni en í stórum einingum.

Hér á landi hefur tilhneigingin hins vegar verið sú að einblína á bókstaf regluverksins í stað þess að horfa til þess svigrúms sem til staðar er - og kröfum jafnvel bætt við. Hér hefur jafnframt ekki skapast sú venja að fagfélög skrifi leiðbeiningar fyrir sína félagsmenn. Aðeins tvær slíkar hafa verið gefnar út og var það í samstarfi Beint frá býli og Matís, annars vegar um framleiðslu hangikjöts og hins vegar um sauða- og geitamjaltir.

Þess má geta að reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli var sett hér á landi árið 2016. Hún hafði þó því miður ekki þau áhrif sem vonast var eftir, enda magntölur í engu samhengi við raunverulega notkun á hráefnum; var bragarbót fyrir slátrun, en varla minnst á aðra smáframleiðslu.

Þegar kemur að hindrunum sem bændur og smáframleiðendur um land allt reka sig á, er viðkvæðið jafnan að þær séu allar ESB að kenna. Staðreyndin er hins vegar sú að hindranirnar eru oft heimatilbúnar og byggja á persónulegu mati eftirlitsaðilans.

Dæmi um þetta er 24m$^2$ vinnslurými þar sem eftirlitsaðilinn gerði kröfu um að rýmið yrði teiknað upp og ferðir um það sýndar (kallað flæði starfsfólks), jafnvel þó að samkvæmt reglugerð ætti það ekki að þurfa, þar sem eingöngu eigendurnir tveir unnu í rýminu. Þegar þessu var mótmælt var svarið „en ég má gera auknar kröfur“.

Afleiðingin er sú að það er langt frá því að vera sambærilegt hvað hægt er að gera hér á landi og innan ESB, eins og þeir sem hafa ferðast um Evrópu hafa séð með eigin augum.

Þeir sem þekkja til á Norðurlöndunum staðhæfa sömuleiðis að regluverkið hér sé í mörgu líkt og þó í mörgu líka allt annað. Hér séu hlutir bannaðir sem eru fullkomlega leyfilegir þar, enda hafa þarlendir bændur og smáframleiðendur haft tækifæri til að taka þátt í stefnumótuninni.

Dæmi um það er framleiðsla og sala á ostum úr ógerilsneyddri mjólk.

### *Bera íslensku þýðinguna saman við upprunalega textann*

Þýðingar á regluverki með flóknum fagheitum og orðasamböndum krefst mikillar þekkingar þýðandans svo tryggt sé að upphaflega merkingin komist nægilega vel til skila. Komma á röngum stað í setningu getur breytt merkingu hennar og innsláttarvillur haft alvarlegar afleiðingar. Dæmi er um að villa sem tengdist frumutölu í mjólk hafi valdið miklu fjárhagslegu tjóni fyrir bændur og afurðastöðvar og því að kúm hafi verið lógað af ástæðulausu.

Þess vegna er mikilvægt fyrir framleiðendur að kynna sér regluverkið á öðrum tungumálum, t.d. dönsku eða norsku og bera saman við íslensku þýðinguna og láta vita ef um ósamræmi er að ræða.

### *Ólíkar kröfur milli eftirlitsaðila og heilbrigðisumdæma*

Þó áherslan á áhættumat gefi mikilvægt svigrúm í framkvæmdinni er vandamálið við það að ólíkir eftirlitsaðilar hafa tilhneigingu til að túlka löggjöfina á ólíkan hátt.

Afleiðingin er sú að einn eftirlitsaðili leyfir eitthvað sem annar bannar, að einn krefst kostnaðarsamra framkvæmda sem annar gerir ekki og að ólíkir eftirlitsaðilar krefjist miskostnaðarsamra framkvæmda hjá framleiðendum sem eru að gera sambærilega hluti.

Dæmi um það er að í einum landshluta þurfti að byggja forstofu til skóskipta þar sem verið var að salta kjöt fyrir reykingu, á meðan látið var óátalið að ganga beint inn af grasi inn í vinnslusal í öðrum landshluta.

Útfærslur eftirlitsaðila á reykhúsum hafa sömuleiðis verið ólíkar. Á einum stað þurfti að tjalda með plasti innan í reykhúsið, á öðrum þurfti að leiða reykinn inn í röri, á meðan gamla húsið með eldinum inn fékk að vera á þeim þriðja. Og þó vinnsla á geita- og sauðamjólk sé nú framkvæmd vandræðalaust á flestum stöðum landsins, á það ekki við á öllum og er vitað um aðila sem gafst upp eftir að eftirlitsaðilinn hafði þjarmað að honum langt umfram heimildir.

Ólík nálgun og kröfur heilbrigðiseftirlita landsins eru einnig ósásættanlegar. Dæmi um það er þegar smáframleiðandi fer með vörur sínar á markað í öðrum landshluta þá geri heilbrigðiseftirlit þess svæðis athugasemdir við merkingar og annað sem ekki var gerð athugasemd við þegar viðkomandi fékk starfsleyfi í sínu héraði. Eins er Reykjavík eini staðurinn á landinu þar sem framleiðandi þarft að borga fyrir söluleyfi fyrir hvern þann stað/markað sem viðkomandi selur á innan borgarmarkanna.

### *Þörf á óháðum aðila*

Bændur og smáframleiðendur sem hafa lent í því að eftirlitsaðili meini þeim að gera eitthvað sem þeir telja sig hafa leyfi til að gera samkvæmt reglugerð, hafa upplifað hversu erfitt það getur verið að kvarta yfir því. Þeir fá jafnan engin svör og hafa engan óháðan aðila innan


Bændur og smáframleiðendur sem hafa lent í því að eftirlitsaðili meini þeim að gera eitthvað sem þeir telja sig hafa leyfi til að gera samkvæmt reglugerð, hafa upplifað hversu erfitt það getur verið að kvarta yfir því.

kerfisins til að leita til. Af þeim sökum er nauðsynlegt að þeir sem telja á sér brotið af eftirlitsaðila geti skotið málum sínum til óháðs aðila.

Dæmi um aðila sem hefur reynst smáframleiðendum vel þegar slík tilvik koma upp er Matís. Þess ber þó að geta að fyrir þá þjónustu þarf að greiða og skoða mætti hvort rétt sé að niðurgreiða hana hér á landi, eins og dæmi eru um erlendis, þar sem smáframleiðendur fá styrki til að uppfylla kröfur opinberra aðila þar sem þar er talið að starfsemin sem slík, vegna smæðar, standi ekki undir öllum kröfunum. Hjá Matís starfa fagaðilar sem þekkja regluverkið vel og hafa þann starfa að aðstoða framleiðendur í gegnum ólík verkefni. Reynslan hefur sýnt að sendi þeir inn fyrirspurnir til eftirlitsstofnana fyrir hönd framleiðendanna fái þeir frekar svör og hafa náð að snúa ákvörðunum eftirlitsaðila við.

Dæmi um slíkt mál er þegar sótt var um starfsleyfi fyrir handverkssláturhúsið á Seglbúðum. Deilan tók marga mánuði með tilheyrandi seinkun á opnun hússins. Það hafðist að lokum þar sem engar reglur eru til um hvernig eigi að flá eins og eftirlitsaðilinn staðhæfði, aðeins að skrokkurinn skuli vera ómengaður eftir fláningu.

### *Regluverkið fyrir „þá stóru“*

Hluti af vandamálinu, bæði hérlendis og erlendis, hefur einnig falist í því að regluverkið er samið í kringum starfsemi „þeirra stóru“ og á því ýmislegt sem þar kemur fram ekki við í rekstri „þeirra litlu“.

Hagsmunir ráðandi aðilanna eru að halda nýliðunum frá markaðinum og hafa í krafti stærðar sinnar og áhrifa náð að halda regluverkinu þannig að það dragi úr nýliðun og möguleikum smáframleiðenda til að stunda sinn rekstur á arðbæran hátt. Staðfest dæmi eru um að þeir hafi á ósvífinn hátt beitt sér gegn breytingum sem eiga að auðvelda og gera smáframleiðslu arðbærari.

Þetta virðist þó sem betur fer vera að breytast innan ESB. Þar er mikil áhersla lögð á mikilvægi smáframleiðenda – meðal annars í gegnum „Farm to Fork“ verkefnið og „Green Deal“ áætlanirnar. Ráðherra málaflokksins hér á landi hefur sömuleiðis sýnt einföldun regluverks og auknu svigrúmi mikinn áhuga og hafa samtökin verið beðin um að koma með tillögur því tengdu.

Þau tvö mál sem hafa verið mest áberandi í tengslum við aukið frelsi heimavinnsluaðila til athafna er hið svokallaða „örsláturhúsamál“ sem eftirlitsstofnanir hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til að tefja og hindra. Hitt eru bleikjurnar í bæjarlæknum á Völlum, en þar var bóndinn krafinn um hálfa milljón fyrir rekstrarleyfi sem strangt eftirlit yrði svo með, ellegar skyldi hann farga bleikjunum. Samtökin sendu inn umsögn um frumvarp þar sem þau lögðu til að sé aðili á lögbýli með þúsund fiska eða færri í eigin tjörn, vatni eða læk, þurfi engin sérstök leyfi eða eftirlit og það falla undir smáræðisreglugerð. Því miður rataði sú tillaga ekki inn í lokaútgáfu reglugerðarinnar sem gerir allt að 20 tonna landeldi einungis skráningarskyld sem þó er sannarlega til bóta.

Margir bændur ala nokkra alifugla og kanínur meðfram öðrum búskap. Þeir geta þó ekki selt af þeim kjötið, því þeir mega ekki slátra sjálfir til sölu og sláturhúsin neita að taka við þeim, en væru það villiendur og kanínur sem veiddar hefðu verið væri það leyfilegt samkvæmt smáræðisreglugerðinni. Sama á við um svín sem ganga laus við bæ. Til að mega selja kjötið þarf að uppfylla kröfur aðbúnaðarreglugerðar sem eru miðaðar við hefðbundin svínabú.

Að lokum má geta þess að síðan lög um skeldýrarækt voru sett árið 2012 hefur engin nýliðun orðið í greininni og þeim sem stunduðu hana áður fækkað. Enda kallaði formaður SA þau í viðtali „lög um bann við skeldýrarækt“.

Ofangreint hefur valdið því að neytendur hér á landi hafa einungis aðgang að innfluttum slíkum vörum sem er þyngra en tárum taki.

### *Slow Food barist fyrir hagsmunum smáframleiðenda*

Innan ESB hafa Slow Food samtökin verið einna öflugust í að berjast fyrir hagsmunum smáframleiðenda og hefur Slow Food á Íslandi beitt sér hér á landi.

Samtök smáframleiðenda matvæla hafa meðal annars það markmið að stuðla að auknum fjölbreytileika og verðmætasköpun og þann tilgang að vinna að því að löggjöfin og starfsumhverfi smáframleiðenda gefi þeim færi á að blómstra. Lykil verkefni samtakanna í ár er að vinna að málefnum tengdum löggjöfinni.

Það er mikill styrkur fyrir samtökin að Slow Food á Íslandi sé aukaaðili að samtökunum og helstu fulltrúar þess og formaður Slow Food Nordic í ráðgjafaráði, ásamt fjölda annarra einstaklinga með mikla reynslu og þekkingu á málefnum samtakanna.

### *Vilji allt sem þarf*

Hægt er að skapa sama svigrúm og möguleika hér á landi með því að líta til þeirra tækifæra sem til staðar eru innan regluverks ESB, í stað hindrana sem þrengja óhóflega að athafnafrelsi smáframleiðenda. Í því felst vinna, ef vel á að vera, en ávinningurinn margfalt meiri.

Ef vilji er fyrir því að draga úr óþarfa kostnaði, íþyngjandi kröfum og hindrunum sem eru í vegi heimavinnsluaðila og annarra smáframleiðenda er mikilvægt að þeir sem vinna að innleiðingu regluverksins og framkvæmd þess, þ.m.t. lögfræðingar eftirlitsaðila, skipti um gleraugu; taki þröngsýnisgleraugun af sér og setji á sig lausnamiðuðu gleraugun.

Slík hugarfarsbreyting myndi stuðla að aukinni grósku í matvælaframleiðslu hér á landi og gefa neytendum aðgang að fjölbreyttara úrvali öruggra gæðamatvæla framleiddum hringinn í kringum landið. Samhliða því myndu ný störf skapast og þjóðartekjur aukast sem og líkur á jákvæðri byggðaþróun, enda stór hluti þessara starfa á landsbyggðinni.

Því er til mikils að vinna.

*Oddný Anna Björnsdóttir*
*Framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla*

SAMFÉLAGSRÝNI

# Hvað gæti verið sameiginlegt með Votlendissjóði og útfararstofu?

**Formaður stjórnar Votlendissjóðs, Þröstur Ólafsson, svarar grein undirritaðs (Bændablaðið 25.02.2021) í síðasta Bændablaði (11.03). Þar er mikið um vandlætingar og þá ekki síst um faðerni Votlendissjóðs. Má segja að það hafi verið að vonum og er sjálfsagt að biðjast velvirðingar á ónákvæmni í því að bendla hinu opinbera við getnað sjóðsins.**

Skoðum þó þennan þátt ögn nánar, með eftirfarandi tilvitnun í hlutverk sjóðsins, samkvæmt vefsíðu hans:

*„Votlendissjóðurinn er sjálfseignasjóður fjármagnaður af samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum og einstaklingum. Hlutverk sjóðsins er að vinna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis, í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.“*



Þórarinn Lárusson.



Árangursrík uppgræðsla á annars illa gróðursnauðri Grásteinsheiði við Húsavík. Mynd / Skógræktin

Ennfremur:

*„Öll endurheimt Votlendissjóðsins er unnin í samvinnu við Landgræðsluna sem heldur utan um landsbókhald endurheimtar fyrir Ísland og staðfestir endurheimt á þá skrá.“*

Það er vissulega ofsagt í grein undirritaðs að sjóðurinn sé skilgetið afkvæmi hins opinbera. Hins vegar kemur fram að ríkið, sveitarfélög eru samstarfsaðilar að sjóðnum ásamt Landgræðslunni, – öll mjög öflugir opiberir aðilar sem koma þannig sterklega að uppeldi hans.

Stóra málið er að verkefnið í heild kostar í sjálfu sér það sama, hverjir svo sem eiga þarna hlut að máli.

Vissulega hafa miklir framkvæmda-og bjartsýnismenn í mörgum tilfellum, farið offari í skurðgreftri, á meðan loftslagsvá slíkra framkvæmda var ókunn. Fullyrða má þó að verið sé að bera í barmafullan lækinn (skurðinn), þegar fullyrt er í sömu heimild að „Um 4.200 km² votlendis hafa verið ræstir fram hér á landi, en einungis 570 km2 þess lands eru nýttir til jarðræktar.“

Samkvæmt þessu var losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu votlendi á Íslandi árið 2013 metin 11,7 milljónir tonna $CO_2$ ígildi, en heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi árið 2013 var 16,6 milljónir tonna $CO_2$ ígilda. Út frá þessu ætti losun framræslunnar vera rúm 70% heildarlosunar.

Annað er upp á teningnum, þegar tveir doktorar, Þorsteinn Guðmundsson og Guðni Þorvaldsson við Landbúnaðarháskóla Íslands (Bændablaðið 25.01.2018) reiknuðu út frá áætlaðri heildarlengd skurða upp á 32.000 km að framræst land alls á landinu sé um 1.600 km², sem ætti að minnka hlutdeild framræslunnar í losun $CO_2$ ígildis úr áður nefndum 11,7 milljónum tonna í um 4,7 milljónir, eða um 60% og heildarlosun landsins úr fyrrnefndum 70% niður í um 49%.

Að auki telja þeir LbhÍ menn upp fjölmörg atriði, sem enn gætu minnkað þessa hlutdeild framræslu í losun gróðurhúsalofttegunda. Helstu skekkjuvaldarnir sem þeir félagar nefna af mikilli hógværð eru óvissa um stærð þurrkaðs votlendis, breytileika í magni lífræns efnis í votlendi sem taka þarf tillit til og takmarkaðar innlendar mælingar á losun sem gerir það að verkum að erlendir stuðlar eru notaðir. Bent er einnig á framhaldsgrein þeirra LbhÍ manna um þessi efni í Bbl. 22.02.2018.

Hér er ekki rými til frekari umfjöllunar um nefndar greinar þeirra Þorsteins og Guðna, en mjög fróðlegt áhugasömum að kynna sér vel efni þeirra.

Aðalatriðið er að taka til ræktunar, gróður, sem er eftirsóttur og bindur mikið kolefni, og kolefnisjafna þannig óæskileg loftslagsáhrif framræslunnar að miklu eða öllu leyti.

Í þessu sambandi er áhugavert að vitna ögn í nýlega grein í tímaritinu Forest Ecology and Management (482 (2021) 118861), eftir Brynhildi Bjarnadóttur og fleiri. Brynhildur birti samandregið yfirlit yfir rannsóknina í blaðinu „Við skógaeigendur“, sem hún nefndi „Kolefnisbinding í asparskógi á framræstri mýri á Suðurlandi“. Þar kom eftirfarandi m. a. fram:

„Á árunum 2014-2017 fór fram viðamikið rannsóknarverkefni á rúmlega 20 ára gömlum asparskógi sem stendur á framræstri mýri, svonefndri Sandlækjarmýri, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Markmið rannsóknarinnar var að skoða kolefnismálin í vistkerfi þar sem fram fara bæði losun á kolefni (vegna framræslu mýrarinnar) og binding á kolefni (fyrir tilstuðlan trjánna).“

Eitt af höfuðmarkmiðum rannsóknarinnar var, hvort skógurinn hefði náð að vega upp losun á koltvísýringi vegna framræslunnar.

Niðurstöðurnar voru áhugaverðar. Umtalsverð kolefnisbinding átti sér stað á svæðinu í heild á ársgrundvelli. Að meðaltali bundust um 7,14 t C á ha á ári sem sýndi að uppsöfnun kolefnis í vistkerfinu á þessum tímapunkti var bæði mikil og hröð.“

Varðandi nefnt höfuðmarkmið rannsóknarinnar, kom eftirfarandi fram:

„Tölurnar úr Sandlækjarmýri gefa til kynna að við rúmlega 20 ára aldur vegi skógurinn upp alla losun vegna framræslunnar og gott betur en það, enda um talsverða kolefnisbindingu á svæðinu að ræða. Þessi rannsókn bendir því til þess, að ræktun skógar á framræstri mýri sé bæði fljótvirk og jákvæð loftslagsaðgerð.“

Efnislega kom fram hjá Brynhildi í tölvupósti til undirritaðs:

**Lykiltalan þar er 7,14 t C ha/ári – sem er jákvæður kolefnisjöfnuður í vistkerfi sem samanstendur af skógi á framræstri mýri. Þannig að sú landnýting að planta skógi í framræst mýrlendi, hefur jákvæð loftslagsáhrif, eins og endurheimt votlendis, þar sem verið er að stoppa losun sem er á bilinu 1-4 t C ha/ári.**

Þessi niðurstaða er í algjörru ósamræmi við villandi fullyrðingar Þrastar og sýnir mátt skógræktar til kolefnisjöfnunar á framræstu landi langt umfram alhæfingu Þrastar þegar vel er að málum staðið.

Þá má nefna skógrækt víðar en í famræstu landi til frekari kolefnisbindingar.

Dæmi hér um má sjá á meðfylgjandi mynd frá árangursríkri uppgræðslu á annars illa gróðursnauðri Grásteinsheiði við Húsavík frá Skógræktinni, sem fylgir greininni „Frjósamt samlífi birkis og lúpínu hjálpar til við að endurreisa birkiskóga“ Þar sem hvor tegund vex ein og sér eiga báðar í erfiðleikum með að lifa af. Vaxi þær saman blómstra þær hins vegar báðar og binda vafalaust drjúgt kolefni auk þess að stöðva gróður-og landeyðingu.

Samhliða aukinni fæðuþörf heimsins virðist tilgangur Vorlendissjóðs snúast um það eitt að fórna framræstum gróðurlendum með því að molda yfir framræsluskurðina og eyðileggja með því nánast alla ræktunarmöguleika í vatnssósa mýrum. Tilgangurinn birtist ekki síst í dýrum heilsíðuauglýsingum og áróðri í fjölmiðlum til að egna fyrir eigendur slíkra landareigna til fylgis við uppátækið.

Fyrir utan skógrækt, sem rædd hefur verið hér að framan, hefur undirritaður nefnt ýmsa aðra lífvænlega ræktunarkosti í fyrri grein sinni, s.s. eins og ræktun uppskerumikilla jurta eins og korntegundir, repju og skógrækt. Þá hefur ræktun og nýting á iðnaðarhampi nokkuð borið á góma. Þar er um svo mikla fjölbreytni að ræða að hér verður látið nægja að benda áhugasömum á að fara inn á „Rannsókna- og þróunarsetur Geisla í Gautavík (hampur)“ á Fésbókinni, hafi menn ekki gert það nú þegar. Mjög áhugavert og gefur fyrirheit um mikla kolefnisbindingu og atvinnumöguleika í framtíðinni.

Vitandi um slíka valkosti og miklu fleiri fram yfir skurðamoldun Votlendissjóðs er vart hægt að verjast þeirri hugsun að líkja þessu fyrirbrigði við eins konar útfararstofu í því að jarðsetja metnaðarfull bjargráð, sem byggja á lífskrafti en ekki feigðarflani.

Í staðinn fyrir þessa einstefnu Votlendissjóðs með sitt einstrengingslega ráð, hefði verið nær að stofna framsækinn félagsskap eða starfshóp um stórfellt átak til kolefnisbindingar með því að græða landið í sínum víðasta skilningi og nýta til þess allt frá frjósömu framræslulandi og til uppgræðslu vangróinna heiðarlanda af ýmsum toga. Slíkt þarf að byggja á þekkingu í gegnum, reynslu og vísindi. Til þess höfum við gott og öflugt fagfólk og reynsluríka og ráðagóða bændur. Mikilvægast af öllu er þó að víðtæk samstaða náist um verkefnið og að stjórnvöld beri gæfu til að átta sig á málinu og sameinist í að ná árangi sem fyrst á þessum vettvangi.

Tek undir eftirfarandi, sem Brynhildur Bjarnadóttir nefndi í bréfskrifum við undirritaðan: „Versta sviðsmyndin er að láta framræsta landið standa óhreyft.“

Þessum orðum geta flestir verið sammála. Mikilvægt er hins vegar að finna metnaðarfyllri og búmannlegri leiðir til að hemja allt skurðayfirklór.

***Þórarinn Lárusson***



MENNING & SAGA

# Fordson F – Fyrirmynd dráttarvéla 20. aldar



Þýfi plægt með Fordson-dráttarvél fyrir brotplógi. Mynd / Ljósmyndasafn Reykjavíkur

**Á Búsáhaldasýningunni sem haldin var í Reykjavík árið 1921 stóð dráttarvél með nafni sem einhverjum sýningargestum kom kunnuglega fyrir sjónir – Fordson.**

Árið 1915 hafði orðið til fyrirtækið Henry Ford & Son skilið frá Ford Motor Company, í því skyni að hanna og dráttarvél án afskipta hluthafa Ford-kompanísins. Draumur Fords var að smíða dráttarvél sem að stærð og verði hentaði sem flestum bændum og við smíðina skyldi beitt tækni sem vel hafði reynst við bílasmíðina – að smíða vélarnar á færibandi. Til varð dráttarvél sem fékk nafnið Fordson F. Fréttir af henni bárust brátt til Íslands og umboðsmaður Ford hérlendis, Páll Stefánsson frá Þverá, hóf að kynna hina nýju dráttarvél. Búnaðarfélagsmenn urðu strax spenntir og höfðu spurst fyrir um dráttarvélina hjá Páli þegar vorið 1917. Svo virðist sem svar við þeirri fyrirspurn hafi dregist. (Sjá nánar í bókinni Frá hestum til hestafla, bls. 101-106).

Fátt bendir til þess að gesti Búsáhaldasýningarinnar 1921 hafi rennt grun í að þar stæði dráttarvél sem ætti eftir að verða ein helsta fyrirmynd dráttarvélasmiða um komandi áratugi. Í mörgu tilliti braut hún í bág við eldri gerðir dráttarvéla og boðaði nýja tíð. Enn síður vissu þeir að maður að nafni Harry Ferguson væri að vinna með hugmynd að tæknibúnaði sem félli að Fordsonvélinni og ætti eftir að breyta heimsmynd vélplægingamanna.

Það fer ekki mörgum sögum af Fordson-dráttarvélinni fyrst eftir að Búsáhaldasýningunni lauk. Hún hvarf þaðan jafn hljóðlega og hún kom. Við hana skorti verkfæri og þannig er dráttarvél gagnslítil. Þjóðsagan segir að vélin hafi staðið ónotuð í Reykjavík um 5-6 ára skeið og að enginn hafi eftir henni spurt. Þá brá Páll Stefánsson á það ráð að gefa dráttarvélina vini sínum, Halldóri skólastjóra á Hvanneyri, þar sem hún enn er til. „Gerði hann það af gömlum og góðum kunningsskap við mig og velvild á íslenskum landbúnaði“, skrifaði Halldór í rækilegri greinargerð sinni um reynslu af dráttarvélinni. Þar sagði einnig m.a.:

*„Dráttarvjelin hefur reynst mjer prýðilega. Hún er handhæg og lipur og fremur auðveld í meðferð. Þó verður að leggja hina ýtrustu áherslu á það, að þeir, sem með hana fara, þekki hana vel, og kunni vel að stjórna henni... Með dráttarvjelinni er nú hægt á tiltölulega ódýran og einfaldan hátt að losna við erfiðustu vinnuna, jarðvinsluna, sem mörgum hefir eðlilega vaxið í augum.“*

Íslenska Fordson-sagan var að hluta rakin í bókinni Alltaf er Farmall fremstur, bls. 29-36, m.a. með samanburði Fordson við International 10-20 frá samnefndri dráttarvélasmiðju. Dráttarvélin IHC 10-20 hafði betur í samkeppni við Fordson hérlendis. Munaði um það að Samband íslenskra samvinnufélaga hafði umboð fyrir IHC og bjó að greiðum aðgangi að bændum um allt land og samtökum þeirra í gegnum kaupfélögin.

***Bjarni Guðmundsson***

SAMFÉLAGSRÝNI

# Verðmætaskapandi landbúnaður

**Líftæknifyrirtækið Ísteka er nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur verðmætt lyfjaefni úr gjafablóði íslenskra hryssa. Nánast allar afurðir eru fluttar úr landi og skapa gjaldeyristekjur. Fyrirtækið velti um 1,7 milljörðum króna í fyrra en hjá því starfa um 40 manns. Um helmingur þeirra er háskólamenntaður.**

### *Öflugt eftirlit og alþjóðlegar vottanir*

Ísteka starfar samkvæmt leyfi frá Lyfjastofnun sem vottar einnig að framleiðslan uppfylli ströng skilyrði sem gerð eru til lyfjaframleiðslu samkvæmt staðli um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (GMP). Þá er verksmiðjan samþykkt til framleiðslu á lyfjaefni á Bandaríkjamarkað af Lyfjaeftirliti Bandaríkjanna (FDA). Þrotlaus vinna starfsmanna Ísteka hefur jafnframt tryggt lyfjaefninu samþykki viðkomandi lyfjayfirvalda til nota í lyf í fjölmörgum löndum heims.

### *Dýravelferð í öndvegi*

Blóðgjafir hryssa eru ávallt framkvæmdar af dýralækni að undangenginni staðdeyfingu. Auk öflugs innra eftirlits eru blóðgjafir hryssanna undir eftirliti Matvælastofnunar (MAST). Vel er fylgst með heilbrigði hryssanna eftir blóðgjöf en að jafnaði er tekið blóð fimm sinnum á sumri úr hverri hryssu og aldrei oftar en átta sinnum. Teknir eru að hámarki 5 lítrar í hvert sinn sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að er öruggt fyrir hryssuna. Engin staðfest dæmi eru um að hryssur hafi drepist vegna þessa blóðmissis. Haldið er utan um afföll á blóðgjafatímanum sem eru um eða tæplega 0,1%. Það er sambærilegt við það sem er hjá hrossum sem ekki gefa blóð.

### *Öflugt eftirlit dýralækna*

Velferð blóðgjafahryssa er undir miklu eftirliti sem fram fer í sex sjálfstæðum lögum.

Bóndinn er mikilvægasti hlekkurinn í velferðareftirlitinu. Hann þekkir skepnurnar og landið sitt best. Hann skipuleggur beit og gjöf hópsins síns og fylgist með sérhverju dýri árið um kring. Blóðgjafadýralæknir metur hverja hryssu fyrir hverja einustu blóðgjöf og tryggir að allar hryssur sem hann samþykkir til blóðgjafa séu hraustar og vel haldnar. Hann er yfirmaður á blóðgjafastað og hefur fullt vald til að útiloka hryssu frá blóðgjöf eða hafna notkun á aðstöðu eða aðferðum séu þær ekki í lagi.

### *Starfandi dýravelferðarfulltrúi*

Hjá Ísteka starfar sérstakur dýravelferðar- og gæðafulltrúi sem sinnir innra eftirliti með dýravelferð og hefur samkvæmt samningi við bændur aðgengi að þeim hrossum og aðstöðu sem nýtt eru í verkefninu. Fyrirtækið gefur út sérstaka ítarlega gæðahandbók fyrir þá bændur sem eru í samstarfi. Dýravelferðarfulltrúi Ísteka heimsækir úrtak bæja á hverju



Arnþór Guðlaugsson.

ári, bæði á blóðgjafatímabili og utan þess. Hann fer yfir ástand á hrossum, aðstöðu og meðferð hrossa. MAST hefur eftirlit með því að skilyrðum fyrir blóðgjöfum sé framfylgt. Að auki framkvæmir MAST almennt búfjáreftirlit til að tryggja að hross og önnur húsdýr séu haldin í samræmi við lög og reglugerðir. Almenningi, nágrönnum og ferðamönnum, er jafnframt skylt að tilkynna um hross sem þeir telja illa haldin eða illa farið með samkvæmt 8. gr laga 55/2013 um velferð dýra.

### *Sérstakir dýravelferðarsamningar*

Allir bændur sem Ísteka á í samstarfi við hafa skrifað undir sérstakan dýravelferðarsamning. Samtals eru í gildi um 100 samningar. Þeir eru byggðir á skilyrðum MAST og Fagráðs um dýravelferð sem sett eru í samræmi við nýjustu lög og reglugerðir. Í þeim eru sérstök ákvæði um nærgætni í umgengni og hvíld hrossanna, gott beitiland, aðgang að vatni og saltsteinum. Þá eru þar líka sérstakar kvaðir um skráningu allra hrossanna í World feng. Síðast en ekki síst eru þar ákvæði um góða aðstöðu þar sem blóðgjöf fer fram og að ekki megi taka blóð úr hryssum á bæjum þar sem hafa komið upp frávik við velferð hrossa samkvæmt MAST.

### *Stöðug verðhækkun til bænda*

Fyrirtækið á sem fyrr segir í samstarfi við um eitt hundrað bændur sem samanlagt halda yfir 5.000 hryssur vegna þessarar búgreinar. Verðið á gjafablóðinu hefur hækkað langt umfram aðrar landbúnaðarvörur síðustu 20 ár. Bændum í samstarfi við Ísteka hefur jafnframt fjölgað mikið og eru þeir dreifðir um allt landið og hjálpa víða til við að tryggja búsetu í brothættum byggðum. Í tengslum við kórónuveirufaraldurinn ákvað Ísteka að greiða samstarfsbændum sínum sérstaka eingreiðslu eftir seinasta tímabil. Nam aukagreiðslan 6% af verðmæti innlagðra afurða 2020.

### *Farsæld fyrir menn og dýr*

Undirritaður er framkvæmdastjóri Ísteka og ég er stoltur af því starfi sem þar er unnið. Farsæld þeirra hrossa sem unnið er með er tryggð og aðbúnaður þeirra og vellíðan er eins og best verður á kosið. Fóstureyðingar eru ekki leyfðar hjá þeim hryssum sem eru í verkefninu. Bændur fá góðar og öruggar tekjur vegna þessarar búgreinar og fjöldi fólks, bæði dýralæknar og starfsmenn Ísteka, fá vel launuð störf vegna þessa verkefnis.

***Arnþór Guðlaugsson***
*Höfundur er framkvæmdastjóri Ísteka.*


Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

SAMFÉLAGSRÝNI

# Heimaslátrun, heilnæmi afurða og velferð dýra

**Í Bændablaðinu þann 11. mars sl. var fjallað um skýrslu dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur um tilraunaverkefni um heimaslátrun haustið 2020. Markmið verkefnisins var að leita leiða til þess að auðvelda bændum að slátra sauðfé heima til markaðssetningar þannig að uppfyllt væru skilyrði regluverks um matvælaöryggi og gætt væri að dýravelferð og dýraheilbrigði. Lagt var upp með að afurðir af gripum sem slátrað væri í tilraunaverkefninu færu ekki á markað.**

***Undirrituð telja nauðsynlegt að rýna nánar í skýrsluna og skoða hvernig tekist hefði að uppfylla sett skilyrði.***

Alls tóku 25 bæir þátt í verkefninu. Á 11 bæjum fór heilbrigðisskoðun dýralækna fram á staðnum en á 14 bæjum með rafrænum hætti.

***Í athugasemdum dýralækna*** vegna heilbrigðisskoðunar kom í ljós að bæði var verulegur skortur á þekkingu bænda varðandi framkvæmd verkefnisins og að meiri þekkingar er þörf, bæði um aðbúnað og vinnubrögð. Sama gildir um þekkingu á reglugerð nr. 856/2016 um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli en markmið reglugerðarinnar er að auðvelda sláturhúsum og litlum matvælafyrirtækjum að uppfylla kröfur í hollustuhátta- og eftirlitsreglugerðum. Ekki kemur fram í skýrslunni hvers vegna þátttakendur höfðu ekki kynnt sér reglugerðina.

Einnig kemur fram að skortur hafi verið á lágmarks hreinlætisaðstöðu í nokkrum tilfellum og einnig er bent á hættu af jarðvegsmengun (listeríu). Aðrar sjúkdómsvaldandi örverur eins og E. coli (STEC), Salmonella og Clostridium geta borist með kjötafurðum í fólk. Því miður bendir allt til að E. coli (STEC) bakterían sé hluti af örveruflóru íslenskra nautgripa og sauðfjár og því full ástæða til að vanda vinnubrögð í slátrun og kjötvinnslu.

***Í niðurstöðum dýralækna*** kemur fram að ekki náðist að ljúka heilbrigðisskoðun á fullnægjandi hátt með rafrænni heilbrigðisskoðun á neinum bæ. Helstu ástæður voru að dýralæknir taldi að ekki væri hægt að fullvissa sig um fullnægjandi skoðun á eitlum. Einnig hafi verið erfitt að meta hvort hreinlæti við meðferð afurða hefði verið gætt, þar sem myndskeið og myndir hafi ekki verið af þeim gæðum að hægt væri að meta t.d. hár á skrokkum. Að meðaltali tók það dýralækninn rúmlega hálftíma á lamb að framkvæma rafræna heilbrigðisskoðun og rita skýrslu. Því má ljóst vera að þessi aðferð við heilbrigðisskoðun gekk ekki upp og er vonandi út úr myndinni. Það var sjálfsagt að reyna hana, en niðurstaðan kemur ekki á óvart.

***Hvað varðar velferð sláturdýra*** þá voru sumir bændur ekki meðvitaðir um það stress sem getur skapast hjá dýrum þegar þeim er lógað. Einnig hafi verið erfitt að dæma af myndum eða myndskeiðum hvort deyfing var nægjanleg við blóðgun þar sem erfitt reyndist að greina viðbrögð í auga (Corneal-reflex) eða andardrátt. Ekki kemur fram hvort velferð hafi verið sinnt og þá hvernig.

***Annað***

Ekki kom fram í skýrslunni, hvernig staðið var að förgun úrgangs og áhættuvefja. Mikilvægt er að rétt sé að þessu staðið þótt kostnaður geti verið umtalsverður.

Dýralæknar höfðu ekki eftirlit með sýnatökum eða kælingu á kjöti.

***Lagafyrirmæli***

Greinarhöfundar hafa áður fjallað um heimaslátrun, td. í Bbl. 1. nóv. 2018, en þar er m.a. fjallað um lög og reglur sem um þetta gilda og þær fjölmörgu hættur sem neytendum getur stafað af því að kaupa heimaslátrað kjöt á frjálsum markaði. Það hefur alltaf verið skoðun undirritaðra að lagafyrirmæli séu afar skýr og heimild til heimaslátrunar mjög þröng, sbr. lok 5. greinar laga um slátrun nr. 96/1997. Aðeins eigandi lögbýlis má slátra sínu eigin búfé heima á sjálfu lögbýlinu og afurðanna má aðeins neyta á bænum. Það sé því óheimilt að selja þessar afurðir eða dreifa þeim á annan hátt frá lögbýlinu, svo sem til gjafa, vinnslu, söltunar eða frystingar.

Að því tilskildu að dýravelferð sé í heiðri höfð, förgun úrgangs sé með löglegum hætti og afurðanna sé einungis neytt heima á bænum er ekkert við heimaslátrun að athuga.

***Aðrir og betri möguleikar í stöðunni***

Rétt er í þessu sambandi að vekja sérstaka athygli á áðurnefndri reglugerð nr. 856/2016. Reglugerðin var sett með stoð í þremur lögum, um matvæli, um dýrasjúkdóma og um velferð dýra og einnig eru ákvæðin í samræmi við Evrópureglugerðir þar að lútandi, enda gildir sama matvælalöggjöf á öllu EES svæðinu. Markmið með setningu reglugerðarinnar var m.a. að auðvelda bændum að koma sér upp litlum sláturhúsum og matvælafyrirtækjum, þar sem hvergi væri slegið af lágmarks kröfum um dýravelferð, matvælaöryggi, neytendavernd og förgun úrgangs.

Þótt góður vilji sé hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að styðja við sauðfjárbændur í erfiðri fjárhagsstöðu þeirra, gæti verið heillavænlegra að styðja við uppbygginguna og rekstur lítilla sláturhúsa sem uppfylltu ofangreinda reglugerð, sbr. sláturhúsið í Borgarnesi og í Seglbúðum í Skaftárhreppi. Flutningar sláturfjár yrðu styttri og bændur gætu sjálfir unnið við slík hús. Þónokkrir bændur hafa komið sér upp viðurkenndri vinnsluaðstöðu, fá sitt kjöt til baka frá viðurkenndu sláturhúsi og vinna úr þeim afurðir til sölu beint frá býli.

Heimaslátrun getur líka verið óæskileg út frá markaðssjónarmiðum, samanber framsýna yfirlýsingu þv. framkvæmdastjóra LS sem birtist í grein um þetta efni í Bændablaðinu 16. okt. 2001:

„*Landssamtök sauðfjárbænda taka undir með yfirdýralæknisembættinu og vilja einnig benda á það að heimaslátrun getur aldrei uppfyllt sömu kröfur og eftirlit með sláturafurðum eins og tíðkast í sláturhúsum. Þar að leiðandi býður heimaslátrun uppá stóraukna hættu á alls konar sýkingum í kjöti sem geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir kindakjötsmarkaðinn í heild sinni. Það er ekki forsvaranlegt að nokkrir aðilar stefni afkomu sauðfjárbænda í hættu með slíku athæfi. Einnig er það fé sem slátrað er heima hvergi til á pappírum í formi birgða eða sölu sem gerir allt eftirlit með birgðum erfiðara og allt sölu- og markaðsstarf ómarkvissara*"



**Halldór Runólfsson.** Mynd / LBR



**Katrín Andrésdóttir.** Mynd / Sigurður Bogi

Að undanförnu hefur dregið úr sölu á kindakjöti og offramboð er á lambakjötsmarkaðnum. Að okkar mati mun hugsanleg sala á heimasláturðu kjöti ekki breyta afkomumöguleikum greinarinnar sem slíkrar. Möguleg matareitrun vegna neyslu á heimasláturðu kjöti eða gölluð vara myndi gera erfiða stöðu sauðfjárbænda enn verri vegna áhrifa á sölu á öllu kindakjöti.

***Niðurstaða***

***Undirrituð telja niðurstöðu verkefnisins þá að ekki sé nægilega tryggð velferð dýra eða heilnæmi afurðanna. Því hafi ekki verið sýnt fram á raunhæfa möguleika til markaðssetningar afurða af heimasláturðum gripum.***

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti nýlega Aðgerðaráætlun til eflingar íslensks landbúnaðar og er það vel. Einn liður í áætluninni var átak til að ýta undir möguleika bænda til heimaframleiðslu beint frá býli.

Það er gríðarlega mikilvægt að við útfærslu þessa átaks sé hvergi slegið af lágmarkskröfum um dýravelferð, matvælaöryggi og neytendavernd. Neytendur og skattgreiðendur eiga rétt á að fjármunir sem eyrnamerktir eru þessu verkefni séu nýttir samkvæmt þessum kröfum.

***Halldór Runólfsson****, fv. yfirdýralæknir og skrifstofustjóri landbúnaðar- og matvælamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.*
***Katrín Andrésdóttir****, fv. héraðsdýralæknir, lýðheilsufræðingur og heilbrigðisfulltrúi.*




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300





Á fimmta áratugnum var farið að setja sælgæti í páskaegg og ekki má gleyma páskaunganum sem þykir ómissandi á páskaeggið.

# Eggið og upprisan



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Egg hafa lengi verið tákn vorsins og saga páskaeggja mun lengri en þeirra súkkulaðieggja sem við þekkjum í dag og gefum börnum um páskana. Víða er siður að mála hænu eða egg annarra fugla um páskana og færa ástvinum sem gjöf. Í frumkristni voru egg meðal annars tákn um að grafhýsi Krists væri autt og að frelsarinn væri upprisinn.**

Samkvæmt goðsögnum Austurkirkjunnar má rekja fyrsta páskaeggið til þess er María Magdalena færðu konum sem sátu við grafhýsi Krists soðin egg til að borða en eggin urðu skyndilega skærrauð á litinn þegar Kristur var risinn. Í annarri ekki ósvipaðri goðsögn segir að María Magdalena hafi fengið áheyrn hjá Rómarkeisara til að tala við hann um upprisuna. Keisaranum þótti lítið til máls Maríu koma og sagði að það væru jafnlitlar líkur á að eggið sem hann var með í hendinni mundi breyta um lit og verða rautt og að maður risi upp frá dauða. Vantrú keisarans hvarf þó samstundis þegar eggið sem hann hélt á varð eldrautt á sama augnabliki. Í þriðju útgáfunni er það María mey sem á í hlut og þar segir að hún hafi í mildi sinni fært hermönnunum sem stóðu vörð við kross Krists egg til að metta hungur þeirra en að þegar tár guðsmóðurinnar féllu á eggin urðu þau að marglitum dröfnum.



Egg páskahátíðarinnar blessuð í Póllandi.

### *Frjósemi og endurfæðing*

Sú hefð að mála egg hænsna eða annarra fugla og færa ástvinum að gjöf um páska á sér langa hefð og enn við lýði víða í Austur- og Mið-Evrópu. Líkt og allar hefðir er hún breytileg milli landa en hefur víða smám saman þróast í það að gefa börnum súkkulaðiegg fyllt með sælgæti eða vafin í skrautlegan pappír. Einnig þekkist að eggin séu úr tré, pappa eða plasti og fyllt með góðgæti.

Egg eru í kristni og mörgum öðrum trúarbrögðum tákn um frjósemi og eða endurfæðingu. Í frumkristni voru egg meðal annars tákn um að grafhýsi Krists væri autt og að frelsarinn væri upprisinn og þar sem egg voru máluð rauð táknaði liturinn blóð Krists við krossfestinguna.

Þrátt fyrir kristna tengingu við páskaegg er hægt að rekja þau allt aftur til blómaskeiðs Mesapótamíu um þrjú þúsund árum fyrir upphaf okkar tímatals. Er talið að tengsl milli eggja, frjósemi og vorsins þegar fuglar verpa hafi borist þaðan til Síberíu og Austur-Evrópu og síðan gegnum Austurkirkjuna til Evrópu í kaþólsku og lútersku kirkjuna. Aðrir segja að hefðin tengist föstu vestrænnar kaþólsku á miðöldum þar sem fólk mátti ekki borða egg eftir sprengidag á föstunni fram að páskum.

Meðal Gyðinga eru hvít egg hluti páskamátíðarinnar og þeim dýft harðsoðnum í saltvatn fyrir neyslu.



Egg sem lituð eru rauð eru í kristni tákn um blóð Krists á krossinum. Eggið á myndinni er að finna í klaustri grísku rétttrúnaðarkirkjunnar í Aitolos á Grikklandi.

Egg eru einnig þekkt sem hluti af trúarhefðum íslam.

Afleiðing þess að bannað var að borða egg á föstunni var að egg söfnuðust fyrir á heimilum sem ólu hænur og til að þau geymdust betur voru þau harðsoðin. Þegar föstunni lauk á páskunum var því víða til mikið af hænueggjum og eðlilegt að þau tengdust páskahaldi og páskamáltíðinni.

### *Gull- og silfurslegin egg*

Hvað sem öllum tengingum við kristni varðar þá er sá siður að skreyta egg og eggjaskurn ævaforn. Í Ástralíu hafa fundist minjar um



Björnsbakarí

Vallarstræti 4. Laugaveg 10.

Páskaegg

úr

Súkkulaði, marzipan, skreytt-um pappa og Silki (handmál-að). Verð frá kr. 0,20 til kr. 30,00. Hænur, Hanar, og ung-ar úr súkkulaði. — Mikil verð-lækkun frá í fyrra.

Lítið í gluggana!

**Páskaeggjaauglýsing í Dagblaði.**




**Í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur lengi verið til siðs að fara í leik sem felst í því að velta eggjum á lóð Hvíta hússins og víðar á páskadag.**



**Fabergé-eggið Liljur vallarins frá 1889.**



**Harðsoðin hænuegg eru víða lituð til skrauts fyrir páskahátíðina.**

máluð strútaegg sem talin eru vera um 60 þúsund ára gömul.

Minjar um skreytt egg hafa einnig fundist við fornleifarannsóknir í Mesapótamíu, Egyptalandi og á eyjunni Krít og í flestum tilfellum eru þau talin tengjast helgisiðum dauða og endurfæðingar. Ríkulega skreytt egg sem hafa fundist við eða nálægt grafreitum hefðarfólks eru slegin gulli og silfri og ígrædd gimsteinum.

### *Ôstara, gyðja vorsins*

Þýski þjóðsagnasafnarinn Jacob Grimm taldi mögulegt að páskaegg meðal germanskra þjóða tengdust fornri hátíð og dýrkun gyðju vorsins, Ôstara. Fáar heimildir styðja hugmyndina og jafnvel talið að hátíðin og gyðja hafi verið hugarburður enska benediktusar-munksins heilags Bebe, sem var uppi á áttundu öld. Bebe er meðal annars þekkur fyrir ritið De temporum ratione, þar sem hann segir frá ýmsum fornum siðum og heimssýn forvera sinna.

### *Páskaeggjaleikir*

Á miðöldum gengu börn á Bretlandseyjum milli húsa á síðasta sunnudegi fyrir föstuna og sníktu egg, ekki ólíkt því að börn í dag ganga milli húsa í dag á öskudag og biðja um nammi. Þannig að í dag hefur siðurinn að gefa börnum egg færst frá upphafi föstunnar til páska.

Það að fela páskaegg og leyfa börnum að leita að þeim á páskadag er gamall siður sem er enn víða haldinn. Í Mið-Evrópu voru egg oft falin í trjám eða undir þeim í körfu sem líktist hreiðri til að minna á komu vorsins.

Í Evrópu og Bandaríkjum Norður-Ameríku þekkist leikur sem felst í því að börn velti harðsoðnu eggi niður brekku á páskadag og eru reglur leiksins ólíkar milli svæða. Einnig þekkist víða leikur sem felst í því að reyna að brjóta egg keppinautanna með því að kasta sínu eggi í egg þeirra og sá sigrar sem á síðasta heila eggið. Á Grikklandi er til siðs að fólk heilsist á páskum með því að slá saman eggjum og brjóta þau.

Þjóðverjar eiga sér sérstakan eggjadans á páskum sem felst í að dreifa eggjum á gólfið og markmiðið að dansa í kringum eggin án þess að brjóta þau.

Í eina tíð þótti við hæfi í Austur-Evrópu að sækja egg til kvenna sem voru flengdar með víðiberki sem var klofinn eins og hrosstagl og dýft hafði verið í vatn. Siðurinn, sem átti að veita styrk og fegurð, er nátengdur bolluvendinum sem við þekkjum í dag og jafnvel talinn forveri hans.

Einnig þekkist sá siður að færa látnum páskaegg og leggja þau á grafir með þeim orðum, „Kristur er risinn“ og í þeirri trú að svo muni hinn látni einnig gera.

### *Ólíkir siðir*

Á Grikklandi er hefð fyrir því að egg séu lituð með lauk og ediki á fimmtudögum og dögum þegar gengið er til altaris og kallast eggin kokkina avga og tengjast helgihaldi. Í Egyptalandi eru soðin egg skreytt vegna hátíðarhalda sem kallast Sham el-Nessin og er eins konar sumardagurinn fyrsti þar í landi og er haldinn hátíðlegur skömmu eftir páskahald kristinna manna. Í Íran tengjast egg nýja árinu sem hefst á sumarsólstöðum.

Fyrir utan að mála egg með pensli eða höndum má gera það í suðu með ólíkum litarefnum. Séu egg soðin með laukskræli verða þau brún, en svört séu þau soðin með eikar-, elriberki eða valhnetum og rauðrófusafi gerir þau bleikleit. Auk þess sem má ná fram ýmsum litarafbrigðum með blöndu ólíkra litargjafa.

Eins og fram hefur komið tákna rauðmáluð egg í kristni blóð Krists á krossinum. Hvít og ómáluð tákna hreinleika, blá himininn sem sameinar okkur, svört frjósemi, gul tákna sólina og kraft og græna náttúruna. Ólíkar línur á lituðum eggjum hafa líka ólíka merkingu. Lóðréttar línur merkja líf og láréttar dauða en tvær samhliða línur óendanleika. Þríhyrningur gormlaga lína tákna þekkingu og tíma en bylgjaðar línur vatn og hreinleika. Krossinn á eggi er merki kristnidóms.

### *Súkkulaðiegg*

Egg gerð úr súkkulaði kom fyrst fram á tíma Loðvíks 14. í Versölum og árið 1725 hóf ekkja við hirðina að búa til þannig egg með því að blása úr hænueggjum og hella í þau bráðið súkkulaði. Fyrstu páskaeggin komu fram á Bretlandseyjum árið 1873 og barst þaðan út um víða veröld.

Samkvæmt Heimsmetabók Guinness vó þyngsta súkkulaðipáskaeggið sem búið hefur verið til tæp 7,2 tonn og var rúmir 10 metrar að hæð.

Í Góa-héraði á Indlandi eru páskaegg gerð úr marsípani.

### *Gimsteinaegg*

Skrautegg urðu vinsælar gjafir efnaðra fólks á barroktímanum á 17. öld. Inni í eggjunum voru oft trúarlegar myndir, tákn eða andleg heilræði á blaði. Skilaboðin inni í eggjunum gátu líka verið ástarjátningar, brandarar og málshættir eins og Íslendingar þekkja vel. Með innreið upplýsingarinnar þóttu eggin óþarfa pjátur og var sala þeirra bönnuð um tíma í Evrópu en með komu rómantísku stefnunnar hófst sala þeirra á ný.

Af þess konar skrauteggjum þóttu svokölluð Fabergé-egg bera af. Eggin voru framleidd sérstaklega fyrir feðgana Alexandar III og Nikolas II Romanov, tvo síðustu keisara Rússlands, sem gjafir fyrir eiginkonur þeirra og mæður. Eingöngu voru búin til 69 slík og í dag er einungis vitað um 57. Inni í Fabergé-eggjunum, sem voru iðulega úr gulli og silfri og skeytt eðalsteinum, leyndust svo minni gjafir eins og demantsnæla, perlur eða annað glingur.

Í Fjallkonunni, árið 1893, segir að á „páskunum í vor fann Rússakeisari liggjandi á skrifborði sínu mjög skrautlega málað páskaegg; þegar það var opnað, hafði það þrennt inni að halda, og brá honum undarlega við það. Innan í egginu var rýtingur úr silfri, tvær mannshauskúpur mjög haglega skornar úr fílabeini og pappírsrenningur með þessum orðum á: „Kristur er upprisinn; vér munum einnig upp risa.“ Í egginu leyndist því greinileg hótun um uppreisn.

Sama ár gaf keisarinn, Alexandar III, eiginkonu sinni, Maríu Feodorovna, Fabergé-egg sem kallast Kákasus. Egg sem búið er til úr gulli, silfri, rúbínum, perlum, fílabein og sér skornum demöntum. Keisaraynjan þótti einstaklega glæsileg og greind og tekið til þess hvað hún var alltaf snyrtileg til fara, enda af dönsku hefðarfólki komin.



**Þýskt páskaegg frá 1920 gert úr pappamassa.**

Eins og títt er með siði sem aðallinn tekur upp fylgdi millistéttin í kjölfarið og ekki leið á löngu þar til eiginmenn í Austur-Evrópu voru farnir að gefa eiginkonum sínum postulínsegg á páskum.

### *Páskaegg á Íslandi*

Í Sögu daganna eftir Árna Björnsson segir meðal annars um páskaegg að þeirra sé fyrst getið í ofangreindri frásögn í Fjallkonunni. Að sögn Árna verða páskaegg ekki áberandi á Íslandi fyrr en eftir 1920 en að eflaust hafi margir Íslendingar kynnst þeim í Danmörku og að mögulega hafi innflutt súkkulaðipáskaegg verið til sölu í verslunum fyrir þann tíma.

Árið 1923 auglýsir Smjörhúsið Irma í Hafnarstræti: „Nýorpin páskaegg komu með Botníu. Verðið mikið lægra en áður“ og bendir það til að páskaegg hafi verið áður til sölu.

Bakarar í Björnsbakaríi voru fyrstir til að framleiða súkkulaðipáskaegg í mótum hér á landi árið 1922, auk þess sem bakaríið auglýsir páskaegg úr marsípani, pappa og silki. Sælgætisgerðin Víkingur fylgd fast á eftir og hóf framleiðslu á súkkulaðipáskaeggjum skömmu síðar. „Verðmunur dýrustu og ódýrustu hjá Björnsbakaríi vekur líka nokkra athygli. Árið 1922 er hann 35-faldur, en árið eftir hvorki meira né minna en 240-faldur. Ódýrustu eggin kosta eftir sem áður 20 aura en hin dýrustu 48 krónur. Stærstu eggin hljóta að hafa verið nánast risavaxin og hin minnstu örsmá.“

Hvað varðar þá hefð að mála hænuegg á hún sér litla sem enga hefð á Íslandi, lítið var um hænur á landinu langt fram undir miðja 20. öld.

Á fjórða áratug síðustu aldar og allt til dagsins í dag hefur samkeppnin á páskaeggjamarkaði harðnað með hverju árinu og ólíkar útgáfur af páskaeggjum aukist þrátt fyrir að grunnurinn sé alltaf sá sami. Á fimmta áratugnum var farið að setja málshætti, eins og árinni kennir illur ræðari, best er illu af lokið og margur er knár, inn í páskaeggin. Ekki má gleyma páskaunganum sem þykir ómissandi á páskaeggið.

Súkkulaðipáskaegg eru í dag hluti af páskahátíðinni og börn á öllum aldri hlakka til að fá eggið sitt og þeir sem eru búnir að slíta barnsskónum eiga flestir sína uppáhaldsgerð af páskaeggi.



Á FAGLEGUM NÓTUM

# Vindskemmdir á korni sumarið 2020

**Í þessari grein verður fjallað um vindskemmdir á korni (þ.e. byggi) sem urðu í korntilraun á tilraunastöðinni á Möðruvöllum í Hörgárdal sumarið 2020.**

Tilraunir með korn, þ.e. aðallega bygg, hafa verið samfellt á Möðruvöllum frá árinu 2004 og þar á undan í Miðgerði í Eyjafirði frá 1996-2003 á vegum Rannsóknastofnunar landbúðaðarins (Rala) og síðan Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Fyrir þann tíma var búið að gera nokkrar athuganir með kornrækt á Möðruvöllum.

Undirritaður hefur komið að þessum tilraunum allan tímann á einn eða annan hátt þ.e. t.d. sáningu og við uppskeru og eftir 2004 er korntilraunirnar hófust á ný á Möðruvöllum sá ég um alla jarðvinnslu varðandi ræktunina þar til Landbúnaðarháskólinn seldi þau tæki á Möðruvöllum, sem til þurfti eins og dráttarvélar og pinnatætara eftir að búrekstri á vegum LbhÍ var hætt á jörðinni. Eftir það hafa verktakar og þá þeir bændur sem leigja túnin komið að jarðvinnslunni og ég þá reynt að koma að ráðgjöf um hana eins og tök eru á eins og á meðan við höfðum tæki hér á staðnum.

Þetta gekk þannig fyrir sig að þegar byrjaði að vora þá hafði Jónatan Hermannsson (áður tilraunastjóri á Rala), kornræktarsérfræðingurinn okkar, samband við mig til að grenslast fyrir um hvenær hægt væri að sá korninu. Ég fylgdist yfirleitt vel með ástandi kornræktarlandsins, þ.e. dýpt niður á klakann ef um klaka var að ræða og svo rakastigi jarðvegsins, en það er algert grundvallaratriði að rakastig jarðvegs sé rétt þegar jarðvinnsla á sér stað og réð ég því hvenær sáð var, sem gat verið frá því í lok apríl eða fram til jafnvel um miðjan maí sem fór eftir árferði.

Á árunum 2004-2016 var tilraunin hér á móa-/ mela-/valllendistúnum sem verið var að endurrækta á þessum árum og hentar landið vel til kornræktar varðandi frjósemi, frekar magurt land þar sem hægt er að hafa betur stjórn á aðgengi kornsins að köfnunarefni, heldur en eins og t.d. í frjósömu mýrlendi þar sem losnað getur mismikið köfnunarefni yfir vaxtartímann. Á þessu svæði er veðurstöð í sömu hæð og þessi tún, sem er mjög mikilvægt til að geta skoðað áhrif veðurs á vöxt og viðgang kornsins yfir sumarið eins og gert verður í þessari grein.

Tilraunin 2020 var í svokallaðri Tjarnarspildu sem var mikið kalin sl. vor og því fórnað smá spildu af henni fyrir kornið, en annars var ísáð í hana vallarrýgresi vegna kalsins. Þessari spildu var lokað með grasfræi 2017, en þar á undan var ræktað korn í 3 ár og þar var korntilraunin á sama tíma.

Reiturinn var plægður 6. maí í 15-18 sm dýpt og síðan tætt ein ferð með pinnatætara í ca 7-10 sm dýpt á um 4 km hraða pr. klst. og á svona litlum hraða með pinnatætara (ath. snúningshraða) má ná hæfilegri vinnslu á plógstrengi með einni yfirferð sem er kostur og þurfa ekki að keyra yfir akurinn eftir að hann hefur verið tættur, sem veldur auka þjöppun og bætir lítið vinnsluna þegar búið er að losa yfirborðið með fyrstu vinnslu.

Sáð var í tilraunina 18 byggyrkjum 7. maí í þremur endurtekningum með nýrri tilraunasáðvél Landbúnaðarháskólans, sem var fyrst tekin í notkun þar árið 2019 og má segja að með henni hafi orðið alger bylting við sáningu í tilraunir, hvort heldur að um korn eða grasfræ sé að ræða.

Tæknin byggir á sömu útfærslu og sú ísáningarvél sem ég lýsti í grein í Bændablaðinu um ísáningu á grasfræi þ.e. diskum sem mynda spíss að framan, með sáðrörið á milli og svo meiðum sitt hvoru megin við diskana, þar sem hægt er að stilla dýptina á þeim miðað við meiðana sem dragast eftir yfirborðinu.

Hæfileg sáðdýpt fyrir kornið er um 2-(3) sm og varð sáðdýptin í tilrauninni um 3 sm, sem var svona í dýpri kantinum, (notuð sama stilling og notuð var á Hvanneyri), því ef sáð er of djúpt er kornið lengur að koma upp þannig að vaxartími þess gæti styttst sem því nemur.

Jöfn sáning og dýpt er eitt af þeim grundvallaratriðum sem þarf að viðhafa til að ná góðum árangri í kornrækt hér á landi miðað við okkar stutta sumar. (sjá myndir nr. 1 og 2 sem sýnir jafna sáningu og vöxt kornsins).

Þar sem undirritaður er búsettur á staðnum er reglulega fylgst vel með vexti og viðgangi kornsins t.d. þéttleika, sveppasmiti, illgresi, skortseinkennum, legu og svo frv. yfir sumarið og teknar myndir ef ástæða þykir til. Sumarið 2020 leit út fyrir að uppskera yrði mjög góð og kornið mikið til skriðið um miðjan júlí, nema seinþroskuðustu yrkin, sjá mynd nr. 3.

En það varð síðan ekki raunin því dagana 12.-14. ágúst gerði mikinn suðvestan vind sem varaði samfellt í tvo sólahringa sem er mjög óvenjulegt að gerist á þessum árstíma hér um slóðir. Á mynd nr. 4 má sjá vindstyrkinn klukkutíma fyrir klukkutíma í m/sek frá kvöldinu 12. ágúst til kvölds þann 14. ágúst mældum í sjávirku veðurstöðinni á Möðruvöllum. Þessi mikli vindur lamdi m.a. af lauf og nýja sprota af öspum í görðum hér á Möðruvöllum.

Á þeim áratugum sem ég hef komið að tilraunum í kornrækt hér um slóðir hef ég aldrei séð álíka skemmdir á korninu af völdum vinds á þessum árstíma eins og þarna virðist hafa gerst, en aftur á móti höfum við séð miklar skemmdir af völdum næturfrosta hér í seinni hluta ágústmánaðar eins og gerðist t.d. árið 2015 þegar frostið fór niður í rúmlega -4° C bæði á Möðruvöllum og Torfum í Eyjafirði og eyðilagði nánast allt korn á Norðausturlandi og það ár var því korntilraunin á Möðruvöllum ekki uppskorin af þeim sökum.

Á mynd nr. 5 sem tekin er 19. ágúst má sjá hvernig öxin á korninu hafa líst upp eftir barninginn í vindinum eins og það væri komið á lokastig í kornþroskanum sem gat nú varla átt sér stað og aðeins komin 19. ágúst og engar frostnætur höfðu komið á þessum tíma.

Við nánari skoðun á kornöxunum kom í ljós að hluti smáaxanna í axinu voru mikið skemmd sérstaklega vindmegin, títan brotin af og jafnframt hafði orðið hrun úr axinu einkum úr hávaxnari 6 raða yrkjunum, sjá mynd nr. 6 frá 24. ágúst.

Á mynd nr. 7 er nærmynd af öxunum þar sem sést vel hvað smáöxin eru mikið skemmd eftir vindbarninginn.

Við nánari skoðun á öxunum kom í ljós að hlémegin vindsins voru minni skemmdir eins og t.d á yrki eins og Judit sem hallar (nikkar) axinu undan vindinum sem má sjá á mynd nr. 8, þar sem röð smáaxa eftir nánast endilöngu axinu eru óskemmd með títunni á og ennþá fagurgrænni.

Við lauslegt mat á skemmdunum 28. ágúst á einni endurtekningunni í tilrauninni virtist 2-raða seinþroska




Mynd nr. 1 tekin 9. júní, sem sýnir jafna sáningu með nýju tilraunasáðvél LbhÍ.




Mynd nr. 2 tekin 5. júlí, kornið búið að þétta sig hæfilega mikið, þ.e. myndað 2-3 nýja sprota til viðbótar við upphaflega sprotann og komið að því að skríða.



Mynd nr. 3 tekin 14. júlí þar sem sést vel hvað skrið er komið vel á veg.




Mynd nr. 5 tekin 19. ágúst sem sýnir hvað öxin hafa lýst mikið eftir vindbarninginn 12.–14. ágúst.




Mynd nr. 4 sem sýnir vindstyrk samfellt í tvo sólahringa á Möðruvöllum 12.-14. ágúst 2020.



Mynd nr. 6 tekin 24. ágúst þar sem greinilega má sjá hrun úr öxunum og skemmdir á smáöxum



Mynd nr. 7 tekin 24. ágúst sem sýnir vel vindskemmdirnar á smáöxunum og títan hefur einnig brotnað af.

yrkin hafa skemmst minna en 6-raða yrkin. Kornfylling stöðvaðist í þeim smáöxunum sem urðu fyrir skemmdum dagana 12.-14. ágúst, en í þeim óskemmdu gat hún haldið áfram þar til 5. september, en þá gerði mikið næturfrost sem fór niður í -4,3° C í 2 m hæð á Möðruvöllum og má gera ráð fyrir að kornið hafi ekki bætt við sig eftir það. Þær vindskemmdir sem hér hefur verið lýst höfðu mikil áhrif á uppskeru, kornþyngd og rúmþyngd eins og sjá má á næstu myndum nr. 9-10 en tilraunin var uppskorin 9. september.

Eins og sést á myndum nr. 9 og 10 þá er bæði uppskeran og rúmþyngdin frekar slök og sem dæmi um það hefur Bústólpi á Akureyri sem kaupir korn af bændum, miðað við að kornið nái yfir 600 grömm/lítrar í rúmþyngd til að það komist í 1. flokk sem greitt er fullt verð fyrir.

Eins og áður segir tekur Bústólpi á móti korni frá bændum á hverju hausti og er þá alltaf mæld rúmþyngdin í hverri sendingu/(vagni) sem þangað kemur (sjá mynd nr. 11) og hefur Hólmgeir Karlsson framkvæmdastjóri verið svo vinsamlegur að senda undirrituðum mæliniðurstöðurnar svo ég geti fylgst með hvernig til hefur tekist með kornræktina hjá bændunum og ekki síst e.t.v. hjá þeim bændum sem ég hef komið að ráðgjöf um val á yrkjum og áburðargjöf. Eins og kemur fram á mynd nr. 11 hefur kornfyllingin verið nokkuð misjöfn milli kornakra og um 60% þess með rúmþyngd undir 600 g/l, en í þessum tölum geta verið nokkrar sendingar frá sama búinu. Niðurstöður þessara mælinga hjá Bústólpa gefa til kynna að eitthvað af kornökrum hafi orðið fyrir skemmdum af miklum vindi dagana 12.-14. ágúst eins og gerðist í tilrauninni á Möðruvöllum, en rúmþyngdin sem kemur fram á mynd nr. 11 er aðallega af ökrum í Eyjafjarðar- og Hörgársveit. Við skoðun á veðurmælingum Veðurstofunnar á Torfum í



Mynd nr. 8 tekin 24. ágúst sem sýnir óskemmd smáöx hlémegin vindsins á yrkinu Judit.



Mynd nr. 11 sem sýnir rúmþyngdarmælingar hjá Bústólpa á bændakorni haustið 2020.



Mynd nr. 9 þurrefnisuppskera tonn/ha úr korntilraun á Möðruvöllum 2020.



Mynd nr. 10 rúmþyngd kornyrkja g/dl (60g/dl er sama og 600g/l)

Eyjafirði var mikill vindur þar dagana 12.-14. ágúst, þó hann væri ívið minni en á Möðruvöllum. Sumarið 2020 hér á Norðausturlandi var mjög gott vaxtar sumar, hiti yfir meðalagi nema í júlí og úrkoma hæfilega mikil nema í maí en þá er nægur raki í jarðvegi eftir veturinn fyrir bæði vöxt á grasi og korni. Meðan undirritaður var í fullu starfi m.a. við kortagerð hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar auk ráðgjafar í jarðrækt þurfti ég oft að fara um sveitir hér, þá aðallega á Norðausturlandi vegna mælinga á lóðum og landspildum og þá notaði ég oft (eða misnotaði aðstöðu mína) tækifærið og skoðaði kornakra þar sem ég fór um. Þannig gat ég betur fylgst með hvernig til hefði tekist hjá bændum með ræktunina og aflað upplýsinga fyrir mig til að geta svo miðlað þeim til bændanna. Þetta frumkvæði af minni hálfu var nú ekki vel séð af yfirmönnum hjá RML og gerði ég þetta þá bara á mínum vegum, en ég var að hluta að vinna fyrir RML árið 2013 og aftur frá 2015-2019. Vegna þessara breyttu aðstæðna fer nú minna fyrir ferðum hér um svæðið, nema þá helst um Hörgársveitina í nágrenni Möðruvalla. Fór þó eina hringferð um Eyjafjörðinn í byrjun ágúst í sumar til að kíkja á kornakra og litu þeir þá margir vel út og ekki er ólíklegt að einhverjir akrar þar hafi skemmst eitthvað af vindi dagana 12.-14. ágúst. Við úttektir jarðabóta sl. haust hér á svæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar sem undirritaður kom lítillega að eru skoðaðar uppskerutölur m.a. á korni og mátti víða sjá að uppskeran var í lakara lagi.

***Guðmundur H. Gunnarsson***
*Sjálfstætt starfandi ráðgjafi í jarðrækt*
*netf: ghg(hjá)bugardur.is*
*gsm: 8663295*

SKÓGARKOLEFNIS-
REIKNIR
$CO_2$
reiknivel.skogur.is
skógræktin

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

BRUNI Í DRÁTTARVÉLUM
Mörg dæmi eru hér á landi um bruna í dráttarvélum, bæði þegar þær eru í notkun og þegar þær standa inni við og ekki í gangi.
Minnka má líkur á sjálfsíkveikju í vélknúnum tækjum með því að rjúfa straumrás frá rafgeymi með höfuðrofa.
*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is*



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI
ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

NYTJAR HAFSINS

### Ríflega helmingur af íslenskum eldislaxi er framleiddur á norðvesturhorni landsins:

# Fiskeldi hefur leitt til fjölgunar íbúa á Vestfjörðum

## – Greinin hefur verið að skila ríflega 4% af heildaratvinnutekjum á svæðinu og fer stöðugt vaxandi



Unnið við fiskeldiskví í Dýrafirði. Mynd / HKr.

**Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein á Vestfjörðum og miklu skiptir fyrir samfélag og atvinnulíf svæðisins að fiskeldi verði sjálfbær og kröftug atvinnugrein. Til að meta stöðuna lét Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) og Vestfjarðastofa KPMG gera skýrslu sem nú hefur verið birt undir heitinu Greining á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum.**

Helstu niðurstöður greiningar KPMG eru að íbúum hefur fjölgað síðan 2016 þar sem fiskeldi er komið vel af stað en þó er fjölgun íbúa ekki jafn mikil og væntingar voru um í fyrri skýrslu sem gefin var út árið 2017.

***Ríflega helmingur af íslenskum eldislaxi framleiddur á Vestfjörðum***

Hjá tveimur stærstu fyrirtækjunum í fiskeldi á Vestfjörðum störfuðu 150 manns árið 2019 og atvinnutekjur vegna eldis námu 4,2% af heildaratvinnutekjum á svæðinu 2018, sem eru nýjustu tölur. Ríflega helmingur af þeim eldislaxi sem framleiddur var á Íslandi árið 2020 var framleiddur á Vestfjörðum.

Til að meta áhrif af fiskeldi á Vestfirði næstu árin er í skýrslunni leitast við að meta fjölda starfa, fjölda íbúa sem gætu byggt afkomu sína að einhverju leyti á fiskeldi og áætlað söluverðmæti afurða. Upplýsingar frá Noregi, Skotlandi og Færeyjum voru hafðar til hliðsjónar auk reynslutalna af uppbyggingunni á Íslandi.

***Áform um 65.000 tonna eldi með lífsafkomu fyrir 1.850 manns***

Árið 2019 höfðu 150 manns beina atvinnu af fiskeldi og ef áform um framleiðslu á hámarkslífmassa, 64.500 tonn, verða að veruleika, má gera ráð fyrir að fjöldi beinna starfa við fiskeldi á Vestfjörðum geti orðið í kringum 640 störf og að um 1.850 manns gætu byggt afkomu sína á fiskeldi beint eða óbeint.

Miðað við framleiðslu á 30.000 tonnum er það mat innlendra aðila að stuðullinn fyrir fjölda þeirra sem fylgja hverju starfi í fiskeldi sé 1,8 en einnig er byggt á stuðlum frá Noregi og Írlandi. Í fyrri skýrslum Byggðastofnunar og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um hagræn áhrif af laxeldisuppbyggingu á Vestfjörðum var gert ráð fyrir að miðað við stöðugildi fylgdi að jafnaði 2,4 íbúar.













***51.000 tonn skila 2,2 milljörðum króna í skatta***

Áætlað árlegt skattspor fiskeldis á Vestfjörðum er áætlað, miðað við 51 þúsund tonna framleiðslu, 2,2 milljarðar króna án þess að tekið sé tillit til tekjuskatts af hagnaði fyrirtækja. Rík áhersla hefur verið lögð á af hálfu sveitarfélaga á Vestfjörðum að tekjur vegna fiskeldis skili sér til svæðisins í formi uppbyggingar innviða.

Í skýrslunni er gerður samanburður á ívilnunum vegna nýfjárfestinga sem ætlað er að efla atvinnu- og byggðaþróun á ýmsum svæðum á landinu. Athygli vekur að einu ívilnanir ríkisins sem rekja má beint til fiskeldis eru yfirstandandi hafnarframkvæmdir á Bíldudal þar sem framlag ríkisins eru 265 milljónir króna. Engar aðrar ívilnanir hafa verið veittar vegna þeirrar gríðarlega umfangsmiklu uppbyggingar sem átt hefur sér stað á Vestfjörðum í tengslum við fiskeldið þrátt fyrir mikla þörf. Meðal mikilvægustu verkefna á sviði innviða eru að tryggja góðar samgöngur innan atvinnusóknarsvæða.

***Framtíðarsýn í fiskeldi***

Verkefnið „Framtíðarsýn í fiskeldi“ er áhersluverkefni sóknaráætlunar Vestfjarða og er einnig styrkt úr byggðaáætlun en skýrsla KPMG í heild sinni er aðgengileg á síðu Vestfjarðastofu. /HKr.










## Arctic Fish

Félagið hefur leyfi upp á 11.800 tonn af hámarkslífmassa. Framleiðsla á árinu 2019 nam 3.300 tonnum og áætlað er að framleiðsla verði um 7.700 tonn árið 2020.

Heildarfjöldi starfsfólks var tæplega 60 á árinu 2019 og talið að afleidd störf vegna þeirra nemi um 50 t.d. í vinnslu, pökkun og öðrum tengdum störfum.

## Arnarlax

Félagið hefur leyfi upp á 25.200 tonn af hámarkslífmassa. Framleiðsla á árinu 2019 nam alls 10.000 tonnum af laxi. Áætlað er að framleiðsla aukist nokkuð á næstu árum.

Meðalfjöldi starfsmanna Arnarlax var 111 á árinu 2019. Þar af voru 100 búsettir á Vestfjörðum. Til viðbótar starfa verktakar fyrir Arnarlax við ýmis verkefni.

## Erfðablöndun og áhættumat

Niðurstaða áhættumats Hafrannsóknastofnunar á mögulegri erfðablöndun var í árslok 2019 að takmarka framleiðslu á frjóum laxi við 71.000 tonn, þar af 50.000 tonn á Vestfjörðum. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 kom fram nýtt áhættumat erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar sem gerir ráð fyrir að ala megi 106.500 tonn af laxi í sjó mælt í hámarkslífmassa á landinu öllu.

Ein stærsta breytingin við endurskoðað mat er að leyfilegt verður að ala 12.000 tonn í Ísafjarðardjúpi. Jafnframt verður leyfilegt að ala 2.500 tonn í Önundarfirði. Aukning á eldi á Vestfjörðum er með þeim hætti að eldismagn er aukið úr 50.000 tonnum í 64.500 tonn af hámarkslífmassa.

MAST ...frá heilbrigði til hollustu
Matvælastofnun



Íslenski hrossastofninn býr við þá sérstöðu að vera laus við alla alvarlegustu smitsjúkdómana sem þekktir eru í hrossum á heimsvísu. Mynd / HKr.

# Vöktun á landlægum sjúkdómum í hrossum

**Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um vöktun á landlægum sjúkdómum í íslenska hrossastofninum.**

Íslenski hrossastofninn býr við þá sérstöðu að vera laus við alla alvarlegustu smitsjúkdómana sem þekktir eru í hrossum á heimsvísu. Má þar nefna kverkeitlabólgu, hestainflúensu, hestaherpes týpu-1 og smitandi blóðleysi. Árlega er skimað fyrir þremur síðastnefndu sjúkdómunum og þannig lagður grunnur að skráningu á þessari góðu sjúkdómastöðu hjá Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni, OIE. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir útflutning hrossa en hross héðan eru undanþegin sóttkví í löndum Evrópusambandsins og þau fara aðeins í takmarkaða sóttkví í Bandaríkjunum.

Nokkur vægari smitefni eru þó landlæg, annaðhvort frá fornu fari eða hafa borist í hrossastofninn í seinni tíð. Einnig eru smitefni í umhverfinu sem geta valdið fóðursýkingum eða öðrum tilfallandi sjúkdómum. Mikilvægt er að hafa yfirlit yfir landlæga sjúkdóma og tryggja samræmd viðbrögð við þeim, enda falla þeir alla jafna ekki undir **viðbragðsáætlun Matvælastofnunar vegna alvarlegra dýrasjúkdóma**.

Góð þekking á landlægum smitsjúkdómum er nauðsynleg til að tryggja að nýir sjúkdómar sem kunna að berast í íslenska hrossastofninn uppgötvist fljótt og örugglega. Hún stuðlar auk þess að réttri meðhöndlun og dregur úr óþarfa notkun á sýklalyfjum. Vöktun á landlægum sjúkdómum er því til þess fallin að vernda heilsu og velferð íslenska hrossastofnsins.

Leiðbeiningarnar eru ætlaðar bæði starfandi dýralæknum og hrossaeigendum.

# Sjúkdómaskimun í svínum 2021

**Matvælastofnun skimar fyrir PRRS veiki (Porcine Respiratory and Reproductive Syndrome) í svínum á Íslandi í ár, líkt og undanfarin ár. Sýni verða tekin frá 8 bæjum við slátrun að vori og hausti. Niðurstöður verða sendar til eigenda dýra, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð.**

PRRS er einn af þeim sjúkdómum sem mikilvægt er að koma í veg fyrir að berist til landsins og bregðast þarf skjótt við ef það gerist, því hann getur haft alvarlegar afleiðingar. Ástæða þess að sýni eru tekin árlega er að einkenni geta verið óljós og því uppgötvast seint. Sjúkdómurinn getur því breiðst út án þess að vart verði við hann til að byrja með. Skimunin er liður í því að reyna að uppgötva sjúkdóminn snemma í ferlinu og kemur til viðbótar almennri árvekni og eftirliti svínabænda.

PRRS er veirusjúkdómur með fyrst og fremst tvö birtingaform: **Frjósemisörðugleikar hjá gyltum/göltum og öndunarerfiðleikar hjá grísum**.

- Helstu einkenni hjá gyltum eru minnkuð matarlyst, hiti, slappleiki og einkenni frá öndunarfærum. Einkenni tengd frjósemisörðugleikum geta verið færri grísir í goti, fósturlát seint á meðgöngu, fæddir grísir geta verið veikburða og átt erfitt með öndun og dánartíðni spenagrísa eykst.
- Helstu einkenni hjá grísum geta verið slappleiki, hiti, einkenni frá lungum, hnerri og öndunarerfiðleikar.
- 

PRRS-veiki hefur aldrei greinst á Íslandi og er mikilvægt að vera laus við þennan sjúkdóm þar sem að hann veldur töluverðum vandræðum hjá svínum og svínabændum víða um heim. Til þess að halda honum og öðrum smitsjúkdómum fjarri er mikilvægt að beita fyrirbyggjandi aðgerðum eins og góðum smitvörnum hjá öllum þeim sem halda svín og vinna með svín. Einnig er mikilvægt að dýraeigendur, almenningur og dýralæknar séu vel á verði til þess að geta fljótt stöðvað útbreiðslu smitsjúkdóma ef þeir koma upp. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir eða áður óþekktan sjúkdóm að tilkynna það til dýralæknis eða lögreglu.



















GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Blómlegt anddyri Garðyrkjuskólans. Myndir / Guðríður Helgadóttir

# Verknámsstörf á Reykjum

**Garðyrkjunámið á Reykjum felst í bæði bóklegum og verklegum tímum, til að auka færni nemenda. Í síðustu viku var ein af þremur verknámslotum vorannar. Þá er lögð sérstök áhersla á verklega þáttinn þar sem nemendur fást við ólík viðfangsefni sem tengjast öllum námsbrautum.**

Bæði staðnemar og fjarnemar hittast í verknámslotunum og þá er alltaf mikið líf og fjör. Kennarar skipuleggja verkefni sem nemendur sinna, farið er í heimsóknir til garðyrkjubænda sem taka alltaf vel á móti nemendahópum. Önnur fyrirtæki sem tengjast garðyrkjufögum á einn eða annan hátt eru líka heimsótt. Vettvangsferðir af því tagi eru mikilvægur þáttur skólastarfsins því þær auka þekkingu nemenda á daglegum störfum í ólíkum greinum garðyrkjunnar.



Nemar í skrúðgarðyrkju.

*Verknámsaðstaðan notuð til hins ítrasta*

Þessa annasömu daga höfðu nemendur á Blómaskreytingabrautinni tekið anddyri skólans í gegn. Þar var hægt að sjá heimaverkefni nemenda og sameiginlega vinnu. Efniviðurinn var framleiðsla íslenskra blómabænda, íslenskur villigróður og blóm og greinar úr gróðurhúsum á Reykjum, meðal annars úr hinu merkilega Bananahúsi. Blómaskreytinganemar hafa náð ótrúlegri færni nú á miðjum námstímanum. Aðrir nemendur unnu sín verkefni. Skrúðgarðyrkjunemar unnu hörðum höndum í verknámshúsinu að æfingum við mælingar og undirbúning fyrir hleðslur og hellulagnir. Lögðu þeir til dæmis fyrstu hellulögnina í nýendurbyggðum gróðurskála sem er nokkurs konar Miðgarður skólahússins og hefur verið notaður við alls konar samkomur í gegnum tíðina, þar er efst í huga afmælishátíð skólans Sumardaginn fyrsta, sem ekki verður unnt að halda með sama myndarbrag nú í vor og venjan er. Við skólann er starfrækt öflugt nemendafélag sem mun örugglega minna vel á sig um það leyti.

*Ylrækt og braut um lífræna ræktun*

Ylræktarnemar höfðu í nógu að snúast, þeir sinntu umhirðu matjurta og lögðu út sniglagildrur, hirtu illgresi, vökvuðu og sáðu miklu magni af matjurtafræi í beð sem þeir höfðu útbúið og munu uppskera í næsta mánuði. Nemar á lífrænu brautinni huguðu að jarðgerðaraðferðum. Þeir hafa sett upp nokkrar mismunandi leiðir til að jarðgera úrgang úr gróðurhúsum og mötuneyti ásamt trjákurli og hálmi. Koltvísýringur er notaður í ylrækt sem loftkenndur áburður og komust nemendur að því með nákvæmum mælingum að með því að stunda jarðgerðina inni í gróðurhúsinu jókst styrkur hans þar verulega, án nokkurs kostnaðarauka en plöntunum til gagns.

*Útivera og gestafyrirlestrar*

Nemendur garð- og skógarplöntubrautar fóru í skoðunarferðir um land Reykja, mældu hæðarvöxt elstu grenitrjánna sem voru gróðursett á Reykjum um 1950, reyndu sig við greiningu trjá- og runnategunda og tóku þátt í skemmtilegu ágræðslunámskeiði í gróðrarstöð skólans. Nemendur í skógtækni fóru í rannsóknarferðir í valda trjáreiti á Reykjatorfunni og í sunnlenska skóga, t.d. í Haukadalsskóg og Hellisskóg. Gestkvæmt var á Reykjum þessa daga. Starfsfólk gróðrarstöðvarinnar snerist í kringum nemendur og aðstoðaði og leiðbeindi eftir þörfum. Gestakennarar heimsóttu nemendur og fræddu þá um sín sérsvið. Margir sóttu skólann heim til að kynna sér hjarta íslenskrar garðyrkju og velta vöngum yfir framtíð Garðyrkjuskólans á Reykjum.

*Endurmenntunarnámskeið fyrir almenning og garðyrkjubændur*

Endurmenntunardeild LbhÍ skipuleggur námskeið fyrir almenning síðla vetrar og á vorin og þá eru helgarnar á Reykjum vel nýttar. Dæmi um garðyrkjutengd námskeið eru jarðgerð og umhirða safnhauga, trjá- og runnaklippingar, berjaræktun, ræktun grænmetis í óupphituðum garðgróðurhúsum, pottaplönturæktun og fjölbreytt fræðsla í blómaskreytingum.

Skólinn iðaði af lífi þessa viku og í öllum hornum voru nemendur að störfum. Samvera er mikilvægur hluti af lotuvikunum þar sem nemendur stinga saman nefjum, að svo miklu leyti sem grímunotkun gefur kost á. Dýrindis síðdegiskökuveisla að hætti Gurrýjar var haldin einn daginn þar sem sóttvarna var þó gætt til hins ítrasta og fleiri samverustundir tengdu nemendur og starfsfólk saman.

*Ingólfur Guðnason*
*námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu.*

MENNING & SAGA



Bændahöllin í byggingu í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar.

## Bændahöll breytist og stækkar Stiklað á stóru 1972 til 2006:

# Áratugur umhugsunar, 1972 til 1982

**Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda eru eigendur Bændahallarinnar. Báðir aðilar hafa veitt stjórn Bændahallarinnar heimild til að undirbúa og hefja stækkun hússins, en stjórnin telur aðstæður ekki heppilegar og bíður átekta, ráðgjafarfyrirtækið Hagvangur er til aðstoðar. Árið 1976 rennur út leigusamningur við Flugfélag Íslands um fjórðu hæð Bændahallarinnar og er ákveðið að innrétta þar hótelherbergi. Hótel Saga tapar stundum, en oftar er hagnaður.**



Hótel Saga eins og hún lítur út í dag. Mynd / HKr.

Heimild eigenda Bændahallarinnar til að reisa viðbyggingu við Bændahöllina var bundin nokkrum skilyrðum. Það á meðal var að innlent fjármagn fengist vegna framkvæmdanna, og að ekki mætti veðsetja eldri bygginguna. Árið 1977 átti stjórn Bændahallarinnar viðræður við lánastofnanir og stjórnvöld um fjármögnun viðbyggingar. Í kjölfar þeirra viðræðna óskaði stjórn Bændahallarinnar eftir því að eigendur féllu frá þessum skilyrðum. Búnaðarþing samþykkti þetta með 15 atkvæðum gegn 8, og aðalfundur Stéttarsambands bænda samþykkti með 33 atkvæðum gegn 13.

Árið 1981 fer að komast skriður á undirbúning viðbyggingar.

*Framkvæmdaár 1982 til 1986*

Árið 1982 er látið til skarar skríða með viðbyggingu við Hótel Sögu. Segja má að framkvæmdum hafi lokið 1986. Mikil framkvæmd og glæsileg, nær tvöföldun á húsrými en kostaði sitt.

*Kyrrt að kalla 1987 til 1992.*

Stækkað hótel festir sig í sessi, og skrifstofurými á þriðju hæðinni er þokkalega nýtt. Sum árin er afkoman mjög erfið, önnur ár er hún skárri. Hlutafélagið Gildi hf. hafði verið með veitingareksturinn á leigu frá 1982, en varð gjaldþrota 1988, urðu af því nokkur leiðindi. Hótelið tók sjálft við veitingunum á nýjan leik.

*Ýmislegt í gangi 1993 til 2005*

Árið 1993 var gerð sú grundvallarbreyting að stofnað var Hlutafélagið Hótel Saga hf. um eignarhaldið á Bændahöllinni, að undanskildum þeim sérskráðu 12,08% sem BÍ og SB áttu áfram, sem var skrifstofuhúsnæði, þörf og löngu tímabær breyting. En nú ríkti bjartsýni og árið 1994 keypti Hótel Saga hf. eitt stykki Hótel Íslandi hf.

Þá bar og til tíðinda að árið 1999 var gerður samningur við Radisson SAS hótelkeðjuna um samstarf.

Þessi ár var nokkur umræða um að selja hótel Bændasamtakanna, eignirnar voru skráðar á sölu og menn ræddu málin.

*Alvara lífsins, eiga eða selja 2006?*

Það bar til um þessar mundir að kauptilboð kom í Bændahöllina alla og Hótel Ísland ehf.

Búnaðarþing var kallað saman til aukafundar í janúar 2006. Niðurstaðan var sú að tilboðinu var hafnað, 36 sögðu nei, 13 sögðu já.

*Umfjöllun skrásetjara*

Bændahöllin var tekin í notkun 1962. Bygging hennar var að stórum hluta fjármögnuð með fé sem innheimt var sem skattur á söluvörur landbúnaðarins í gegnum búnaðarmálasjóð, (gjarnan nefnt Bændahallarskattur), og með fjármagni úr byggingasjóðum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Í ljósi þessa var það eðlilegt og nauðsynlegt skilyrði Búnaðarþings og aðalfundar Stéttarsambands bænda að Bændahöllin yrði ekki veðsett vegna hótelbyggingar. Vissulega var ein hæð viðbyggingarinnar tekin undir skrifstofuhúsnæði, en það var ekki aðaltilgangurinn með þessari framkvæmd, þó svo nokkur not yrðu fyrir skrifstofurnar. Þörf fyrir aukið skrifstofurými er ekki nefnd við afgreiðslu málsins 1972, og þetta kemur einnig skýrt fram í viðtölum frá þessum tíma við Gunnar Guðbjartsson og Konráð Guðmundsson. Það má merkilegt heita hversu hljótt var um þá grundvallarbreytingu að fella þennan mikilvæga fyrirvara brott, en það var gert árið 1977, raunar gengið svo langt að ekki var sett þak á hugsanlega veðsetningu. Þarna gerðu samtök bænda alvarleg mistök, og líklega var viðbyggingin við Bændahöllina misráðin framkvæmd, skuldir vegna hennar hafa æ síðan fylgt eins og skugginn.

Einhverjar efasemdir voru um réttmæti aukinna umsvifa Bændasamtakanna í hótelrekstri eins og gerðist með kaupunum á Hótel Íslandi hf. árið 1994. Fljótt á litið verður ekki séð að tap hafi verið á þessum kaupum.

Næstum því frá byggingu Bændahallarinnar voru uppi raddir um að selja hluta hennar, eða fá fleiri að rekstrinum. Árum saman voru Bændasamtök Íslands hálfvolg í afstöðu sinni til þess hvort ætti að selja eða eiga. Eignirnar voru skráðar til sölu, en kannski ekki mikil alvara að baki eða áhersla á að viðskipti næðust.

Einn sjáanlegur árangur varð þó af þessari umræðu. Það gátu spunnist líflegar deilur um skiptingu líklegs hagnaðar af hugsanlegri sölu.

Síðan kemur fyrsta alvöru tilboðið árið 2006, en því var hafnað. Þeir sem töluðu og unnu gegn tilboðinu færðu fram nokkur rök fyrir sinni afstöðu. Skrásetjari er sannfærður um að stoltið var það einstaka atriði sem mestu réð um að tilboðinu var hafnað. Bændahöllin er glæsilegt hús á góðum stað, nafn hússins er tengt bændastéttinni, þetta var hús sem fulltrúarnir vildu að bændurnir ættu áfram, Höll bændanna.

En nú var stutt í mikil tíðindi, efnahagshrunið beið handan við hornið og það breytti öllu um fjárhag Bændahallarinnar og Hótel Sögu.

*Í mars 2021*
***Þórólfur Sveinsson***

## Leiðrétting:

Skrásetjara varð það á að eigna Skildi Eirikssyni fyrstum manna þá hugmynd að selja Bændahöllina, að hluta eða öllu leyti. Það er ekki rétt, því að á Búnaðarþingi 1966 lagði Ingimundur Ásgeirsson fram á Búnaðarþingi þá tillögu að selja skyldi hluta Bændahallarinnar. Tillagan fór til nefndar og átti ekki afturkvæmt þaðan.

BÆKUR BLÖÐ & MENNING

## Garðyrkjufélag Íslands gefur út 101. árgang Garðyrkjuritsins:

# Garðyrkjuritið hefur fylgt tíðarandanum

**Garðyrkjufélag Íslands var stofnað árið 1885 og fagnar 136 ára afmæli á þessu ári og er það með elstu félögum landsins. Helsti hvatamaður að stofnun félagsins var Hans Jakob George Schierbeck landlæknir og var hann formaður þess í átta ár. Schierbeck var einnig helsti hvatamaður að útgáfu Garðyrkjuritsins.**

Björk Þorleifsdóttir, ritstjóri Garðyrkjuritsins og verkefnastjóri fræðslu og miðlunar Grasagarðsins í Reykjavík, segir að fyrsta tölublað ritsins hafi komið út árið 1895. „Ritið kom út á hverju ári til 1901 og flutti margs konar fróðleik um ræktun og garðyrkju en mest um matjurtarækt. Eftir það var hlé á útgáfunni til 1920 þegar það fór að koma aftur út og og samfleytt til 1934 að tveimur árum undanteknum, 1926 og 1931, en þau ár fengu félagar í Garðyrkjufélaginu bækurnar Hvannir og Rósir eftir Einar Helgason í staðinn. Aftur varð hlé á útgáfu ritsins frá 1935 til 1937 en það hefur komið samfellt út síðan þá.“

Björk segir að þrátt fyrir að hún hafi einungis stýrt útgáfu tveggja tölublaða Garðyrkjuritsins sé starfið skemmtilegt og gefandi en á köflum stressandi líka, sérstaklega þegar líður að útgáfu og að það eru ekki allir búnir að skila greinum til birtingar.

„Ég var í ritnefnd í nokkur ár áður en ég varð ritstjóri og vissi því að hverju ég gekk.“



Björk Þorleifsdóttir, ritstjóri Garðyrkjuritsins og verkefnastjóri fræðslu og miðlunar Grasagarðsins í Reykjavík. Mynd / HKr.




Forsíða 101. tölublaðs Garðyrkjuritsins 2021. Myndin sýnir Polemonium kiushianum, sem er af ætt jakobsstiga en hefur ekki enn fengið íslenskt heiti.



Hans Jakob George Schierbeck, landlæknir og einn af stofnendum Garðyrkjufélags Íslands og frumkvöðull að útgáfu Garðyrkjuritsins. Lágmynd gerð af Helga Gíslasyni.

*Nauðsyn matjurtaræktar*

„Schierbeck landlæknir var áhugamaður um matjurtarækt og lagði mikla áherslu á að kenna fólki að rækta matjurtir, enda veitti ekki af þar sem skyrbjúgur og hörgulsjúkdómar voru algengir í landinu fyrr á tímum. Auk Schierbeck skrifuðu Árni Thorsteinsson landfógeti og Einar Helgason garðyrkjumaður og fleiri í fyrstu árgangana, sem hefur stundum verið kallað gamla garðyrkjuritið, auk þess sem þeir voru í stjórn félagsins.“

*Hluti af Búnaðarfélagi Íslands*

Í upphafi tuttugustu aldar varð Garðyrkjufélagið hluti af Búnaðarfélagi Íslands, eða eins og segir í Garðyrkjuritinu 1901:

„Fundi hefur lengi eigi verið á komið í Garðyrkjufélaginu og bíður hann úr þessu búnaðarþingsins í sumar, kemur þá til álita, hvort Garðyrkjufélagið eigi að halda áfram, sem sérstakt félag, eða renna inn í Búnaðarfélag Íslands, sem þá tæki að sér allar skyldur. Hins íslenzka garðyrkjufélags.“

Garðyrkjufélagið var endurreist sem sjálfstætt félag 1918 og hefur starfað sem slíkt síðan þá. Auk Garðyrkjuritsins hefur Garðyrkjufélagið staðið fyrir útgáfu bóka um gróðurhúsaræktun, skrúðgarðyrkju, matjurtarækt og sveppi.

*Fylgir tíðarandanum*

Björk segir að við skoðun sjáist að Garðyrkjuritið hefur fylgt tíðarandanum og umfang þess aukist.

„Fyrstu árin er mikið fjallað um matjurtir og þar mætt ákveðinni þörf og auk þess að gefa út ritið flutti það inn fræ og tæki og svo var farið um landið með fræ og fólki kennd matjurtarækt. Samkvæmt fundargerð félagsins frá 6. ágúst 1897 voru til dæmis gerðar tilraunir með „kálrapi í Berufirði, Eskifirði, Seyðisfirði, Vopnafirði og í Eyjafirði, en vegna íss, sem tálmaði för gufuskipsins í kringum landið í júní, hefði eigi getað orðið gjörð með það á Vestfjörðum, eins og til var ætlast.“

Í fyrstu árgöngunum er einnig talsvert um ræktun inni- eða stofublóma eins pottaplöntur voru kallaðar á þeim tíma. Fyrstu árgangarnir voru í litlu broti en það hefur stækkað og síðufjöldinn aukist.

Eftir að ritið fór að koma út aftur óx áhugi á ylrækt og ræktun í vermireitum. Það var fjallað um áburðargjöf og verkfæri en eftir því sem líður á tuttugustu öldina og í kjölfar aukins innflutninga á plöntum er farið að fjalla meira um skrúðgarða og skrautplöntur. Í fyrsta Garðyrkjuritinu eftir hrun, 2009, var umfjöllun um matjurtir og ræktun þeirra sérlega áberandi enda jókst áhugi almennings á matjurtaræktun gríðarlega í kjölfar hrunsins og það rit sýndi vel að Garðyrkjuritið er með puttann á púlsinum.

Sama er uppi núna á tímum COVID-19 þegar fólk kemst ekki til útlanda að skoða fallega garða; mér sýnist 101. tölublaðið bera keim af því og höfundar vera að fjalla um nærumhverfi sitt.

Ritið er með þykkara móti í ár, rúmlega 60 síður og með yfir 250 myndum, og mun stærra en það var í fyrra og greinilegt að fólki lá mikið á hjarta, og reyndar var það svo að þessu sinni að við fengum óvenju mikið af efni og eigum við nokkrar góðar greinar til góða fyrir næsta rit.“




Forsíður Garðyrkjuritsins gegnum árin.


Hið íslenzka Garðyrkjufjelag.

1895

Reykjavík
Prentað í Ísafoldarprentsmiðju
1895.

Forsíða fyrsta árgangs garðyrkjuritsins 1895.

*Öflugt áhugamannafélag*

„Garðyrkjufélagið er öflugt áhugamannafélag og innan þess eru starfandi klúbbar áhugafólks um til dæmis rósir, matjurtir og sígrænar plöntur svo dæmi séu nefnd og hvert um sig með virka starfsemi.

Nýlega voru öllu tölublöð Garðyrkjuritsins frá 1939 til 2014 gerð aðgengileg á heimasíðu félagsins, gardurinn.is, auk nokkurra annarra rita sem félagið hefur gefið út og er það mikill akkur fyrir allt áhugafólk um garðyrkju.

Frá upphafi hafa meðlimir í félaginu skrifað megnið af efninu í ritinu sjálfir og yfirleitt er um áhugafólk að ræða og svo eru auðvitað sérfræðingar inni á milli. Að sjálfsögðu eru sumir afkastameiri en aðrir og yfirleitt mikill eldmóður og ástríða í því sem höfundarnir eru að senda frá sér en hér er um fólk að ræða sem elskar að rækta,“ segir Björk Þorleifsdóttir, ritstjóri Garðyrkjuritsins.

/VH

Lely Center Ísland
GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL





Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Ingersoll Rand
LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

**Mjög hljóðlátar og einfaldar í viðhaldi.**

**Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.**

**Gerðu kröfur** - hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.




**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

# Afkomuvöktun sauðfjárræktar 2017–2019

**Eyjólfur Ingvi Bjarnason**
ráðunautur, Búfjárræktar- og þjónustusvið
eyjólfur@rml.is

**María Svanþrúður Jónsdóttir**
ráðunautur, Rekstrar- og þjónustusvið
msj@rml.is

**Undanfarin ár hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að söfnun og úrvinnslu rekstrargagna frá sauðfjárbúum. Gagnagrunnurinn telur nú alls gögn frá 100 sauðfjárbúum árið 2019 en síðasta sumar var gert átak í því að fjölga þátttökubúum.**

Í 15. tbl. Bændablaðsins árið 2020 var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum verkefnisins fyrir árið 2018 Í 3. og 4. tbl. Bændablaðsins árið 2019 var gerð grein fyrir niðurstöðum verkefnisins 2014-2017 en í þessari grein ætlum við að skoða niðurstöður fyrir 2019 og þróun lykiltalna yfir öll árin frá 2014.

Líkt og upplýsingarnar í töflu 1 gefa til kynna telur gagnasafnið núna tæp 14% af heildardilkakjötsframleiðslu ársins 2019. Landfræðilega dreifast búin þannig að á Vesturlandi eru 24 bú, Vestfjörðum 14 bú, Norðurlandi vestra 12 bú, Norðurlandi eystra 30 bú, Austurlandi 14 bú og Suðurlandi 6 bú.

Áhrif af afurðaverðslækkun áranna 2016 og 2017 sjást vel í töflu 2 og enn er talsvert í að afurðaverði ársins 2014 sé náð. Hins vegar sést einnig að ásetningshlutfall hefur lækkað samhliða hækkun opinberra greiðslna sem sýnir að búin í þessu verkefni hafa keypt nokkuð af greiðslumarki í upphafi árs 2019. Rekstrarkostnaður hefur hækkað líkt og framleiðslukostnaður dilkakjöts gefur til kynna. Það er þó enn talsverður munur á afkomu búanna sem taka þátt líkt og upplýsingar í töflu 3 sýna þegar munurinn á framlegð búa í efsta og neðsta þriðjung er borinn saman eftir árum.

Munurinn á framlegð búanna í efsta og neðsta þriðjungi hefur minnkað en verið nokkuð stöðugur síðustu þrjú ár, þ.e. á milli 9.000 og 10.000 krónur. Á meðalbúinu skv. töflu 1 sem hefur 500 kindur hefur bú í efsta þriðjungi 5 milljón krónum meira úr að moða til að greiða fastan kostnað, laun og borga af lánum en sambærilegt bú í neðsta þriðjungi.

Mynd 1 sýnir framleiðslukostnað þátttökubúa árið 2019 eftir reiknuðum afurðum og stærðarflokkun búa. Afurðameiri búin hafa lægri framleiðslukostnað reiknaðan á kíló en þau afurðaminni. Þegar búunum er skipt í þrjá stærðarflokka, þ.e. bú með færri en 400 kindur, 401-600 kindur og fleiri en 600 kindur. Þá er framleiðslukostnaður á stærstu búunum árið 2019, 1.028 kr/kg, á búunum með 401-600 kind er hann 1.149 kr/kg og á búum með færri en 400 kindur er hann 1.227 kr/kg.

Þegar framleiðslukostnaður er skoðaður eftir þriðjungum eru búin í efsta þriðjungi með lægsta kostnaðinn árið 2019 eða 983 kr/kg. Á búum í miðjunni er hann 1.149 kr/kg og í neðsta þriðjungi er hann 1.284 kr/kg.




## Gagnasafnið 2014-2019

*Tafla 1 – Lykiltölur gagnasafns eftir árum*

| Ár | Fjöldi búa | Hlutfall framleiðslu | Innlagt dilkakjöt kg/kind | Fjöldi áa/bú |
|---|---|---|---|---|
| 2014 | 56 | 7,10% | 22,2 | 505,4 |
| 2015 | 63 | 7,70% | 21,2 | 506,9 |
| 2016 | 64 | 7,90% | 22,4 | 512,3 |
| 2017 | 95 | 11,70% | 22,4 | 504,1 |
| 2018 | 99 | 12,70% | 22,9 | 513,8 |
| 2019 | 100 | 13,80% | 22,6 | 500,3 |



## Lykiltölur úr rekstrarbókhaldi

*Tafla 2 – Lykiltölur eftir árum – taka þarf tillit til fjölda búa sbr. töflu 1 við túlkun talna*

| | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ásetningshlutfall | 1,05 | 1,09 | 1,09 | 1,11 | 1,08 | 0,99 |
| Framleiðslukostnaður kr/kg | 1.097 | 1.123 | 1.055 | 1.018 | 1.032 | 1.133 |
| Afurðatekjur kr/kind | 14.947 | 14.088 | 13.376 | 9.779 | 10.215 | 11.575 |
| Opinberar greiðslur kr/kind | 11.678 | 11.668 | 11.835 | 13.397 | 12.513 | 14.340 |
| Framlegð kr/kind | 14.014 | 14.097 | 13.693 | 12.783 | 12.031 | 13.915 |
| EBITDA kr/kind | 8.081 | 8.287 | 7.807 | 7.155 | 6.023 | 7.436 |

*Tafla 3 – Þróun framlegðar pr kind 2014-2019*

| Ár | Efsti 1/3 | Neðsti 1/3 | Munur |
|---|---|---|---|
| 2014 | 20.276 | 7.891 | 12.385 |
| 2015 | 19.447 | 8.953 | 10.494 |
| 2016 | 17.825 | 9.631 | 8.194 |
| 2017 | 17.264 | 7.653 | 9.611 |
| 2018 | 16.899 | 7.402 | 9.497 |
| 2019 | 18.759 | 8.858 | 9.901 |





Líkt og mynd 1 sýnir er breytileikinn einnig mikill innan stærðarflokka þannig sóknarfærin eru jafnt hjá stærri búum og þeim sem minni eru.

### *Áframhald verkefnis*

Það eru víða tækifæri til að bæta reksturinn á hverju búi fyrir sig en engin ein lausn hentar öllum. Það er oft gott að bera sig saman við aðra og velta fyrir sér hvort hlutirnir þurfi að vera með þeim hætti sem þeir eru, ef dæmi sýna að önnur sambærileg bú ná betri árangri með minni tilkostnaði og meiri afurðum en manns eigið bú.

Liður í góðri bústjórn er að vanda utanumhald á öllum skráningum, hvort sem það er í skýrsluhaldi eða bókhaldi. Eftirtekt vakti við úrvinnslu bókhaldsgagna að sundurliðun þeirra var langbest hjá þeim bændum sem færa bókhaldið sitt að miklu leyti sjálfir og er hér tilefni til að hvetja bændur til dáða ásamt því að gera þá kröfu að bókhaldið nýtist þeim sem stýritæki í búrekstri, en ekki eingöngu til skila á gögnum til ríkisskattstjóra.

Með góðu liðsinni þróunarfjármuna búgreinanna skv. reglugerð um almennan stuðning við landbúnað höfum við fengið tækifæri til að halda þessu verkefni áfram. Sauðfjárbændur er enn og aftur boðið að ganga til liðs við okkur í þessu mikilvæga verkefni. Ávinningurinn af verkefninu er margvíslegur en fyrst og fremst er þetta eini gagnagrunnurinn sem gefur raunverulega mynd af afkomu sauðfjárbænda og jafnframt eini gagnagrunnurinn sem gefur bændum færi á að sjá hvernig þeir standa rekstrarlega í samanburði við aðra í sambærilegum rekstri. Verkefnið er bændum að kostnaðarlausu og framlag þróunarfjármuna gefur okkur færi á að borga þátttakendum fyrir gögnin sem við fáum til úrvinnslu.

Við bjóðum nýja þátttakendur velkomna um leið og við óskum þess að núverandi þátttakendur verði áfram með okkur í liði, það er afar þýðingarmikið að fá að halda samfellt utan um þróun í rekstri þátttökubúanna, bæði fyrir þá bændur og verkefnið í heild.

## Skýrsluhaldsgögnin 2019

*Tafla 4 – Munur á meðaltali skýrsluhaldsniðurstaða hjá þátttökubúum og búum í skýrsluhaldinu með fleiri en 200 skýrslufærðar ær*

| | Þátttökubú | Skýrsluhald 200 ær eða fleiri |
|---|---|---|
| Reiknuð kg fullorðnar ær | **29,8** | **27,8** |
| Fædd lömb fullorðnar | **1,92** | **1,83** |
| Til nytja fullorðnar | **1,76** | **1,66** |
| Reiknuð kg veturgamlar ær | **13,1** | **11,2** |
| Fædd lömb veturgamlar | **1,1** | **0,94** |
| Til nytja veturgamlar | **0,8** | **0,69** |
| Fallþungi | **16,6** | **16,9** |
| Gerð | **9,4** | **9,1** |
| Fita | **6,2** | **6,2** |

**MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA**

**Markaðsráð kindakjöts** auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn.

Markaðsráð kindakjöts annast vörslu fjármuna vegna verkefna sjóðsins á yfirstandandi ári og óskar eftir umsóknum í sjóðinn.

**Umsóknarfrestur er til 1. júní 2021.**

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra Markaðsráðs í netfanginu **haflidi@bondi.is**.

**Lely Center Ísland**

**HAUGHRÆRUR**



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

SAMFÉLAGSRÝNI

# Vitundarvakning um mikilvægi auðlinda

**Heimsbyggðin er að vakna til vitundar um auðlindir og æ fleiri gera sér grein fyrir þjóðhagslegu mikilvægi þeirra. Á Íslandi er umræðan snörp enda landið ríkt að auðlindum.**

Í aldanna rás hefur sjávarauðlindin reynst okkur drjúg en framan af sigldu útlenskir kútterar með arðinn úr landi. Þorskastríð voru háð, þjóðin stóð saman og hafði sigur. Í því ljósi eru ummæli Guðmundar Kærnested, eins þekktasta skipherra þorskastríðanna, eftirtektarverð. Hann kvaðst ekki hafa staðið í þessari baráttu hefði hann vitað hvernig staðan yrði nokkrum árum síðar og vísaði þá til úthlutunar kvóta.

Í stjórnarskrá Íslands frá 1944 er hvergi minnst á auðlindir. Margar tilraunir ríkisvaldsins til að ráða bót á því hafa farið út um þúfur með einni undantekningu. Eftir hrunið 2008 var ákveðið að færa endurskoðun stjórnarskrárinnar út fyrir veggi Alþingis. Fólkið í landinu gekk í verkið með þjóðfundi sem færði þjóðkjörnu stjórnlagaráði sín helstu áhersluatriði. Ráðið vann úr niðurstöðu þjóðfundar nýja stjórnarskrá sem Alþingi bar undir þjóðaratkvæði 2012 og lögðu 2/3 hlutar kjósenda blessun sína yfir hana.

*Auðlindaákvæðið byrjar svona:*

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar.

Þetta orðalag var samþykkt af 17 af hverjum 20 sem þátt tóku í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Eftir yfirferð sérstaks lögfræðingateymis á vegum Alþingis var auðlindaákvæðinu hins vegar breytt í eftirfarandi:

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar.

***Skýringar lögfræðingateymisins við ákvæðið eru á þessa leið:***

„Með ákvæðinu er ekki hróflað við þeim eignarréttindum sem þegar kunna að vera fyrir hendi að auðlindum og þeim heimildum eigenda sem slíkum eignarrétti fylgja.“

***Og nokkrum línum neðar:***

„Með ákvæðinu er ekki hróflað við þeim nýtingarleyfum eða óbeinu eignarréttindum sem þegar eru fyrir hendi.“

Þessar breytingar kollvarpa tillögu stjórnlagaráðs og þá um leið forskrift þjóðfundarins sem gekk einmitt út á að geta hróflað við núgildandi úthlutun aflaheimilda.

Breytingar lögfræðingateymisins færa þannig umráðaréttinn frá þjóðinni til útvegsmanna. Það er í hróplegri andstöðu við þann skýra vilja sem fram kom á þjóðfundinum 2010, í stjórnlagaráði 2011 og í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Næsta grein mun fjalla um hvers vegna Alþingi kýs að vanvirða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012.

***Lýður Árnason,***
*læknir og kvikmyndagerðarmaður*
***Ólafur Ólafsson,***
*fyrrv.landlæknir*
***Þorvaldur Gylfason,***
*hagfræðiprófessor*

# Náttúru og hlunnindum fórnað fyrir norska stóriðju?

**Saga laxveiða á stöng á Íslandi er löng og merkileg. Erlendir veiðimenn hófu að koma hingað til lands til að stunda laxveiðar á seinni hluta 19. aldar og eftir það var ekki aftur snúið. Óspillt náttúra, fallegar ár og villti laxinn sem kemur til baka á sínar heimaslóðir á hverju ári var það sem heillaði erlenda sem innlenda veiðimenn og gerir enn í dag. Nú eru þó blikur á lofti. Laxeldi í opnum sjókvíum stækkar á ógnarhraða og stefnt er að því að innan nokkurra ára verði ræktuð ríflega 100.000 tonn af frjóum norskum eldislaxi í íslenskum fjörðum. Það felur í sér tugi milljóna norskra eldislaxa í opnum sjókvíum en til viðmiðunar telur allur villti íslenski stofninn ekki nema um 80.000 laxa.**


Jón Magnús Sigurðarson.

Þessir 80.000 laxar eru þó gríðarlega mikilvægir fyrir íslenskt samfélag og íbúa í dreifðum byggðum landsins. Þær tekjur sem laxveiðin skapar gerir það að verkum að margir geta haldið út búi á jörðum sínum. Veiðirétturinn er leigður út, leigutakarnir selja hann áfram til veiðimanna og við þetta skapast störf fyrir leiðsögufólk, matreiðslufólk, þjónustufólk, bílstjóra og fleiri auk viðskipta við hina ýmsu birgja og þjónustuaðila víða um land.

Lesendur þessa blaðs eru meðvitaðir um þessa þætti. Ef haldið verður áfram að auka sjókvíaeldi á þann hátt sem nú er verið að gera mun það þó grafa undan þeim búskap sem hér er fjallað um. Í því samhengi má nefna tvö dæmi frá grönnum okkar í Noregi. Noregur er stærsti framleiðandi á eldislaxi í heimi en landið hefur ætíð verið þekkt fyrir sínar miklu laxveiðiár. Laxveiðiár sem rétt eins og á Íslandi skapa tekjur fyrir fólkið sem býr í nálægð við árnar og aðra sem þær heimsækja í atvinnuskyni.

***Drottningunni fórnað***

Laerdal áin hefur lengi verið þekkt sem ein af glæsilegustu og gjöfulustu laxveiðiám í Noregi. Þar er hún þekkt sem drottningin og Alta áin sem konungurinn. Áin hefur átt erfitt undanfarna áratugi vegna sníkjudýrs sem nefnist Gyrodactylus Salaris. Sníkjudýrið leggst á húð laxins og étur hann í raun lifandi. Hægt og rólega myndast sár sem getur svo á endanum orðið laxinum að bana. Sem betur fer tókst að losa laxinn í Laerdal við þetta sníkjudýr og var ánni lokað í nokkur ár til þess að gefa laxastofninum tækifæri á að jafna sig eftir að hafa gengist undir meðferð gegn sníkjudýrinu. Áin var opnuð á ný fyrir átta árum og má segja að hún væri komin aftur á strik. Nóg var af laxi og hann í góðum holdum og við góða heilsu. Best gekk árið 2016 og veiddist þá mikið af laxi og meðalþyngdin var hvorki meira né minna en 7,8 kg.

Gleðin entist þó ekki lengi. Nýr ógnvaldur var mættur á svæðið. Í firðinum hafði sjókvíaeldi aukist til muna, og það sem gerist þegar þéttleiki kvía og fjöldi laxa í kvíunum eykst, þá mætir annað sníkjudýr á svæðið. Það er hin margumtalaða laxalús. Laxalúsin er sníkjudýr sem hefur alltaf fylgt villtum laxi, en þó í litlu magni og er hún ekki hættuleg fisknum í villtri náttúru. Hún leggst á laxinn í hafi en drepst svo og dettur af honum þegar hann kemur í ferskvatn. Það sem er mikilvægt að hafa í huga er að nú eru ekki lengur nokkur hundruð eða þúsund laxar að synda í gegnum fjörðinn, heldur eru um 10 milljón eldislaxar í kvíum í firðinum. Það skapar þau skilyrði að lúsin getur fjölgað sér að því virðist endalaust vegna þrengsla í kvíunum.

Þegar villti laxinn í Laerdal fer til sjávar eftir að hafa eytt nokkrum árum í ánni sem seiði, þarf hann að synda í gegnum þetta lúsafár sem er nú komið sökum sjókvíaeldisins. Samkvæmt Hafrannsóknarstofnun Noregs eru örlög villta laxins í Laerdal því miður þau að megnið af seiðunum drepast á leiðinni út á haf sökum þeirra aðstæðna sem sjókvíaeldið og lúsin skapar. Dauðshlutfall seiðanna sveiflast á milli 40-80% á milli ára. Þar af leiðandi eru sárafáir villtir laxar sem snúa til baka í þessa fallegu á eftir að hafa lifað af ferðina yfir Atlantshafið. Þetta á einnig við um aðrar ár í hinum mikla Sognefirði. Að sama skapi á sjóbirtingurinn mjög erfitt uppdráttar á sömu slóðum. Sjóbirtingurinn lifir í firðinum allan ársins hring og er því undir stöðugum árásum frá lúsinni.

***Áþreifanlegur skaði***

Margar aðrar ár í Noregi eru einnig illa staddar af sambærilegum ástæðum. Sláandi dæmi er Vosso/Bolstad áin. Þessi merka á var áður fyrr þekkt fyrir að geyma einhverja stærstu laxa í heiminum. Laxar sem vógu 30 kg þóttu engin stórtíðindi og á hverju ári veiddust laxar um 25 kg og yfir. Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar tók fiskeldið að stækka á svæðinu og í dag er það svæðið í Noregi sem hefur mestan þéttleika kvía. Um 12% af heildaframleiðslu Norðmanna af eldislaxi kemur þaðan. Risalaxarnir í Vosso svo gott sem hurfu árið 1989 og hafa aldrei komið aftur. Þessi einstöku gen eru líklega horfin að eilífu. Reynt hefur verið að hjálpa ánni með ýmsum aðferðum en það hefur ekki gengið upp. Þeir laxar sem ganga í ána í dag eru færri og smærri.

Það að fáir laxar snúi til baka hefur ekki aðeins afleiðingar fyrir vistkerfið í ánni og firðinum heldur hefur það beinar afleiðingar fyrir fólkið sem býr í nánd við árnar. Ástandið á Laerdal ánni er nú orðið það slæmt að verið er að íhuga að loka henni aftur. Ef að ánni yrði lokað mun það fela í sér að samfélagið þar yrði af 25 milljónum norskra króna árlega. Það eru tæplega 400 milljónir íslenskra króna.

Það má því spyrja lesendur hvort þetta sé það sem við viljum fyrir íslenskar laxveiðiár, íslenska náttúru, villta laxinn og það fólk sem hefur tekjur af laxveiðum?

Ætla má að svarið við því sé nei og því er kominn tími til þess að íslenskir laxveiðibændur og eigendur veiðiréttar stígi upp og mótmæli sjókvíaeldi.

***Jón Magnús Sigurðarson***
*Höfundur er formaður veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár*







**VÉLABÁSINN**

# Nýr vel útbúinn Skoda Octavia




Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is


**Einn mest seldi fólksbíll landsins síðustu 15 ár er Skoda Octavia. Fyrir stuttu síðan prófaði ég nýjustu „Octaviuna“. Hægt er að fá sex mismunandi bíla á verði frá 5.190.000 upp í 6.190.000, en bíllinn sem ég prófaði var ódýrasti bíllinn, en með aðeins af aukabúnaði (tæplega 500.000 króna aukabúnaður í bílnum sem prófaður var).**



Skoda Octavia Limo e-Tec. Myndir HLJ

***Kraftmikil bensínvél með rafmagnshjálp***

Vélin er 1,5 lítra bensínvél sem á að skila 150 hestöflum plús rafmagnshjálparmótor sem hleðst inn á í akstri og þegar bíllinn keyrir létta keyrslu drepst á vélinni og rafmagnsmótorinn heldur hraðanum. Svolítið skrítið að keyra og allt í einu drepst á mótornum en bíllinn keyrir samt áfram með dautt á mótor.

Fyrst byrjaði ég að taka um 40 km í innanbæjarakstri og var eyðsla mín þá 8,2 lítrar á hundraðið. Næst var það langkeyrsla og eftir rúmlega 100 km sagði aksturstölvan að ég hefði verið að eyða 5,6 lítrum á hundraðið, en uppgefin eyðsla samkvæmt bæklingi er 5,3 miðað við blandaðan akstur. (Mjög sáttur, miðað við að mitt aksturslag var alls ekki neinn sparakstur).

***Mjög ánægður með hraðastillinn (Cruse Control)***

Að keyra bílinn er mjög gott, sætin góð og þægileg. Eitt það besta fannst mér vera brekkuaðstoðin (hill holder), en þegar maður stoppar og stígur á bremsuna þá fer brekkuaðstoðin á og fer ekki af fyrr en maður gefur í aftur, þá fara bremsurnar af (frábær hönnun á búnaði að mínu mati). Hraðastillirinn er það góður að hann nær að fylgja bílnum fyrir framan í mjög krappar beygjur og hringtorg, en sem dæmi þá stillti ég hraðastillinn á 90 eftir hringtorgið í Hveragerði og fylgdi bílnum fyrir framan alla leið að matsölustaðnum og bensínstöð AO við Sprengisand í Fossvogi.

Á þessari leið kom ég aldrei við bremsupedalann því hraðastillirinn sá algjörlega um aksturinn. Það var ekki fyrr en að ég beygði inn á Bústaðaveg að enginn bíll var fyrir framan til að fylgja að ég tók hraðastillinn af með því að stíga á bremsuna.



Svolítill sóði á afturendann.



Veit vel að maður á ekki að taka mynd á ferð, en hér er ég með hraðastillinn stilltan á 90 og bíllinn fylgir bílnum fyrir framan á hans ferð.



Stórt farangursrými og fullbúið varadekk er stór plús.




Þessi ljósatakki finnst mér gjörsamlega glórulaus.

***Bíllinn fullur af alls konar aukabúnaði***

Miðað við verð á bílnum þá hefði maður haldið að ekki væri mikið af auka- og tæknibúnaði í bílnum, en það er ekki svo, Skoda Octavia Limo e-Tec (mild hybrid) bíllinn sem var prófaður er hlaðinn öryggis- og aukabúnaði.

Akreinalesari, ABS og EBD hemlunardreifing, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, stöðugleikastýring, árekstrarvörn með neyðarhemlun, vegfarendaskynjari að framan (skynjar gangandi og hjólandi) og er með innbyggða neyðarhemlun. Þá er eitt sem ég hef ekki séð í nýjum fólksbíl, en það er slökkvitæki sem staðsett er undir farþegasæti frammi í bílnum.

Af þægindabúnaði er m.a. 230 V. tengi í farþegarými. Þráðlaus farsímahleðsla, hiti í stýri (3 mismunandi stillingar) og lyklalaust aðgengi. Bíllinn læsir sér ef lykill fer langt frá bíl og opnar bíl þegar lykillinn nálgast. Mikið stillanleg sæti eru í bílnum og góð loftræsting ásamt fleiru.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Lengd | 4.689 mm |
| Hæð | 1.468 mm |
| Breidd | 1.994 mm |

***Einn stór neikvæður og leiðinlegur takki í bílnum***

Fyrir mér er þessi bíll frábærlega hannaður, verðið gott og lítil eldsneytiseyðsla. Fullbúið varadekk í skottinu og farangursrýmið mjög stórt.

Að sitja í aftursætunum er gott, sæti þægileg og rými fyrir fætur mikið.

Miðað við hvað allt er gott við bílinn og gott að keyra bæði á malbiki og malarvegum þá var bara eitt atriði sem ég var mjög ósáttur við. Ljósatakkinn fyrir ökuljósin er takki sem þarf að ýta á, en ekki snúa eins og í flestum bílum. Þetta fannst mér og finnst gjörsamlega vonlaus útbúnaður. Maður gat ekki með nokkru móti vitað hvaða ljós voru á bílnum nema að fara út til að gá, eða vera þannig staðsettur að maður sæi í speglun af rúðu til að sjá hvort afturljós væru á bílnum. Nánari upplýsingar um bílinn má nálgast á vefslóðinni www.skoda.is.



Slökkvitæki undir farþegasætinu vinstra megin frammi í er stór öryggisplús.


Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Förum varlega í kringum tæki og tól




Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is


**Frá 1. nóvember 2013 byrjuðu þessir pistlar hér sem nefnast Öryggi – Heilsa – Umhverfi, reynt hefur verið að koma sem víðast við í efnisvali svo að þessir pistlar gagnist sem flestum. Í byrjun fannst mér erfitt að finna efni og efnisval, en með hjálp þeirra sem áttu erindi í Bændasamtökin voru þeir óvart fórnarlömb mín, óspart spurðir út í efnisval og annað sem mér þótti koma þessum pistlum við.**

Er það minnisstætt hvað ég spurði marga út í hvort það væri slökkvitæki á traktor hjá þeim. Eftir yfir 100 spurningar um það kom fyrsta já-svarið, en nú 7–8 árum seinna hef ég séð nokkrum sinnum slökkvitæki fast utan á traktor. Ég er samt enn að bíða eftir fregnum þess efnis að traktorsumboð taki af skarið og setji slökkvitæki í allar nýjar vélar frá þeim.

### *Leggjum traktorum alltaf þannig að ökuferð byrji á áframgír*

Traktorar og tækin sem notuð eru á þeim er algengasti slysavaldur á býlum, því þarf að umgangast dráttarvélar af skynsemi.

Kennum börnum að nálgast aldrei dráttarvél nema frá hlið, ekki aftan frá eða framan frá, en frá hlið er alltaf öruggasta leiðin.

Að leggja dráttarvél í lok vinnu eða aksturs skal alltaf reyna, ef það er mögulegt, að hún snúi þannig að þegar henni verður ekið næst fari hún beint áfram.

Samkvæmt rannsóknum eru 30% meiri líkur á að maður geri mistök eða lendi í óhappi ef maður byrjar ökuferð á að bakka ökutækinu (þetta á við um öll ökutæki).



Skil vel fólk sem er hrætt að mæta traktor með framtækin í þessari hæð.




Muna að leggja þannig að næsti fari beint áfram.

Almennt eru dráttarvélar stórar, þungar og fylgihlutir í kringum þær líka.

Slys við að festa tæki aftan á vél eða moksturstæki að framan hefur heldur verið að aukast þar sem menn eru að klemma sig og hrufla enda þung tæki og erfitt oft að tengja fyrir einn mann. Það sama á við um hjólbarða sem eru orðnir svo þungir að til að geta skipt um hjólbarða á dráttarvélum í dag þarf sérverkfæri og ekki ráðlegt að einn maður vinni þau verk.

### *Hraði ein helsta orsök slysa og tjóna traktora á Írlandi*

Flestar dráttarvélar eru með 40 km hámarkshraða (einstaka vélar komast hraðar og af því stafar viss hætta) og því varla hægt að telja sem hraðaksturstæki, en samt eru slys á þeim vegna hraða. Dráttarvél sem er á 40 km hraða er að meðaltali 28 metra að stoppa og sé eftirvagn svipað þungur og dráttarvélin tvöfaldast stöðvunarvegalengdin. Meðal stöðvunarvegalengd traktora með hlaðna vagna aftan í er samkvæmt prófunum á bilinu 48-58 metrar. Þessar tölur þarf að hafa í huga þegar ekið er á þjóðvegum innan um aðra umferð, en lítill léttur sportbíll á 90 km hraða er ekki nema 30–35 metra að stoppa á þurru malbiki.

Í Írlandi er töluvert mikið um slys hjá bændum vegna þess að þeir bremsa sig aftan á bíla sem eru með betri bremsur og einnig vanáætlaða bremsuvegalengd á traktornum þeirra.

### *Hræddur við traktorana sem hann mætti*

Vinur minn hringdi í mig fyrr í vetur „myndsímtal“, með skelfingarsvip á andlitinu sagði hann að hann væri á leiðinni úr Landeyjahöfn á flutningabíl og væri búinn að mæta fjórum dráttarvélum á leiðinni. Orð hans voru nokkurn veginn svona:

„Er búinn að mæta fjórum traktorum með moksturstæki að framan, en allir voru þeir með tækin í augnhæð vöru- og flutningabílstjóra.“

Ef þetta er rétt, sem ég ætla ekki að efa, þá er þessi akstursstíll eitthvað sem þarf að laga sem fyrst. Moksturstækin eiga að vera eins neðarlega og kostur er þegar ekið er eftir þjóðvegi. Helst aldrei hærra frá jörðu en u.þ.b. fet. Það hafa orðið of mörg mjög alvarleg slys út af því að ekið er með moksturstækin of hátt uppi. Förum varlega í kringum tæki og tól og stefnum öll á að fækka slysum enn frekar í framtíðinni.


Sérsniðin þjónusta
að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Bændablaðið
Kemur næst út
15. apríl


## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði





Bændablaðið
kemur næst út 15. apríl
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR






**Björgólfur og Agnes búa í Refsmýri og stunda sauðfjárrækt og skógrækt.**

**Býli:** Refsmýri.

**Staðsett í sveit:** Refsmýri er staðsett í Fellunum á Fljótsdalshéraði.

**Ábúendur:** Björgólfur Jónsson, Agnes Klara Ben Jónsdóttir, Hanna Dís Björgólfsdóttir og Glódís Tekla Björgólfsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við erum oftast þrjú í heimili en elsta dóttir Björgólfs kemur til okkar reglulega. Gæludýr, já þau eru nokkur. Fjórir Samoyed hundar, tvær Pomeranian tíkur svo tvær tíkur af tegundinni French Bulldog.

**Stærð jarðar?** Jörðin er frekar lítil sem er helsti ókostur hennar.

**Gerð bús?** Við erum í sauðfjárrækt og einnig erum við með skógrækt.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með 358 hausa og stefnum að því að fjölga á næstu árum vonandi í kringum 600 fjár.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Björgólfur er sjómaður og vinnur tvær vikur á sjó og tvær í „frí“ heima. Dagarnir eru misjafnir hvort sem hann er heima eða ekki. Ef hann er heima þá sér hann meira um búið þar sem Agnes fer í vinnu en hún vinnur vaktavinnu sem er skipulögð



þannig að það eru færri vaktir þegar Björgólfur er á sjó. Ef Björgólfur er ekki heima þá er Agnes að vinna á hjúkrunarheimili einnig svo það fer alveg eftir því hvort dagurinn byrji með morgunnvakt þar. Annars eru við með 1.000 fermetra fjárhús á taði sem er með 12 gjafagrindum svo stundum þarf aðeins að lyfta upp í gjafagrindunum eða gefa nýjar rúllur. Fjárhúsin eru fyrrum gróðurhús sem var í eigu Barra.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Agnes er ekki alveg að ná tengingu við liðléttinginn og getur ein rúlla tekið 2 sek. að komast í gjafagrindina og einnig meira en 40 mínútur, sem er virkilega þreytandi. Skemmtilegast er að mynda tenginguna við dýrin. Björgólfi finnst leiðinlegast þegar kemur að ormalyfjum og sprautuferlinu öllu og skemmtilegast daglega dundið. Glódísi finnst skemmtilegast að gefa Grímu sinni gras en Gríma er gemlingurinn hennar.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við keyptum jörðina haustið 2020 og markmið okkar er að ná upp meðalþyngdinni og fjölga vonandi hausunum með tímanum en í dag vantar alveg 100-200 fjár í húsin svo þau haldist betur frostlaus á veturna, höfum verið í vandræðum með vatnið í vetur í mesta frostinu. Einnig erum við með gömul hús á jörðinni sem er vel hægt að hafa 250-300 hausa í og eru í góðu standi.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum?** Við teljum að það þurfi að skoða betur kjötframleiðslu, það er alveg merkilegt hvað kjötið kostar í búðunum miðað við hvað bóndinn fær fyrir það í sláturhúsi.

Heimaslátrunarverkefnið er spennandi og á eftir að hjálpa okkur bændunum að koma okkar kjöti á framfæri, margir vilja fá að kaupa beint af býli en ekki í gegnum 2-3 eða 4 aðila.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Harðfiskur frá pabba Agnesar.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Saltkjöt, hakk og kjötsúpa borðast alltaf vel hjá okkur.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þar sem við höfum ekki verið lengi við bústörf þá eru þrátt fyrir það komin nokkur skemmtileg atvik. Við vorum nýlega flutt í Refsmýri og það skellur á leiðinda hret í september og var okkur sagt að það væri gott að hafa hliðið á túnunum opið ef þær skyldu mæta heim í veðrinu. Við stóðum úti á palli og töldum yfir 200 hausa í halarófu á leiðinni inn á túnin, kindurnar skiptu sér svo í brekkunni eða á veginum eftir því hvort við áttum þær eða ábúendur á næsta bæ. Þetta var virkilega sérstakt að fylgjast með. Agnesi leiddist reyndar ekkert þegar einn lambhrútur náði að stökkva með Björgólf hangandi á sér á fóðurganginum þannig að þeir enduðu í faðmlögum á gólfinu.

## MATARKRÓKURINN

# Jarðhnetu-hjúpaðar kjúklingabringur



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

**Jarðhnetu-brauðrasp gefur þessum kjúklingabringum dýrindis stökka áferð og heldur þeim mjúkum og safaríkum.**

**Hráefni**

- 1 msk. ólífuolía, plús meira fyrir bökunarplötu
- 3/4 bolli jarðhnetur
- 3 sneiðar hvítt samlokubrauð, rifið í litla bita
- salt (ath. salt af hnetum) og malaður pipar
- 2 stór egg
- 4 beinlausar, skinnlausar kjúklingabringur skornar í helminga
- 1 búnt aspas
- 1 msk. smjör
- 2 teskeiðar fínt rifinn sítrónubörkur

*Aðferð*

Hitið ofninn í 220 gráður. Takið bökunarplötu með álpappír, dreifið olíu létt yfir og setjið til hliðar. Í matvinnsluvél, „púlsið“ saman hnetum og brauði þangað til áferðin er orðin hæfilega gróf. Flytjið í miðlungsstóra skál; þeytið olíu, ½ tsk. salti og ¼ tsk. pipar saman.

Þeytið egg í stórri skál; kryddið ríkulega með salti og pipar. Bætið kjúklingi við og snúið yfir á hina hliðina. Takið einn bita í einu og setjið í hnetubrauðsmylsnuna, þrýstið varlega á kjúklinginn og flytjið yfir á bökunarplötu. Bakið þar til léttbrúnt og rétt eldað í gegn, um það bil 15 mínútur.

Á meðan kjúklingur er að bakast, eldið aspas í stórum potti af sjóðandi



saltvatni þar til hann er meyr, þrjár til fjórar mínútur, allt eftir þykkt.

Tæmið og færið yfir í skál ásamt smjöri og sítrónuberki, kryddið með salti og pipar. Berið kjúkling fram með aspas.

### Ristað grasker með pestó og mozzarella-osti

Bakið grasker með papriku og lauk og berið síðan fram í salati með basil-pestó og rjómakenndum mozzarella-osti og fullt af gleði.

**Hráefni**

- 1 lítið butternut grasker, klofið í helminga og skorið í 2 sentimetra þykkar sneiðar
- 3 tsk. ólífuolía
- 1 tsk. þurrkaður mulinn chilli
- 1 rauðlaukur, skorinn í þunna fleyga
- 2 rauðar paprikur, skornar í bita
- 50 g poki klettasalat
- Safi úr ½ sítrónu
- 125 g kúla mozzarella
- 4 msk. pestó úr dós eða heimalagað



*Aðferð*

Hitið ofninn í 220 gráður. Setjið graskerið á stóra bökunarplötu. Veltið upp úr 2 tsk. af olíunni, chilli og kryddi. Bakið í 15 mínútur.

Takið graskerið úr ofninum og snúið því við. Dreifið lauknum og paprikunni yfir og setjið aftur í ofninn í 25 mínútur til viðbótar, eða þar til grænmetið er orðið meyrt og hefur tekið á sig fallegan lit.

Veltið klettasalatinu upp úr afgangnum af olíu, sítrónusafa og smá pipar. Færið yfir á diskana, með graskerinu, lauknum og paprikunni ofan á. Rífið mozzarellaost yfir graskerið og látið aðeins bráðna.

Skreytið með pestói. Berið fram heitt.

### Kókos-karrí-kál

Þetta er einföld, fljótleg og mjög sveigjanleg. Veljið hráefnið eftir eigin smekk, eða bætið til dæmis við fennel eða papriku, jafnvel heitri papriku til að krydda það aðeins! Það er frábært með steiktum fiski.

**Hráefni**

- 1 msk. ólífuolía
- 2 msk. smjör



- 1 lítill gulur laukur, þunnur skorinn
- 1 bolli gulrætur
- 1 hvítlauksrif, hakkað
- 1 lítið höfuðkál, skorið
- ½ bolli ferskur rifinn kókos
- 2 msk. indverskt karríduft
- ¾ bolli kókosmjólk
- salt og pipar eftir smekk
- ¼ bolli teningur ferskur tómatur
- ¼ bolli saxaður grænn laukur
- ¼ bolli saxaður kóríander

*Aðferð*

Setjið stóra pönnu yfir háan hita. Hitið olíuna og smjörið þar til það er er sjóðandi heitt. Hrærið saman lauk, gulrót og hvítlauk þar til laukurinn byrjar að mýkjast, um það bil eftir eina mínútu. Bætið hvítkáli, kókoshnetu og karrídufti út í; hrærið í tvær mínútur í viðbót.

Lækkið hitann í miðlungs lágan; hellið kókosmjólkinni út í og kryddið eftir smekk með salti og pipar. Setjið lok á pönnuna og eldið að vild. Fyrir framreiðslu, stráið tómötum, vorlauk og kóríander yfir.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Litríkt púðaver

**Prjónað púðaver úr DROPS Paris. Prjónað í röndum, með garðaprjóni og snúningum.**



DROPS Design: Mynstur w-059-bn

**Stærð:** Þvermál af púðaverinu: ca 35 cm. Passar fyrir hringlaga kodda ca 40 cm að þvermáli.

**Garn:** DROPS PARIS (fæst í Handverkskúnst)

- Ljósblár nr 101: 50 g
- Fífill nr 14: 50 g
- Rjómahvítur nr 17: 50 g
- Apríkósa nr 01: 50 g
- Rauður nr 12: 50 g

**Prjónar:** Hringprjónn 60-80 cm nr 3 eða sú stærð sem þarf til að fá 20 lykkjur x 40 umferðir = 10x10 cm.

Hringlaga púði ca 40 cm að þvermáli.

**GARÐAPRJÓN** (prjónað fram og til baka):

Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

**Litaröð-1**:

Mynstureining 1 og 8: ljósblár

Mynstureining 2 og 6: fífill

Mynstureining 3 og 10: rjómahvítur

Mynstureining 4 og 7: apríkósa

Mynstureining 5 og 9: rauður

**Litaröð-2:**

Mynstureining 1 og 8: rjómahvítur

Mynstureining 2 og 6: rauður

Mynstureining 3 og 10: ljósblár

Mynstureining 4 og 7: apríkósa

Mynstureining 5 og 9: fífill

**PÚÐI - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:**

Stykkið er prjónað fram og til baka á hringprjón í 2 stykkjum sem síðan eru prjónuð saman í lokin. Prjónað er garðaprjón og styttar umferðir í mynstureiningum og gatamynstur er prjónað á milli hverra mynstureininga.

**PÚÐAVER:** Fitjið upp 35 lykkjur á hringprjón nr 3 með ljósbláum. Prjónið garðaprjón og litaröð-1 – sjá útskýringu að ofan, JAFNFRAMT eru prjónaðar styttar umferðir (1. umferð = rétta): Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir, prjónið 2 lykkjur slétt saman (passið að prjóna þær ekki laust), snúið við og prjónið slétt til baka. Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir, prjónið 2 lykkjur slétt saman, snúið við og prjónið til baka. Prjónið þar til 4 lykkjur eru eftir, prjónið 2 lykkjur slétt saman, snúið við og prjónið til baka. Prjónið þar til 5 lykkjur eru eftir, prjónið 2 lykkjur slétt saman, snúið við og prjónið til baka. Haldið svona áfram þar til prjónaðar hafa verið 34 umferðir garðaprjón og prjónað hefur verið einni lykkju færri í hvert skipti sem snúið er við. Nú er 1 lykkja á prjóni. Næsta umferð er prjónuð yfir allar lykkjur þannig: 1 lykkja slétt, sláið uppá prjóninn, *1 lykkja slétt (lykkja sem áður var prjónuð 2 slétt saman), sláið uppá prjóninn*, prjónið frá *-* endið á 1 lykkja slétt = 35 lykkjur á prjóninum. Snúið við og prjónið til baka. ATH! uppáslátturinn er prjónaður slétt í þessari umferð, það eiga að myndast göt. Fyrsta mynstureiningin af púðaverinu hefur nú verið prjónuð. Prjónið næstu mynstureiningu eins og kemur fram að ofan, þar til prjónaðar hafa verið 10 mynstureiningar. Fellið laust af.

Prjónið annað stykki alveg eins, nema nú eru prjónað eftir litaröð-2.

**FRÁGANGUR:** Saumið með þræði í gegnum allar kantlykkjurnar í miðju og dragið saman, festið þráðinn vel. Saumið saman uppfitjunarkantinn og affellingarkantinn. Endurtakið á hinu stykkinu. Saumið bæði stykkin saman í ystu lykkjubogana/umferð – passið uppá að gengið sé frá púðaverinu þannig rendur í sama lit séu á móti hverri annarri. Skiljið eftir ca 3 mynstureiningar til að setja koddann í áður en opið er saumað saman.

*Prjónakveðja,*

*mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*







Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 2 | | 1 | | 6 |
| 1 | | 8 | | | | 5 | | |
| | 9 | | 6 | | | | | |
| | | | | | 5 | 6 | | |
| 7 | | | | | | 8 | | 1 |
| | | | 7 | 6 | | | | |
| | 8 | | | 1 | | 3 | | 5 |
| | | | | | 3 | 2 | | 8 |
| 4 | | | | | | | | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | | 2 | 8 | 9 | |
| | 8 | | 6 | | 5 | | | |
| 9 | | | | | | | 5 | |
| | | | 2 | | | | 8 | |
| | | | | 6 | | 7 | | 1 |
| | 9 | 1 | 5 | 3 | | | 6 | |
| | | | | | | | | |
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | | 3 | | 2 | 4 | 9 | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | | 6 |
| | 9 | | | | | 4 | | |
| 8 | | | | | 1 | | 7 | |
| 9 | | | | 7 | | 2 | | |
| | | | 4 | 3 | 8 | | | |
| | | 7 | | 6 | | | | 4 |
| | 2 | | 5 | | | | | 9 |
| | | 3 | | | | | 5 | |
| 5 | | | | | 3 | 1 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | 5 | | | | 8 |
| | | | 4 | | 3 | | | 7 |
| | | | 8 | | | | | |
| | 2 | | | | | 3 | 1 | |
| 3 | | | | 6 | | | | 4 |
| | 9 | 4 | | | | | 8 | |
| | | | | | 9 | | | |
| 4 | | | 6 | | 1 | | | |
| 6 | | | | 8 | | | 2 | 1 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Borða páskaegg, fara á skíði og í sund

**Jónas er stundvís og glaður stærðfræðisnillingur sem á heima í Kópavogi, með pabba, mömmu, stóru systur og veiðihundinum Gauju.**

Hann æfir fótbolta með Breiðablik og þykir gaman að spila tölvuleiki. Jónas elskar ís og góðan mat.

**Nafn:** Jónas Guðjónsson.

**Aldur:** 9 ára.

**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Búseta:** Í vesturbæ Kópavogs.

**Skóli:** Kársnesskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Stærðfræði og íþróttir eru skemmtilegastar.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Ljón.

**Uppáhaldsmatur:** Píta.

**Uppáhaldshljómsveit:** Daði og gagnamagnið.

**Uppáhaldskvikmynd:** Avengers, Infinity War.



**Fyrsta minning þín?** Þegar ég fékk lest í jólagjöf.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta með Breiðabliki, ég hef líka prófað frjálsar íþróttir og það var mjög gaman, en mig langar til að prófa handbolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Húsasmiður eins og pabbi minn.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Hoppa niður af bílskúrsþaki, ég ætla ekki að gera það aftur.

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt um páskana?** Ég ætla að borða páskaegg, fara á skíði og í sund.

**Næst »** Ég skora á vinkonu mína, Heiðrúnu Önnu Kristinsdóttur, að svara næst.

BÆKUR BLÖÐ & MENNING

## Ljóðasafn Hjálmars Freysteinssonar:

# Þar sem Frelsarinn ber út Moggann!

**Í maí næstkomandi verður gefið út úrval ljóða og lausavísna eftir Hjálmar Freysteinsson. Hann fæddist 18. maí 1943 á Vagnbrekku í Mývatnssveit og lést 6. febrúar 2020 og starfaði sem heimilislæknir, lengst af á Akureyri.**

Hjálmar var landsþekktur fyrir snjallar vísur. Hann var allra manna fundvísastur á þær hliðar á málum sem vöktu kátínu, gat alltaf séð það spaugilega, aldrei rætinn eða klúr, bara skemmtilegur.

Það er Bókaútgáfan Hólar sem gefa mun bókina út, en Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Höskuldur Þráinsson munu búa hana til prentunar. Í bókinni, sem áætlað er að verði um 200 blaðsíður, verður Tabula Memorialis og þar verða nöfn þeirra sem vilja votta lækninum og hagyrðingnum, Hjálmari Freysteinssyni, virðingu sína, skráð (nema viðkomandi kjósi ekki nafnbirtingu), en forkaupsverð hennar verður kr. 6.980- (innifalið er bæði sendingargjald og virðisaukaskattur). Áhugasamir kaupendur eru beðnir að senda nafn sitt, heimilisfang og kennitölu á netfangið holar@holabok.is (eða hringja í síma 692-8508 eftir klukkan 16 á daginn).

Hér á eftir eru nokkrar af vísum Hjálmars:

**Jarðrask**

*Hótel gera okkur harla rík*
*háum skila arði,*
*en ekki vildi ég vera lík*
*í Víkurkirkjugarði.*



Hjálmar Freysteinsson.

**Harður vetur**

*Ofan gefur snjó á snjó*
*snasir allar frjósa.*
*Eins mig fýsir alltaf þó*
*aftur að fara að kjósa.*

Nú er í tísku að segja „á Mývatni“ í staðinn fyrir í Mývatnssveit. Það fór örlítið í taugarnar á Hjálmari og þegar Morgunblaðið auglýsti starf blaðbera „á Mývatni“sá hann strax að aðeins einn kæmi til greina. Um það orti hann:

*Mývatn löngum mesti*
*merkisstaður var*
*Jesú bróðir besti*
*ber út Moggann þar!*



Vexti plantna er stjórnað af hormón sem kallast auxin. Hormónin stjórna efnabreytingum í plöntum og það eru þær sem stjórna því að blöðin vaxa í áttina að birtu en ræturnar leita niður á við.

## Rannsóknir í grasafræði:

# Hvernig vita plöntur hvað snýr upp og niður?

**Vöxtur plantna er í grófum dráttum í tvær áttir. Í átt að ljósi til að nýta ljósið til tillífunar og í átt að miðju jarðar eða niður á við. Hópur grasafræðinga við Háskólann í München ásamt fleiri vísindamönnum hafa undanfarið unnið að rannsóknum á þessum vexti og hvað stjórnar honum.**

Allir sem hafa fylgst með vexti plantna, hvort sem það er í náttúrunni eða í eldhúsglugganum, vita að blöðin leita í áttina að birtu hvort sem hún kemur frá sólinni eða rafmagnsperu. Ástæða þessa er að í blöðunum eru grænukorn sem nýta birtuna til að planta geti vaxið og dafnað. Á svipaðan hátt leita rætur plantna niður á við og sækja vatn og nauðsynleg næringarefni í jarðveginn.

Vextinum er stjórnað af hormón sem kallast auxin. Hormónin stjórna efnabreytingum í plöntum og það eru þær sem stjórna því að blöðin vaxa í áttina að birtu en ræturnar leita niður á við.

Fyrrgreindir vísindamenn hafa undanfarið verið að skoða þessi auxin og hvernig þau fara að því að beina vextinum í ákveðna átt. Rannsóknin hefur meðal annars beinst að því að kanna áhrif efnisins Naptalan, Napthylphphthalic acid, á getu auxin til að stjórna vextinum. NPA hefur verið notað sem illgresiseitur bæði í löndum Evrópusambandsins og í Bandaríkjum Norður-Ameríku fyrir tvíkímblöðunga.

Dr. Ulrich Hammes, sem er í forsvari fyrir rannsóknarinnar, segir að NPA geti verulega dregið úr vexti plantna með því að hamla virkni auxina og að þannig megi nota það til að draga úr vexti illgresis sé það rétt notað. Hammes segir að rannsóknir af þessu tagi séu rétt skref í áttina að betri notkun á varnarefnum og aukinni landnýtingu í landbúnaði og öruggari matvælaframleiðslu.

/VH

# Heysjúkdómar á Íslandi

## – Afar fróðlegar greinar í Læknablaðinu

**Heysjúkdómar virðast hafa fylgt landbúnaði á Íslandi allt frá landnámi. Í öðru og þriðja tölublaði Læknablaðsins á þessu ári má finna afar fróðlegar greinar um þessa sjúkdóma og heyöflun í gegnum tíðina.**

Fyrri greinin heitir „Um heysjúkdóma á Íslandi“. Undirtitill er „Heyöflun og eldri heimildir um heysjúkdóma“. Höfundar eru Davíð Gíslason, Tryggvi Ásmundsson og Einar Gunnar Pétursson. Davíð er sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum og yfirlæknir á Landspítalanum í Fossvogi. Hann starfar einnig sem klínískur dósent við læknadeild Háskóla Íslands. Einar er rannsóknarprófessor emeritus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tryggva Ásmundsson, læknir emeritus.

Seinni greinin heitir „Heysjúkdómar á Íslandi“. Undirtitill er II. Sjúkdómavaldar í heyi og rannsóknir á Íslandi. Höfundar eru Davíð Gíslason, Tryggvi Ásmundsson og Þórarinn Gíslason.

Benda höfundar á að aðstæður til heyöflunar hafi verið betri á fyrstu öldum eftir landnám en seinna varð, þegar veðurfar kólnaði og landgæði versnuðu.

### *Langur aðdragandi*

Davíð segir í erindi til Bændablaðsins að aðdragandi að samningu þessara greina sé orðinn langur.

„Það var haustið 1978 að Örn Elíasson lungnalæknir var aðstoðarlæknir á Vífilsstöðum og ræddum við þá um það hversu heysjúkdómar væru algengir á Íslandi. Ég benti honum á að Jón Steingrímsson eldklerkur hefði verið illa haldinn af astma meðan hann bjó á Felli í Mýrdal og að Þórbergur Þórðarson hefði haft slæman áreynsluastma í æsku austur í Suðursveit. Það væri fróðlegt að vita hvort ekki fyndust einhverjar gamlar heimildir um heysjúkdóma. Örn brást skjótt við og með aðstoð kunnáttumanna á Landsbókasafninu og Orðabók háskólans fann hann mjög áhugaverðar heimildir, sem hann birti í Læknablaðinu og einnig á erlendum vettvangi.

Ég hef oftar en einu sinni heyrt erindi á erlendum læknaráðstefnum þar sem þess var getið að Sveinn Pálsson hafi löngu fyrir daga Campells (skrifaði um heysjúkdóma 1932) skrifað um heysjúkdóma, og var þar vitnað í skrif Arnar. Í fyrri grein okkar um heysjúkdóma drögum við fram miklu eldri heimildir um heysjúkdóma en í greinum Arnar, og nýtum þar þekkingu Einars Gunnars Péturssonar, sem er doktor og prófessor í miðaldafræðum. Einnig leituðum við í Heilbrigðisskýrslur, sem geyma margskonar fróðleik um heilsufar og ástand þjóðarinnar.“

Fyrri hluti fyrri greinarinnar fjallar um heyöflun og geymslu á heyi yfir vetrartímann, en seinni hlutinn um eldri heimildir um heysjúkdóma. Í greininni segir að líklega hafi heyöflun á Íslandi farið fram með svipuðum hætti alveg frá landnámsöld og fram á 20. öldina. Tíðarfari til heyskapar hefur alla tíð getað brugðið til beggja vona og bændur hafa verið misjafnlega atorkusamir við heyskapinn. Strax fyrir landnám er þess getið að Flóki Vilgerðarson gleymdi að afla heyja vestur í Vatnsfirði og fékk svo á sig harðan vetur svo allur kvikfénaður hans drapst.

### *Fyrstu heimildir um heysjúkdóma eru frá því snemma á 17. öld*

Fyrstu heimildir sem greinahöfundar fundu og vísa til heysjúkdóma er í óprentaðri lækningabók séra Odds Oddssonar á Reynivöllum í Kjós, sem talin er skrifuð snemma á 17. öld og varðveitt er í handriti. Þar kemur fyrir orðið heysótt næst á eftir orðinu lungnasótt. Í lækningabók sem Hannes Gunnlaugsson skrifaði um 1670 stendur:

„Við hriðjum, heysótt, berl(ings) hósta, brjósterf(iði), voghræki og stuttum andadrætti, tak brennisteinsblómstur, anis, sykur, gjör þar af smákringlur og iðka kvölds og morgna.“

Næsta víst er að fleiri dæmi um orðið finnist í lækningabókum í handritum frá síðari öldum.

Á síðasta hluta 17. aldar, eða frá 1681 til dauðadags 1695, vann maður að nafni Guðmundur Ólafsson að orðabók fyrir Svía sem varðveitt er í handriti. Þar er dæmi um orðið heysótt og þýtt sem „morbus“.

Orðið heysótt kemur einnig fyrir í kvæðinu Einbúavísur eftir Benedikt Jónsson í Bjarnanesi (um 1664-1744) og er 21. erindi svohljóðandi:

*Kýrnar bind á klafann eg,*
*klára fjós og brynni,*
*læt í meisa, mjólka, géf,*
*mæddur af heysóttinni.*

Setningin „mæddur af heysóttinni“ kemur auk þess fyrir í orðabókum frá svipuðum tíma. Þannig var eftirfarandi skrifað í orðabók um 1730-40:

„Heysótt kallast einnig slæmska með lystarleysi, sem þeir fá stundum, sem á vetrum leysa saman þjappað hey í heygarði með heynál eða heykrók.“

Í lok 18. aldar skrifar Jón Pétursson furðu greinargóða lýsingu á heysjúkdómum og segir þar: „Því verður ekki neitað að heysótt illa um hirt, eða lengi forsómuð, verður margra manna bani hér á landi.“ Jón Finsen getur þess í doktorsritgerð sinni 1874 að einkenni heysjúkdóma séu annars eðlis en frjónæmi (hay fever), sem þá hafði nýlega verið skilgreint.



Einar Sigvaldi Sigurjónsson, bóndi í Firði á Seyðisfirði, að slá sín tún. Eyjólfur Jónsson tók myndina um 1940. Mynd / Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Árið 1870 skrifar landlæknir leiðbeiningar fyrir bændur um það hvernig draga megi úr hættu af heysjúkdómum með því að binda þunnan klút fyrir andlitið þegar hey er leyst úr stæðum.

Í skýrslum héraðslækna, sem ná frá árinu 1891, er varla minnst á heysjúkdóma fyrr en 1935 en eftir það er þeirra alloft getið og einstaka læknar gefa þeim töluvert pláss í skýrslum sínum og hvetja til þess að þeir séu rannsakaðir. Í skrifum sem sagt er frá í þessari grein er ekki minnst á einkenni IgE-miðlaðs ofnæmis í nefi og augum, sem þó voru algengustu einkennin tengd vinnu í heyryki þegar þessir sjúkdómar voru rannsakaðir á árunum eftir 1980.

### *Rannsóknir á heyi og heysjúkdómum*

Seinni greinin fjallar um rannsóknir á heyi og heysjúkdómum frá því landlæknir, Ólafur Ólafsson, myndaði rannsóknarhóp í þessu augnamiði árið 1980 að beiðni Stéttarsambands bænda. Allmargar greinar hafa birst um þessar rannsóknir og skyldar rannsóknir, og hafa þær birst í ýmsum tímaritum, íslenskum og erlendum, og því eru það afar fáir sem hafa nokkra heildaryfirsýn yfir það sem gert var á vegum hópsins.

Davíð segir að greinin sé skrifuð til að draga saman á einn stað helstu niðurstöður þessara rannsókna, og má líta á hana sem beint framhald af fyrri greininni. Með því er lokið því verki sem hófst að frumkvæði Ólafs Ólafssonar fyrir 40 árum, eða kannski enn frekar með skrifum Sveins Pálssonar fyrir 230 árum. Þá segir Davíð:

„Nú hafa orðið gagngerar breytingar á búskaparháttum varðandi heyöflun og geymslu á heyi og vafalítið eru þeir sjúkdómar sem við fjöllum um orðnir miklu sjaldgæfari en áður var. Þannig voru þessar rannsóknir framkvæmdar á síðustu stundu og báðar greinarnar orðnar að sagfræði. Eigi að síður mun þekkingin sem safnað var nýtast í framtíðinni.“

Greinarnar í Læknablaðinu eru mjög fróðlegar og prýddar gömlum myndum sem varðveittar eru í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. /HKr.




Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321




CYLTECH
TJAKKALAUSNIR
Cyltech tjakkalausnir er framsækið þjónustu-verkstæði sem býður upp á sérhæfða þjónustu er tengist viðgerðum og nýsmíði á glussa- og lofttjökkum.
**Mikið magn varahluta til á lager.**
Bjóðum einnig upp á almenna renni- og stálsmíði.
Frekari upplýsingar á **Cyltech.is** eða **895-2920**

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Nýtt 34 m² hús klárt til flutnings. 70 mm bjálki með tvöfaldri nót. Eitt svefnherbergi, salerni og stórt alrými. Raflagnir klárar og gólfefni komið. Teikningar fylgja með. Uppl. í síma 892-1882.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - sími 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf., sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum-búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, sími 892-4163, netfang: hak@hak.is



Brettagafflar með Euro-festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 - hak@hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 - hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragafla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - sími 892-4163.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1" , 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. Sími 892-4163, hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.

AS MOTOR



ILLGRESISBURSTI
AS 30 WeedHex 140
Bursti 35 cm, 700 m2/klst,
Mótor 2,1 kW (2,8 hp)



SLÁTTUVÉL
AS 510 ProClip 4T A
Breidd 51 cm, 2300 m2/klst,
Mótor 3,2 kW (4,3 hp)



RUDDASLÁTTUVÉL
AS 63 4T B&S
Breidd 61 cm, 2300 m2/klst,
Mótor 3,7 kW (5,1 hp)



SLÁTTUTRAKTOR
AS 920 Sherpa 2WD
Breidd 90 cm, 9450 m2/klst,
Mótor 16,5 kW (22,4 hp)
Drif á afturhjólum



SLÁTTUTRAKTOR
Með fjarstýringu og 4WD
AS 940 Sherpa 4WD RC
Breidd 90 cm, 6000 m2/klst,
Mótor 16,5 kW (22,4 hp)



SLÁTTUTRAKTOR
AS 1040 YAK 4WD
Breidd 100 cm, 6800 m2/klst,
Mótor 15,5 kW (21,1 hp)

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

# TIL SÖLU

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband.

**S: 5905100**
**sala@klettur.is**



**KOMATSU PC210**

**Árgerð:** 2010
**Notuð:** 8.335 vst
Ný vökvadæla, hraðtengi, 1 skófla
**Verð:** 8.500.000 + vsk



**CAT 305C**

**Árgerð:** 2007
Engcon rototilt og 3 skólfur, vinnuþyngd uþb. 5300 kg, gúmmíbelti
**Verð:** 4.950.000 + vsk



**SCANIA R500**

**Árgerð:** 2006
**6x4**, glussakerfi fyrir sideloader, keyrður 515.000 km, 500 hestöfl
**Verð:** 2.700.000 kr. + vsk



**CAT 444F**

**Árgerð:** 2014
**Notuð:** 4.800 vst
engcon rototilt, 2 skóflur
**Verð:** 11.200.000 + vsk



**CAT M313C**

**Árgerð:** 2005
**Notuð:** 9.900 vst
engcon rototilt, 2 skóflur
2 dekkjagangar
**Verð:** 4.800.000 + vsk

KLETTUR




Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðlléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kerra fyrir tvö mótorhjól eða fjórhjól. Heildarburður 750 kg. Krossviðsbotn. Nefhjól og ljósabúnaður. Rampur fylgir. Sturtanleg. Til á lager. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. hak@hak.is




Við bjóðum 5% AFSLÁTT af öllum dráttarbeislum og rafkerfi. Bjóðum upp á ísetningu á góðu verði. Uppl. í síma 837-7750, www.bilxtra.is



Sturtukerra 4m x 2m, GVW 3500kg, með römpum, hægt að taka skjólborð af, galvaníseruð, sturtar á 3 vegu. Verð 1.300.000. Uppl. í síma 837-7750, info@bilxtra.is



Bilxtra BD7530UT, DMC: 750 kg, In. mál: 304 x 150 x 35 cm, Eigin. þ: 290 kg, 13"dekk, Verð: 385.000. Uppl. í síma 837-7750. Skoðaðu úrvalið á www.bilxtra.is



Bilxtra BD7530YU kerra. Örugg og einstaklega góð í drætti. 750 kg, In. mál: 304 x 150 x 35 cm, með sturtu möguleikanum, Verð 330.000. Uppl. í síma 837-7750.



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro-festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. Sími 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Diesel-hitari 12v blásari og kerti 5000w, eyðir o,28 l á klukkustund, 5l tankur innbyggður. Tveggja ára ábyrgð. Allir varahlutir. verð: 48.990.- með aukahlutum. Fjarlestur ehf. Uppl. í síma 662-1444.



River bátarnir frá Noregi eru að koma til landsins í stærðum frá 2,9 m til 4,6 m. Forsölutilboð í mars. Bátaþjónustan ehf. Lynghálsi 3 (bakatil), 110 Reykjavik. www.batathjonustan.is, info@batathjonustan.is, uppl. í síma 615-2030.



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrárri dufthúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. + vsk. Hákonarson ehf. Hafið samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. + vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163. hak@hak - www.hak.is



Þarft þú að steypa? Við seljum evrópskar steypuhrærivélar í sérflokki. Margar týpur, stórar sem litlar. Honda bensínvélar, dísel Lombardini/cohler vélar eða rafmagnsmótorar, framleiddar á Ítalíu. Stórar bensínsteypuhrærivélar með 300 lítra mix-hæfni til á lager. Uppl. í síma 858-4755 og á www.partis.is



Til sölu 17 kva diesel-rafstöð 230/400 vac þriggja fasa. Er mjög færanleg í hljóðeinangruðu húsi. Staðgr. 800.000, ekki virðisauki. Gangtími 2800 klst. Janmar diesel-mótor. Nánar uppl. í síma 892-2190.



Extra löng kerra, 5 mx 1,25m, DMC 750 kg, galvaníseruð. Ljósabretti færanlegt um 1 m framlengingu. Verð 350.000 kr. Uppl. í síma 837-7750 eða á info@bilxtra.is




Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Uppl. í síma 527-2600.



Liebherr byggingakrani til sölu Liebherr 20 SE, árgerð 1995, AB-0378. Verð kr. 1.800.000. Uppl. í síma 896-8977.



Notaðar trésmíðavélar til sölu. Kantlímingarvél, CNC stýrður yfirborðsfræs, og plötusög. Tilboð óskast. Nánari uppl. hjá einar@pon.is



Hafsport býður upp á harðplastbáta Kontra 350-450. Flottir plastbátar, stöðugir, ósökkvandi og sterkir sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Koma í ýmsum útfærslum. Uppl. á valdi@hafsport.is eða í síma 620-5544, www.hafsport.is



Cummins rafstöð 28kVa – 22kW. Afhendist lokuð með hljóðeinangrun. Til á lager. Uppl. í síma 544-4656 eða á sala@mhg.is, www.mhg.is



Tvöfaldur ísskápur með klakavél og vatni, frá General Electric. Hann er 7 ára og er í góðu lagi. Hann er staðsettur í Borgarnesi. Verðhugmynd 60.000 kr. Uppl. í síma 847-1867.



Hitakútur 200L. um 7-8 ára, verð; 50.000,-. Hitatúpa 6kw. árg. 2008 kr. 80.000 Einnig dæla og þenslukútur. Nánari uppl. í síma 893-2621.



Husqvarna P520D með húsi. Til á lager. Uppl. í síma 544-4656 eða á sala@mhg.is, www.mhg.is



Innlestrarborð, Digitizer Drawing-Board VI CTCO CalCamp. Uppl. í síma 864-1665.



Plöntukassar til sölu. Fallegir og sterkir kassar. Smíðaðir úr lerki. Flottir á pallinn eða stéttina. Uppl. á Facebook-síðunni Pallaprýði.



Kæru bændur. Við sjáum um hestinn, þið sjáið um hnakkinn. Við skulum hleypa á skeið! XM



Úrval af tækjum fyrir skógarbóndann; kurlarar litlir og stórir, viðarkljúfar, stubbatætarar, jarðtætarar, skógarklippur og þessi tveggja tonna sturtuvagn sem kostar kr. 395.000 + vsk. Skoðaðu blaðið á www.hardskafi.is – Uppl. í síma 896-5486.




Til sölu hjólastóll. Til sölu D09 rafmagnshjólastóll. Þessi hentar öllum þeim sem eiga erfitt með gang, það er ekkert mál að ferðast á honum niður Laugaveg og til baka eða bara í Byko, Bónus, Hörpu, eða hvert sem er. Það fer ekkert fyrir honum og þú ferð auðveldlega inn um allar lyftur, Þessi stóll veitir manni mikið frelsi. Betri upplýsingar á https://alltfalt.is/?product=til-solu-rafmagnshjolastol, Ég á einn á lager, svartan.




Sólarsellur á tilboði. Allir fylgihlutir á lager Verð frá kr. 23.900.- Ásetning á sólarsellum. Bílar og hjólhýsi ehf. Verslun – Verkstæði. Uppl. í síma 783-8200 og á www.bilaroghjolhysi.is



Góð trilla til sölu sem er tilbúin á strandveiðar. Uppl. í síma 894-9130.



Dodge Ram 2500 Quad, 4x4, dísel, árg. ´06, ek 326 þ. Verð; 2.4 m. Uppl. í síma 894-8620.



Scania 420, árg. ´06, ek 330 þ. Verð 2.5 m + vsk. Vagninn árg.´17. Verð 3 m + vsk. Uppl. í síma 894-8620.




Ford F350 King Ranch, árg. ´08, ek. 240 þ. Vel útbúinn. Verð 2,4 m. Uppl. í síma 894-8620.



OK RH 8, árg. ´03. Hraðtengi. Verð 2 m + vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Toyota Hilux, árg. 2018, ek 50 þ. Verð 4.2 m + vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Scania r560, 8x4, árg.´13, ek. 320 þ, 16 rúmmetra pallur. Verð 10 m + vsk. Uppl. í síma 894-8620.




Landbúnaðartæki og björgunartæki í úrvali. Svansson ehf. sala@svansson.is og www.svansson.is - Uppl. í síma 697-4900.



Ford Explorer Sport track, árg. 2001, ek. 125 þús. mílur, nýr tímagír. Vel með farinn 210 hp. Ný dekk, ventlar vel yfirfarnir. Uppl. í síma 661-1223.



Til sölu Hiab stauraklemma, með festingu fyrir S60, líka hægt að nota á bílkrana, nánast ónotuð. Verð: 480.000 + vsk. Uppl. í síma 663-2333.



Rúllugreip/faðmgreip. Verð kr. 184.000,- m. vsk. H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.



Til sölu Scania 124C 420, árg. 2002, ekinn 380.000 km, nýskoðaður. Verð 3.000.000 + vsk. Uppl. í síma 663-2333.



Rúllugreip. Verð kr. 196.000,- m. vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma 588-1130.



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 83.000 m. vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma 588-1130.



Brettagaflar. Burður 2500 kg. Euro festingar. Glussaopnun. Verð kr. 225.000,- m. vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma 588-1130.



Til sölu Ford Transit, árg. 2017, langur pallur, meiri burður, afturhjóladrifinn, ekinn: 37.000 km. Verð: 3.300.000 + vsk. Uppl. í síma 663-2333.



Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m. vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma 588-1130.



Taðgreipar. Breidd 1,2 m. Verð kr. 198.000 m. vsk. Breidd 1,4 m. Verð kr. 220.000 m. vsk. Breidd 1,8 m. Verð kr. 255.000 m. vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma 588-1130.



Flaghefill. Breidd 3,0 m. Verð kr. 697.000 m. vsk. H. Hauksson ehf., uppl. í síma 588-1130.



Til sölu lítið notaður laxateljari frá Vaka með vídeómyndavél og internettengingu. Tölva, sendir og móttakari fylgir með. Mjög flott og fullkomin græja. Tilb. til niðursetningar. Uppl. í síma 893-3087.




Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.660.000 með vsk (kr. 1.339.000 án vsk). 11 tonna: verð kr. 1.790.000 með vsk (kr. 1.444.000 án vsk). 13 tonna: verð kr. 2.142.000 með vsk (kr. 1.728.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.




Sjö tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.427.000 m/vsk. (kr. 1.150.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Uppl. í síma 588-1130.




Bátur og kerra til sölu. Arvor 215 AS með Cummins 115 hp. 6,3 M árgerð 2010. Verð 7.000 þ. Uppl. í síma. 897-1265.



Til sölu L 200, árg. '07, ssk., ekinn aðeins 166.000, öryðgaður og toppviðhald. Uppl. í síma 899-1755.



Til sölu Mmc L200, árg. 2007. Keyrður 283.000, Tveir eigendur frá upphafi. 33" breyting. Tölvukubbur. Flottur bíll og vel við haldið. Verð 1.590.000. Uppl. í síma 899-9411.




Faglegar vefsíður fyrir lítil fyrirtæki. 10 ára reynsla. Pakkar frá 150.000 kr. (Listaverð 300.000 kr.) hello@martenmaker.com / martenmaker.com



AMCO Veba krani. Lyftigeta 995 kg. Til á lager. Uppl. í síma 544-4656 og á sala@mhg.is - www.mhg.is

## Til sölu

Til sölu 8 stk. Liner bílskúrshurðir í góðu ástandi, 2,50 x 3 m. Uppl. í síma 895-0665.

Vantar að losna við 7 nýuppsett rauðmaganet, 2 stk. 7 1/4" 5, stk. 7 1/2", seljast á góðu verði. blaskel@simnet.is – uppl. í síma 852-7876. Magni Örvar Guðmundsson.

Bátur- Terhi Saiman-, 15 ára í góðu standi á Brenderup vagni. Mótor Mariner 5 hp. tvígengis. Verð 500.000. Uppl. í síma 898-0453.

Fjósbitar og flatgryfjur í miklu úrvali. Uppl. í síma 894-6946. Benedikt Hjaltason.

Gömul Lada Lúx nr. 2107, árg.'92, til sölu. Ekki gangfær en þokkaleg til að gera upp eða í varahluti. Verðtilboð/samkomulag. Uppl. í símum 651-6527 og 651-0118.

Til sölu 38 hektara land, Múlagrund í Dalabyggð. Landið er allt girt inn og með rennandi vatni. Tilvalið til beitar fyrir hross. Uppl. í síma 867-3121.

Vagnar, áburðardreifarar og plógur. Vagnar: 12,6 m og 6 m, 805 L + upphækkun, 1900 L 2 skífu ónotaður plógur þriggja skera. Uppl. í síma 895-1610.

Fjögur Bridgestone-sumardekk, ónotuð, stærð 265/65 R 17. Verð 20.000 stykkið. Uppl. í síma 898-5687.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur og alls kyns tónlist og tónlistartengt efni. Geri tilboð í söfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á olisigur@gmail.com

Óska eftir vel með förnum notuðum Tehri 400 báti með mótor. Uppl. í síma 660-3364.

Óska eftir Toyota Hiac, 4x4, tilbúinn sem ferðabíll sem hægt er að gista í, eða hægt að breyta í einn slíkan. Uppl. í síma 868-6829.

Traktor og haugsuga. Vantar traktor 70+HP, 4x4, með vökvaúrtaki, verðh. 2-3 milljónir. Haugsugan 5-6 rúmmetrar galvaníhúðuð, helst með bremsum. Uppl. í síma 897-2916.

Óska eftir gömlum sveitasíma. Uppl. í síma 867-7071.

Er að leita að 90-110 hö dráttarvél, 4x4, með tækjum í góðu standi. Verð hámark 4 m. án vsk. Vinsamlegast hafið samband í síma 866-3377, Andri.

Starfskraftur óskast í sauðburð í maí.

Vinsamlegast sendið tölvupóst á netfangið kletturr@simnet.is

ef áhugi er fyrir hendi og fáið upplýsingar.

Starf á hestabúgarði óskast: Sérlega vönduð og áhugasöm þýsk stúlka (16 ára) óskar eftir að starfa á íslenskum hestabúgarði seinnipart sumars. Leonie elskar íslenska hesta og hefur unnið sl. 10 ár með íslenska hesta í heimalandi sínu, auk þess að eiga sjálf íslenskan hest, Ööling. Hana langar því að vinna hjá góðri íslenskri fjölskyldu við margs konar umhirðu og aðhlynningu íslenska hestsins. (Frá 19. júlí–26. ágúst). Áhugasamir hringi í síma 896-4494.

Kona óskast til starfa á sauðfjárbú á Austurlandi. Frá 1. maí um óákveðinn tíma. Uppl. í síma 839-5961.

## Einkamál

Kona á besta aldri (+/-50) vill kynnast ljúfum, góðum, skemmtilegum og ástríkum bónda á svipuðum aldri. Koma svo, senda mér tölvupóst á sveiterbest@gmail.com

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum gírskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Húnabúð, lítið kaffihús með blóm og gjafavörur staðsett við Þjóðveg 1 á Blönduósi. Heimabakað bakkelsi að hætti Sillu. Verið velkomin.

Byggingarstjórn - Verkstýring. Sérhæfi mig í byggingarstjórn og verkstýringu. Tek einnig að mér ýmis önnur verkefni sbr. nýbyggingar, breytingar á húsnæði, viðhald og fl. Hafðu samband. Örn Úlfar. Sími 844-5169 eða á orn@byggingarstjorn.is

Vantar þig að versla á, Veraldarvefnum fína, Fínar vörur finna má, Frá Jú Ess Ei og Kína. Alibaba ebay frá, Amazon Ali Express, Fínar vörur finna má, og fá þær sendar með hraði. Ef þú huga hefur á, að njóta þessa þátta, veldu vinur númer frá, VII, VIII, IX, einn og restin átta.

**Næsta Bændablað kemur út 15. apríl**

Bændablaðið

NYTJAR HAFSINS

# Hrognkelsaveiðar hafnar á svæði A

**Sjávarútvegsráðherra hefur birt tvær reglugerðir sem varða grásleppuveiðar. Annars vegar reglugerð um hrognkelsaveiðar 2021 og hins vegar reglugerð um breytingu á reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða. Veiðar á svæð A eru leyfðar frá 23. mars.**

Reikna má með að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla á vertíðinni verði birt 31. mars.

Í reglugerðinni um veiðar segir meðal annars að allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands séu óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Bátum með leyfi til veiða á grásleppu er heimilt að veiða með hrognkelsanetum. Bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaaflamarki er óheimilt að stunda veiðar með rauðmaganetum, nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

### *Grásleppuveiðileyfi*

Fiskistofu er heimilt að veita þeim bátum leyfi til grásleppuveiða, sem rétt áttu til slíkra leyfa á vertíðinni 1997, sbr. reglugerð nr. 58/1996, eða leiða rétt sinn frá þeim bátum, enda hafi þeir leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.



**Grásleppuveiðileyfi hvers báts er gefið út til 25 samfelldra daga og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil.** Mynd / VH

Umsækjandi um leyfi skal í umsókn greina hvenær hann muni hefja grásleppuveiðar með lagningu neta ásamt því að tilgreina fjölda hrognkelsaneta og teinalengd nets. Hver bátur getur einungis haft eitt grásleppuveiðileyfi á hverri grásleppuvertíð.

### *Veiðisvæði og veiðitímabil*

Grásleppuveiðileyfi hvers báts skal gefið út til 25 samfelldra daga og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil eins og hér greinir:

A. Faxaflói, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita 64°04,90 N 022°41,40 V að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00 N 023°55,30 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní.

B. Breiðafjörður, svæði 1 frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00 N 023°55,30 V að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum 65°30,20 N 024°32,10 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní. Breiðafjörður, svæði 2 innan línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar 64°58,30 N 023°21,40 V í Lambanes vestan Vatnsfjarðar 65°29,30 N 023°12,60 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 20. maí til og með 12. ágúst.

C. Vestfirðir, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum 65°30,20 N 024°32,10 V að línu réttvísandi norður frá Horni 66°27,40 N 022°24,30 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní.

D. Húnaflói, frá línu réttvísandi norður frá Horni 66°27,40 N 022°24,30 V að línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20 N 020°05,90 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní.

E. Norðurland, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20 N 020°05,90 V að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi 66°22,70 N 014°31,90 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní.

F. Austurland, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi 66°22,70 N 014°31,90 V að línu réttvísandi austur frá Hvítingum 64°23,90 N 014°28,00 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní.

G. Suðurland, frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum 64°23,90 N 014°28,00 V að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita 64°04,90 N 022°41,40 V. Innan veiðitímabilsins frá og með 23. mars til og með 30. júní.

Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum frá 16. júní til 31. desember. /VH







PELLENC

VINNUR HEILAN VINNUDAG ÁN ÞESS AÐ HLAÐA

Rafhlöðudrifin lausn fyrir kröfuharða garðyrkjumenn, verktaka og sveitafélög sem vilja taka græna skrefið og vinna með aflmiklum tækjabúnaði sem slær háværum bensíntækjum ekkert við í afköstum. Einfalt í vinnslu því rafhlöðuna er hægt að tengja við hekkklippu, sláttuorf, greinarsög, sláttuvél og blásara og að auki er hægt að vinna fullan vinnudag án þess að hlaða. 3 ára ábyrgð á rafhlöðum frá framleiðanda. Hafið samband og fáið tilboð í lausn sem hentar ykkar þörfum og leggið heyrnarhlífunum.



Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær • s: 480 0000
Austurvegi 69 • 800 Selfossi • s: 480 0400
www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR



Lely Center Ísland

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600





Sundlaugin í Lundi

Norðurþing auglýsir eftir rekstraraðila að Sundlauginni í Lundi.

Norðurþing auglýsir eftir áhugasömum rekstraraðila að sundlauginni í Lundi í Öxarfirði. Rekstrartímabil er frá 1. júní 2021– 31. ágúst 2021. Sundlaugin skal rekin sem almenningslaug með þeim öryggiskröfum sem gilda fyrir sundlaugarmannvirki. Fyrir frekari upplýsingar og/eða umsóknareyðublöð hafið samband við íþrótta- og tómstundafulltrúa Norðurþing, Kjartan Páll Þórarinsson **kjartan@nordurthing.is**

**Umsóknum skal skilað fyrir kl. 8.00 þann 17. apríl 2021.**



STRÚKTÚR

Nú á allt að seljast. Eigum þessar lengdir á lager.

Litað bárujárn

Þykkt: 0,60 mm
Breidd: 1045 mm
Klæðir: 988 mm
3.600 kr m² m/vsk.

**40% afsláttur meðan birgðir endast**
**2.160 kr m² m/vsk**

ROOF PROFILE




**RAL 8012 Dumbrautt**
Lengd: 6.700 mm
Lengd: 6.940 mm

**RAL 9005 Svart**
Lengd: 4.800 mm

Plata = 6,7 * 0,988 = 6,62 m2

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640



**Ánægðir karlar í gönguhópnum búnir að sækja sér nýtt og ferskt Bændablað á Selfossi.** Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

# Bíða spenntir eftir hverju Bændablaði

**Bændablaðið er heitasta blaðið á Selfossi á útgáfudögum þess, allavega ef marka má gönguhóp hressra eldri borgara á staðnum, sem sækja sér alltaf blað á N1 annan hvern fimmtudag og lesa það spjaldanna á milli.**

Hópurinn gengur alla virka daga frá klukkan 7.45 til 9.00 um fimm kílómetra leið með leikfimistoppi á einum stað. „Þetta er mjög hress og skemmtilegur hópur, sem heldur okkur við efnið þegar hreyfingin og skemmtun er annars vegar, við kunnum að njóta lífsins,“ segir Gunnar Kristmundsson, aldursforseti hópsins, en hann er 87 ára gamall. Engin kona hefur enn sem komið er sótt um inngöngu í hópinn.

*/MHH*

















LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
Á SELFOSSI, ÍSAFIRÐI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

***Sérsvið:*** Barnaverndarmál, forsjármál, hjónaskilnaðir, sambúðarslit, kaupmálar, erfðaskrár, seta í óskiptu búi, dánarbússkipti.

Aðstoð við fyrirtæki með lagaleg úrræði vegna fjárhagserfiðleika í kjölfar Covid.

Réttarstaða ýmissa aðila varðandi fiskeldi.

Tímapantanir nauðsynlegar í síma **777 5729** og á netfangi ***thuridurhalldorsdottir@gmail.com***.

*Fyrsti tími að kostnaðarlausu.*

**Þuríður Halldórsdóttir lögmaður**

**Bændablaðið** *Smáauglýsingar 56-30-300*



FÓÐURBLANDAN

# ÍSLENSKT FÓÐUR
## *FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ*



### Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með próteinsnauðu heyi.

Kraftmikið fóður. Frábær viðbót fyrir tví- og þrílembur eftir burð sem þurfa að mjólka vel.




### Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Frábær alhliða blanda sem hentar jafnt fyrir og eftir burð. Skilar betri afurðum og bætir almennt heilbrigði gripanna.




### Lambakögglar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm kögglar.




## ALLT FYRIR SAUÐBURÐINN Á EINUM STAÐ
*KÍKTU Á ÚRVALIÐ Á WWW.FODUR.IS*

NÝTT!




**SAUÐFJÁRSTAMPUR**
Sérframleiddur fyrir íslenskt sauðfé



MARGIR LITIR



166 SKAMMTAR

**VÍTAMÍN OG BÆTIEFNI**



SÓTTHREINSUN OG HREINLÆTI



**FÓSTRUR, TÚTTUR OG PELAR**
Fjölbreytt úrval



**KLIPPUR**
Margar gerðir



FÆÐINGARHJÁLP & BURÐARGEL

**Frír flutningur ef pantað er fyrir 30.000 kr. eða meira í vefverslun.**

Frír flutningur gildir fyrir póstnúmer 101-371 og 800-881

FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

**FB Reykjavík**
Korngarðar 12
570 9800

**FB Selfoss**
Austurvegur 64 a
570 9840

**FB Hvolsvöllur**
Dufþaksbraut 1
570 9850

**SENDUM UM ALLT LAND**